

Vesturbær Hafnarfjarðar

# Húsakönnun

15. 01. 2021

HAFNARFJÖRÐUR
Umhverfis- og skipulagssvið

GLÁMA·KÍM
Arkitektar Laugavegi 164 ehf, 105 Reykjavík

**Húsakönnun, afmörkun og vinnsla**

Svæðið sem þessi húsaskráning nær yfir afmarkast af Reykjavíkurvegi, Vesturgötu, Flókagötu og Hraunbrún í vesturbæ Hafnarfjarðar. Könnunin er unnin skv. beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðar sem einnig gefur hana út. Tilefnið er vinnsla deiliskipulags fyrir sama svæði og tillaga að verndarsvæði í byggð innan skipulagssvæðisins. Byggðasafn Hafnarfjarðar og Gláma Kím arkitektar, Laugavegi 164 unnu húsakönnunina í samstarfi og var verkaskipting í stórum dráttum sem hér segir.

- Skoðun á stað og ljósmyndun – Gláma Kím
- Skráning – Gláma kím
    - upphafleg gerð húsa
    - núverandi gerð húsa
    - varðveislumat annað en menningarsögulegt gildi
    - saga húsa,  í tilviki bygginga byggðra eftir 1975
- Skráning – Byggðasafn Hafnarfjarðar
    - grunnskráning
    - upphafleg gerð - sagnfræðiþættir
    - saga húsa
    - varðveislumat, menningarsögulegt gildi
    - heimildaskrá
- Eldri ljósmyndir – Byggðasafn
- Sögulegur inngangur – Byggðasafn
- Kortagrunnar – Umhverfis- og skipulagssvið Hafnjarfjarðar
- Kortavinnsla – Gláma Kím
- Annar texti, uppsetning og frágangur – Gláma Kím

**Eftirtaldir komu að vinnunni,** í stafrófsröð:

Björn Pétursson Bæjarminjavörður Hafnarfjarðar, Byggðasafn Hafnarfjarðar
Elísabet Sara Emilsdóttir arkitekt, Gláma Kím Arkitektar
Elsa Jónsdóttir landfræðingur, Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar
Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt, Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar
Jóhannes Þórðarson arkitekt, Gláma Kím Arkitektar
Rósa Karen Borgþórsdóttir safnvörður, Byggðasafn Hafnarfjarðar
Silja Traustadóttir arkitekt, Gláma Kím Arkitektar



*1 Norðurbraut 2017, ljósm. Silja Traustadóttir*



2 Afmörkun húsakönnunar

**Sögulegur inngangur**

Einkenni og sérstaða byggðarinnar í Hafnarfirði byggir fyrst og fremst á þremur þáttum og eiga þeir allir við á umræddu svæði. Í fyrsta lagi sambýli hrauns og byggðar, í öðru lagi miklum fjölda bárujárnsklæddra timburhúsa og í þriðja lagi sérstöku bæjarstæði með nánu samspili hafnar og byggðar. Hrauntunga sú sem þetta hverfi var byggt á og einkennir það á margan hátt rann úr Búrfelli í allmiklu eldgosi fyrir um 8.000 árum. Í heild sinni heitir hraunið Búrfellshraun en þó bera ýmsir hlutar þess sérstök nöfn, svo sem Smyrlabúðarhraun, Gráhelluhraun, Lækjarbotnahraun, Urriðakotshraun, Hafnarfjarðarhraun, Garðahraun og Gálgahraun. Vesturbærinn er byggður í Hafnarfjarðarhrauni. Búrfellshraun rann eins og áður segir úr Búrfelli sunnan Hafnarfjarðar og má segja að það hafi runnið í þremur taumum. Stærstur þeirra og sá sem myndaði Hafnarfjarðarhraun að mestu rann á milli Setbergsholts og Vífilsstaðahlíðar og þaðan, annars vegar til vesturs til Hafnarfjarðar og hins vegar til norðurs í Lambhúsatjörn við Álftanes.[i] Í ferðalýsingu frá árinu 1810 er Hafnarfjarðarhrauni lýst á áhugaverðan hátt og hvernig aðkoman að Hafnarfirði var á þeim tíma úr norðri en þar segir m.a: „Háir og úfnir hraunkambar fela staðinn fyrir komumanni, þar til hann kemur fram á hraunbrúnina, en þá opnast fyrir honum fjarðarbotn, og við hann standa 15 – 20 íbúðarhús úr timbri, lík reykvísku húsunum, en líta þó yfirleitt betur út. Þetta er Hafnarfjörður.“[ii] Í annarri gamalli ferðalýsingu er einnig talað um byggðina í hrauninu og þar kemur fram að það hafi komið ferðamönnum á óvart hve fá hús voru í bænum en að þeir hafi víða séð reyk stíga upp úr hraunbollum. Það hafi verið til merkis um að þar niðri væru mannabústaðir.

Á því landsvæði sem þessi skýrsla nær yfir var að finna eina af þeim fjórum bújörðum sem voru í Hafnarfirði til forna og nefnd var Akurgerði. Eins og nafnið gefur til kynna er talið að á einhverjum tímapunkti hafi verið gerðar tilraunir til kornyrkju á undirlendinu undir hraunbrúninni. Engar haldbærar heimildir né minjar eru að finna um þessa ræktun, aðeins nafngiftina. Til forna hafði kaupstaðurinn staðið á Hvaleyrargranda en upp úr miðri 17. öld var varið að bera á miklu landbroti þar og hann því fluttur og honum fundinn staður við Akurgerði sem um aldir hafði verið hjáleiga frá Görðum á Álftanesi. Eftir að kaupstaðurinn var fluttur að Akurgerði var eignarhald landsins í höndum Hafnarfjarðarkaupmanna mann fram að manni og lét Bjarni Sivertsen, „faðir Hafnarfjarðar“ meðal annars byggja þar íbúðarhús sitt 1803-5 sem í dag er elsta hús bæjarins á upphaflegum grunni, Sivertsens-húsið við Vesturgötu 6.

Á síðari hluta 19. aldar og allt fram að lokum þriðja áratugar þeirrar 20. voru timburhús ráðandi í bænum. Þegar hin svokallaða sauðasala hófst til Englands upp úr 1880 og viðskiptasambönd fóru að styrkjast þangað hófst innflutningur á ýmsum vörum sem áður höfðu ekki þekkst hér á landi. Meðal þess sem þá var flutt til landsins og hafði ekki þekkst hér áður var bárujárnið sem reyndist mikið þarfaþing. Járnið gerði húsin vatnsþétt auk þess að draga úr eldhættu utan frá og vera almennt ódýrara en timbrið.[iii] Eftir sem áður voru byggð mörg timburhús, aðlöguð íslenskum aðstæðum með að járnklæða þau. Í Hafnarfirði var þó lengi töluvert af svokölluðum timburbæjum, bárujárnsklæddum, en það sem einkenndi þá voru að veggir þeirra voru það lágir að einungis voru gluggar á göflunum. Einn bær af þeirri tegund stendur enn, Siggubær við Kirkjuveg 10 en segja má að híbýli af þeirri tegund hafi verið dæmigerð sem heimili alþýðufólks á fyrstu áratugum 20. aldarinnar í Hafnarfirði.

Þegar Hafnarfjörður fékk kaupstaðarréttindi árið 1908 var ekkert skipulag á byggðinni og fáar eiginlegar götur í bænum. Þar sem bæjarfélagið var lítið og bæjarsjóður ekki vaxinn til stórframkvæmda var ljóst



3 Séð suður yfir byggðina árið 1906, ljósm. óþekktur

að kostnaðarsamar framkvæmdir eins og gatnagerð var, sérstaklega í svo erfiðu landslagi, mundu dragast á langinn. Árið 1911 var sett á fót nefnd sem fékk það hlutverk að gefa götum og slóðum í Hafnarfirði nöfn og tölusetja hús í bænum. Í greinargerð sem nefnd þessi sendi frá sér sagði meðal annars: „Þegar maður fer um Hafnarfjörð og virðir fyrir sér byggðina, verður maður þess fljótt var, að öll ný vegalagning er bundin miklum örðugleikum, ekki aðeins vegna hins hrjóstruga landslags, heldur einkum og ekki sízt sökum þess, hve óreglulega hefir verið byggt og ekkert fyrir hugað frá öndverðu um það, hvar vegir ættu að byggjast, þegar fram liðu stundir.“[iv] Varð úr að nefndarmenn gáfu flestum þeim götum og slóðum sem fyrir voru í bænum nöfn en á þeim svæðum sem skipulagsleysið var hvað mest var brugðið út af þeirri reglu og svæðin einfaldlega kölluð „hverfi“ og hús númeruð innan þeirra. Innan svæðisins sem húsakönnunin nær yfir voru tveimur götum gefin nöfn við þetta tækifæri, Merkurgötu og Vesturgötu en jafnframt var samþykkt að tvær eldri götur, sem þegar höfðu fengið nöfn héldu þeim áfram, Reykjavíkurvegur og Kirkjuvegur. Önnur hús á svæðinu féllu undir Vesturhverfi eða Miðhverfi.[v] Merkurgatan hlaut sitt nafn út frá nafni á húsi sem þar stóð „Mörk“ en Vesturgatan fékk nafnið þar sem hún lá í vestur frá miðbænum, Reykjavíkurvegurinn lá til Reykjavíkur og Kirkjuvegurinn vestur að Görðum þar sem sóknarkirkja Hafnfirðinga var á þessum tíma. Flest húsin á þessu svæði voru þó upphaflega og lengi vel kennd við eigendur sína en einnig staðhætti, svo sem „Hraun“, „Klettur“ og

„Mörk“. Þá þekktist það líka að fólk sem flutti inn á þetta svæði flutti með sér nöfn á eldri húsum annarsstaðar frá eins og „Skuld“ og „Daðakot“. Á fyrstu árum 20. aldar byggðist þetta hverfi hratt upp og sem dæmi um það má benda á að árið 1902 voru skráð 35 hús og bæir í vesturbænum en árið 1911 voru þau orðin 69 talsins. Í kjölfar smíði Hafskipabryggjunnar árið 1912 var reistur mikill vatnsgeimur til að þjónusta hana og var honum valinn staður við nýja götu Vesturbrú, ofan við bryggjuna, en síðar kom Brunnstígur þar þvert á sem dró nafn sitt af brunninum. Nöfnum bæði Vesturbrúar og Norðurbrúar var síðar breytt í Vesturbraut og Norðurbraut í málhreinsunarátaki en fróðir menn hafa þó bent á að þar kunni að hafa verið um misskilning að ræða, ekki hafi eldri nöfnin verið dönskuskotin heldur hafi þar verið um gamla málvenju að ræða þar sem þessar götur brúuðu hraunið. Í dag eru á þessu svæði 20 götur og við þau standa misgömul hús en rúmlega 100 þeirra njóta verndar sökum aldurs. Heildar yfirbragð svæðisins ber enn skýr merki þessarar gömlu byggðar og felast mikil verðmæti í þeim menningararfi sem þar er að finna.

Ekki er hægt að rita um þetta svæði án þess að minnast á lystigarðinn sem var stolt Hafnfirðinga í áratugi, Hellisgerði. Árið 1922 var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar að láta Málfundafélaginu Magna eftir allstórt landsvæði undir lystigarð sem hlaut nafnið Hellisgerði. Í stofnskrá garðsins kom fram að tilgangur hans var þríþættur, í fyrsta lagi að vera skemmtistaður, þar sem bæjarbúar áttu kost á að njóta ánægju og hvíldar í tómstundum sínum. Í öðru lagi að vekja áhuga bæjarbúa á blóma og trjárækt og í þriðja lagi að geyma óraskaðar minjar um hið sérkennilega bæjarstæði Hafnarfjarðar. Hellisgerði var stækkað árið 1960 og þekur nú um 14.000m$^2$. Áhugavert er að sjá að strax á þessum tíma sáu menn nauðsyn þess að vernda hraunið í byggðinni.

**Fornleifaskráning.** Árið 2018 var gefin út fornleifaskráning fyrir svæðið unnin af Bjarna F. Einarssyni á Fornleifastofunni, sem ber titilinn; Verndarsvæði í byggð og deiliskipulag í Vesturbæ Hafnarfjarðar. Á svæðinu fundust samtals 67 fornleifar/minjar sem voru skráðar. Tvennar minjar töldust hafa talsvert varðveislugildi, varðan nr. 385 sem Vörðustígur er kenndur við og fjárból nr. 407. Allar aðrar minjar töldust hafa lítið minja- og varðveislugildi. Engar minjar á svæðinu eru friðlýstar.[vi] Allt rask á fornleifum er háð samþykki Minjastofnunar Íslands og hún setur þá skilmála sem henni kunna að þykja nauðsynlegir.



*4 Varðan sem Vörðustígur er kenndur við, ljósm. Silja Traustadóttir*




Skráðar fornleifar – Fornleifastofan 2018

5

**Eldri húsakönnun**

Til er húsakönnun fyrir hluta könnunarsvæðisins: *Bæja- og húsakönnun í vesturbæ Hafnarfirði, reitur milli Vesturgötu, Vesturbrautar, Nönnustígs og Reykjavíkurvegar*, unnin af arkitektunum Braga Blumenstein og Þórarni Þórarinssyni sem kom út árið 1998. Skilgreindar eru tvær varðveisluverðar heildir, annarsvegar utan um safnatorfuna við Vesturgötu og hinsvegar utan um byggðina sem umkringir Hellisgerði. Þessar varðveisluverðu heildir sem og allur reiturinn sem gamla könnunin tekur til, verða hluti af verndarsvæði í byggð skv. tillögu þar um. Segja má að samhljómur ríki í niðurstöðum eldri könnunarinnar og þeirrar sem nú er gerð, tíminn hefur þó gert að verkum að fleiri hús en áður þykja hafa hátt varðveislugildi. Þar hjálpast að breytt lagaumhverfi, vitundarvakning almennings og fagfólks ásamt metnaði húseigenda. [vii]




**Landslagseinkenni**

Á könnunarsvæðinu er hraunlandslag áberandi og hæðarmunur frá lægsta punkti við Vesturgötu (7m yfir sjávarmáli) að hæsta punkti við Hraunbrún / Reykjavíkurveg (25m) er 18m. Aðrir hápunktar eru t.d. við Brunnstíg; 19m y.s., við Norðurbraut 27; 22m og á hraunasvæðinu milli Hraunkambs og Hraunhvamms 23m yfir sjávarmáli. Í Hellisgerði er dýpsta gjótan í 8m hæð en hæsta nibban í 22m hæð yfir sjávarmáli. Gamla byggðin mótaðist eftir landslagi og hús risu þar sem hægt var að fella þau inn í og að hrauninu. Stígar og síðar götur mótuðust eftir legu hrauns og kota, frá náttúrulegri höfn og upp í hraunið. Á korti frá árinu 1941 er Skúlaskeið ómótað og lega Kirkjuvegar, Hellisgötu og Garðavegar er önnur en við þekkjum í dag.




6 *Kort frá ameríska setuliðinu frá 1941*

Hraunmyndanir setja enn sterkan svip á hverfið, þó dregið hafi úr sjónrænum áhrifum þeirra með gatnagerð, húsbyggingum, gróðri og fleiru. Gamlar sjónlínur í byggðinni skertust með tilfærslu hafnarinnar, landfyllingum og tilkomu nýrrar byggðar á Norðurbakka, þannig er t.d. lokað fyrir útsýni til sjávar neðarlega á Vesturbraut og frá Merkurgötu og útsýni frá Reykjavíkurvegi er mikið breytt.



7 *Hraunhvammur 2017, ljósm. Silja Traustadóttir*

Hellisgerðið er mótað af náttúrunni; há klettabrún að norðanverðu og bollar og lautir í landslagi sem fellur til suðurs. Á fyrstu áratugum Hellisgerðis bar meira á úfnu hrauninu með gjótum, bungum og gömlum görðum og þá voru einnig fleiri hús í og við garðinn. Garðurinn var stofnaður árið 1923 af málfundafélaginu Magna eftir að það fékk 4.055m$^2$ stórt land til afnota frá bæjarfélaginu. Í skipulagsskrá fyrir „Skemtigarðinn Hellisgerði" segir um tilgang garðsins í 2. grein:[viii]

1. Að verða skemtistaður, þar sem bæjarbúar eigi kost á að njóta ánægju og hvíldar í tómstundum sínum. Hefir fjelagið Magni sett sjer það mark, að koma þar upp svo fjölskrúðugum gróðri, innlendra og útlendra blóma og trjátegunda, sem kostur er á og jarðvegur og loftslag leyfa.
2. Að vekja áhuga bæjarbúa fyrir blóma og trjárækt og verða þess megnugur að veita aðstoð í þeim efnum, meðal annars á þann hátt, að láta í tje blóma og trjáplöntur til gróðursetningar kringum hús bæjarmanna, þegar þess er æskt.
3. Að geyma óraskaðar minjar um hið sjerkennilega bæjarstæði Hafnarfjarðar, þegar mannvirki framtíðarinnar hafa máð þau út annarsstaðar í bænum.




8 *Frá vígslu Hellisgerðis árið 1923, póstkort, ljósm. óþekktur*

Á ljósmynd sem tekin var á Jónsmessu árið sem garðurinn er vígður sést í bert hraunið, gras og mosa en engan trjágróður er að finna. Upphaf trjáræktar í garðinum má rekja til ársins 1813, þegar Bjarni Sívertsen flutti 500 trjáplöntur frá Skotlandi, lét planta í reit við Fjarðarhelli og hlaða vegg í kring. Eftir formlega stofnun Hellisgerðis tók öflugt uppgræðslustarf við og árið 1942 var gerð tjörn með gosbrunni og styttu í garðinum.[ix] Á mynd 9, sem er líklega frá því um 1950, sést hversu vel gróður hefur tekið við sér. Efst til vinstri sjást hús við Skúlaskeið og hornhús við Reykjavíkurveg (21). Húsið Reykjavíkurvegur 15b (Þorgrímsbær / Oddrúnarbær) stendur enn, en fyrir miðri mynd og til hægri sjást hús við Reykjavíkurveg sem nú hafa vikið. Litla byggingin með gluggunum er gróður- og geymsluskáli sem Málfundafélagið Magni sótti um að reisa árið 1933 eftir teikningu Guðmundar Einarssonar en ekki liggur fyrir hvenær hún var rifin. Á öðrum eldri ljósmyndum úr Hellisgerði má greina gróðurhús úr gleri sem ekki finnast lengur heimildir um.



9 Hellisgerði um 1950 –mynd Þjóðminjasafn, ljósm. Alfreð D. Jónsson

Landsvæði Hellisgerðis hefur stækkað mikið og mælist garðurinn nú um 14. 000m$^2$ að flatarmáli. Nú teygja sig hávaxin greni- og furutré upp úr þéttu laufskrúði gamalla lauftrjáa af ýmsum tegundum. Byggingum í og við garðinn hefur fækkað og síðustu ár hafa garðyrkjustjóri Hafnarfjarðar og Pétur Jónsson landslagsarkitekt séð um viðhald og framþróun garðsins. Núverandi tjörn var gerð skv. teikningum Péturs. Skv. lögum um menningarminjar telst Hellisgerði friðað frá og með árinu 2023.



10 Hellisgerði úr lofti 2018, ljósm. Guðmundur Fylkisson

Aðrir áberandi hraunastaðir eru víða á könnunarsvæðinu t.d. bakki milli Vesturgötu 12 og 16 og 26b og 32. Svæðið norðan við Beggubúð, Klettur við Merkurgötu 9a, svæði milli Langeyrarvegar 4 og 8, svæði milli Skerseyrarvegar og Hraunbrúnar, svæði við þéttingarhverfið við Garðaveg og Hraunbrún, bakki við Norðurbraut aftan við Skúlaskeið 14-28, svæði milli Norðurbrautar 27 og 29, hraunkamburinn milli Hraunkambs og Hraunhvamms og svæði milli Hraunbrúnar 30 og 34. Nokkur þessara svæða eru þegar vernduð með hverfisvernd í aðalskipulagi Hafnarfjarðar sbr. mynd 36.




*11 Hraunkambur 10 / Norðurbraut, ljósm. Silja Traustadóttir*

**Skipulagssagan**

Skipulagsnefnd ríkisins tók til starfa 1921 og var fyrsta verkefni hennar að skipuleggja Hafnarfjörð. Verkið dróst á langinn m.a. vegna tafa við mælingar og á meðan byggðist bærinn upp með hraði.[x] Í ritstjórnargrein Brúarinnar, blaðs sem nokkrir Hafnfirðingar gáfu út á hverjum laugardegi, er í júlí 1929 fjallað um húsbyggingar í Hafnarfirði á eftirfarandi hátt: „Fyrst þegar bærinn tók að vaxa og byggjast fyrir alvöru, munu menn ekki hafa gert sér nægilega ljósa grein fyrir þeirri framtíðarnauðsyn, að bærinn væri skipulagður. Enda fór það svo sem og raun ber vitni um, að bærinn teygði skankana í allar áttir skipulagslítill eða skipulagslaus. Menn reistu hús á eftir húsi hér og hvar um hraunið. Sum snéru göflum saman, önnur hliðum, enn önnur stungu saman hornum eins og illir hrútar. Þegar menn höfðu reist húsin, var fyrst farið að leggja götur, sem húsin „skyldu" standa við. Þá kom auðvitað í ljós, að húsin „vildu" ekki laga sig eftir götunni sem auðvitað átti að vera bein eða því sem næst. Þá sást bezt, hvílíkt ólán það var, að byggja ekki göturnar fyrst. ....Annaðhvort hús er þannig byggt við „fyrirhugaðar" götur."[xi]

Skipulag Hafnarfjarðar var staðfest árið 1933 og fyrirhugað var að ryðja gömlum húsum úr vegi og byggja ný og heilnæmari hús í stærri mælikvarða við greiðar götur. Mynd 12 er samsett en þar hafa götur í skipulagsuppdrættinum frá 1933 verið flokkaðar með litatónum eftir því hvernig lega þeirra er í dag. Götur í bláum tóni hafa sömu eða svipaða legu, en gular götur eru talsvert breyttar. Götur í rauðum litatóni voru ekki lagðar. Skipulagsuppdrátturinn ber þess merki að koma hafi átt skikki á tilviljanakennda byggðina sem fyrir var með því að rétta úr götum svo hægt væri að greiða fyrir samgöngum og flutningum. Ef áform skipulagsins hefðu náð fram að ganga, hefði t.d. lega Merkurgötu og Kirkjuvegar verið önnur og ryðja hefði þurft Siggubæ og Kirkjuvegi 11, 13 og 15 úr vegi.
Í lýsingu sem lögð var fram með skipulaginu er að finna eftirfarandi: „*Fiskflutningagötur*, frá Strandgötu og upp á hraunreitina, eru gatan út á Hellyersreitina, gatan milli (13) og (15), Vesturbrú, gamli Reykjavíkurvegurinn og Linnetsgata. Þó halli sé talsverður á sumum götunum minnkar hann nokkuð frá því, sem nú er, og allur flutningur verður greiðari. Þá hefur og *Kirkjuvegi* verið breytt svo, að nú verður hann góð flutningagata með minni halla en áður." (Skipulag Hafnarfjarðar, 1933)

Skv. skipulaginu átti Unnarstígur að tengjast inn á götu samsíða Vesturbraut en einu ummerkin um þá götu í dag, eru efsti og bogadregni hluti Skerseyrarvegar. Ekki var ætlunin að Krosseyrar- og Langeyrarvegur yrðu jafn langar götur og þær eru í dag.




12 Úr Skipulagi Hafnarfjarðar frá 1933 - litum og götunöfnum bætt við

Af áhugaverðum skipulagsákvæðum og -skilmálum má nefna eftirfarandi:

*Hæð húsa ...*Við allar aðrar götur er gerð ráð fyrir, að byggja megi tvílyft hús með lágum kjallara (ekki lengur leyfilegir til íbúðar) og engum kvistum, sem dragi úr ljósi, eða einlyft með porti og kvistum. Æskilegt væri, að öll hús við hverja götu milli þvergatna væru með svipuðu sniði.

*Húsagarðar.* Athygli skal vakin á því , að ráð er gert fyrir því, að *alls ekkert sé byggt í húsagörðum* (bakgörðum). Þeir eiga að vera prýðilegt opið svæði, en hér á landi hefur víðast verið leyft að fylla þá allskonar kumböldum, og er Reykjavík þar vont dæmi, sem varast skyldi. Reynslan sýnir að húsagarðarnir fyllast fljótlega af allskonar byggingum, nema það sé stranglega bannað. ...Í sambandi við þetta má minna á bílaskýli. Þau eru hvarvetna vandræðamál. Sumir bæir byggja bílahallir, aðrir ætla 10. hvert hússtæði fyrir bíla, þriðju vilja gera ráð fyrir bílherbergi í sjálfu húsinu.”

1. Samkvæmt 23. gr. Skipulagslaganna skulu öll mannvirki, sem fara tvímælalaust í bága við skipulagið *rifin niður á kostnað bæjarsjóðs* og samkv. 22. gr. Skal litið eftir því á 5 ára fresti, hvort byggt hefur verið samkvæmt uppdrætti. Því er nauðsynlegt að gæta þess vandlega frá fyrstu byrjun, að ekki sé brotið móti skipulaginu t.d. með byggingu í húsagörðum og þvíl.

> *3.* Það mun vera öllum Hafnfirðingum ljóst, að *hraunið* er mikil bæjarprýði og ætti því að hyllast til þess að lofa einkennilegum og fögrum hamraborgum að standa óskemmdum milli húsanna og í húsagörðum, þar sem unnt er.

Skipulagsákvæðin eru afdráttarlaus og bera vitni um að umfjöllunarefni í skipulagsgerð þá og nú eru mikið til þau sömu. Takmörkun á hæð húsa og andstaða við kvisti er athyglisverð enda eru kvistir ekki útbreiddir framan af. Strax árið 1933, löngu fyrir almenna útbreiðslu, er einkabíllinn farinn að valda nokkrum vandræðum sem og framtakssemi lóðarhafa þegar í hlut eiga skúrar og annað á lóðum. Einnig vekur athygli að strax á þessum árum er hraunið Hafnfirðingum sjálfum og skipuleggjendum bæjarins hugleikið, þó að framtíðarsýnin sé með ólíkum hætti. Í skipulagsskrá málfundafélagsins Magna frá 1923 er fjallað um að Hellisgerði geti geymt vitnisburð um bæjarstæðið þegar framtíðarmannvirki hafa eytt ummerkjum annarsstaðar, en Skipulagsnefnd ríkisins mælist til þess að hamraborgir fái að standa óskemmdar þar sem unnt er, milli húsa og í görðum. Þó er ljóst að sú gatnagerð sem skipulagið sá fyrir hefði haft töluverð áhrif á hraunið.



*13 Kirkjuvegur um 1925, ljósm.Guðbjartur Ásgeirsson*



*14 Hellisgata 2018, ljósm. Silja Traustadóttir*

Á milli Hellisgerðis og Norðurbrautar var stór saltfiskreitur, um 6ha að stærð. Reiturinn kallaðist Haddensstöðin og var í eigu A.D. Birrel, útgerðarfyrirtækis frá Liverpool. Vitað er um tvær byggingar í útjaðri saltfiskreitsins að norðanverðu; sláturhús Guðmundar Þ. Magnússonar og fiskþurrkunarhús. Fiskþurrkunarhúsið var upphaflega í eigu A.D. Birrel og var risið árið 1917, en það skipti margsinnis um eigendur í tengslum við gjaldþrot. Ekki er vitað hvenær húsin voru rifin en þau sjást á loftmynd frá 1963. Verkamannabústaðir við Skúlaskeið voru reistir í áföngum á saltfiskreitnum á árunum 1941-1948, 12 íbúðir byggðar í fyrsta áfanga. Ekki liggur fyrir hvað réði staðarvalinu, en áður höfðu risið verkamannabústaðir eftir áþekkri teikningu við Selvogsgötu. Ef geta á í eyðurnar er líklegt að þar sem saltfiskverkun á staðnum var aflögð hafi verið auðvelt fyrir bæjaryfirvöld að losa til sína landið og úthluta lóðum. Þá þegar hafði verið byggt á minni reitnum að vestanverðu þar sem risu hús á árunum 1926-1930. Búið var að slétta landið og auðveldara að byggja á því en úfnu hrauni. Eftir byggingu verkamannabústaðanna var búið að ráðstafa megninu af fiskreitnum. Tekið var úr bakkanum að norðanverðu þegar Norðurbraut var lögð í endanlega legu. Gatan var malbikuð árið 1974 og bílastæði gerð þar sem sláturhúsið stóð. Kortmynd 15 sýnir hús og legu gatna í dag og rifinna húsa.




15 *Saltfiskreitir við Skúlaskeið*



16 *Sláturhús Guðmundar og saltfiskverkun, ljósm. óþekktur. Eig. Sigurjón Þ. Hannesson*



*17 Úr loftmynd frá 1954*

Skipulagstillögur fyrir Krosseyrarveg og Skerseyrarveg voru samþykktar á árunum 1945-1947.[xii] Á loftmynd frá 1954 má greina gömlu höfnina með bryggjum og viðleguköntum neðan Vesturgötu. Götur í gamla kjarnanum eru að verða fullmótaðar en húsið Knútsborg stendur enn í núverandi vegstæði Vesturbrautar. Byggðin þynnist handan Norðurbrautar og Víðistaðir eru undir landbúnaði.

Á mynd 18, sem er líklega frá því um 1960, stendur húsið Aldan enn á Vesturgötu 20. Hús hverfisins eru flest risin og þó nokkur hús sem seinna áttu eftir að víkja standa enn . Áhugavert er að þegar hér er komið sögu hafa hafnfirskir kvistir enn ekki náð almennri útbreiðslu, en það eru kvistir sem ná yfir svo til allan þakflötinn og eru nú mjög útbreiddir í hverfinu. Trjágróður er á þessum tíma vart greinanlegur en í dag er hann löngu vaxinn upp fyrir húsin. Bílar eru greinilega ekki orðin almenningseign.



*18 Vesturbær Hafnarfjarðar um 1960, brot úr mynd, ljósm. óþekktur.*




*19 Samsett loftmynd frá 1963 og teiknigrunnur*

Mynd 19 er samsett úr loftmynd frá árinu 1963 og teiknigrunni sem sýnir hús á könnunarsvæðinu sem enn standa og voru byggð fyrir 1963. (Ath. Loftmyndin er teygð svo ekki gætir fullrar nákvæmni). Byggingar sem eru horfnar eru merktar með hringmerkingu en þær eru rösklega 30 talsins. Gerð er grein fyrir þekktum, horfnum húsum í húsakönnuninni, þar má nefna Krosseyrarveg 2 og Langeyrarveg 11, Vesturgötu 8 og 10. Hús í vestanverðu Hellisgerði var byggt um 1921 og nefnt Breiðagerði, ekki er ljóst hvenær það var rifið. Í og við Hellisgerði stóðu fleiri hús, Hellisgata 12b, Reykjavíkurvegur 9 sem var síðar nr. 11, rifinn 1965, Reykjavíkurvegur 11b og Reykjavíkurvegur 13b.
Þar sem nú er Norðurbraut og bílastæði fyrir utan Norðurbraut 1, stóð áður húsið Knútsborg, byggt um 1920. Húsið var íbúðarhús og síðar var rekin þar bílapartasala. Húsið var rifið um 1980. Á bakkanum við Norðurbraut, aftan við Skúlaskeið 30-32 stóð skemma sem notuð var fyrir fiskþurrkun og geymslu veiðarfæra. Þar sem nú er Norðurbraut 26 stóð áður Efnagerð Guðmundar Guðmundssonar í Öldunni, líklega byggð um 1940. Heimildir um önnur hús hafa ekki fundist.



*20 Vegagerð við Hellisgötu, ljósm. Sigríður Erlendsdóttir*



*21 Vegagerð við Hellisgötu lokið, ljósm. Sigríður Erlendsdóttir*

Næsta stóra skipulag fyrir svæðið var skipulag íbúðarhverfis í Norðurbæ unnið hjá skipulagsstjóra Ríkisins í umsjá Hrafnkel Thorlacius arkitekt. Skipulagið var samþykkt var árið 1968 og gildir enn með síðari breytingum. Á hluta svæðisins gildir deiliskipulag miðbæjar Hafnarfjarðar frá 1981 en stór hluti svæðisins telst vera án gildandi deiliskipulags.

Gatan Hraunbrún er ólögð á mynd 19, en hún varð til í lok áttunda áratugarins eftir tvær breytingar skipulagsdeildar Hafnarfjarðar á skipulagi Norðurbæjar, í október 1980 og maí 1981. Þá átti sér stað endanleg mótun og útfærsla á byggðinni við Hraunbrún og Norðurbraut og þéttingarhverfið við Garðaveg og Hraunbrún var skipulagt skv. tillögum Björns Hallssonar arkitekts.[xiii] Bogadregin tengigata milli Hraunbrúnar og Norðurbrautar varð ekki til fyrr en eftir seinni skipulagsbreytinguna árið 1981, sbr. hluta úr uppdrætti að neðan. Eftirtektarvert er að skv. þessum skipulagsáformum hefur Skerseyrarvegi áfram verið ætlað að tengjast Hellisgötu þar sem núna er þröngur stígur að Hellisgötu nr. 19. Útfærsla á Krosseyrarvegi og Flókagötu varð önnur en skipulagið gerði ráð fyrir.




22 Úr deiliskipulagsbreytingu skipulagsdeildar Hafnarfjarðar frá 1981

**Húsagerð og ásýnd byggðar**

Á svæðinu sem húsakönnunin tekur til eru skráð 312 hús, þar teljast raðhús og parhús yfirleitt sem eitt hús og því eru húsnúmer nokkuð fleiri. Skv. lögum um menningarminjar nr. 80 frá 2012 teljast 74 húsanna friðuð á grundvelli aldurs þar af tvö friðlýst. Umsagnarskyld hús eru 35 talsins, en það eru þau hús sem byggð eru á árunum 1922-1925. Af þessu leiðir að árið 2025 munu 109 hús hafa náð í friðunarflokkinn, en það samsvarar rúmum þriðjungi húsa á svæðinu. Saga húsagerðar á skipulagssvæðinu spannar óvenju langt tímabil eða 211 ár. Elsta og yngsta húsið standa í sömu götunni og varla 200 metrar á milli þeirra. Elsti hluti byggðarinnar ber þess skýr merki að vera byggður fyrir tíma hefðbundins skipulags; lóðamörk eru tilviljanakennd og götur eru lagðar eftirá. Í vissum skilningi er um landnámsbyggð að ræða, nýtilegir bollar í hrauninu voru byggðir lágreistum húsum og bætt við eftir efnum og ástæðum. Framan af var fátt um stórhýsi eða hús efnamanna og voru flest hús einföld alþýðuhús.




*Byggingarár húsa* 23

Ófá eldri hús eru farin, eins og greina má af gömlum ljósmyndum og á það jafnt við um stórhýsi og minni byggingar. Einhver urðu eldi að bráð, önnur gatnagerð og enn önnur ríkjandi hugmyndum um nýja tíma. Ein stærsta breytingin á ásýnd umhverfisins felst líklega í landfyllingum og tilfærslum á höfninni sem lauk með byggingu íbúðarblokka við Norðurbakka á árunum 2008-2013.



*24 Strandgata, Vesturgata, Reykjavíkurvegur 1913, ljósm. óþekktur*

Á mynd 24 sést hús Augustar Flygenring með laukturni, flutt inn tilsniðið frá Noregi, reist árið 1906 og endanlega rifið árið 1972. Turninn var þá löngu horfinn en síðustu árin rak Kaupfélag Hafnarfjarðar járnvörudeild í húsinu. Lengst til hægri er Beggubúð sem nú stendur aftan við Byggðasafnið.

Aftan við hús Augustar Flygenring stóð hús í kastalastíl sem líklega var byggt um 1915. Árið 1944 var sótt um leyfi til þess að hækka húsið en því synjað á skipulagslegum forsendum. Ekki er ljóst hvenær húsið var rifið.




*25 Vesturgata 2 , ártal óþekkt, ljósm. Ólafur V. Davíðsson*



*26 Vesturbær Hafnarfjarðar í kringum 1970, brot. Ljósm. óþekktur*

Á mynd 26 sem er frá því um 1970 má sjá margar byggingar sem nú eru horfnar; útgerðarbyggingar á Norðurbakkasvæðinu, en einnig vélsmiðjuna Klett og fleiri byggingar við Vesturgötu.

Fleira hefur orðið til að breyta ásýnd hverfisins á liðnum árum en rif húsa og má nefna þætti eins og trjágróður, en hverfið er nú svo vel gróið að sumsstaðar sést ekki í húsin í gegnum trjáþykkni. Útbreiðsla einkabílsins og fylginauta hans, hjólhýsa og annarra aftanívagna hefur haft afgerandi áhrif í för með sér; götur hafa breikkað og bílastæði hafa verið gerð á einkalóðum og á vannýttum svæðum. Nýjasta ógnin sem steðjar að ásýnd hverfisins eru verandir og skjólveggir úr timbri sem ekki taka alltaf mið af byggingarstíl húss og eru jafnvel byggðir í trássi við reglugerðir. Í vissum skilningi má segja að landnemahættir séu enn við lýði í hverfinu. Mörg viðbyggingin hefur verið byggð án samþykkis yfirvalda og með tilkomu stórvirkra vinnuvéla hefur reynst auðveldara að móta landslagið og slétta hraunið til húsbygginga og undir bílastæði. Einhverjir hafa tekið land í fóstur með samþykki bæjaryfirvalda en aðrir fært út kvíarnar á eigin spýtur.



*27 Merkurgata 2017, ljósm. Silja Traustadóttir*

Einnig má nefna breytta nýtingu húsa. Í nokkrum húsanna voru starfræktar verslanir og vinnustofur. Dæmi eru um að hús hafi verið byggð sem verslunarhús eða verslun á neðri hæð með íbúðum á efri hæð/ hæðum. Verslanir s.s. nýlenduvöruverslanir var m.a. að finna í eftirtöldum húsum; Vesturgata 4, Vesturbraut 1, 9 og 12, Hellisgata 16-18. Brauðbúð var á Kirkjuvegi 3 og brauðgerð við Reykjavíkurveg 3 og síðar fiskbúð. Á svipuðum slóðum var Árnabíó. Við Reykjavíkurveg 5b var lengst af vefnaðarvöruverslunin Skemman. Árið 2020 er engin verslun rekin á könnunarsvæðinu og almennt er lítið um atvinnustarfsemi. Safnastarfsemi er á Vesturgötu og í Siggubæ og fatahreinsun var rekin við Hraunbrún 40 frá árinu 1964 til 2019. Eitthvað er um gististarfsemi. Mynd 28 er frá Kirkjuvegi þar sem síðar reis verslunar- og skrifstofuhúsið Hellisgata 16-18.




*28 Vinnustofa á Kirkjuvegi 14, ljósm. óþekktur*

Ekki eru til áreiðanlegar tölur um fólksfjölda í hverfinu fyrr og nú en dæmi eru um hús þar sem áður bjuggu þrjár fjölskyldur eða samtals 15 manns en í dag búa þrír. Á athugunarsvæðinu eru skráðar 435 íbúðir en talsvert er um óskráðar íbúðir í bílskúrum, kjöllurum og húsum sem skráðar eru iðnaðarbyggingar. Í einu húsi er starfsmannaleiga eigandi tveggja íbúðar þar sem skráðir eru samtals 47 íbúar.

**Flutningshús.** Vitað er um 17 hús á svæðinu sem húsakönnunin tekur til sem hægt er að kalla flutningshús. Flest húsanna voru flutt innan Hafnarfjarðar, jafnvel innan lóðar í tengslum við vegagerð eða nýbyggingaráform. Þrjú hús eru af Vatnsleysuströnd, eitt úr Útskálasókn og annað af Álftanesi.



*29 Flutningshús við Langeyrarveg, ljósm. Silja Traustadóttir*




S K Ý R I N G A R

FLUTNINGSHÚS

MÖRK VERNDARSVÆÐIS Í BYGGÐ

| | |
|---|---|
| Brunnstígur 1 | var á Álftanesi - byggt 1917 |
| Garðavegur 11 | var Kirkjuvegur 16b - byggt 1907 |
| Hraunbrún 28 | var Suðurgata 36 |
| Reykjavíkurvegur 33 | var Kirkjuvegur 14 - byggt 1914 |
| Hellisgata 15 | var að hluta Köngsgerði í Leiru |
| Hellisgata 26 | var Strandgata 35B- byggt 1924 |
| Kirkjuvegur 1 | var Strandgata 5 - byggt 1918 |
| Langeyrarvegur 1 | var Vesturbrú 13 - byggt 1906 |
| Langeyrarvegur 5 | byggt 1918 - flutt til innan lóðar |
| Langeyrarvegur 16 | var Reykjavíkurvegur 15 - byggt 1902 |
| Langeyrarvegur 16a | var Vesturgata 20, Aldan, byggt ? |
| Kirkjuvegur 3a | var á Álftanesi |
| Krosseyrarvegur 2 | byggt á grunni eldra húss frá Vatnsleysu |
| Krosseyrarvegur 11 | var á Vatnsleysu - byggt 1921 eða fyrr |
| Merkurgata 9B | var við á Klofalóð (Vesturgötu) |
| Vörðustígur 3 | var á Vatnsleysu byggt 1917 eða fyrr |
| Skúlaskeið 3 | var í landi Stóru-Voga |

**Viðbyggingar, stækkanir og endurgerð.** Mörg húsanna á athugunarsvæðinu eru alþýðuhús; þ.e. hús íslensks almennings sem byggði yfir höfuðið eftir efnum og ástæðum í takt við tíðaranda og tísku hvers tíma. Í gegnum árin var byggt við húsin og þeim breytt ef hagur manna batnaði og börnunum fjölgaði. Ekki er óalgengt að byggt hafi verið tvívegis eða jafnvel þrívegis við sum húsanna.
Minnast verður sérstaklega á þátt Páls V. Bjarnasonar arkitekts í endurgerð gamalla húsa á svæðinu. Páll kom að endurgerð Vesturgötu 6 og 8 með dönskum arkitektum en síðar kom hann að því að endurgera, stækka og breyta mörgum timburhúsum í hverfinu og má þar nefna Brunnstíg 5, 6 og 7, Garðaveg 5 og 11, Hellisgötu 12 og 24, Merkurgötu 2, 8, 11, 12, 13 og 14, Norðurbraut 3, 24, 25, Reykjavíkurveg 9, Vesturbraut 6 og 23 og Vörðustíg 7. Félagið Byggðavernd í Hafnarfirði var stofnað árið 1978 og Páll var kjörinn einn af stjórnarmönnum á stofnfundi. Á stefnuskrá félagsins var að standa vörð um umhverfisverðmæti s.s. húsvernd og verndun umhverfis bæjarins, hraunmyndana og lækja. Aðrir stjórnarmenn voru Borgþór Arngrímsson kennari, Jóhann S. Hannesson kennari, Edda Óskarsdóttir húsmóðir og Magnús Jónsson kennari. Félagið hélt ljósmyndasýningu árið 1978 þar sem bornar voru saman gamlar og nýjar ljósmyndir af eldri húsum.[xiv] Félagið var endurvakið árið 1993 í þeim tilgangi að mótmæla byggingu háhýsis í miðbæ Hafnarfjarðar.[xv]



Hellisgata 24, teikning 1920



Hellisgata 24 - 20.06.18

*31 Breytingar á Hellisgötu 24, skv. húsakönnun, ljósm. Elísabet Sara Emilsdóttir*

**Breyttir tímar og ný byggingarefni**. Þegar könnunarsvæðið er skoðað með tilliti til byggingarefna húsanna sést að í elsta kjarna hverfisins eru timburhús útbreidd og á það jafnt við um gömul hús og ný. Þegar norðar dregur fækkar timburhúsum og helst það nokkuð í hendur við byggingartímann, þ.e. byggingum sem byggðar voru um og eftir seinna stríð. Húsin stækkuðu og byggð voru einbýlishús og sérhæðir úr steinsteypu en einstaka hús voru hlaðin úr holsteini. Vert er að nefna sérstaklega verkamannabústaði við Skúlaskeið sem eru reisulegar byggingar á fallegum stað, þó að íbúðirnar séu litlar. Á tímabili í kringum 1980 urðu timburhús þ.m.t. timbureiningahús vinsæl en slík hús er að finna á þéttingarsvæðinu við Garðaveg og Hraunbrún. Á kortinu yfir byggingarefni húsa eru húsin flokkuð út frá einkennandi byggingarefni, en hluti þeirra húsa sem merkt eru timburhús standa á steyptum sökkli/jarðhæð.



*32 Hraunkambur 5, ljósm. Silja Traustadóttir*


SKÝRINGAR
Timburhús / bárujárnsklædd
Steinsteypt hús
Hlaðin hús
Bílgeymslur, skúrar og álíka
Mörk verndarsvæðis í byggð
Mörk húsakönnunar
Hraunbrún
Norðurbraut
Tunguvegur
Hraunhvammur
Hraunkambur
Nönnustígur
Skúlaskeið
Hellisgerði
Hellisgata
Kirkjuvegur
Garðavegur
Skerseyrarvegur
Langeyrarvegur
Krosseyrarvegur
Brunnstígur
Vesturbraut
Merkurgata
Vörðust.
Unnarst.
Vesturgata
Reykjavíkurvegur
Víðistaðasvæði
Fiskreitur
Flókagata
Herjólfsgata
Hrauntunga
Flatahraun
Arnarhraun
Kjóahraun
Álfaskeið
Hverfisgata
Austurgata
Bæjartorg

**Varðveislumat.** Húsin á könnunarsvæðinu voru metin með tilliti til eftirtaldra matsþátta;

- listrænt gildi
- menningarsögulegt gildi
- umhverfisgildi
- upprunalegt gildi
- tæknilegt ástand

Ofantaldir matsþættir mynda saman varðveislugildi húss sem skiptist í þrjá varðveisluflokka; hátt, miðlungs og lágt varðveislugildi. Mynd 33 sýnir niðurstöðu varðveislumatsins. Ríflega 130 hús teljast hafa hátt varðveislugildi, um 160 hús hafa miðlungs varðveislugildi og 18 hús teljast hafa lágt varðveislugildi. Skúrbyggingar s.s. bílskúrar eru ekki metnar sérstaklega í húsakönnuninni en þær eru í flestum tilvikum með lágt varðveislugildi sbr. varðveislukort.
Hvað gerir hvert hús varðveisluvert og í hverju felst varðveislugildi húsanna og byggðarinnar í vesturbæ Hafnarfjarðar? Ef ströngustu mælikvörðum um byggingarlist væri beitt á hvert og eitt hús, myndu fá hús í hverfinu hljóta hæstu einkunn. Vissulega er að finna embættismannahús eða hús eftir fína arkitekta inn á milli en flest húsanna eru alþýðuhús hvers tíma. Varðveislugildi byggðarinnar er því ekki falið í listrænu gildi hvers húss heldur felst það einkum í samspili húsa og landslags ásamt langri og fjölbreyttri sögu byggðarinnar. Elsti hluti hennar varð til fyrir tilkomu eiginlegs bæjarskipulags og mótaðist af stígum og helstu samgönguleiðum í kaupstaðinn og til kirkju, sem var Garðakirkja á Álftanesi. Síðar urðu til beinar götur eins og Kross- og Langeyrarvegur eða bogadregnar eins og Skúlaskeið ef landslagið útheimti það. Þannig byggðust upp áhugaverðar heildir húsa svo sem bárujárnsklædd timburhús eða formfastir, steinsteyptir verkamannabústaðirnir við Skúlaskeið. Sem hluti af slíkum heildum eru húsin dýrmætari en stæðu þau stök.

**Húsvernd.** Húsvernd á svæðinu er margþætt. Tvö hús eru friðlýst og eins og áður sagði eru fjölmörg friðuð á grundvelli aldurs og önnur umsagnarskyld. Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar eru skilgreind hverfisverndarsvæði og eru nokkur slík á skipulagssvæði vesturbæjar. Skilgreint verður verndarsvæði í byggð fyrir stærstan hluta skipulagssvæðisins og tvær varðveisluverðar heildir þar fyrir utan.

**Varðveisluverðar heildir.** Skilgreindar eru tvær varðveisluverðar heildir utan verndarsvæðisins, en það eru annarsvegar tvöföld röð einbýlishúsa við Hraunbrún, hús nr. 11-29 oddatölur og hinsvegar þéttingarsvæði í bolla við Garðaveg og Hraunbrún.



*34 Hluti af varðveisluverðri heild húsa við Hraunbrún, lósm. Silja Traustadóttir*


SKÝRINGAR
Hátt varðveislugildi
Miðlungs varðveislugildi
Lágt varðveislugildi
Mörk verndarsvæðis í byggð
Mörk húsakönnunar
Flatahraun
Hrauntunga
Hraunbrún
Reykjavíkurvegur
Arnarhraun
Norðurbraut
Tunguvegur
Hraunhvammur
Kjóahraun
Álfaskeið
Hraunkambur
Nönnustígur
Skúlaskeið
Hellisgerði
Hverfisgata
Austurgata
Bæjartorg
Hellisgata
Kirkjuvegur
Garðavegur
Víðistaðasvæði
Merkurgata
Vesturbraut
Brunnstígur
Skerseyrarvegur
Langeyrarvegur
Krosseyrarvegur
Unnarstígur
Vesturgata
Fiskreitur
Flókagata
Herjólfsgata



SKÝRINGAR
Friðlýst hús
Friðuð hús
Umsagnarskyld hús
Vernduð götumynd
Varðveisluverð heild
Hús (án verndunar)
Hverfisvernd í aðlskipulagi
Mörk verndarsvæðis í byggð
Mörk húsakönnunar
Flatahraun
Hrauntunga
Reykjavíkurvegur
Hraunbrún
Norðurbraut
Tunguvegur
Arnarhraun
Hraunhvammur
Hraunkambur
Nönnustígur
Skúlaskeið
HVb2
Hellisgerði
HVe2
HVe3
Álfaskeið
Hverfisgata
Austurgata
HVe5
HVa4
Bæjartorg
Vesturgata
HVe6
Kirkjuvegur
Hellisgata
Merkurgata
Vesturbraut
Vörðust.
Unnarst.
Brunnstígur
HVe4
Krosseyrarvegur
Langeyrarvegur
Skerseyrarvegur
Garðavegur
Víðistaðasvæði
Fiskreitur
Flókagata
Herjólfsgata

**Tvöföld röð einbýlishúsa við Hraunbrún, hús nr. 11-29 oddatölur**

Húsin eiga rætur sínar að rekja til skipulags íbúðarhverfis í Norðurbæ eftir Hrafnkel Thorlacius arkitekt frá árinu 1976. Þau voru teiknuð seint á 8. áratugnum og framkvæmdum var lokið í kringum 1980 í flestum tilvikum. Húsin standa fallega við bogadregna götuna og eru á einni hæð, ýmist með eða án kjallara í samræmi við landhalla. Byggingarefni er steypa í mismunandi útfærslum hraunuð, strikuð eða slétt og oft eru steyptir skrautkantar við dyr eða glugga. Fletir og kantar eru gjarnan málaðir í mismunandi litum til þess að undirstrika áherslur. Þök eru flest mænisþök með lágum halla og þakkantar eru nokkuð áberandi. Lóðir eru snyrtilega frágengnar með gróðri og hellulögnum. Húsin eru lítið breytt frá upprunalegri gerð en í einhverjum tilvikum hefur íbúðum verið fjölgað í tvær. Saman mynda húsin svipsterka heild sem ber byggingartíma sínum ágætt vitni. Mikilvægt er að virða stíleinkenni og litasetningu þegar kemur að breytingum og viðhaldi húsanna.

**Þéttingarsvæði í bolla við Garðaveg og Hraunbrún**
**Garðavegur 10-12 og 16-18, Hraunbrún 6-20 sléttar tölur.**

Húsin, ýmist einbýli eða parhús eru teiknuð og byggð laust upp úr 1980. Húsin eiga rætur sínar að rekja til breytingar á skipulagi Norðurbæjar sem skipulagsdeild Hafnarfjarðar gerði árið 1981. Í skilmálum er kveðið á um fjölda hæða, þakform sem skildi vera bratt risþak, bílastæði o.fl. Höfundar húsa kynntu byggingaryfirvöldum hugmyndir sínar í tveimur áföngum. Húsin eru flest byggð úr timbri á háum steyptum kjallara sem brúar landhalla, en önnur eru steypt. Þök eru há risþök 35-45° halla og svipmiklum kvistum. Í efnum og útlit taka húsin tillit til byggðarinnar sem fyrir er í hverfinu en bera jafnframt skýr einkenni húsa frá þessum byggingartíma svo sem form timburglugga og innbyggða bílskúra. Þetta er dæmi um vel heppnaða þéttingu byggðar í sátt við umhverfið sem fyrir var. Mikilvægt er að virða stíleinkenni þegar kemur að breytingum og viðhaldi húsanna.



*37 Þéttingarsvæði við Garðaveg og Hraunbrún, ljósm. Ólafur Mathiesen*

**Samtekt**

Það sem gerir byggðina í vesturbæ Hafnarfjarðar varðveisluverða eru einkum þættir eins og löng byggingarsaga, samspil byggðar og hrauns, fjöldi (bárujárnsklæddra) timburhúsa, gæði yngri hluta byggðarinnar þ.e. vel heppnuð þétting og græna yfirbragðið með Hellisgerðið í hjarta hverfisins. Óhætt er að fullyrða að enginn þéttbýliskjarni á Íslandi býr yfir sambærilegum eiginleikum. Byggðin og hraunið er nú þegar verndað á margvíslegan hátt og með þeim skipulags- og verndaráætlunum sem nú eru í bígerð verður vernd fest enn frekar í sessi. Það er von höfunda húsakönnunar að skráningar- og skipulagsvinnan í vesturbæ Hafnarfjarðar sem og vinna við verndarsvæði í byggð verði til þess að upplýsa Hafnfirðinga og landsmenn alla um þau verðmæti sem felast í hverfinu og nauðsyn þess að ganga vel um þau til langrar framtíðar.



*38 Loftmynd úr Hafnarfirði 2018, ljósm. Guðmundur Fylkisson*

Myndaskrá


| Nr. | Heiti | bls. |
|---|---|---|
| 1 | Norðurbraut 2017, ljósm. Silja Traustadóttir | 2 |
| 2 | Afmörkun húsakönnunar | 3 |
| 3 | Séð suður yfir byggðina árið 1906, ljósm. óþekktur | 4 |
| 4 | Varðan sem Vörðustígur er kenndur við, ljósm. Silja Traustadóttir | 5 |
| 5 | Skráðar fornleifar – Fornleifastofan 2018 | 6 |
| 6 | Kort frá ameríska setuliðinu frá 1941 | 8 |
| 7 | Hraunhvammur 2017, ljósm. Silja Traustadóttir | 8 |
| 8 | Frá vígslu Hellisgerðis árið 1923, póstkort, ljósm. óþekktur | 9 |
| 9 | Hellisgerði um 1950 –mynd Þjóðminjasafn, ljósm. Alfreð D. Jónsson | 10 |
| 10 | Hellisgerði úr lofti 2018, ljósm. Guðmundur Fylkisson | 10 |
| 11 | Hraunkambur 10 / Norðurbraut, ljósm. Silja Traustadóttir | 11 |
| 12 | Úr Skipulagi Hafnarfjarðar frá 1933 - litum og götunöfnum bætt við | 12 |
| 13 | Kirkjuvegur um 1925, ljósm.Guðbjartur Ásgeirsson | 13 |
| 14 | Hellisgata 2018, ljósm. Silja Traustadóttir | 13 |
| 15 | Saltfiskreitir við Skúlaskeið | 14 |
| 16 | Sláturhús Guðmundar og saltfiskverkun, ljósm. óþekktur. Eig. Sigurjón Þ. Hannesson | 14 |
| 17 | Úr loftmynd frá 1954 | 15 |
| 18 | Vesturbær Hafnarfjarðar um 1960, brot úr mynd, ljósm. óþekktur. | 15 |
| 19 | Samsett loftmynd frá 1963 og teiknigrunnur | 16 |
| 20 | Vegagerð við Hellisgötu, ljósm. Sigríður Erlendsdóttir | 17 |
| 21 | Vegagerð við Hellisgötu lokið, ljósm. Sigríður Erlendsdóttir | 17 |
| 22 | Úr deiliskipulagsbreytingu skipulagsdeildar Hafnarfjarðar frá 1981 | 18 |
| 23 | Byggingarár húsa | 19 |
| 24 | Strandgata, Vesturgata, Reykjavíkurvegur 1913, ljósm. óþekktur | 20 |
| 25 | Vesturgata 2 , ártal óþekkt, ljósm. Ólafur V. Davíðsson | 20 |
| 26 | Vesturbær Hafnarfjarðar í kringum 1970, brot. Ljósm. óþekktur | 21 |
| 27 | Merkurgata 2017, ljósm. Silja Traustadóttir | 21 |
| 28 | Vinnustofa á Kirkjuvegi 14, ljósm. óþekktur | 22 |
| 29 | Flutningshús við Langeyrarveg, ljósm. Silja Traustadóttir | 22 |
| 30 | Flutningshús í vesturbæ | 23 |
| 31 | Breytingar á Hellisgötu 24, skv. húsakönnun, ljósm. Elísabet Sara Emilsdóttir | 24 |
| 32 | Hraunkambur 5, ljósm. Silja Traustadóttir | 24 |
| 33 | Einkennandi byggingarefni húsa | 25 |
| 34 | Hluti af varðveisluverðri heild húsa við Hraunbrún, lósm. Silja Traustadóttir | 26 |
| 35 | Metið varðveislugildi húsa | 27 |
| 36 | Húsvernd í vesturbæ Hafnarfjarðar | 28 |
| 37 | Þéttingarsvæði við Garðaveg og Hraunbrún, ljósm. Ólafur Mathiesen | 29 |
| 38 | Loftmynd úr Hafnarfirði 2018, ljósm. Guðmundur Fylkisson | 30 |


Eldri ljósmyndir eru fegnar frá Byggðasafni Hafnarfjarðar nema mynd 9 sem er frá Þjóðminjasafni.

Nokkrar eldri ljósmyndir í skráningarhlutanum eru fengnar af Facebooksíðunni Hafnarfjörður og Hafnfirðingar https://www.facebook.com/groups/hafnarfjordur/files/. Þekktra ljósmyndara er getið.

## Heimildaskrá - inngangur

---

i Guðmundur Kjartansson (1954). Hraunin kring um Hafnarfjörð. *Þjóðviljinn*, jólablað, bls. 10-12
ii Henry Holland, *Dagbók í Íslandsferð 1810*, Steindór Steindórsson þýddi, AB, 1992, bls. 51-52
iii Hörður Ágústsson, Íslensk byggingararfleið 1, bls. 112
iv Sigurður Skúlason, Saga Hafnarfjarðar, bls. 437
v Sigurður Skúlason, Saga Hafnarfjarðar, bls. 437
vi Bjarni F. Einarsson(2019) Verndarsvæði í byggð og deiliskipulag í Vesturbæ Hafnarfjarðar (fornleifaskráning
vii Bragi Blumenstein og Þórarinn Þórarinsson(1998), Bæja- húsakönnun í vesturbæ Hafnarfirði
viii Skipulagsskrá fyrir skemtigarðinn „Hellisgerði"
ix Hellisgerði 100 ára.
x Páll Líndal. Bæirnir Byggjast. Skipulagsstjóri ríkisins og Sögufélag Reykjavík 1982,bls. 220-224.
xi Brúin 34. tölublað.20.07.1929 Ritstjórnargrein.
xii Málfríður Kristjánsdóttir o.fl. (2013), Byggð í Hafnarfirði 1990-2000. https://www.hafnarfjordur.is/media/adalskipulag/BYGGD-I-HAFNARFIRDI.pdf
xiii Málfríður Kristjánsdóttir o.fl. (2013), Byggð í Hafnarfirði 1990-2000. https://www.hafnarfjordur.is/media/adalskipulag/BYGGD-I-HAFNARFIRDI.pdf
xiv Morgunblaðið, 13 júní 1979. Breyttur bær, ljósmyndasýning í Hafnarfirði.
xv Dagblaðið Vísir 43. tölublað 22.02.1993. Regla að rífast um hús í Hafnarfirði.

## Heimildir sem notaðar voru við skráningu húsa


Arkitektatal. Ritstjóri Haraldur Helgason. Reykjavík, Þjóðsaga 1997
Hörður Ágústsson, Íslensk byggingararfleifð II. Varðveisluannáll
Ásgeir Guðmundsson, Saga Hafnarfjarðar.Skuggsjá 1983. Ib, bls. 21, IIb, bls.75, 250,257,260,297,377,415,422, IIIb, 12, 225, 236,320.
Magnús Jónsson, Bær í byrjun aldar, Skuggsjá 1970. Bls. 88-114.
Guðmundur Þórðarson, Heill í Höfn, Bókaútgáfan Bakkafell 1980, 26. kafli.
Hrefna Böðvarsdóttir, Fjölskyldusaga Valgeirs Þórðar Guðlaugssonar og
Hrefnu Sigurðardóttur Hafnarfirði 1875-1975, útg. af höfundi 2014, bls 206-222.
Hrafnkell Ásgeirsson, TVÖ HÖGG Á TÚTOMMUNA, Reykjavík 2012, bls.23, 23.
Árni Gunnlaugsson, Fólkið í firðinum útg. af höfundi, I, II, III.
Jón Kr. Gunnarsson, Af kunnum æskuslóðum, Rauðskinna 1998, bls.. 97 – 143
K.Zimsen, Við Fjörð og vík, Helgafell 1948. Bls. 12-26
Sigurður Þorláksson, Gamlar minningar, útgefið af afkomendum1980.
Registur og lóðamat fyrir 1900-1920
Fasteignamat Hafnarfjarðar 1916-.
Fundargerðarbækur byggingarnefndar Hafnarfjarðar frá 1916.
Dagbók byggingafulltrúans í Hafnarfirði 1927- 1942.
Spjaldskrá Byggðasafnsins 1980.
Skalasafn Fágæti, Bókasafni Hafnarfjarðar.
Timarit.is
Gardur.is
Islendingabok.is
Mbl.is, minningargreinar.


## Húsum í húsakönnun er raðað eftir götum í númeraröð sem hér segir:


| Gata | frá bls. |
|---|---|
| Vesturgata | 33 |
| Vörðustígur | 43 |
| Smiðjustígur | 47 |
| Merkurgata | 48 |
| Kirkjuvegur | 64 |
| Hellisgata | 82 |
| Unnarstígur | 110 |
| Krosseyrarvegur | 113 |
| Langeyrarvegur | 126 |
| Brunnstígur | 145 |
| Skerseyrarvegur | 153 |
| Garðavegur | 162 |
| Reykjavíkurvegur | 147 |
| Vesturbraut | 196 |
| Norðurbraut | 218 |
| Skúlaskeið | 246 |
| Nönnustígur | 262 |
| Hraunkambur | 274 |
| Hraunhvammur | 284 |
| Tunguvegur | 290 |
| Hraunbrún | 297 |
| Flókagata | 341 |
| Víðistaðir | 344 |

# Byggingarár: 1880 Vesturgata 4 Vínhúsið

Fyrsti eigandi: Knudtzon
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Verslun
Núverandi notkun: Veitingahús



Vesturgata 4 um 1900. Brot úr stærri mynd.



Vesturgata 4 - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Timbur | Timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Útitröppur | Einlyft / Ris / Reykháfur |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1985 | Veitingahús | Páll V. Bjarnason, Arkitekt |
| 1997 | Sorpgeymsla á lóðinni | Sigurður Einarsson, arkitekt |
| 2000 | Brunavarnir | Sigurður Einarsson, arkitekt |

## Saga:

Húsið Vesturgata 4 er reist á grunni eldra húss sem byggt var í tíð Bjarna Sivertsens. Þetta hús var byggt árið 1880 því lýsir Knud Zimsen í bók sinni Við Fjörð og vík, bls.27. „ Árið 1880 var mikið um að vera á þeim slóðum, er ég rölti helst um, þá á fimmta ári. Verslunarhús það, sem Knudzon hafði verslað í Firðinum í 40 ár og Bjarni riddari Sivertsen hafði áður átt, var þá rifið til grunna, en í stað þess reist einnar hæðar hús með háu risi, og var þar komið fínustu búðinni sem þá gat að líta í Reykjavík og Hafnarfirði. Hús þetta stendur enn, og er þar verslun Ferdinand Hansens." Elsta brunavirðing af húsinu er frá 1916, er þá eigandinn Símon Jónsson en áður átti það Magnús Blöndal. Er húsinu lýst þannig: a) Húsið er ein hæð með porti og risi 4.40m. Niðri er því skipt í sölubúð, 2 skrifstofur og 2 geymsluherbergi og anddyri, allt málað og klætt innan með panel. Uppi er því skipt í 2 íbúðarherbergi og eldhús. Klætt innan með panel og herbergin fóðruð, allt málað. Allt annað af loftinu er ósundurþiljað og notað til geymslu. 22 gluggar á húsinu og 4 ofnar í húsinu. Austurhlið og suðurgafl er timbur, járnklæddir. Á öðru timbur yst. Þakið er timbur, járnvarið. Allt virt á 19.460kr.“ Í tíð Ferdinands Hansens var húsið íbúðar og verslunarhús. Síðar var þar öldurhús nefnt A. Hansen, nú er þar veitingastaðurinn Vínhúsið og barinn A. Hansen á efri hæðinni.
Árið 1985 er húsið gert upp.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Húsið er timburhús með háu risi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Pakkhús, verslun, íbúðarhús Hansens hjóna. Með elstu húsum bæjarins. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur á sömu torfu og elstu hús Hafnarfjarðar og er mjög mikilvægt fyrir umhverfi sitt. Svæðið sem húsið stendur á er hverfisverndað skv. deiliskipulagi Norðurbakka. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er lítið breytt frá fyrstu gerð en litaval utanhúss er sérkennilegt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að viðhaldi byggingarhluta. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1803 Vesturgata 6 Sivertsenhús

Fyrsti eigandi: Bjarni Sivertsen
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Bindingsverk

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Menningarstarfsemi



Vesturgata 6 - 1970



Vesturgata 6 - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Borðviður | Timbur |
| Þakgerð: | Gaflsneitt þak | Gaflsneitt þak |
| Þakklæðning: | Rennisúð | Rennisúð |
| Undirstaða: | Hlaðin úr | |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1966 | Uppmæling og rannskókn. Drög að endurgerð. | Karsten Rönnøv, Arkitekt |
| 1974 | Endurgerð lýkur og húsið opnar sem minjasafn. | Karsten Rönnøv, Arkitekt |

### Saga:

Bjarni riddari Sivertsen byggði húsið 1803-1805. Var það múrsteinshlaðið í binding. Talið er að timbrið í grindinni sé sænskt en múrsteinninn danskur. Árið 1935 keypti P.C. Knudtzon húsið af dánarbúi Bjarna Sivertsen. Hefur húsið verið íveruhús fram til ársins 1924 að það kemst í eigu Hafnarfjarðarbæjar og flytur þangað bæjarskrifstofurnar. Kvistur var settur á húsið og innra skipulagi breytt en húsið hafði haldist óbreytt fram að því. Einhverju eftir 1944 eignast Bæjarsjóður húsið með því skilyrði að það verði gert upp. Það var svo 20. júlí 1974 að Hús Bjarna Sivertsen var opnað almenningi með viðhöfn.
Í þessu húsi fæddist Knud Siemsen sem var borgarstjóri Reykvíkinga til margra ára.

Svæðið sem húsið stendur á er hverfisverndað skv. deiliskipulagi Norðurbakka.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Bindingshús; hæð og gaflsneitt ris. Elsta húsið í Hafnarfirði, fágæti. Í bók Harðar Ágústssonar, Íslensk byggingararfleifð, er húsið flokkað undir friðuð timburhús, gaflsneiddagerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Elsta íbúðarhús Hafnarfjarðar. Hús Bjarna riddara Sivertsen, föður Hafnarfjarðar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er elsta hús Hafnarfjarðar og mikil bæjarprýði. Húsið stendur við hliðina á Bryde-pakkhúsinu. Saman hýsa húsin mikilvæga menningarstarfsemi og þau hafa mikið gildi fyrir umhverfi sitt. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er klætt timbri og kvistur á framhlið er horfinn. Á bakhlið er inngönguskúr með braggaþaki en óvíst er um uppruna hans. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er elsta hús Hafnarfjarðar og er friðlýst. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðlýst hús - blár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1865** Vesturgata 6 Bryde-pakkhús

Fyrsti eigandi: P.C. Knudtzon
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: / Pakkhús
Núverandi notkun: Menningarstarfsemi



Vesturgata 6 Pakkhúsið, til vinstri, 1913



Vesturgata 6 - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Timbur | Timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Þaksteinn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr | |
| Útlit: | Tvílyft; Kvistir; Ris | Tvílyft / Ris |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1986 | Endurgerð hússins á árunum 1980 -1986 | Páll V. Bjarnason, Arkitekt |

## Saga:

Þessi bygging er reist á grunni eldri byggingu sem byggð hafði verið um 1800 og þjónaði einnig sem geymsluhús. Byggingu þessa lét P.C. Knudtzon reysa fyrir verslun sína en hann hafði keypt bygginguna ásamt húsi Bjarna Sivertsens árið 1835.
Árið 1981 var húsið endurgert og hýsti Sjóminjasafn Íslands fram til ársins 2008 að Byggðasafn Hafnarfjarðar fékk það til umráða og er það nú eitt helsta sýningarhús Byggðasafnins. Páll V. Bjarnason arkitekt teiknaði viðbyggingu við húsið sem aldrei var byggð.

Svæðið sem húsið stendur á er hverfisverndað skv. deiliskipulagi Norðurbakka.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Húsið er bindingsverkshús, tvílyft með risþaki byggt sem pakkhús. Fágæti. Í bók Harðar Ágústssonar, Íslensk byggingararfleifð, er húsið flokkað undir friðuð timburhús, sérflokkur. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Pakkhús P.C Knudtzons, með elstu byggingum bæjarins. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er eitt elsta hús Hafnarfjarðar og stendur við hliðina á því elsta. Húsin hýsa mikilvæga menningarstarfsemi og þau hafa mikið gildi fyrir umhverfi sitt. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Á árunum 1980-1984 voru húsin gerð upp á faglegan hátt. Þakefni var upphaflega skífa en er nú bárujárn. Húsið er nú timburklætt að stærstum hluta. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Viðhaldsviðgerðir á utanhússklæðningu standa yfir. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Hafnarfjarðarbær
Hönnuður: Páll V. Bjarnason, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: / Timburhús - einföld gerð.

Upphafleg notkun: / Veitingastaður, upplýsingamiðstöð
Núverandi notkun: / Gistihús



Vesturgata um 1980



Vesturgata 8, nóvember 2017

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur |
| Útveggir: | Timbur | Timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Læst klæðning (t.d. |
| Undirstaða: | timbur | Timbur |
| Útlit: | Einlyft / Ris | Einlyft / Ris |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1992 | Breyting á notknun og innra fyrirkomulagi, ný hurð á vesturhlið | |

## Saga:

Nokkurn vegin á þessum stað stóðu áður 2 pakkhús sem höfðu verið flutt af gömlu Flensborgarlóðinni. Löngu síðar stóð þarna söluturn sem var fjarlægður þegar nýtt hús var byggt.
Í þessu húsi sem byggt er 1985 eftir teikningum Páls V. Bjarnasonar hefur verið veitingarekstur, upplýsingamiðstöð Hafnarfjarðar, skrifstofur Byggðasafns Hafnarfjarðar voru á neðri hæðinni um tíma en nú er þar gistiheimili.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einfalt timburhús hæð og ris. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Veitingahús, skrifstofur Byggðasafnsins, gistihús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er einfalt í forminu og tekur tillit til eldri og friðaðra húsa sem standa næst því. Frágangur lóðar gæti verið betri. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið virðist nær óbreytt að utanverðu. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að viðhaldi nokkurra byggingarhluta. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði að verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Jón Ólafur Ólafsson, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Vestirgata 10, um 1974



Vesturgata 10 - 09.07.19

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft | Tvílyft / Þaksvalir yfir bílskúr. / | | |

## Saga:

Á þessum stað stóð áður reisuleg bygging á tveimur hæðum sem August Flygenring lét reisa um 1910. Var þar til húsa útgerðarfyrirtækið Akurgerði sem gerði m.a. út togarann Bjarna riddara. Húsið gekk undir nafninu Akurgerði. Verkamannafélagið Hlíf var í húsinu árið 1977. Húsið var rifið um 1985. Á lóðinni stendur nýtt hús byggt árið 2006 skv. teikningum Jóns Ólafs Ólafssonar arkitekts.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er tvílyft einbýlishús með mænisþaki. Neðri hæð er múrhúðuð en sú efri bárujárnsklædd. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús, nýlegt. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Ágætis dæmi um nýtt hús sem fellur vel að eldri byggð og tekur tillit til hennar í formi og byggingarefnum. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Miklir timburveggir og tunnusána hafa verið sett upp á bílskúrsþaki. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er nýlegt og lítur vel út. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Ágætis dæmi um nýtt hús sem fellur vel að eldri byggð og tekur tillit til hennar í formi og byggingarefnum. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## **Byggingarár: 2006** Vesturgata 12A & 12B

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Jón Ólafur Ólafsson, Borghildur Sturludóttir, Andersen Møller., arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Vesturgata um 1910



Vesturgata 12a og 12b - 27.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timburgrindarhús. | Timburgrindarhús. | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft; Portbyggt; Ris; Svalir | Einlyft; Portbyggt; Ris; Svalir | | |

### Saga:

Á þessum slóðum stóð íbúðar- og verslunarhús Bjarna Jónssonar kaupmanns. Til er nokkuð nákvæm lýsing á húsinu og umhverfi þess en garður var t.d. fyrir framan húsið er sneri framhliðinni til sjávar, og í hrauninu voru ræktaðar kartöflur og rabbarbari. Einnig voru blómreitir og vermireitir en bak við húsið voru garðar miklir er náðu upp undir húsið "Mörk" við Merkurgötu 9. Um 1900 eignast August Flygenring bygginguna og lét reisa tveggja hæða geymslu og skrifstofu hús fyrir framan gamla húsið svo skyggði á. Barnaskóli Hafnarfjarðar fékk inni í gömlu byggingunni einn vetur og þar sem sólin náði ekki inn gluggana var það jafnan kallað "Svarti skóli". Nýja húsið var nefnt Edinborg það var síðar flutt í burtu og stóð lengi við Hraunbrún sem skátaheimili en hefur nú verið flutt úr bænum og stendur í landi Lambafells í Austur-Eyjafjöllum.

Núverandi hús er hannað af arkitektunum Jóni Ólafi Ólafsson, Borghildi Sturludóttur og Anders Nielsen Møller sem íbúðarhús Borghildar og Anders.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Dæmi um nýtt hús sem fellur vel að eldri byggð. Unnið er með hefðbundin form og byggingarefni á nútímalegan hátt. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús, nýtt. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Fellur vel að eldri byggð og landslagi. Hraunmyndanir fá að njóta sín vel í lóð. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Óbreytt frá fyrstu gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er nýlegt og í góðu ásigkomulagi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Prýðilegt dæmi um nútímalegan arkitektúr sem fellur vel að eldri byggð. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1905** Vesturgata 16 Gesthús

Fyrsti eigandi: Einar Ólafsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Vesturgata 16 um 1980



Vesturgata 16 - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn, timbur | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Hlaðin úr | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | | |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari | | |

## Saga:

Gesthús byggði fyrstur Gestur Árnason Lund járnsmiðs, er hann sagður hafa komið til Hafnarfjarðar um 1800 á vegum Bjarna Sivertsen. Einar Ólafsson stýrimaður, byggði þetta hús árið 1905 en það stóð þá á lóð J.P.T.Bryde. Er til nokkuð nákvæm lýsing af húsinu í virðingu sem gerð var árið 1905. Í þeirri virðingu er húsinu lýst þannig: "Það er 9x9 al. Einlyft með porti og krossreist, veggja hæð 4 ¾ al,. Hæð af gólfi undir loft 3 ½ al. Hæð af lofti í sperrukverk 5 al. Húsið er byggt úr norskum viði. Á grind þess eru 5x4“, 4x4“, 3x4“ tré, grindin er klædd með liggjandi klæðningu á norðurhlið og vestur gafli, en 1“ borðum og 5/4“ borðum á austurgafli og suðurhlið með pappa og járni yfir. Þak er úr 1 “ borðum með pappa og járni. Innan í klæðningu er festur pappi í staðinn fyrir marhálmskopp. Það er allt þiljað og málað undir lofti. Því er skipt í 4 herbergi auk matarskápa. Skilrúmsþil eru úr panel tvöfeld, hliða og gólf-þiljur úr panel. 3 herbergin eru fóðruð með pappa yfir þiljur. Loft og gólf úr venjulegum gólfborðum, loftið er klætt að neðan með panel yfir lofti er enn óþiljað og ósundurskipt. 1 múrpípa er í húsinu 2 múrtöflur úr múrsteini, 2 eldfæri, á því eru 6 gluggafög 2 þrísett. Við norður hlið þess er skúr 3 ¼ x2 ¾ al. byggður úr sama efni og húsið, þakið járnvarið, hann er þiljaður innan og notaður fyrir inngang í húsið. Grunnur hússins er úr grjóti steinlímdur. Það virðist vandað að frágangi að því leyti sem það er fullgert. Við virðum það eins og það er nú á kr.1600.- Sextánhundruð krónur. Hafnarfirði 13.okt.1905."

Húsið hefur tekið litlum sem engum breytingum frá upphafi.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einfalt bárujárnsklætt timburhús; kjallari, hæð og ris. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús Einars Ólafssonar stýrimanns. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið tilheyrir elstu bárujárnshúsum í Vesturbæ Hafnarfjarðar og er vel sýnilegt frá Vesturgötu. Það hefur mikið gildi fyrir umhverfi sitt. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Líklega er húsið lítið breytt frá fyrstu gerð, engar teikningar eru til í safni. Huga mætti að hefðbundnari frágangi á sökkli. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að viðhaldi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið tilheyrir elstu timburhúsum í Vesturbæ Hafnarfjarðar. Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 2014** Vesturgata 18 - 20

Fyrsti eigandi: Parket ehf.
Hönnuður: Tryggvi Tryggvas, Kristín B. Gunnarsdóttir, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Vesturgata 18-20 - ártal óljóst




Vesturgata 18 - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteyptar einingar | Steinsteyptar einingar |
| Útveggir: | Ál | Ál |
| Þakgerð: | Flatt þak | Flatt þak |
| Þakklæðning: | Þakdúkur | Þakdúkur |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Þrílyft / Svalir / Kjallari / Bílakjallari | Þrílyft / Svalir / Kjallari / Bílakjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2013 | Breyting á aðaluppdrætti skv. teikningum 22.02.07. | Tryggva Tryggvasonar |

## Saga:

Á þessum stað, um 1900 stóð hús er þótti mikið prýði, málað með kvisti og túnbletti í kring. Húsið átti Guðmundur Halldórsson járnsmiður og kona hans. Síðar eða um 1945 er á þessum stað reist 3ja hæða steinsteypt verksmiðjuhús Vélsmiðjunnar Kletts sem stofnað var 10. júlí 1942. Einnig stóð á þessari lóð minna hús, íbúðarhús einnig steinsteypt.
Árið 2005 keypti Hafnarfjarðarbær byggingarnar til niðurrifs af Parket ehf sem eftir hélt lóðinni. Seinlega tók að reisa húsin og stöðvaðist verkið í nokkur ár með tilheyrandi dagsektum.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er ágætis arkitektúr en hönnun þess tekur ekkert tillit til gömlu byggðarinnar sem það er hluti af, hvorki í mælikvarða né byggingarefnum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Fjölbýlishús. Nýtt. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Húsið tengist frekar húsunum við Norðurbakka en eldri byggðinni sem það er hluti af. Ásýnd hússins á eftir að mildast þegar gróður á lóð tekur við sér. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er óbreytt frá fyrstu gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Nýlegt og vel byggt hús. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði að verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1917 Vesturgata 26b

Fyrsti eigandi: August Flygenring
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: / Geymsla
Núverandi notkun: Íbúð


Vesturgata 26b um 1950. Ljósm. óþekktur.


Vesturgata 26b í september 2017.

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Grjóthlaðið, timbur | Grjóthlaðið, timbur |
| Útveggir: | | Bárujárn |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Geymsluhús. | Einlyft / Svalir / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1925 | Breytt í íbúðarhús. | |
| 1993 | Byggt við húsið á tveimur hæðum samtals 44m2. Timbursvalir á efri | Guðrún Stefánsdóttir, Arkitekt |

### Saga:

Þetta hús var upphaflega geymsluhús úr steinlímdu hraungrjóti.
Elstu heimildir af þessu húsi er Brunavirðing frá 23 maí 1917. Þá er það geymsla við Vesturgötu ónúmerað. Eigandi þess var Hans Sigurbjarnason en síðasti eigandi var August Flygenring. Þessari bygginu er lýst þannig í brunavirðingunni "c) Geymsluhús, húsið er einlyft með risi 2m. Undir húsinu er kjallari, allt notað til geymslu. Stærð: L. 5,80m. B. 5,15m. H.1.10m. 1 gluggi. Útveggir úr timbri járn að nokkru annars pappi. Grjót steinlímt. " Virt á 920kr.
Samkvæmt Brunavirðingu fyrir Vesturgötu 26, þ. 2. júlí 1925 er þessi bygging, bakhús og er henni lýst þannig: c) Íbúðarhús (sem er bakhús) einlyft með risi 1.1m. því er skipt í 2 herbergi og anddyri, klætt innan panel og herbergin eru fóðruð. 3 gluggar á húsi, 1 eldavél og 1 ofn. Undir öllu húsinu er kjallari, úr steinlímdu hraungrjóti, skipt í eldhús, anddyri og geymslu, klæddur innan panel nema geymslan, H. 2,3m. 1 gluggi. Virt á 4600kr. d) Geymsluskúr áfastur úr timbri járnvarinn, áfastur ósundurþiljaður Stærð L. 6m. B. 2,2m. H. 2m. 1 gluggi. Virt á 450kr. E) Geymsluskúr úr timbri járnvarinn, áfastur við íbúðarhús c, og geymsluskúr d. stærð: L. 4m. B. 7m. H. 3m. 1 gluggi á skúr. Virt á 800kr.
Um 1960 kviknaði í húsinu, var húsið endurbyggt, örlítið breytt. (Margrét Erlingsdóttir)

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einfalt alþýðuhús byggt í áföngum. Kjallari og hæð með einhalla þaki. Mikið breytt frá fyrstu gerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Geymsluhús síðar íbúðarhús. Með elstu byggingum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið situr fallega í landinu á milli hraunmyndana í framlínu gömlu byggðarinnar í vesturbæ Hafnarjarðar. Frágangur á girðingum (hraunhleðsla og stakket) til fyrirmyndar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er mikið breytt frá fyrstu gerð, stækkað og risi breytt í hæð. Gluggagerð og klæðningar hafa þó að mestu haldið sér. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. Byggingarhlutar líta vel út. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Einfalt hús sem sem sómir sér vel í framlínu gömlu byggðarinnar. Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði að verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Douglas Bookless.
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Menningarstarfsemi



Vesturgata 32 um 1920



Vesturgata 32 eftir endurbætur 2008

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Reykháfur / Útitröppur / Skriðkjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Reykháfur / Útitröppur / Útskot (karnap) / Útskot (karnap) / Útitröppur / Inngönguskúr (bíslag) / |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2007 | Innra skipulagi breytt. Nýjar útitröppur og hjólastólalyfta. | Jón Ólafur Ólafsson, Arkitekt |

## Saga:

Húsið er byggt fyrir útgerðarfyrirtækið Bookless Bros sem stofnað var 1910 af Harry og Douglas Bookless. Harry lést árið 1915 í orustu við Gallipoli skagann.
Í brunavirðingu (ónúmeruð) sem gerð var 12. júní 1920 er húsinu lýst þannig: Húsið er einlyft og með risi 1.26m. Því er skipt í 10 herbergi, 1 eldhús, gang og 2 anddyri, allt klætt innan með panel, 3 herbergi og gangur fóðrað, allt málað, á húsinu eru 4 útskotsgluggar , allt er húsið raflýst og notað til íbúðar. Við suðurhlið hússins er skúr 1,25 x 1,25m, 3m á hæð, með vatnshalla þaki og 2 gluggum, klæddur innan með panel og fóðri, notaður til inngöngu í húsið. Við norðurhlið hússins er skúr 2 x 2,5, 3m á hæð, með vatnshalla þaki og 1 glugga, klæddur innan með panel, málaður, notaður til inngöngu í húsið. Allt virt á 4.770kr

Nú er safnastarfsemi í húsinu á vegum Byggðasafns Hafnarfjarðar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Húsið er einlyft bárujárnsklætt timburhús á sökkli með lágu mænisþaki. Það er skreytt með útskotsgluggum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús Bookless Bros. Nú safn. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er einstakt á allan hátt og hefur mikið gildi fyrir umhverfi sitt. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er lítið breytt frá fyrstu gerð. Lega götu og landslag hefur hinsvegar breyst mikið frá fyrri tíð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið hefur fengið faglega endurgerð. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Svæðið sem húsið stendur á er hverfisverndað skv. deiliskipulagi Norðurbakka. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Jón Bergsteinsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Vörðustígur 2, 1980



Vörðustígur 2 - 27.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | | |

## Saga:

Lóðasamningur var fyrst útgefinn 1. október undir þetta hús og er það eins og byggingarár þess segir til um, reist árið 1916 af Jóni Bergsteinssyni. Í fyrstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: "Húsið er einlyft með risi 1,90m. Því er skipt í 2 stofur og eldhús, klætt innan með panel og málað. Notað til íbúðar. 6 gluggar á húsinu, 1 eldavél og 1 ofn í húsinu. Undir öllu húsinu er 1,50m hár kjallari úr grjóti, notaður til geymslu. 2 gluggar á kjallara. Inngönguskúr áfastur við húsið með risi 0,60m. Klæddur innan með panel og málaður. Stærð: L. 1,40m. B. 2,00m. H. 2,40m. 1 gluggi á inngönguskúr" Húsið hafði staðið autt í um 10 ár og stóð þá til að rífa það og reisa nýbyggingu á lóðinni. Var það jafnvel talið ónýtt en það fór þó svo að var yfirboðið af nýjum eigendum. Húsið var gert upp og héldu eigendur í sem flest upprunalegt s.s. stiga upp á loft sem talinn var ónýtur af títlum og eldhúsinnréttinguna frá 1916. Snemma hafði kalt vatn verið lagt í húsið en heitt vatn kom ekki fyrr en um 2004.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Formfallegt bárujárnsklætt timburhús á steyptum sökkli; hæð og ris. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Dæmi um lítið breytt bárujárnshús sem hefur fengið gott viðhald. Öll húsin við Vörðustíg eru friðuð. Húsið hefur mikið gildi fyrir umhverfi sitt. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er líklega óbreytt frá fyrstu gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Endurgerð hússins er til fyrirmyndar og einstakrar prýði fyrir umhverfi sitt. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er eitt af fáum friðuðum bárujárnshúsum í vesturbæ Hafnarfjarðar sem er nánast óbreytt frá fyrstu gerð. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Guðmundur Jónsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Vörðustígur 3 1980



Vörðustígur 3 - 27.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1993 | stækkun | Óli Þórðarson, Arkitekt |

## Saga:

Húsið stóð áður á Vatnsleysu og hét þar Nýibær. Var húsið tekið niður og timbrið seilað saman í knippi og síðan flutt sjóleiðina til Hafnarfjarðar. Var það síðan byggt upp aftur af Ásgeiri G. Stefánssyni, sem einnig setti grunnin undir húsið. Guðmundur hafði keypt timbur úr skútunni Vasco de Gama sem notað var í undirbita undir gólfið í eldhúsi og stofu.
Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: Húsið er einlyft með risi 1,90m. Því er skipt í 3 stofur og eldhús, klætt innan með panel og stofurnar eru fóðraðar, allt málað. Húsið notað til íbúðar. 5 gluggar á húsinu, 1 eldavél, 1 ofn í húsinu. Undir öllu húsinu er 2m hár steinsteyptur kjallari með 2 gluggum, notaður til geymslu. b) Anddyri áfast við húsið, einlyft með risi 0,40m. Klætt innan með panel og málað. Stærð: L. 1,40m. B. 2,20m. H. 2,50m. 1 gluggi. Allt virt á 6090kr.
Guðmundur Jónsson sótti um leyfi árið 1945 til að breyta gluggaskipan á húsinu ásamt því að stækka forstofu. Því var synjað.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Dæmigert bárujárnsklætt timburhús sem hefur verið byggt við í samræmi við nútímalegar kröfur. Kjallari, hæð og ris, útbygging, kvistir og svalir. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús.Flutningshús. Með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Dæmi um bárujárnshús sem hefur fengið gott viðhald. Öll húsin við Vörðustíg eru friðuð. Húsið hefur mikið gildi fyrir umhverfi sitt. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Byggt hefur verið við húsið á baklóð og ris líklega verið hækkað. Klæðning hefur verið breytt og kvistum. Múrhúð á sökkli er framandi. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið tilheyrir mótaðri byggð á Vörðustíg þar sem öll hús eru friðuð. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti

Fyrsti eigandi: Sigurður Jóakimsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Alþýðuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Vörðustígur 5, 1980



Vörðustígur 5 - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Portbyggt / Ris / Kjallari | Einlyft / Glerskáli/Sólstofa / Kvistir / Ris / Reykháfur / Svalir / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1954 | viðbygging á norðvesturhlið og breytingar á þaki. | |
| 1996 | Breyting á viðbyggingu. Hús einangrað að utan og klætt með | Hildur Bjarnadóttir, Arkitekt |

## Saga:

Lóðasamningur var fyrst útgefinn í maí 1913. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: Húsið er einlyft með porti og risi 2,40m. Því er skipt niðri í 3 stofur og eldhús, ein stofa fóðruð, annars klætt panel, allt málað. Uppi er húsinu skipt í 3 herbergi og eldhús, allt klætt panel og málað, eingöngu notað til íbúðar. Undir öllu húsinu er 1,90m hár kjallari með 4 gluggum, notaður til geymslu. Við vesturgafl hússins er skúr með vatnshalla þaki, klæddur innan með panel, notaður til inngöngu í húsið. Stærð: L. 1,90m B. 2,20m. H. 3,45m. 1 gluggi.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Steinsteypt hús sem hefur verið fært í bárujárnsbúning. Kjallari, hæð og íbúðarris með kvistum. Viðbygging er fyrirferðarmikil og tekur mikið til sín. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið hefur verið klætt bárujárni og svipar þannig meira til nærliggjandi timburhúsa. Fyrirferðarmikil viðbygging með verönd rýrir gildi hússins nokkuð. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið hefur tapað upprunalegum einkennum sínum með formbreytingu og bárujárnsklæðningu. Síðari tíma viðbyggingar eru framandi. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið tilheyrir mótaðri byggð á Vörðustíg þar sem öll hús eru friðuð. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Andrés Runólfsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Íbúð




Vörðustígur 7 fyrir breytingu 1961.



Vörðustígur 7 - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Svalir / Viðbygging / Kjallari |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1961 | Viðbygging | Friðþjófur Sigurðsson, Byggingatæknifræðingur |
| 2002 | Breytt viðbygging og hluti gamallar viðbyggingar rifinn. | Páll V. Bjarnason, Arkitekt |

## Saga:

Fyrsta brunavirðing að Vörðustíg 7 var gerð þ. 2. desember 1916. Núv. eigandi: Andrés Runólfsson. Húsið er ein hæð með risi 1m. Því er skipt í 3 stofur og eldhús, klætt innan með panel og stofurnar fóðraðar, allt málað. Húsið notað til íbúðar.4 gluggar á húsi, 1 eldavél og 1 ofn í húsinu. Inngönguskúr er við vesturgafl hússins með risi 0,50m. Kjallari er undir öllu húsinu, gerður úr steinsteypu, notaður til geymslu. Árið 1929 er húsið númer 9 við Vörðustíg. Á löggildan skjalapappír undirritar Andrés Runólfsson, eigandi húseignarinnar nr. 9 við vörðustíg, leyfi fyrir "frjálsu og óhindruðu umferða eftir lóð sinni fyrir íbúa hússins Valhöll, nú Merkurgata 5."
Árið 1961 er byggt við húsið og 2002 er viðbyggingunni breytt.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Húsið er hefðbundið bárujárnsklætt timburhús sem hefur verið breytt á forsendum upprunalegs byggingarstíls. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Öll húsin við Vörðustíg eru friðuð og húsið hefur mikið gildi fyrir umhverfi sitt. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er nokkuð breytt frá fystu gerð; ris er hækkað og kvistum bætt við, byggt hefur verið við húsið og stórum þaksvölum komið fyrir. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið tilheyrir mótaðri byggð á Vörðustíg þar sem öll hús eru friðuð. Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1908** Smiðjustígur 2

Fyrsti eigandi: Guðmundur Jónsson að 1/3 hluta

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð

Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð


Smiðjustígur 2, 1942. LJósm. Emil Edgren.



Smiðjustígur 2 - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr | Hlaðin úr |
| Útlit: | Einlyft / Portbyggt / Ris / Kjallari | Einlyft / Ris / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1942 | Viðbygging | |
| | . | |
| 1995 | Bílskúr byggður upp að Vesturbraut 12. | Óli H. Þórðarson, Arkitekt |
| 1995 | Bílskúr úr steinsteypu byggður upp við Vesturbraut 12 | Óli H. Þórðarson, arkitekt |
| 2018 | | Magnús Skúlason, arkitekt |

## Saga:

Smiðjustígur 2 var áður Vesturhverfi 1.
Brunavirðing 20. október 1917 Vesturhverfi 1. Núv. eigandi: Eyjólfur Þorleifsson og Sigurjón Eyjólfsson. Síðasti eig: Guðmundur Jónsson að 1/3 hlut.
a) Húsið er einlyft með porti og risi 2,50m. Því er skipt niðri í 2 stofur og eldhús, klætt innan með panel og málað. Uppi er húsinu skipt í 1 herbergi og eldhús, klætt innan með panel og málað, allt notað til íbúðar. 7 gluggar á húsinu 2 eldavélar og 3 ofnar í húsinu. Undir hálfu húsinu er 1m. hár kjallar úr grjóti steinlímdur, notaður til geymslu. 1 gluggi á kjallara.
Árið 1942 sækir Kristján Eyfjörð Guðmundsson um leyfi fyrir viðbyggingu við hús sitt við Smiðjustíg. Var það samþykkt með "þaklugga í stað kvists".
Bílskúr reistur árið 1995 og leyfi veitt fyrir sólstofu árið 2017.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einfalt timburhús; kjallari, hæð og ris. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið tilheyrir elstu timburhúsum í Hafnarfjarðar. Það er sýnilegt frá Vesturbraut og vörðunni og er mikilvægt fyrir umhverfið. Bílskúr við Vesturbraut fellur ekki vel að götumyndinni. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið telst lítið breytt frá upphaflegri gerð en búið er að samþykkja viðbyggingu við húsið og framkvæmdir eru hafnar. Viðbyggingar hæfa gerð hússins ágætlega. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er lítið breytt timburhús, friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði að verndarsvæði í byggð. Varðveislugidli bílskúrs við Vesturbraut er lítið. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Gísli Jónsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Merkurgata 2 um 1925



Merkurgata 2 - 04.07.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1927 | Húsið lengt og hækkað. | Guðjón Arngrímsson |
| 1944 | | Jóh. Guðnason |
| 1998 | Bílskúr byggður. | Páll V. Bjarnason, Arkitekt |

## Saga:

Hér stóð bær sem Gísli Jónsson "lóðs" byggði einhverju fyrir 1900 og þekktist sem "lóðsbærinn". Margrét dóttir Gísla segir frá í tímaritinu „Borgaranum“ (ártal óþekkt) hvernig umhorfs var í kringum „lóðsbæinn“ og hvernig bærinn varð að húsi árið 1905. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: a) Húsið er ein hæð með risi 1m. Því er skipt í 3 stofur og eldhús, klætt innan með panel, 2 stofurnar fóðraðar, allt málað, notað til íbúðar. 6 gluggar á húsinu. Undir öllu húsinu er kjallari úr grjóti með 1 glugga, notaður til geymslu. b) Við austurgafl hússins er anddyri úr sama
og húsið og 1 glugga. Það er ein hæð með risi 0,40m., klætt innan með panel og málað. Stærð: L. 1,60m B.2,15m H. 2,75m 1 eldavél og 1 ofn í húsinu. Allt virt á 5670kr.
Árið 1927 er húsið lengt um 4,50m, grunnur hækkaður um 1m. Yfirsmiður var Guðjón Arngrímsson

Árið 1998 er byggður bílskúr við húsið skv. teikningum Páls V. Bjarnasonar arkitekts.

Merkurgata er vernduð með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er bárujárnsklætt timburhús á steyptum kjallara, hæð og íbúðarris með kvistum og svölum. Húsið er mikið breytt frá fyrstu gerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús Gísla lóðs. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið tilheyrir hópi elstu bárujárnshúsa við Merkurgötu og Kirkjuveg. Síðari tíma breytingar eru í anda gamalla timburhúsa. Húsið er vel sýnilegt frá Vesturgötu og er mikivægt í umhverfinu. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er gjörbreytt frá fyrstu gerð, þak hækkað, kvistir byggðir og öllu innra skipulagi breytt. Stakstæður bílskúr byggður árið 1998. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsinu er vel við haldið en komið er að viðhaldi stöku byggingarhluta. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er friðað á grundvelli aldurs þar sem elsti hluti þess er byggður árið 1900. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi: Gísli Jónsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Merkurgata 2b um 1930



Merkurgata 2b - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Ris / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1936 | Viðbygging | Ásgeir G. Stefánsson |
| 1971 | Gluggabreyting | Friðþjófur Sigurðsson |

## Saga:

Hús þetta var byggt innan lóðamarka Merkurgötu 2, sem áður var Vesturgata 8. Var það Jón Gíslason sonur Gísla Jónssonar Hafnsögumanns er reisti það og átti. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: Húsið er einlyft með risi 1,10m. Því er skipt í 4 stofur, 2 eldhús og anddyri, klætt innan og fóðrað, allt málað og raflýst, notað til íbúðar. Undir öllu húsinu er steinsteyptur 2ja m hár kjallari með 3 gluggum, skipt í þvottahús og geymslu.

Árið 1936 er byggt við húsið eftir teikningu Ásgeirs Stefánssonar húsasmiðs, og árið 1971 eru gerðar gluggabreytingar og húsið augnstungið.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Bárujárnsklætt timburhús á kjallara, hæð og íbúðarris. Mikið breytt hús hvað varðar form og gluggagerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið tilheyrir hópi eldri bárujárnshúsa við Merkurgötu og Kirkjuveg. Það ber ekki mikið á því frá götu. Merkurgata er vernduð með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er gjörbreytt frá upphaflegri gerð, stækkað og augnstungið. Æskilegt væri að færa glugga til fyrra horfs. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að viðhaldi stöku bggingarhluta. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið tilheyrir hópi eldri bárujárnshúsa við Merkurgötu og Kirkjuveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |

Verndarflokkar: Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi: Guðmundur Helgason
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Merkurgata 3 um 1920.



Merkurgata 3 - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1926 | Þvotta og geymsluhús | Guðmundur Einarsson, Smiður |
| 1948 | Stækkað. | Gísli Halldórsson, Sigvaldi Thordarson, Kjartan |

## Saga:

Húsið er að grunni til byggt um 1900 fyrir eða af Guðmundi Helgasyni. Það var stækkað töluvert árið 1948 og hefur tekið miklum útlitsbreytingum en haldið upphaflegu byggingarári. Elsta Brunavirðingin af þessu húsi er frá 27. ágúst 1917 og lýsir húsinu þannig: a) Húsið er ein hæð með porti og risi, 2,65m. Niðri er því skipt í 3 stofur, eldhús og búr, stofurnar eru fóðraðar. Uppi er því skipt í 4 herbergi og anddyri. Húsið allt klætt innan með panel og málað, raflýst og notað til íbúðar. Í einni stofunni niðri er skrifstofa bæjargjaldkera. Undir 1/5 hl. hússins er kjallari, notaður til geymslu. b) Anddyri við norðurgafl hússins, ein hæð með risi 1,10m, klætt innan með panel. Stærð L. 1,30m. B. 2,60m. H. 2,60m. 1 gluggi. "
Árið 1948 er húsið stækkað töluvert og útliti breytt skv. teikningum arkitektanna Gísla Halldórssonar og Sigvalda Thordarson.

Merkurgata er vernduð með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Álfaklettur á lóðinni er hverfisverndaður í deiliskipulagi Norðurbakka.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Núverandi hús er reisulegt steinsteypt hús með mænisþaki og ekkert eimir eftir af upprunalegu húsi. Húsið er kjallari, hæð og íbúðarris. Nýi hlutinn er steinsteyptur en sá eldri forskalaður. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, hús Guðmundar Helgasonar bæjargjaldkera. Með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Virðulegt hús sem er hluti af mótaðri byggð við Merkurgötu. Lóðin er gróin og steyptur veggur umhverfis lóð er svipmikill. Álfaklettur á lóðinni er hverfisverndaður í deiliskipulagi Norðurbakka. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er gjörbreytt frá fyrstu gerð, það er stækkað og gluggagerð breytt og ekkert eimir eftir af upprunalegu timburhúsi. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðulegt en margbreytt hús sem er hluti af mótaðri byggð við Merkurgötu. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er friðað á grundvelli aldurs þar sem elsti hluti þess er byggður árið 1900. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Björn Helgason
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Merkurgata 4, 1980



Merkurgata 4 - 04.07.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Portbyggt / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1941 | Kvistur: yfirsmiður, Tryggvi Stefánsson | |

## Saga:

Lóðasamningur undir þetta hús var útgefinn fyrir Björn Helgason þann 21. október 1905. Í manntali sem tekið var í desember 1906 er Björn Helgason í húsinu ásamt fjölskyldu sinni. Ætla má samkvæmt þeim upplýsingum að húsið sé byggt árið 1906. Í elstu brunavirðingu af húsinu sem er frá 1917 er því lýst þannig: Húsið er einlyft með porti og risi 3.35m. Því er skipt niðri í 3 stofur, eldhús og anddyri, allt klætt innan, stofurnar fóðaðar. Uppi er því skipt í 4 herbergi og eldhús, allt þiljað og málað. Allt raflýst og notað til íbúaðr. Undir öllu húsinu er 1,80m hár kjallari úr grjóti steinlímdur með 2 gluggum, notaður til geymslu. b) Við austurhlið hússins er skúr með vatnshalla þaki, þiljaður, notaður til inngöngu og uppgöngu í húsið. Stærð L. 2,80m. B. 2,50m. H. 4,40m. 1 gluggi. c) Húsið er með risi 1,50m óklætt innan, notað til geymslu. Stærð L. 5,10m. B. 2,90m. H. 2,50m. 2 gluggar. Útveggir og þak úr timbri, pappa yst. Árið 1941 eru samþykktar breytingar samkvæmt teikningu en þar sem teikningin er ekki til og lýsingin fátækleg í fundargerðarbók byggingarnefndarinnar er ekki ljóst hvaða breyting hafi átt sér stað. Líklegast hefur það verið kvistur. Húsið annars lítið breytt frá grunni.

Árið 1941 er samþykkt að leyfa Birni Helgasyni að breyta húsi sínu við Merkurgötu 4 (kvistur).

Merkurgata er vernduð með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einfalt bárujárnsklætt timburhús á kjallara, hæð og portbyggt íbúðarris. Hafnfirskur kvistur á suðurhlið. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús Björns Helgasonar skipstjóra, með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur á áberandi stað við Merkurgötu. Það tilheyrir hópi elstu bárujárnshúsa við Merkurgötu og Kirkjuveg. Húsið hefur mikið gildi fyrir umhverfi sitt. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er sennilega óbreytt frá fyrstu gerð nema hvað varðar hafnfirskan kvist á suðurhlið. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Með elstu bárujárnshúsum við Merkurgötu og Kirkjuveg og hefur mikið gildi fyrir umhverfið. Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Edinborgarverslun
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: / Tréverkstæði síðar gripahús.
Núverandi notkun: Íbúð



Merkurgata 5 neðst t.h. - um 1970



Merkurgata 5 - 27.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Hraunað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft / Kvistir / Ris / Reykháfur | Einlyft / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Viðbygging |

| | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1920 | Breytt í íbúðarhús | |
| 1949 | Líklega stækkun | Árni Sigurjónsson |
| 1976 | Stækkun | Óli H. Þórðarson, arkitekt |

## Saga:

Elstu heimildir herma að hús þetta hafi verið geymsluhús í eigu Edinborgarverslunarinnar. Brunavirðing frá 19.september 1917 lýsir því þannig:
k) Húsið er einlyft með risi 1,70m, ósundurskipt en klætt innan niðri. Uppi óklætt innan: allt notað til geymslu. Stærð: L. 10.20m. B. 3,90m. H. 3,70m. 4 gluggar. Útveggir og þak úr timbri, járnvörðu. Vátryggingaverð: 65870kr.
Í maí mánuði 1920 er samþykkt beiðni Gísla Sigurgeirssonar og Jóns Einarssonar um að breyta gripahúsi (þá hafði byggingin verið notuð sem hesthús um tíma) í íbúðarhús er þeir höfðu keypt af August Flygenring. Brunavirðing: 24. september 1920. Vörðustígur 9. Núv. eigandi: Jón Einarsson og Gísli Sigurgeirsson. Síðasti eig: August Flygenring. a) Húsið er einlyft með risi 1,70m. Því er skipt niðri í 2 stofur, eldhús og anddyri, allt klætt innan. Fóðrað og málað. Uppi er húsinu skipt í 2 herbergi og eldhús, allt klætt innan með panel og málað. Húsið er allt notað til íbúðar. 6 gluggar á húsinu, 2 eldavélar og 2 ofnar í húsinu. b) Við norðurhlið hússins er skúr með vatnshalla þaki, notaður til geymslu. Stærð: L. 4,4m. B. 2m. H. 2m. 1 gluggi. Útveggir og þak: Járn á langböndum.

1976 er byggt við húsið eftir teikningum Óla Þórðarsonar arkitekts. Þar eru notað götuheitið Vörðustígur 9.

Merkurgata er vernduð með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Núverandi hús er steinsteypt með mænisþaki og ekkert eimir eftir af upprunalegu húsi. Húsið er hæð og íbúðarris og umfangsmikil útbygging á einni hæð með flötu þaki. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Með elstu byggingum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð og er einkum sýnilegt frá Vesturgötu. Útbyggingin tekur mikið til sín og rýrir gildi hússins. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er gjörbreytt frá fyrstu gerð, það er stækkað á alla kanta og ekkert eimir eftir af upprunalegu timburhúsi. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er friðað á grundvelli aldurs þar sem elsti hluti þess er byggður árið 1917. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1909** Merkurgata 7

Fyrsti eigandi: Andrés Guðmundsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Merkurgata 7 um 1930



Merkurgata 7 - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Viðbygging / Kjallari |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1946 | Hænsnahús. | |
| 1987 | Bílskúr, breyting. | Ágúst Knútsson, Arkitekt |
| 2004 | Bíslag stækkað, kvistur norðantil. | Ársæll Vignisson, Arkitekt |

## Saga:

Merkurgata 7 var áður númer 6 en þegar átti að gera veg á milli húsanna 4 og 6 yrði húsið númer 6 vinstra megin við götu og fékk því oddatöluna 7 þar sem hús með oddatölu standa vinstra megin í götu. Ekkert varð úr þessum framkvæmdum en húsið hefur haldið númerinu 7 síðan þá. Húsið byggði Andrés Guðmundsson en samkvæmt elstu brunavirðingu frá 1906 eru synir hans Grímur og Jón eigendur hússins en því er lýst þannig: Húsið er ein hæð með porti og risi, 2,55m. Niðri er því skipt í 3 stofur og eldhús, klætt innan með panel, 2 stofurnar fóðraðar, allt málað. Uppi er því skipt í 4 herbergi og eldhús, klætt innan með panel, 1 herbergi fóðrað, allt málað. Húsið raflýst og notað til íbúðar. Inngönguskúr er við norðurhlið hússins með vatnshallaþaki. Stærð: L. 2,25m. B. 2,55m. H. 3.35m. 1 gluggi. Kjallari er undir öllu húsinu, gerður úr steinsteypu, notaður til geymslu. b) Geymsluskúr með risi 1,80m. Stærð L. 5,15m. B. 2,95m. H. 2,15m. 2 gluggar. Útveggir, timbur pappaklæddir. Þak, Járn á langböndum. C) Geymsluskúr úr grjóti steinlímdur, með risi 0,70m. Stærð: L. 2,70m. B. 2m. H. 1,70m. 1 gluggi.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einfalt bárujárnsklætt timburhús á kjallara, hæð og íbúðarris með kvistum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur á áberandi stað við Merkurgötu. Bílskúr á lóð sem virðist nýttur sem íbúð hefur lítið umhverfisgildi. Merkurgata er vernduð með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er lítið breytt en bíslag var stækkað og kvistir voru gerðir á norðurhlið árið 2004. Gluggar voru færðir til fyrra horfs. Stakstæður bílskúr var byggður 1987. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið, en æskilegt væri að skipta steniklæðningu á sökkli út fyrir hefðbundnara efni. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið tilheyrir elstu bárujárnshúsum við Merkurgötu og Kirkjuveg. Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði að verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Gísli Sigurgeirsson og Jón Einarsson.
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Merkurgata 8, 1980



Merkurgata 8 - 04.07.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1980 | Stækkun, viðbygging og útlitsbreyting. | Páll V. Bjarnason, Arkitekt |

## Saga:

Brunavirðing Bók C. bls. 62. 15. október 1919. Bakhús við Merkurgötu. Núv. eigandi Sigurgeir Gíslason og Jón Einarsson. a) Húsið er einlyft með risi 2,30m. Því er skipt niðri í 2 herbergi og eldhús, allt klætt innan með panel og málað. Uppi er húsinu skipt í eitt herbergi og eldhús, allt klætt og málað. Undir öllu húsinu er 2m hár kjallari úr grjóti steinlímdur á 3 vegu, á 1 veg timbur járnvarið, notaður til geymslu, 1 gluggi. Annars allt notað til íbúðar. 7 gluggar á húsinu, 2 eldavélar og 2 ofnar í húsinu.
b) við norðurhlið hússins er skúr með vatnshallaþaki, klæddur innan með panel og málaður, notaður til inngöngu í húsið. Stærð: B.2m. L.1,8m .H. 2,35m. 1 gluggi. Allt virt á 9700kr.
Árið 1980 er húsið stækkað, það lengt og kvisti breytt skv. teikningum Páls V. Bjarnasonar arkitekts.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er bárujárnsklætt timburhús á steyptum kjallara, hæð og íbúðarris með kvistum og svölum. Húsið er mikið breytt frá fyrstu gerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er bakhús og lítið ber á því frá götu. Það er endurgerð eldra húss og sómir sér vel sem slíkt. Merkurgata er vernduð með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er mikið breytt frá fyrstu gerð; hækkað og stækkað. Breytingar eru í anda upprunalegs byggingarstíls. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Húsið er endurgerð eldra húss og sómir sér vel sem slíkt. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti

Fyrsti eigandi: Hafnarfjarðarkaupstaður
Hönnuður: Rafmagnseftirlit Ríkisins
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: / Spennistöð
Núverandi notkun: Spennistöð;



Merkurgata 8H, 1980



Merkurgata 8h - 04.07.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | | Hraunað | | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Flatt þak | | |
| Þakklæðning: | | | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft | | |

## Saga:

Á 123. fundi byggingarnefndar þann 1. nóvember 1937 voru samþykktar teikningar af spennistöðvum rafveitna Hafnarfjarðar ásamt aðveitustöð á Öldugötu. Áttu spennistöðvarnar að vera við Lækjargötu, Hamarsbraut, Austurgötu og Merkurgötu allar eftir sömu teikningu rafmagnseftirlits ríkisins. Var byggingafulltrúa falið að annast niðursetningu stöðvanna. Yfirsmiður var Árni Sigurjónsson.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Lágt | Steinsteyptur skúr með stálhurð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Spennistöð |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Hefur lítið gildi fyrir umhverfið. Merkurgata er vernduð með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Líklega er spennistöðin óbreytt frá fyrstu gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Spennistöðinni er ágætlega við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Spennistöðin er sérkennilega staðsett og fyrirferðarmikil í umhverfinu. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Sigurgeir Gíslason
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Merkurgata 9 fyrir breytingu 1967



Merkurgata 9 - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1967 | Breyting á gluggum og þaki. Húsasmíðameistari Hallur Helgason | Þorsteinn Ingólfsson |

## Saga:

Sigurgeir Gíslason byggði þetta hús árið 1909. Hafði hann árið 1889 reist hús á þessum slóðum eða þar sem nú er Merkurgata 9a. Það hús stóð á mörkum Garðakirkjulands en í landi Knudtzonsverslunarinnar. Var það nefnt Mörk og dregur Merkurgatan nafn sitt þaðan. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: a) Húsið er ein hæð, með porti, kvisti og risi 2,50m. Niðri er því skipt í 3 stofur, anddyri og eldhús, klætt innan með panel, stofurnar fóðraðar, allt málað. Uppi er því skipt í 5 herbergi og anddyri, klætt innan með panel, 1 herbergi fóðrað, allt málað. Húsið er notað til íbúðar og raflýst. Undir 1/2 húsinu er kjallari notaður til geymslu. b) Inngönguskúr áfastur við austurhlið hússins með vatnshalla þaki. Stærð: L. 2,60m. B. 2,50m. H. 3,60m. 2 gluggar. c) Hey- og gripahús ein hæð með risi 1,50m. L. 11m. B. 4,2m. H. 2,20m. 8 gluggar.

Árið 1967 eru gerðar breytingar á gluggum og þaki eftir teikningu Þorsteins Ingólfssonar. Annars er húsið lítið breytt frá grunni.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einfalt bárujárnsklætt timburhús á kjallara, hæð og íbúðarris. Kvistir heldur stórir. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús Sigurgeirs Gíslasonar verkstjóra, með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er tilheyrir hópi gamalla bárujárnshúsa við Merkurgöu og Kirkjuveg. Það stendur á áberandi stað í sveig við Merkurgötu. Merkurgata er vernduð með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Árið 1967 var kvistum fjölgað og þeir sem fyrir voru stækkaðir og gluggum fjölgað. Húsið var augnstungið. Þegar kemur að viðhaldi glugga væri æskilegt að færa þá til fyrra horfs. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið tilheyrir hópi gamalla bárujárnshúsa við Merkurgöu og Kirkjuveg. Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Örn Ingólfsson
Hönnuður: Sig. Guðmundsson
Upphaflegur byggingarstíll: Módernismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Um 1950, Mörk fyrir miðri mynd. Skjáskot.



Merkurgata 9a - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft; Portbyggt | Tvílyft; Svalir; Útitröppur; Útkragandi þak / Stálsúlur | | |

## Saga:

Á þessum stað stóð áður lítið timburhús með ris byggt 1889 af Sigurgeiri Gíslasyni sem byggði sér nýtt hús handan götunnar árið 1909. Varð þá gamla húsið gert að heygeymslu. Húsið sem stóð á þessum stað var á mörkum Garðakirkjulands og nefnt "Mörk", dregur Merkurgata nafn sitt af henni.
Á 334. fundi byggingarnefndar Hafnarfjarðar var Erni Ingólfssyni heimilt að byggja íbúðarhús á lóð sinni Merkurgötu 7. Númerabreyting varð árið 1960. Samþykktur uppdráttur af húsinu er dagsettur í september 1958 og undirriaður það ógreinilega að erfitt er að ráða hver höfundur hússins er.

Merkurgata er vernduð með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Íbúðarhús, óljóst hver höfundur hússins er. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Merkurgötu og fulltrúi nýrra tíma við götuna |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið virðist óbreytt frá fyrstu gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið lítur vel út. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Merkurgötu og fulltrúi nýrra tíma við götuna. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Jónas Grímsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Merkurgata 9, 1980



Merkurgata 9b - ágúst 2017

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Hlaðin úr | Hlaðin úr | | |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris | Einlyft / Ris | | |

## Saga:

Þetta hús, stóð áður á Klofalóðinni sem væri nú nokkurn vegin á móts við Vesturgötu 14. Klofi var timburbær og vegna skipulagsbreytinga á Klofalóðinni var hann fluttur eða öllu heldur timbrið, á núverandi stað um 1902. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst svo: a) Húsið er einlyft með risi 1,50. Því er skipt niðri í 2 herbergi og eldhús, allt klætt innan með panel og málað, notað til íbúðar, uppi (risið) notað til geymslu. 5 gluggar á húsinu, 1 eldavél og 1 ofn í húsinu. b) Við norðurgafl hússins er skúr með vatnshallaþaki, klæddur innan með panel, notaður til inngöngu í húsið. Stærð: L. 2,10m. B. 1,40m. H. 2,20m. 1 gluggi. Allt virt á 3890kr.
Hefur húsið staðið nánast óbreytt frá upphafi að utan og á sama grunni . Árið 2006 var sótt um breytingu samkvæmt tillöguteikningu Gests Halldórssonar. Breytingin var lágreist viðbygging á tvo vegu við Merkurgötu 9b. Var tillögu þessari synjað, teikningin þótti ekki sannfærandi þar sem viðbyggingin var ekki hönnuð á forsendum hússins. Árið 2007 var enn sótt um breytingu sem fór á sama veg eins og nokkrar munnlegar fyrirspurnir um stækkun á húsinu.
Árið 2020 samþykktu bæði Minjastofnun og Skipulagssvið Hafnarfjarðar breytingu á húsinu eftir teikningum Páls V. Bjarnasonar. Felur breytingin í sér að húsið er lengt, þakið hækkað, kvistir á báðar þakhliðar og svalir á þakgafli.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einfalt bárujárnsklætt timburhús, hæð og lágt ris. Skriðkjallari undir húsi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, flutningshús, með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Tilheyrir elstu húsunum í Hafnarfirði og stendur á grænu svæði við vörðuna sem Vörðustígur er nefndur eftir. Merkurgata er vernduð með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er lítið breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Einfalt og óbreytt gamalt bárujárnshús, friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti

## Byggingarár: 1945 Merkurgata 10

Fyrsti eigandi: Magnús og Sigmundur Bjarnasynir
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Merkurgata 10, 1980



Merkurgata 10 - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Valmaþak | Geiraris |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft / Svalir / Kjallari | Einlyft / Glerskáli/Sólstofa / Kvistir / Ris / Svalir / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1946 | Raflögn | Magnús Eyjólfsson |
| 1982 | Rishæð<br>Sólstofa og anddyrisbygging. | Halldór Guðmundsson, Arkitekt |
| 1990 | Viðbygging | Erlendur Á Hjálmarsson |

### Saga:

Á þessari lóð stóð áður húsið Dalbær, það var flutt í burtu þegar þetta hús var byggt.
Á 188. fundi bygginganefndar Hafnarfjarðar þ. 12. júlí 1945 var samþykk að leyfa bræðrunum Magnúsi og Sigmundi Bjarnasonum að byggja íbúðarhús samkvæmt teikningu er fylgdi. Teikning er glötuð en rafmagnsteikning frá 1946 er til. Engin brunavirðing er til af Merkurgötu 10.
Tvívegis var byggt við húsið, árið 1982 og 1990 og er það mikið breytt frá fyrstu gerð.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Steinsteypt hús, kjallari, hæð og íbúðarris. Bílskúr er sambyggður húsi. Bakhús frá Merkurgötu. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð milli Merkurgötu og Kirkjuvegar og fellur ágætlega að henni. Merkurgata er vernduð með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Kvistur á þaki, sólstofa á suðurhlið og breytingar á handriði hæfa húsinu illa. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið virðist vera í ágætu standi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð milli Merkurgötu og Kirkjuvegar og fellur ágætlega að henni þó húsið sé yngra en aðliggjandi hús. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1920** Merkurgata 11

Fyrsti eigandi: Jóhannes Sveinsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð


Merkurgata 11, 1960, brot úr stærri mynd.


Merkurgata 11 - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Ris / Svalir / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1981 | Viðbygging. | Páll V. Bjarnason |
| 1998 | Byggt yfir flatt þak á viðbyggingu, gluggum breytt. | Sigurður Þorvarðarson, Byggingafræðingur |

## Saga:

Hjá Þjóðskrá er Merkurgata 11 með byggingarárið 1906 en það er einnig Merkurgata 13. Það var Jóhannes „keyrari" sem byggði árið 1906 húsið númer 13 og svo Merkurgötu 11 árið 1920 eins og fram kemur í fundargerðarbók byggingarnefndar þ. 25. maí sama ár. Elsta brunavirðing af húsinu er gerð 15.september. 1920 og er húsinu lýst sem einlyftu timburhúsi með 0,50m risi á steinsteyptum kjallara og ljóst er á teikningu að „brandveggur" er á hlið hússins sem snýr að númer 13. Í húsinu var stofa eldhús, búr og anddyri allt klætt innan með panel. Einhvern tímann frá 1935 til 1950 hefur þakið verið hækkað og árið 1981 voru samþykktar breytingar á anddyri og fl. eftir teikningu Páls V. Bjarnasonar. Árið 1998 eru enn á ný samþykkt breyting eftir teikningu Sigurðar Þorvarðarsonar, þar sem m.a. voru settar svalir yfir anddyri og innri herbergjaskipan breytt.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Lágt | Húsið er margbreytt timburhús. Kjallari, hæð og íbúðarris með stórum kvisti og svölum á götuhlið og útbyggingu á garðhlið. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, að grunni til með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Húsið hefur lítið gildi fyrir umhverfið en með faglegri endurgerð gæti það endurheimt upprunaleg gæði.Merkurgata er vernduð með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er margbreytt frá upprunalegri gerð og lítið eimir eftir af upprunalegu útliti. Fagleg endurgerð er nauðsynleg. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Húsið þarfnast viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Timburhús sem þarfnast faglegrar endurgerðar. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

## Byggingarár: 1906 Merkurgata 12

Fyrsti eigandi: Jón Árnason frá Alviðru
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Merkurgata 12 um 1990.



Merkurgata 12 - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | 1988 | Endurbygging, viðbygging, bílskúr | Páll V. Bjarnason, Arkitekt |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | | |
| Undirstaða: | | Steinsteypt | | | |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Tvílyft / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari | | | |

### Saga:

Merkurgötu 12 byggðu hjónin Valgerður Árnadóttir og Jón Árnason árið 1906. Var húsið jafnan kennt við eigandann og í manntali frá 1910 er það sagt vera „hús Jóns Árnasonar frá Alviðru". Í sama manntali voru þau hjónin einu íbúar hússins. Í elstu brunavirðingu af húsinu sem gerð var í október 1917 er því lýst sem svo: a) Húsið er einlyft með risi 0,95. Því er skipt í 2 herbergi og eldhús, allt klætt innan með panel og málað, notað til íbúðar. Undir húsinu er 0.85m hár kjallari úr grjóti steinlímdur, notaður til geymslu, 1 gluggi á kjallara. b) Við norðvesturgafl hússins er skúr með vatnshallaþaki, notaður til inngöngu í húsið. c) Húsið er einlyft með risi 1,15m, notað til járnsmíða.
Húsið hefur tekið miklum breytingum og vart er hægt að greina upprunalegt útlit þess í núverandi mynd sem má rekja til endurbyggingar skv. teikningum Páls V. Bjarnasonar arkitekts frá 1988.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Lágt | Húsið er bárujárnsklætt timburhús, hæð og íbúðarris með lágum kjallara undir hluta hússins. Húsið ber með sér að vera byggt í áföngum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Að grunni til með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er bakhús, hluti af mótaðri byggð milli Merkurgötu og Kirkjuvegar. Skúrbyggingar eru á baklóð. Merkurgata er vernduð með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er gjörbreytt frá fyrstu gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Unnið er að viðhaldi árið 2018. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er friðað á grundvelli aldurs þar sem elsti hluti þess er byggður árið 1906. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði að verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1906** Merkurgata 13

Fyrsti eigandi: Jóhannes Sveinsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Merkurgata 13, 1980



Merkurgata 13 - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr | Hlaðin úr |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Portbyggt / Ris / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1984 | Nýtt portbyggt ris með kvistum og anddyri. | Páll V. Bjarnason, Arkitekt |

## Saga:

Upphaflega var húsið kennt við eigandann, Jóhannes "keyrara" en þegar gatan var lögð varð húsið númer 9 við Merkurgötu, í millitíðinni tilheyrði það Vesturhverfi.
Í elstu brunavirðingu af húsinu frá 1917 er því lýst þannig: "a) Húsið er einlyft með risi9 1,85m. Því er skipt niðri í 2 stofur og eldhús, klætt panel, málað. Uppi er því skipt í 2 herbergi, klædd með panel, allt húsið notað til íbúðar. 6 gluggar á húsinu, 1 eldavél og 1 ofn í húsinu. Undir öllu húsinu er 1,20m hár kjallari úr grjóti steinlímdur, notaður til geymslu. 1 gluggi. c) Gripahús (fjós), einlyft með vatnshalla þaki. Stærð: L. 5,80m. B. 3,60m. H. 2,80m. Útveggir og þak úr timbri járnvörðu. d) Húsið er einlyft með risi 2,20m skipt í tvennt notað til gripa- og heygeymslu. Stærð: L. 9,90m. B. 3,50m. 2,50m. Útveggir úr timbri járnvörðu að mestu, aðeins partur af gafli og hlið er járnvarið. Þak úr timbri járnvörðu. Allt virt á 7.730kr. "

Húsið var stækkað árið 1984 skv. teikningum Páls V. Bjarnasonar arkitekts.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Bárujárnsklætt timburhús; hæð og íbúðarris á kjallara. Húsið er talsvert breytt frá fyrstu gerð. Það er sambyggt húsi nr. 12 við Vesturbraut. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af heild gamalla bárujárnshúsa við Merkurgötu. Merkurgata er vernduð með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Árið 1984 var húsið hækkað og bíslagi og kvistum bætt við. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið en huga mætti betur að litavali. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er friðað á grundvelli aldurs þar sem elsti hluti þess er byggður árið 1906. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi: Guðmundur Hafliðason
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Merkurgata 14 um 1980



Merkurgata 14 - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Ris / Svalir / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1982 | Breyting samkvæmt teikningu í upplýsingaslóð | |
| 1982 | Húsið tvöfaldað að stærð, kvistum breytt sem og innra skipulagi. | Páll V. Bjarnason, Arkitekt |
| 1985 | Breyting, kemur ekki fram á teikningu. | Páll V. Bjarnason, Arkitekt |

## Saga:

Árið 1907 var útgefinn lóðasamningur af sr. Jens Pálssyni fyrir Guðmund Hafliðason. Var lóðin þríhyrningur og lóðarstærð 700 ferálnir. Var húsið fullbyggt árið 1908 og var það kennt við eigandann. Þegar gatan var lögð varð húsið númer 16 við Merkurgötu en breyting varð um 1930 á húsnúmerum við Merkurgötu og varð þetta hús þá númer 14.
Í elstu brunavirðingu af húsinu frá 1917 er því lýst þannig: a) Húsið er einlyft með risi 2,10m. Niðri er því skipt í 2 herbergi og eldhús, klætt innan með panel og málað. Uppi er því skipt í 1 herbergi og eldhús, klætt innan með panel og málað. Húsið notað til íbúðar. Undir öllu húsinu er 1,50m hár kjallari úr grjóti, notaður til geymslu. b) Inngönguskúr áfastur við húsið, með vatnshallaþaki. Klæddur innan með panel og málað. Stærð: L. 2,80m. B. 2m. H. 3m. 1 gluggi. c) Geymsluskúr einlyftur með vatnshallaþaki. Stærð L. 3,10m. B, 2,60m. H. 2,30m. 1 gluggi.

Húsið var stækkað um rúmlega helming á árunum 1982 og 1985 skv. teikningum Páls V. Bjarnasonar arkitekts.

Merkurgata er vernduð með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er bárujárnsklætt timburhús á steyptum kjallara, hæð og íbúðarris með kvistum og svölum. Húsið er byggt í anda gamalla bráujárnshúsa. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, að grunni til með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er byggt í anda gamalla bárujárnshúsa og sómir sér vel sem slíkt. Það stendur nokkuð hátt í landinu og er vel sýnilegt frá Merkurgötu og Vesturbraut. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er gjörbreytt frá fyrstu gerð, stækkað, þak hækkað, kvistir byggðir og innra skipulagi breytt. Svalir og skreytingar eru frá 1982. Mikil innkeyrsla með bílastæði og timburvirki á lóð er nýleg. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Núverandi hús byggt í anda gamalla bárujárnshúsa. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti

**Byggingarár: 1905** | Kirkjuvegur 1 | Beggubúð

Fyrsti eigandi: Jón Steingrímsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Menningarstarfsemi



Verslun Egils Jacobsen á Strandgötu um 1920.



Beggubúð á lóð Byggðasafnsins

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Ris | Einlyft / Viðbygging |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2006 | Hús flutt á núverandi lóð. | Sigurður Þorvarðarson, Byggingafræðingur |

## Saga:

Kirkjuvegur 1 er flutningshús af Strandgötu 5, Beggubúð. Húsið er byggt 1906 af eða fyrir fjölskyldu Jóns Steingrímssonar. Sagt er að húsið standi á grunni eldra húss sem hafði verið rifið þegar kviknaði í Vesturgötu 2 árið 1906. Árið 1908 keypti Egill Jakobsen kaupmaður húsið og gerði það að útibúi frá verslun sinni í Reykjavík. Fyrsta brunavirðing af húsinu er frá 12.júní 1918, þá er húsið númer 1 við Strandgötu. Síðasti eigandi er sagður vera Jóhannes Reykdal. Húsið er einlyft með risi 1m ósundur skipt, klætt innan með panel og fóðrað að nokkru leyti, allt málað, eingöngu notað sem sölubúð. Allt raflýst. 5 gluggar á húsi. Við norðurhlið hússins er skúr 6,45 á lengd, 2,80 á breidd, með vatnshalla þaki, honum er skift í skrifstofu og geymslu. 2 gluggar á skúr.
Árið 1925 sótti E.J. um leyfi fyrir breytingu á verslunarrými sem og framhlið Strandgötu 1 samkvæmt teikningu Jens Eyjólfssonar en var synjað af byggingarnefnd Hafnarfjarðar dags 14.07.1925, vegna fyrirhugaðrar breytinga á Strandgötu.
Stóð húsið á Strandgötu fram til ársins 2001 að það var tekið af grunni og fært á geymslustað þar til ársins 2004 að því var komið fyrir á þessum stað. Byggðasafn Hafnarfjarðar opnaði verlsunarminjasafn í húsinu árið 2008.
Þar sem "Beggubúð" stendur nú, var áður barnaleikvöllur frá 1966.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einfalt bárujárnsklætt timburhús með mænisþaki og útbyggingu. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, síðar verslunarhús Egils Jacobsen. Tengist verslunarsögu Hafnarfjarðar. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Húsið er stakstætt og nýtur sín ekki vel á núverandi stað. Æskilegt væri að finna húsinu stað þar sem það verður hluti af götumynd. Áður stóð húsið á sökkli sem gerði það reisulegra. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er lítið breytt frá þeim tíma þegar það var gert að verslunarhúsi. Staðsetning þess og hæðarsetning (án sökkuls) rýrir gildi þess. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Fallegt hús með merkilega sögu sem nýtur sín ekki á núverandi stað. Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Eignarhaldsfélagið Á.D. ehf
Hönnuður: Kjartan Rafnsson
Jón M. Halldórsson, tæknifræðingur
byggingafræðingur

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Teikning 2006.



Kirkjuvegur 2 - 04.07.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft / Ris / Svalir / Viðbygging | Tvílyft / Ris / Svalir / Kjallari | | |

## Saga:

Lóðin sem þetta hús stendur á tilheyrði áður Reykjavíkurvegi 3. Á þessari lóð sem þá tilheyrði Reykjavíkurvegi 3, stóð lágreist bygging með mænisþaki. Árið 1916 var í því brauðgerð en síðar var þar fisksala allt fram til ársins 2005.
Á lóðinni stendur nú tvílyft íbúðarhús með mænisþaki.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er tvílyft steinsteypt einbýlishús, með íbúðarrisi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Kirkjuveg. Kirkjuvegur er verndaður með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið virðist óbreytt frá fyrstu gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Um er að ræða nýlegt hús. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Kirkjuveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði að verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1916** Kirkjuvegur 3

Fyrsti eigandi: Jón Þórðarson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð / Brauðbúð í kjallara
Núverandi notkun: Íbúð



Kirkjuvegur 3, 1980



Kirkjuvegur 3 - 04.07.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur |
| Útveggir: | | Trapisuklæðning / |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Útitröppur / Kjallari |

**Helstu breytingar:**

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga:

Árið 1916 byggði Jón Þórðarson hús á lóð sinni sem nú er Kirkjuvegur 3. Um tíma voru bæði húsin númer 3 en nú hefur eldra húsið fengið númerið 3A. Voru húsin stök en léttur timburgeymslugangur á milli þeirra.. Í elstu brunavirðingu af húsinu sem gerð var árið 1916 er því lýst þannig: Húsið er ein hæð og með risi 2m. Niðri er því skipt í 3 stofur, anddyri og eldhús, klætt innan með panel, stofurnar fóðraðar, allt málað. Uppi er því skipt í 3 herbergi, anddyri og eldhús, klætt innan með panel og 2 herbergin fóðruð, allt málað. Húsið er raflýst og notað til íbúðar. 8 gluggar á húsinu. Inngöngu skúr er áfastur við vesturhlið hússins með vatnshalla þaki. Stærð L. 1.80m.B.1,30m H. 2,50m. 1 gluggi á inngönguskúr.
Í kjallara hússins hafði Jón brauðgerðarbúð um tíma. Kjördóttir Jóns erfði bæði húsin en eftir hennar dag voru það börn hennar sem eignuðust bæði húsin.Systkinin völdu sér sitthvort húsið. Fékk bróðirinn systur sína til að gefa honum eftir alla lóðina undir húsunum.
Bíómiðar í Árnabíó sem var ofar í götunni, voru seldir í þessu húsi. (munnl. heimild frá eiganda 3A)

Kirkjuvegur er verndaður með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | | Húsið er parhús byggt saman við hús sem fyrir var á lóðinni. Það er einlyft timburhús, kjallari og hæð með mænisþaki. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, brauðbúð í kjallara. Tengist verslunarsögu Hafnarfjarðar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af heild gamalla bárujárnshúsa við Kirkjuveg og Hellisgötu. Augnstunga og trapisuklæðning rýrir gildi hússins. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Núverandi klæðning og gluggagerð hæfir húsinu ekki. Bjálkaskúr á lóð er til lýtis. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsinu hefur verið haldið við með byggingarefnum sem hæfa hvorki aldri né gerð hússins. Þegar kemur að endurnýjun glugga og klæðningar er mikilvægt að nota hefðbundnari byggingarefni. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af heild bárujárnshúsa við Kirkjuveg og Hellisgötu. Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Æskilegt að færa til fyrra horfs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1900** Kirkjuvegur 3A Hlið

Fyrsti eigandi: Jón Þórðarson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Kirkjuvegur 3, um 1906



Kirkjuvegur 3a - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | | Einlyft / Ris |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1958 | Gluggabreyting, augnstungið | Finnbogi Hallsson, Húsasmiður |
| 2004 | Gluggar færðir í upprunalegt horf og forskölun skipt út fyrir bárujárn. | Gísli Gíslason, arkitekt |

## Saga:

Húsið byggði Jón Þórðarson ljósavörður stóð það áður að Hliði á Álftanesi og er því mun eldra í grunninn. Árið 1916 byggði Þórður hús á lóðinni sem nú er Kirkjuvegur 3, en um tíma voru bæði húsin númer 3. Vöru þau stök en léttur timburgeymslugangur var á milli þeirra sem nú er hluti af Kirkjuvegi 3. Þessu húsi er lýst þannig í brunavirðingu frá 1916: Húsið er ein hæð og með risi 2m. Niðri er því skipt í 3 stofur, anddyri og eldhús, klætt innan með panel, stofurnar fóðraðar, allt málað. Uppi er því skipt í 3 herbergi, anddyri og eldhús, klætt innan með panel og 2 herbergin fóðruð, allt málað. Húsið er raflýst og notað til íbúðar. 8 gluggar á húsinu.
Inngönguskúr er áfastur við vesturhlið hússins með vatnshallaþaki. Stærð L. 1.80m.B.1,30m H. 2,50m. 1 gluggi á inngönguskúr. „ Kjördóttir Jóns erfði bæði húsin en eftir hennar dag voru það börn hennar sem eignuðust þau bæði.Völdu systkinin hvort húsið um sig. Fékk bróðirinn systur sína til að gefa honum eftir alla lóðina undir húsunum sem hefur reynst illa.
Húsið er enn í eigu sömu ættar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Formfallegt bárujárnsklætt timburhús sem hefur fengið faglega endurgerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús Jóns Þórðarsonar ljósavarðar. Flutningshús. Með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af heild bárujárnshúsa við Kirkjuveg og Hellisgötu og hefur mikið gildi fyrir umhverfið. Nýlegur bjálkaskúr er til lýtis. Kirkjuvegur er verndaður með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er lítið breytt frá fyrstu gerð að udanskildu húsi nr. 3 sem var byggt upp við húsið árið 1915. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af heild gamalla bárujárnshúsa við Kirkjuveg og Hellisgötu. Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Jónas Bjarnason
Hönnuður: Sigmundur Halldórsson, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Síðfunkís

Upphafleg notkun: Íbúð / Læknastofa
Núverandi notkun: Íbúð



Kirkjuvegur 4, ljósmyndari óþekktur.



Kirkjuvegur 4 - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Hraunað |
| Þakgerð: | Geiraris | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Svalir / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1954 | Bílskúr | Snæbjörn Bjarnason, Húsasmiður |
| 1958 | Breyting á þaki | Snæbjörn Björnsson |
| 1962 | Breyting á eldhúsi, blómaskála og fleira | Páll Flygenring |

## Saga:

Þessi lóð var áður Kirkjuvegur 2 og nánast þar sem innkeyrslan að bílskúrnum er, stóð gamallegur bær kenndur við eigandann, Ólaf Sigurðsson. Áður átti bæinn Þorlákur í Hamarskoti svo ætla má að bærinn hafi verið byggður einhverju fyrir 1900. Þegar nýja húsið var reist 1946 var bærinn seldur og fluttur í Bröttukinn. Árið 1945 fékk Jón Halldórsson, þá eigandi bæjararins Kirkjuvegur 2, hemild til að byggja hús úr steinsteypu á lóðinni. Ekkert hefur orðið að þeirri byggingu þar sem Bjarna Snæbjörnssyni og Jónasi Bjarnasyni var heimilað að byggja tvílyft hús árið 1947 við Kirkjuveg 2 samkvæmt teikningu. Hvorki upphaflega teikningu né brunavirðingu er að finna í upplýsingaslóðinni.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Lágt | Seinni tíma breytingar hafa rýrt gildi hússins. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Læknisbústaður. Höfundaverk Sigmundar Halldórssonar arkitekts. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Kirkjuvegur er verndaður með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Þakhæð var bætt á húsið árið 1962. Síðan þá hefur húsinu verið spillt með óviðeigandi timburútbyggingu og yfirþyrmandi svölum. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að viðhaldi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið þarfnast faglegrar endurgerðar. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Bjarni Snæbjörnsson
Hönnuður: Guðjón Samúlesson, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð / Læknasetur
Núverandi notkun: Íbúð



Hvoll um 1923



Kirkjuvegur 5 (Hvoll) -ja.is 2017

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Gaflsneitt þak | Gaflsneitt þak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Kvistir / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Svalir / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Svalir / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1928 | Samþykkt bygging smá útihýsis. Yfirsmiður Snæbjörn Jacobsson. | |
| 1955 | Ný álma byggð við húsið. Innra skipulagi breytt. | Sigurgeir Guðmundsson |
| 1990 | Innra skipulagi breytt. | Bjarni Snæbjörnsson, Arkitekt |

## Saga:

Á þessari lóð stóð Oddsbær. Var bærinn rifinn þegar þetta hús var byggt fyrir Bjarna Snæbjörnsson lækni. Í brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: „Húsið er einlyft með porti og risi 5,3m og kvistir. Niðri skipt í 4 stofur 2 anddyri, gang og eldhús. Útveggir eru húðaðir með korki, loft, gólf og veggir sementshúðað. Í anddyri og eldhúsi eru gólfin flísalögð. Uppi, skipt í kvistherbergi, 4 súðarherbergi 2 anddyri og eldhús, loft, gólf, veggir og súð sementshúðað. Húsið er ýmist málað eða veggfóðrað. 20 gluggar á húsinu. Miðstöð, þvottapottur, eldavél. Undir öllu húsinu er kjallari 2,20m á hæð, skipt í 2 íbúðarherbergi, 2 anddyri, eldhús, 3 geymsluklefa og þvottaherbergi, íbúð, anddyri og eldhús er sementshúðað, málað og veggfóðrað. 7 gluggar á kjallara.

Húsið var stækkað mið árið árið 1955 þegar ný álma var byggð við það.
Árið 2002 gerði starfshópur um húsverndun í Hafnarfirði tillögu að friðun hússins.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Húsið er reisulegur embættismannabústaður, kjallari, hæð og íbúðarris. Höfundur er Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Læknisbústaður. Höfundaverk Guðjóns Samúelssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er áberandi í götumyndinni og stendur vel með húsi nr. 7 sem er áþekkt í stíleinkennum. Kirkjuvegur er verndaður með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hlutföll hússins breyttust talsvert við stækkun 1955. Meðfram Kirkjuvegi var steinsteyptur veggur svipaður vegg við Kirkjuveg 7. Æskilegt væri að endurgera hann. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið lítur yfirleitt vel út en komið er að viðhaldi einstakra byggingarhluta. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er fallegur fulltrúi síns tíma. Hús nr. 5 og 7 við Kirkjuveg mynda svipsterka heild sem er áberandi í götumyndinni. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

## Byggingarár: **1906** Kirkjuvegur 6 Daðakot

Fyrsti eigandi: Ólafur Jónatansson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Kirkjuvegur 6 og heimilisfólk um 1925



Kirkjuvegur 6 - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Hlaðin úr |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris | Einlyft / Ris / Reykháfur / Viðbygging |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1980 | Hækkun húss og stækkun, bílskúr og fleira. | Óli Þórðarson, Arkitekt |

### Saga:

Daðakot var nafn á bæ sem stóð í nágrenni við Vesturgötu 32. Daðakot hét í raun Fiskaklettur en oftast kennt við eigandann, Daða Guðmundsson. Þangað fluttu um 1900 hjónin Magnús Auðunsson og kona hans Friðsemd Guðmundsdóttir. Þegar þau fluttu í þetta hús, Kirkjuveg 6, fluttist með þeim, nafnið „Daðakot.“
Fyrsti eigandi hússins er sagður vera Ólafur Jónatansson en samkvæmt frásögn Guðmundar Magnússonar úr samantekt Gísla Sigurðssonar, hét eigandinn Jón Pétur Jónatansson bróðir Ólafs. Í sömu frásögn lýsir Guðmundur húsinu en hann hafði keypt húsið fyrir foreldra sína Friðsemd og Magnús. Samkvæmt manntali er Jón Pétur Jónatansson á þessum stað 1906.
Í elstu brunavirðingu af húsinu er Guðjón Magnússon eigandi og síðasti eigandi var Ólafur Jónatansson, því er lýst þannig:
Húsið er einlyft með risi 2.10m. Húsinu er skipt í 2 herbergi, stofu og eldhús. 1 stofa fóðruð, annars klætt með panel og málað. Uppi er rishæðin, notuð til geymslu óklædd á þakviði. 6 gluggar eru á húsinu. Húsið notað til íbúðar. Við norðurhlið hússins er inngönguskúr úr timbri, 1.90x 1,90, hæð, 2.10m. úr timbri með vatnshalla þaki og einum glugga. Við norðurhlið hússins er geymsluskúr úr timbri, 6.40 x 2.70m hæð 2.20m með vatnshalla þaki og einum glugga.
Húsið hefur staðið nánast óbreytt frá upphafi.

Á gömlu myndinni sem gæti verið frá því um 1925 eru Magnús Auðunsson, Guðjóna Friðsemd Eyjólfsdóttir og Ástríður Magnúsdóttir fyrir framan Daðakot. Mynd úr fjölskyldualbúmi afkomanda.

Árið 1980 var samþykkt mikil stækkun á húsinu en ekki kom til framkvæmda.

Kirkjuvegur er verndaður með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einfalt bárujárnsklætt timburhús, hæð og íbúðarris. Miklar útbyggingar eru á baklóð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur í hnappi bárujárnshúsa við Kirkjuveg og Hellisgötu. Það hefur fengið að halda upprunalegu formi sínu að mestu leyti. Æskilegt væri að ganga frá lóð þannig að hæfi húsinu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið sjálft virðist vera lítið breytt, en bílageymsla sem er notuð til íbúðar er sambyggð húsinu. Ekki var unnið eftir breytingarteikningum frá 1980 nema að hluta, kvistum og útbyggingu var sleppt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið lítur þokkalega út. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af heild gamalla bárujárnshúsa við Kirkjuveg og Hellisgötu. Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Ásgrímur Sigfússon
Hönnuður: Ásgeir G. Stefánsson
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð


Um 1950, ljósm. Emil Jónsson


Kirkjuvegur 7 - 04.07.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** | **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | 2005 | Steyptur garðskáli byggður við húsið. | Ásdís H. Ágústsdóttir, Sólveig Berg Björnsdóttir, |
| Þakklæðning: | | Bárujárn | | | |
| Undirstaða: | | Steinsteypt | | | |
| Útlit: | Tvílyft / Ris / Reykháfur / Svalir / Kjallari | Tvílyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | | | |

## Saga:

Á sama stað og Kirkjuvegur 7 er nú stóð áður lítill timburbær sem kallaður var Krókur. Varð það Hannes Jónsson úr Oddsbæ er byggði bæinn. Krókur var rifinn þegar steypta húsið var byggt fyrir Ásgrím Sigfússon forstjóra. Samkvæmt brunavirðingu frá 1929 er húsinu lýst þannig: Íbúðarhús tvílyft með risi 2,80m. Niðri skipt í 3 stofur, eldhús, forstofu, búr og 2 ganga. Uppi skipt í 4 stofur, baðherbergi, V.S. gang og fataklefa. Útveggir fóðraðir með 4cm korki og allt húðað. Baðherbergisveggir á hæð 1,50m flísalagðir, gólf sömuleiðis. Veggir í eldhúsi á hæð 1.50m flísalagðir og flísar undir eldavél. Á neðri hæð í borðstofu, forstofu, eldhúsi og búri eru korkþynnur á gólfum. Önnur gólf dúklögð. Húsið allt raflýst og málað. 16 gluggar á húsinu. Miðstöð, baðáhöld, 1 eldavél og 1 þvottapottur í húsinu. Undir öllu húsinu er kjallari 2,10m á hæð skipti í miðstöðvarklefa, þvottahús, 2 geymslur og gang. 5 gluggar á kjallara.
Húsið minnir mjög á Austurgötu 40 enda sami hönnuðurinn. Árið 1944 eignaðist Emil Jónsson ráðherra húsið en hann hafði séð um járnateikninguna í húsinu.
Árið 1980 var hafist handa við að breyta húsinu í skóladagheimili, sem það var í 14 ár en 1994 varð það aftur að íbúðarhúsi.
Árið 2005 var byggð falleg viðbygging við húsið í garði eftir teikningum arkitektastofunnar Yrki.

Kirkjuvegur er verndaður með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Húsið er virðulegt og byggt af miklum efnum. Það er tvílyft með kjallara og valmaþaki, steinsteypt með klassískum einkennum. Viðbygging frá 2005 hæfir húsinu vel. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Lengst af íbúðarhús Emils Jónssonar ráðherra. Höfundarverk Ásgeirs Stefánssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er áberandi í götumyndinni og stendur vel með húsi nr. 5 sem er áþekkt í stíleinkennum. Steyptir garðveggir á lóðarmörkum eru svipmiklir. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið sjálft er lítið breytt frá fyrstu gerð. Viðbygging tekur tillit til gamla hússins og rýrir það ekki. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Fallegt dæmi um samspil nútíma byggingarlistar og byggingararfleifðar. Hús 5 og 7 við Kirkjuveg mynda svipsterka heild Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1910** Kirkjuvegur 8 Hraun

Fyrsti eigandi: Eyjólfur Eyjólfsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Kirkjuvegur 8 um 1920



Kirkjuvegur 8 - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Ris / Kjallari | Einlyft / Ris / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari | | |

## Saga:

Þar sem Kirkjuvegur 8 stendur nú stóð áður bær er kenndur var við Þorvald „Skotta" Níelsson. Símon Kristjánsson lýsir bænum þannig: „Hann stóð þar sem nú er húsið „Hraun" við Kirkjuveginn nr. 8. Bærinn var lítill en snotur. Útveggir voru af torfi og grjóti. En framstafninn var af timbri allur. Skúr var á suðurhlið og var gengið úr honum í eldhúsið, er var í norðurenda. Baðstofan mun varla hafa verið stærri en stafgólf að lengd. Tvö rúm voru í baðstofunni og stóðu undir súðum. Borð var milli rúmanna fram undir glugga. Sérstaklega var hreinlegt heima að líta og allt í kringum þennan bæ. Brautin heim að bænum alltaf stráð sjávarsandi og stéttarnar sópaðar. Hjónin er þarna bjuggu áttu ekki börn, en þau ólu upp tvö börn. Þórunni dóttur Þorsteins í Kletti og Margrétar og Nikulás. Hann kom til þeirra eftir að þau fluttust suður á Jófríðarstaðaveg." Árið 1910 hefur bærinn verið byggður upp með steinsteypum kjallara, en þá var steinsteypan að ryðja sér til rúms. Samkvæmt Brunavirðingu frá 23.október 1917 er húsinu lýst þannig: Húsið er einlyft með risi 1,90m. Niðri er því skipt í 3 stofur og eldhús, klætt innan með panel og stofurnar fóðraðar, allt málað. Uppi er því skipt í 2 herbergi, bæði klædd innan með panel. Húsið er notað til íbúðar. 6 gluggar á húsi. Undir öllu húsinu er kjallari 1m á hæð, notaður til geymslu. 2 gluggar á kjallara. Anddyri áfast við húsið einlyft með risi 0,40m. Klætt innan með panel og málað. Stærð inngönguskúrs L.1,60m. B.2,60m. H.2,40m. 1 gluggi.

1985 er byggt annað og stærra hús á lóðinni í þeim uppdráttum er gamla húsið ekki sýnt, sem gefur til kynna að það hafi átt að rífa það.

Nýja húsið er aðgengilegt frá Hellisgötu. Í teikningasafni Hafnarfjarðar er ekki að finna neinar teikningar af gamla húsinu.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einfalt bárujárnsklætt timburhús. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur í hnappi bárujárnshúsa við Kirkjuveg og Hellisgötu. Kirkjuvegur er verndaður með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Mikið timburvirki breytir ásýnd hússins frá Kirkjuvegi og búið er að byggja þétt upp að því frá Hellisgötu. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Viðhaldsaðgerðir standa yfir. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði að verndarsvæði í byggð. |

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti

## Byggingarár: 1985      Kirkjuvegur 8

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Helgi K. Pálsson, innanhússarkitekt
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Kirkjuvegur 8, úr aðaluppdrætti frá 1984



Kirkjuvegur 8, júlí 2018

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft / Kvistir / Portbyggt / Ris | Einlyft / Kvistir / Portbyggt / Ris | | |

### Saga:

Kirkjuvegur 8 er teiknað árið 1984 af Helga Pálssyni innanhússarkitekt. Á þeim uppdráttum er ekki gerð grein fyrir bárujárnsklæddu timurhúsi sem byggt var árið 1910 og virðist því hafa átt að rífa gamla húsið. Nú standa húsin tvö sambyggð á lóðinni, gamla húsið aðgengilegt frá Kirkjuvegi, en það nýja frá Hellisgötu.

Húsið er einlyft, portbyggt, bárujárnsklætt timburhús á steyptum grunni.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einlyft, portbyggt, bárujárnsklætt timburhús með íbúðarrisi. Bílskúr er sambyggður húsi. Allt klætt bárujárni. Byggt utan í eldra hús. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er skráð á lóð við Kirkjuveg en tilheyrir frekar Hellisgötu og er fellt inn í eldri byggð. Sambyggt friðuðu húsi sem er aðgengilegt frá Kirkjuvegi. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið virðist óbreytt frá fyrstu gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel viðhaldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Nýlegt hús sem er fellt inn í eldri byggð við Hellisgötu. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Sveinbjörn Enoksson
Hönnuður: Sigmar Guðmundsson, húsasmiður
Upphaflegur byggingarstíll: Síðfúnkís

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð


Kirkjuvegur 8b, 1974 Kristján Guðmannsson


Kirkjuvegur 8b, nóvember 2018.

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Steining, skeljasandur |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Tvílyft / Ris / Reykháfur / Svalir | Tvílyft / Ris / Útitröppur / Viðbygging |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1950 | Þak hækkað úr 2m í 2,60m. | Sigmar Gumundsson, Húsasmiður |
| 2017 | Stækkun, hækkur breytt úr einbýli í tvíbýli | Kristján Ásgeirsson, Arkitekt |
| 2018 | Lóðastækkun í norður, 19,5 m² . | |

## Saga:

Árið 1949 fékk Sveinbjörn Enoksson leyfi ekkjunnar á Hrauni til að byggja sér hús á lóð Hrauns.
Á 232. fundi byggingarnefndar þ. 28. september 1949 var erindi Sveinbjarnar Enokssonar tekið fyrir. Var samþykkt að leyfa honum að byggja sér íbúðarhús úr steinsteypu samkvæmt teikningu dagsettri 09.09.1949.
Byggingarframkvæmdin var stöðvuð vegna kæru nágranna sem taldi húsið vera of stórt og myndi fullbyggt ná yfir á næstu lóð.
Upphaflega átti húsið að vera spegilmynd af elstu teikningu, og byggt í tveimur áföngum. Seinni áfanginn samkvæmt upphaflegri teikningu var ekki byggður.
Engin brunavirðing finnst af húsinu.
1950 er samþykkt að hækka þakið úr 2 metrum í 2,60metra.
2017 var sótt er um að breyta húsinu úr einbýli í tvíbýli. Stækka húsið til norð- austurs, hækka vegg og mænishæð, setja svalir á 2. hæð og á rishæð.
2018 var samþykkt hækkun á þaki og stækkun í samræmi við eldri samþykkt.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Tvílyft steinteypt hús með svipsterkum einkennum svo sem steyptum köntum og smárúðugluggum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundarverk Sigmars Guðmundssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið sver sig í ætt eldri steinsteyptra húsa við Kirkjuveg og er hluti af mótaðri byggð á þessu svæði. Unnið er að stækkun og endurgerð á faglegan og metnaðarfullan hátt. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Þrátt fyrir nokkrar breytingar hefur húsið að mestu haldið svipsterkum útlitseinkennum sínum. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Á árunum 2017-18 var húsið endurgert að utan. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið sver sig í ætt eldri steinsteyptra húsa við Kirkjuveg og er hluti af mótaðri byggð á þessu svæði. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði að verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Sigmundur Jónsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Kirkjuvegur 9, 1980



Kirkjuvegur 9 - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr | |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Portbyggt / Ris / Svalir / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1994 | Sólstofa | Unnar Jónsson, Byggingatæknifræðingur |
| 2004 | Breyting á þakhalla viðbyggingar, breytig á gluggum. | Kári Eiríksson, Arkitekt |
| 2018 | Íveruhús á lóð | Gunnar Logi Gunnarsson, Arkitekt |

## Saga:

Hús þetta var risið árið 1902, samkvæmt bók Magnúsar Jónssonar „Bær í byrjun aldar“. Voru það hjónin Sigmundur Jónsson og Guðrún Bjarnadóttir er fyrst byggðu þarna. Lóðasamningur var útgefinn í desembermánuði árið1905 en það var ekki óalgengt að lóðasamningar voru gefnir út eftir að hús var risið á lóðinni. Árið 1910 voru tvær fjölskyldur í húsinu, alls 12 manns. Í elstu brunavirðingu af húsinu sem gerð var 1917 er því lýst þannig: „Húsið er einlyft með risi 1m, því er skipt í 3 stofur eldhús og búr, allt klætt panel og málað, notað til íbúðar, uppi aðeins geymsla. 1 eldavél og 2 ofnar í húsinu. Undir öllu húsinu er kjallari úr grjóti steinlímdur, 1,20m á hæð, með einum glugga, notaður til geymslu. Við vesturhlið hússins er skúr byggður úr sama og húsið, með vatnshalla, stærð: L.1,30m. B.1,60m. Hæð 2,20m, með einum glugga, notaður til inngöngu í húsið.“ Árið 1942 er Jóni Brandssyni veitt leyfi til að hækka húsið um eina hæð. Sama ár er Ólafi Sigurðssyni heimilað að breyta gluggaskipan á húsi sínu. Teikningar fyrir þessar samþykktir eru ekki að finna í teikningasafni Hafnarfjarðar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft portbyggt timburhús með íbúðarrisi á hlöðnum kjallara. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, að grunni til með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið stendur hátt og er vel sýnilegt frá Kirkjuvegi. Kirkjuvegur er verndaður með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er mjög mikið breytt frá fyrstu gerð, stækkað og hækkað. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af heild bárujárnshúsa við Kirkjuveg og Hellisgötu en lítið eimir eftir af upprunalegu húsi. Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1902** Kirkjuvegur 10 Siggubær

Fyrsti eigandi: Erlendur Marteinsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Menningarstarfsemi



Kirkjuvegur 10 um 1920



Kirkjuvegur 10 - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | stórgrýtt/steypt |
| Útlit: | Einlyft / Reykháfur | Einlyft / Reykháfur / Viðbygging |

**Helstu breytingar:**

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga:

Árið 1902 fékk Erlendur Marteinsson að láni kr. 400, hjá vinnuveitanda sínum August Flygenring, upphæðina ætlaði hann að nota til að byggja sér íveruhús en lánið var borgað upp á 4 árum. Kona Erlendar og dóttir komu fótgangandi úr Höfnum á fardögum sama ár og bærinn var byggður. Samkvæmt Brunavirðingu þ. 6.desember 1916 er húsinu lýst eftirfarandi: Núverandi eigandi Erlendur Marteinsson. Íbúðarhús, húsið er ein hæð með risi 1,70, því er skipt í 2 herbergi og eldhús, allt klætt panel og málað. Við austurhlið hússins er inngönguskúr stærð: L. 2,70m. B. 2,20m. H. 2,15m með vatnshallaþaki, klæddur og málaður. Húsið eingöngu notað til íbúðar. 3 gluggar á húsi, 1 ofn og ein eldavél í húsinu. Geymsluhús úr timbri pappa að nokkru, rishæð 1,30m stærð: L. 3,80m. B. 2,60m. H. 1,80m. 2 gluggar á skúr. Lóðasamningur útgefin 1.nóvember 1909. Inngönguskúrinn kom 1915 og salerni löngu seinna. Hjá hjónunum var í fóstri Jón Sigurðsson fyrsti formaður Sjómannasambandsins.

Kirkjuvegur er verndaður með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Látlaust og einfalt bárujárnsklætt timburhús sem stendur í raun við Hellisgötu miðað við núverandi fyrirkomulag gatna. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús með bæjarlagi. Hús Erlends Marteinssonar sjómanns. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Óbreytt alþýðuhús með sögulegan bakgrunn. Stendur í hnappi bárujárnshúsa við Hellisgötu og Kirkjuveg og er kennileiti í umhverfinu |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er lítið breytt frá fyrstu gerð. Húsið er nú varðveitt sem dæmi um heimili verkafólks í Hafnarfirði. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Gert hefur verið við húsið á alþýðlegan hátt þ.e. bárujárni í bútum og álíka. Komið er að ítarlegra viðhaldi. Huga mætti betur að frágangi lóðar og veggja við götu. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af heild bárujárnshúsa við Kirkjuveg og Hellisgötu. Húsið er friðað á grundvelli aldurs og það er mikilvægt kennileiti. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

## Byggingarár: 1906 Kirkjuvegur 11

Fyrsti eigandi: Helgi Guðmundsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Kirkjuvegur 11, teikning 1957



Kirkjuvegur 11 - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1957 | Viðbygging | Sigurgeir Guðmundsson |

### Saga:

Kirkjuveg 11 byggðu hjónin Helga Jóna Diðriksdóttir og Helgi Guðmundsson árið 1906, en Helgi var bróðir Sigurjóns á Kirkjuvegi 11B og bjó hjá honum áður en hann kvæntist. Samkvæmt Brunavirðingu þ. 19.október 1917 er húsinu lýst þannig: Núverandi eigandi Helgi Guðmundsson (var áður leigjandi á nr. 11B). Húsið er einlyft með risi 0,85m. Því er skipt í 2 herbergi og eldhús allt klætt innan með panel og málað, notað til íbúðar. 5 gluggar á húsi, 1 eldavél og 1 ofn í húsinu. Undir öllu húsinu er 1 meters hár kjallari úr grjóti á 3 vegu, á 1 veg timbur járnvarinn með 2 gluggum, notaður til geymslu. Við vesturhlið hússins er skúr með risi 0,20m. Klæddur innan með panel og málaður, notaður til inngöngu í húsið. árið 1957 er byggt við húsið eftir teikningu Sigurgeirs Guðmundssonar. Annars hefur húsið lítið breyst frá grunni.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einfalt bárujárnsklætt timburhús með mænisþaki á steyptum kjallara. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur hátt í landinu og er vel sýnilegt frá Hellisgötu. Það tilheyrir hópi bárujárnshúsa við Kirkjuveg og Hellisgötu. Kirkjuvegur er verndaður með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið var stækkað umtalsvert árið 1957 en það var gert í samræmi við upprunalegan byggingarstíl. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að viðhaldi ýmissa byggingarhluta. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af heild gamalla bárujárnshúsa við Kirkjuveg og Hellisgötu. Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði að verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1900** Kirkjuvegur 11B Veðraás

Fyrsti eigandi: Sigurjón Guðmundsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð


Kirkjuvegur 11B um 1980


Kirkjuvegur 11b - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft / Ris | Einlyft / Ris / Útitröppur / Viðbygging |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2003 | Sólstofa með einhallaþaki, gerð í samræmi við húsið. | Meter, verkfræðistofa |
| 2017 | Vinnustofa á lóð, gerð að íveruhúsi, sorpgeymsla. | Þorgeir Þorgeirsson, Arkitekt |

## Saga:

Samkvæmt brunavirðingu þ. 27. júlí 1917 er húsinu lýst þannig: Núverandi eigandi Steingrímur Steingrímsson, síðasti eigandi: Guðrún Guðmundsdóttir (ekkja Sigurjóns Guðmundssonar). Húsið er einlyft með risi 2,50m. Niðri er því skipt í 3 stofur og eldhús, klætt innan með panel, 2 stofurnar fóðraðar, allt málað. Uppi er 1 herbergi, klætt innan með panel. Notað til íbúðar. 7 gluggar á húsi. Inngönguskúr, stærð: L. 1,90m. B. 3,80m. H. 2,40m, áfastur við húsið með vatnshalla þaki, klæddur með panel . Sigurjón Guðmundsson og Guðrún Guðmundsdóttir bjuggu á þessum slóðum um 1890, upplýsingar um híbýli vantar.
Heimildir um að búið hafi verið á þessum stað eru heldur fátæklegar en Sigurjón Gunnarsson minnist þess í frásögn sinni í „Hamar“ árið 1956 er hann segir frá íbúum Hafnarfjarðar um 1890. Þar segir hann að á þessu svæði hafi búið Jóhannes er komið hafði frá Arnarnesi og að einnig hafi búið þar Sigurjón Guðmundsson og Sigmundur Jónsson. Nokkrar útgáfur eru af heiti hússins eða húsanna en þau eru: Veðraás, Veðurás og Veðrás.
Húsið hefur breyst töluvert frá upphaflegri gerð.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Mikið breytt bárujárnsklætt timburhús, hæð og íbúðarris. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, að grunni til með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er bakhús og er ekki mjög áberandi frá götu. Kirkjuvegur er verndaður með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er mjög mikið breytt frá fyrstu gerð, stækkað og hækkað. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af heild bárujárnshúsa við Kirkjuveg og Hellisgötu en lítið eimir eftir af upprunalegu húsi. Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

## Byggingarár: 1903 Kirkjuvegur 13

Fyrsti eigandi: Ólafur Þorkelsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Kirkjuvegur 13, 1980.



Kirkjuvegur 13 - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Ris / Reykháfur | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Útitröppur / Kjallari | | |

### Saga:

Kirkjuveg 13 byggðu hjónin Herdís Hannesdóttir og Ólafur Þorkelsson árið 1903. Lóðasamningur rann út 27. Nóvember 1907. Afmarkaðist lóðin af Kirkjuveginum og skyldi heimilt, að breikka hann allt að 3 álnum þeim megin, ef hlutaðeigandi vegarstjórn teldi það nauðsynlegt. Í elstu brunavirðingu af húsinu sem gerð var árið 1917 er Herdís ekkja Ólafs eigandi hússins, er því lýst þannig: Húsið er einlyft með risi 1m. Því er skipt í 2 herbergi og eldhús, allt klætt innan með panel og málað, notað til íbúðar. Undir húsinu er 1 metra hár kjallari úr steinlímdu grjóti með 1 glugga, notaður til geymslu. Við norðurgafl hússins er skúr, stærð: L. 2,30m. B. 2m. H. 2,20m, með vatnshallaþaki og 1 glugga, klæddur innan, notaður til inngöngu í húsið. Húsið hefur tekið litlum breytingum frá upphafi. Kjallari er sagður steinlímdur samkvæmt teikningu dagsettri 16.12. 1984.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einfalt bárujárnsklætt timburhús á steyptum kjallara, einlyft með mænisþaki. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur hátt í landinu og er vel sýnilegt frá Hellisgötu og Kirkjuvegi. Það tilheyrir hópi elstu bárujárnshúsa. Kirkjuvegur er verndaður með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Árið 2018 standa yfir framkvæmdir á garðhlið hússins sem rýra gildi hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1903** Kirkjuvegur 15 Steinkuhús

Fyrsti eigandi: Guttormur Einarsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Kirkjuvegur 15 um 1920



Kirkjuvegur 15 - nóvember 2018

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin | Hlaðin |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 2005 | Reyndarteikning | Óli G.H. Þórðarson, Arkitekt |

## Saga:

Tvö hús tilheyra þessu húsnúmeri, tvö hús á sömu lóðinni. Eldra húsið er byggt árið 1903, járnklætt timburhús með mænisþaki. Í brunavirðingu frá 1917 er Steinunn Björnsdóttir eigandi að húsinu en hún var ekkja Guttorms Einarssonar sem byggði það. Húsið var kallað Steinkuhús. Húsinu er lýst þannig: Húsið er einlyft með risi 0,40m. Því er skipt í 2 stofur og eldhús, klætt innan með panel og málað. Notað til íbúðar. 3 gluggar á húsi, 1 eldavél og 1 ofn í húsinu. Undir öllu húsinu er kjallari 0,75 á hæð, úr grjóti með 1 glugga, notaður til geymslu.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einfalt einlyft bárujárnsklætt timburhús. Alþýðuhús. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið tilheyrir hópi elstu timburhúsa við Kirkjuveg og Hellisgötu. Kirkjuvegur er verndaður með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er lítið breytt frá fyrstu gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti

**Byggingarár: 1927** Kirkjuvegur 15 Kastalahús

Fyrsti eigandi: Bergur Sigurðsson
Eiríkur Þ. Sigurðsson
Hönnuður: Emil Jónsson, verkfræðingur
Upphaflegur byggingarstíll: Kastalastíll

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Kirkjuvegur 15, 1974. M. Kristján Guðmansson



Kirkjuvegur 15, júlí 2018

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Hraunað |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Kastalastíll |
| Þakklæðning: | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Reykháfur / Svalir / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2005 | Viðbygging og hraunhúð. | Óli H. Þórðarson, Arkitekt |

## Saga:

Tvö hús hafa sama húsnúmer á sömu lóðinni. Eldra húsið er járnklætt timburhús byggt 1903. Í dagbók byggingastjórans í Hafnarfirði segir að samþykkt sé að heimila Bergi Sigurðssyni íbúðarhúsbyggingu "með því skilyrði að ekki komi í bága við fyrirhugaðan veg." Var húsið lauslega sett niður fyrir greftri í apríl 1927 og endanlega sett niður 30. júní 1927. Húsið var tekið til íbúðar í október sama ár.
Samkvæmt Brunavirðingu dagsett 15.október 1917 er eigandi hússins Eiríkur Þ. Sigurðsson og húsinu lýst þannig: Íbúðarhús tvílyft með vatnshallaþaki. Niðri skipti í anddyri, miðstöð, þvottahús og geymsla. Anddyrið þiljað, fóðrað og málað, gólf hellulagt. Uppi skipt í 3 stofur, eldhús, baðherbergi og gang innan þiljað, fóðrað og málað, gólf dúklögð og allt raflýst. 10 gluggar á húsinu. Miðstöð, þvottapottur, eldavél og baðtæki í húsinu. Allt virt á 14.100.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einlyft steinsteypt hús á kjallara, byggt í svonefndum kastalastíl. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundaverk Emils Jónssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur hátt í landinu og er vel sýnilegt frá Hellisgötu. Það er eitt fárra húsa í þessum stíl í Hafnarfirði. Kirkjuvegur er verndaður með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er nokkuð breytt frá fyrstu gerð með viðbyggingum og hraunaðri múrhúð. Kastalagerðin hefur fengið að halda sér. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er eitt af fáum kastalahúsum í Hafnarfirði og hefur sem slíkt fágætisgildi. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1935** Hellisgata 1

Fyrsti eigandi: Oddur Hannesson
Hönnuður: Ásgeir G. Stefánsson, húsasmiður
Upphaflegur byggingarstíll: Alþýðuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hellisgata 1 - Teikning 1935



Hellisgata 1 - 04.07.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | | Hraunað | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Stölluð álklæðning | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft / Ris / Reykháfur / Viðbygging | Einlyft / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | | |

## Saga:

Í umsókn Odds Hannessonar var þetta hús númer 3 við Hellisgötu, en því fljótlega breytt í nr. 1. Í fyrstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: "Húsið er tvílyft með risi 2,30m. Neðri hæð er skip í 2 stofur eldhús anddyri og gang, þvottahús og 2 geymslur. Efri hæð skipt í anddyri forstofu, 3 stofur eldhús, baðherbergi, V.S. Allt múrað innan og málað Í anddyri svo og undir og umhverfis eldavélar er flísalagt, einnig veggi á baðherbergi, dúkar á öllum gólfum." Þvottapottur, 2 eldavélar, miðstöð og baðtæki. Við neðri hæð er viðbygging, stærð: L. 9,20m. B. 2,60m. H. 2.20m.
Allt virt á 17. 600kr."
Engar breytingar eru skráðar í upplýsingaslóð Hafnarfjarðar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Steinsteypt hús byggt í landhalla; kjallari, hæð og ris með valmaþaki. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundaverk Ásgeirs Stefánssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Eitt af "þríburahúsunum" sem standa þétt upp við götu gegnt Hellisgerði. Steyptir garðveggir við götu eru sambyggðir veggjum aðliggjandi húsa. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið virðist lítið breytt frá fyrstu gerð, en þakefni er ekki í samræmi við upprunalegt efni. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Eitt af "þríburahúsunum" sem mynda fallega heild við Hellisgötu. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Finnbogi Jónsson
Hönnuður: Ásgeir G. Stefánsson, smiður
Upphaflegur byggingarstíll: Alþýðuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hellisgata 3, teikning 1930



Hellisgata 3 - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | | |

## Saga:

Brunavirðing bók F, bls. 98. Áhættunr. (7688) 28. maí 1931. Hellisgata nr.3. Eigandi: Finnbogi Jónsson. " Íbúðarhús, einlyft með risi 2,30m. Skipt í 3 stofur, eldhús, forstofu, gang og V.S. Þiljað fóðrað og málað. Flísar undir og umhverfis eldavél og á gólfi í gangi og V.S. Dúkar á gólfum. Kjallari er undir öllu húsinu, skipt í 1 herbergi, þvottahús, miðstöð og geymslur. 7 gluggar á húsinu, miðstöð, 2 eldavélar og 1 ofn. Allt virt á kr. 12.500.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Steinsteypt hús byggt í landhalla; kjallari, hæð og ris með valmaþaki. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundaverk Ásgeirs Stefánssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Eitt af "þríburahúsunum" sem standa þétt upp við götu gegnt Hellisgerði. Steyptir garðveggir eru sambyggðir veggjum aðliggjandi húsa. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið virðist lítið breytt frá fyrstu gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Eitt af "þríburahúsunum" sem mynda fallega heild við Hellisgötu. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Jón R. Jónsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Alþýðuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hellisgata 5 1980



Hellisgata 5 - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Steining, skeljasandur |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1990 | Hækkun og breyting á þaki. Ekki framkvæmt. | Óli Þórðarson, Arkitekt |

## Saga:

Hellisgata 5 er elsta húsið af þessum húsum sem stundum eru köllu príburahúsin, 1,3,5 við Hellisgötu.
Jón Rósant Jónsson Hellisgötu 5, sækir um leyfi til að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á lóð sinni Hellisgötu 5. Teikning nr. 53/29 – B eftir G. Hjörleifsson.
Á fundi byggingarnefndar var teikning samþykkt 16.09.1929, með því skilyrði að annar lítlill gluggi komi (eða horni) á framhlið vinstra megin dyra og byggingin fullnægi skilyrðum brunamálalaga. Sett niður 4/3 1930. Yfirsmiður Ásgeir Stefánsson. Húsið stendur aðeins 6.00m frá næsta húsi, en með tillitil til þess að það hús er gamalt og stendur skakt, og of nærri sínum lóðarmörkum, var það látið óátalið.
Á fundi byggingarnefndar 7/4 1930 var samþykkt að leyfa Jóni að byggja húsið aðeins einlyft á kjallara og að öll hús neðan við götu þessa verði byggð í framtíðinni af líkri gerð, þakið sé valmaþak.
1990 var samþykkt breyting á húsinu og hún endursamþykkt árið 1933. Breytingin fólst í því að hækka þakið, setja kvisti og svalir inn að lóð. Þessi breyting hefur ekki verið framkvæmd.
Brunavirðing nr. 7641 1. október 1931.
Húsið er einlyft með risi 2,40m. Er því skipt í 3 stofur eldhús og 2 anddyri. Klætt innan, fóðrað málað og raflýst, notað til íbúðar. Undir öllu húsinu er 2,54m hár kjallari skipt í þrennt. Þvottahús, geymslu og miðstöðvarrými. Loft yfir kjallara er járnbent steinsteypa.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Steinsteypt hús byggt í landhalla; kjallari, hæð og ris með valmaþaki. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Eitt af "príburahúsunum" sem standa þétt upp við götu gegnt Hellisgerði. Steyptir garðveggir við götu eru sambyggðir veggjum aðliggjand húss. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið virðist lítið breytt frá fyrstu gerð. Skorsteinn hefur þó verið fjarlægður og gluggar gerðir á kjallara. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Eitt af "príburahúsunum" sem mynda fallega heild við Hellisgötu. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Bjarni Kristjánsson og Magnús Guðmundsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hellisgata 5b fyrir 1930



Hellisgata 5b - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1997 | Stækkun og þakbreyting. | Bjarni Snæbjörnssön, Arkitekt |

## Saga:

Samkvæmt brunavirðingu frá 1917 er húsinu lýst þannig: Núverandi eig: Bjarni Kristjánsson og Magnús Guðmundsson. Íbúðarhús, húsið er einlyft með risi 0,60m. Því er skipt í 5 stofur og 2 eldhús, 3 stofur fóðraðar, annars klætt panel allt málað, húsið er eingöngu notað til íbúðar. Undir öllu húsinu er kjallari, notaður til geymslu. Við norðurhlið hússins er inngönguskúr klæddur innan með panel, málað, vatnshallaþak, eingöngu notaður til inngöngu í húsið. Geymsluhús skipt í tvennt, einlyft með risi..
Árið 1906 kviknaði í húsið Ágústs Flygenrings, Vesturgötu 2, voru það menn við vinnu í þessu húsi sem tóku fyrst eftir eldinum úr þakinu á húsi Flygenrings og létu menn vita.
Húsið hefur tekið töluverðum breytingum.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er bárujárnsklætt timburhús, kjallari, hæð og íbúðarris. Hluti kjallara er hlaðinn á klöpp. Húsið er gjörbreytt í útliti frá fyrstu gerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af gamalli byggð Miðhverfis. Það telst nú vera bakhús frá Hellisgötu en er vel sýnilegt frá götunni. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er mjög mikið breytt frá fyrstu gerð; stækkað og rishæð með kvistum bætt ofaná það. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er friðað á grundvelli aldurs en mikið breytt frá fyrstu gerð. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1910 Hellisgata 7

Fyrsti eigandi: Sigurður Ólafsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hellisgata 7, eftir breytingu 1920



Hellisgata 7 - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr | |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur / Kjallari | Tvílyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Svalir / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1920 | Stækkað og hækkað. | Ásgeir G. Stefánsson |
| 1945 | Húsið lengt um þriðjung. | Gestur M. Gamalíelsson |
| 1986 | Gluggabreyting | Njall Guðmundsson, arkitekt |
| 2007 | Anddyri, garðstofa og bílgeymsla | Gunnhildur Gunnarsdóttir , arkitekt |

### Saga:

Hellisgata 7, áður Miðhverfi 1, er að öllum líkindum byggt fyrir 1910 af eða fyrir Ólaf Sigurðsson kennara. Ólafur er sagður síðasti eigandi á elstu Brunavirðingu sem gerð var 1917. Ólafur byggði nokkur hús í Hafnarfirði. Faðir hans var Sigurður Ólafsson trésmiður sem einnig byggði töluvert af húsum í Hafnarfirði.
Samkvæmt Brunavirðingu 27.ágúst 1917 er húsinu lýst þannig: Núverandi eigandi: Jóhannes Narfason, síðasti eigandi Sigurður Ólafsson. Húsið er einlyft með risi 1m. Því er skipt í 3 stofur og eldhús, 2 stofa fóðruð, annars klætt panel, allt málað notað til íbúðar. 6 gluggar á húsi, 1 eldavél og 2 gluggar í húsinu. Undir öllu húsinu er kjallari 1,50m á hæð, úr grjóti steinlímdur með 1 glugga, notaður til geymslu. Við norðurgafl hússins er anddyri, ris 0,35m, klætt innan með panel málað, notað til inngöngu í húsið.
Um 1920 er sótt um að hækka húsið og kjallarann samkvæmt teikningu Ásgeirs G. Stefánssonar dagsettri 15.07.1920. Breyting á húsinu var framkvæmd ekki á kjallaranum.
Þ.4. apríl 1945 lögðu Jóhannes Narfason og Hinrik V. Jóhannesson fram beiðni um leyfi til að lagfæra og breyta húsi sínu Hellisgötu 7 samkvæmt teikningu Gests M. Gamalíelssonar. Var ákvörðuninni frestað og talið rétt að athuga hvort möguleiki væri að flytja húsið fram að götu og athuga hvort ekki fengist leyfi til að húsið yrði brunagaflslaust. Leyfið veitt á sama fundi.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Tívlyft bárujárnsklætt timburhús sem er marg breytt í stærð og hlutföllum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af gamalli byggð Miðhverfis og nú Hellisgötu. Nýr bílskúr í forgrunni rýrir gildi hússins en lóðin er fallega gróin. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er magbreytt frá fyrstu gerð; hækkað, lengt og árið 2008 var byggt anddyri, svalir og bílageymsla. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsi og garði er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | **Hátt** | Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Þórður Þórðarson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hellisgata 12, teikning ódagsett



Hellisgata 12 - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Ris / Svalir / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1977 | Breytt úr einbýli í tvíbýli | Óskráð á teikningu |
| 1988 | Kvistur | Páll V. Bjarnason, Arkitekt |

## Saga:

Í bók Magnúsar Jónssonar „Bær í byrjun aldar“ kemur fram að Þórður Þórðarson hafi byggt Hraunkot árið 1903 „þar er nú eða – löngum talist Kirkjuvegur 12“ (nú Hellisgata 12). Lóðasamningur er útgefinn í nóvember 1909. Mögulega hafa orðið einhverjar breytingar á húsinu árið 1913 sem er skráð byggingarár. Samkvæmt Brunavirðingu 4.desember 1916 er húsinu lýst þannig: Núverandi eigandi: Þórður Þórðarson. Húsið er einlyft með porti og risi 2,0m. Því er skipt niðri í 3 stofur eldhús og anddyri, klætt panel, 2 stofur fóðraðar, allt málað. Uppi er húsinu skipt í 3 herbergi og eldhús, allt klætt panel og málað. Húsið er eingöngu notað til íbúðar. Við austurhlið hússins er inngönguskúr með vatnshallaþaki klæddur panel og málaður. Stærð inngönguskúrs, L. 2m. B.2,20m. H.3,40m. 2 gluggar. Undir öllu húsinu er kjallari 1,40m á hæð, úr hraungrjóti steinlímdur, notaður til geymslu. Smiðja á lóðinni, rishæð 1m. Stærð L.3,80m. B.2,40m. H. 1,50m. Gluggalaus. Árið 1977 er húsinu breytt úr einbýli í tvíbýli og 1988 er settur kvistur á þakið.
.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er bárujárnsklætt timburhús; kjallari, hæð og íbúðarris. Það er talsvert breytt frá fyrstu gerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Með eldri húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið stendur stakt norðan við eystri hluta Hellisgötu og lóð liggur að Hellisgerði. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er mikið breytt frá fyrstu gerð. Byggt hefur verið við það og hafnfirskur kvistur gerður á þaki götuhliðar. Frágangur svala yfir bíslagi fellur illa að heildarsvip hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að viðhaldi stöku byggingarhluta. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af heild gamalla bárujárnshúsa við Kirkjuveg og Hellisgötu. Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

## Byggingarár: 1905 Hellisgata 13 Hellisgata 13

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hellisgata 13 t.h. mynd Kristján Guðmansson



Hellisgata 13 - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Reykháfur / Útitröppur |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1920 | Stækkað, tréklæðing á veggjum, þak járnvarið | Ásgeir G. Stefánsson, forsmiður |
| 1958 | Stækkun | Friðþjófur Sigurðsson, Verkfræðingur |
| 1990 | Stækkun | Ólafur Þórarson, Arkitekt |

### Saga:

Fyrsti leigutaki lóðarinnar Hellisgötu 13 var Jón Jónsson frá Deild, hann byggði síðar hús á Vesturbraut 8. Lóðasamningurinn var útgefinn 27. nóvember 1905 og kemur húsið fyrir í lýsingu lóðarinnar, sem styður upphaflegt byggingarár. Árið 1911 er Jóhann Jóhannesson kominn í húsið ásamt sinni fjölskyldu. Stefán, sonur Jóhanns, er sagður fyrri eigandi á brunavirðingu frá 1917 en þáverandi eigandi var Einar Jónsson frá Hvaleyri. Húsinu er lýst þannig í virðingunni. „Húsið er einlyft með risi 0,50m. Því er skipt í 2 stofur og eldhús, klætt innan með panel og stofurnar eru fóðraðar, allt málað. Notað til íbúðar. 4 gluggar á húsi, 1 eldavél og 1 ofn í húsinu. Undir öllu húsinu er 0,70m hár kjallari með 1 glugga, notaður til geymslu. Inngönguskúr áfastur við húsið með vatnshalla þaki, klæddur innan með panel og málaður. Stærð: L. 1,80m. B. 1,60m. H.2m. 1 gluggi. Allt virt á 2430 kr.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Lágt | Húsið er timburhús með kjallara undir hluta þess og mænisþaki. Öll upphafleg einkenni hússins eru horfin með síðari tíma viðbyggingum, gluggabreytingum og rangri efnismeðferð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Að grunni til með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Húsið stendur í hnappi bárujárnshúsa við Hellisgötu og Kirkjuveg. Umhverfisgildi þess er lítið í núverandi mynd en myndi aukast til muna ef húsið yrði fært nær útliti sem hæfir aldri þess. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Öll upphafleg einkenni hússins eru horfin með síðari tíma viðbyggingum, gluggabreytingum og efnismeðferð sem hæfir ekki aldri og gerð hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel viðhaldið en efnisval, gluggagerð o.fl. hæfir húsinu ekki. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Þegar kemur að viðhaldi skal horft til fyrra útlits og ráðgjöf sótt hjá Minjastofnun. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Þórarinn Eyjólfsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð


Hellisgata 15, 1980



Hellisgata 15 - 04.07.18

## Gerð húss:

| | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft / Inngönguskúr (bíslag) / Útitröppur / Kjallari | Tvílyft / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

## Helstu breytingar:

| | Helstu breytingar | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|
| 1917 | Geymsluskúr á lóð Þórarins Eyjólfssonar | |
| 1999 | Ódagsett teikning, hús Þórarins Eyjólfssonar, líklega gluggabreyting | |

## Saga:

Fyrsti lóðaleigutaki á Hellisgötu 15 var Illugi Þorvaðarson sem byggði hús sitt árið 1902. Illugi lést árið 1910 og komst húsið þá í eigu Edinborgarverslunarinnar. Var húsið kennt við eigandann og nefnt Illugahús. Árið 1915 eignast Þórarinn Eyjólfsson húsið en hann var nýfluttur frá Kóngsgerði í Leiru í Útskálasókn á Suðurnesjum. Brunavirðing var gerð af húsinu árið 1917 og lýsir því sem einlyftu íbúðarhúsi á lágum kjallara byggðum úr grjóti. Árið 1920 fékk Eyjólfur samþykkta byggingarbeiðni fyrir íbúðarhúsi á lóð hans. Í brunavirðingu frá 10. desember 1920 er húsinu lýst þannig: Íbúðarhús tvílyft með risi 2,25m. Niðri er því skipt í 4 stofur og eldhús, klætt innan með panel, stofurnar eru fóðraðar, allt málað. Uppi skipt í 4 stofur og eldhús, klætt innan með panel, stofurnar eru fóðraðar, allt málað. 17 gluggar á húsinu, 3 eldavélar og 2 ofnar í húsinu. Undir öllu húsinu er 1 metra hár steinsteyptur kjallari, með 6 gluggum, notaður til geymslu. Inngönguskúr tvílyftur, stærð L. 3,13m. B. 2,50m. H. 5,60m. 1 gluggi á inngönguskúr. Allt virt á 40.060kr. Salerni var komið fyrir í húsinu um 1965. Gluggabreyting um 1970.

Núverandi hús er s.s. byggt úr tveimur húsum, Illugahúsi og efniviðnum úr Kóngsgerði og getur þannig talist flutningshús. Árið 1917 er húsið einlyft, en er orðið tvílyft árið 1920.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er reisulegt, tvílyft bárujárnsklætt timburhús með kjallara og mænisþaki. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum í Vesturbænum. Offiserabústaður. Runnið saman úr tveimur húsum, flutningshús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið snýr baki í Hellisgötu en stendur hátt og nýtur sín vel séð frá Skúlaskeiði. Það stendur í hnappi bárujárnshúsa við Kirkjuveg og Hellisgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er runnið saman úr tveimur húsum og byggt í áföngum. Það virðist lítið breytt frá því að efri hæðin var byggð ofan á fyrir 1920. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að viðhaldi ýmissa byggingarhluta. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af heild gamalla bárujárnshúsa við Hellisgötu og Kirkjuveg. Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1944** Hellisgata 16-18

Fyrsti eigandi: Guðmundur Þ. Magnússon
Hönnuður: Einar Sveinsson, Bárður Ísleifsson, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun
Núverandi notkun: Íbúð / Íbúð / skrifstofuhúsnæði / Íbúð



Hellisgata 16, teikning 1943



Hellisgata 16-18, 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Hraunað |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Vinkilbygging / | Einlyft / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1983 | Breyting á 1. hæð. | Erlendur Árni Hjálmarsson, Byggingafræðingur |
| 1990 | Hellisgata 18 - atvinnuhúsnæði breytt í íbúð | Sigurður Þorleifsson, tæknifræðingur |
| 2016 | Lóðaveggur milli Hellisgötu 16 og Skúlaskeiðis 42 | Svanlaugur Sveinsson, Verkfræðingur |
| 2017 | Breyting skrifstofurýmis (Starfsmannafélags Hafnarfjarðar) í | Svanlaugur Sveinsson, Verkfræðingur |

## Saga:

Hellisgata 16
Nánast þar sem þetta hús stendur, stóð áður timburhús Guðmundar Þ. Magnússonar var það fjarlægt um 1935 þegar ljóst var að ný gata, Skúlaskeið ætti að enda við Kirkjuveginn. Guðmundur Þ. Magnússon byggði þennan vinkilhelming hússins á móti Sigurjóni Jóhannssyni og Hannesi Sigurjónssyni. Í fyrstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: „Vinkilbygging. Húsið er tvílyft með risi 2,60m. Niðri skipt í sölubúðir geymslu, skrifstofu, ? og v.s. Uppi skipt í 7 stofur gang, forstofu v.s.b. og eldhús. Stær: L. 13.90m., 6,50m. B"
Í verslunarrýminu var „Kron" með útibú. Starfsmannafélag Hafnarfjarðar en nú eru þar íbúðir.

Hellisgata 18
Á þessum slóðum stóð eldra timburhús með háum kjallara. Var það fjarlægt þegar þetta hús var reist fyrir Sigurjón Jóhannesson og Hannes Sigurjónsson. Í Brunavirðingu af húsinu frá 1943 er því lýst þannig: "Húsið er tvílyft með risi 2,60m. Það er byggt í tveim álmum og hefur tvær hliðar að götu, Kirkjuvegi og Norðurbraut. Ein hlið hússins er L. 11.50m. B. 8,50m. Önnur hlið er L. 12.50m. B. 8,60m. H. 5,90m. Húsinu er skipt í I. hæð: anddyri, 2 sölubúðir, vinnustofa, miðstöð þvottahús og geymslu. II. hæð: 2 anddyri, gang, 6 stofur 2 eldhús og 2 baðherbergi og V.S." Miðstöð og hreinlætistæki virt á 10.000kr. Annars allt virt á 195.000kr.
Á jarðhæðinni hefur verið starfrækt verslun, söðlasmíði og söluturn. Nú eru þar íbúðir.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er tvílyft steinsteypt verslunar- og íbúðarhús með valmaþaki. Það er sambyggt Hellisgötu nr. 18. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúð á efri hæð, verslun, söðlasmíði á neðri hæð. Höfundaverk Bárðar Ísleifssonar og Einars Sveinssonar, arkitekta. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur á áberandi stað á gatnamótum og er kennileiti. Húsið líður nokkuð fyrir að vera nýtt sem íbúðarhús með lítið eða illa breyttum verslunargluggum á jarðhæð. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er lítið breytt að utan að öðru leyti en að fyllt hefur verið upp í tvö gluggagöt og átt við nokkra aðra glugga. Innra skipulag er margbreytt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að viðhaldi ýmissa byggingarhluta. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð og kennileiti við Hellisgötu, Norðurbraut og Skúlaskeið. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði að verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1985 Hellisgata 17

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Kristinn Sveinbjörnsson, byggingafræðingur
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hellsigata 17, teikning 1982



Hellisgata 17 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Hraunað | Hraunað | | |
| Þakgerð: | Geiraris | Geiraris | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur | Tvílyft / Svalir / Útitröppur | | |

### Saga:

Nýlegt íbúðarhús byggt skv. teikningu Kristings Sveinbjörnssonar byggingafræðings.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er tvílyft steinsteypt íbúðarhús með þremur íbúðum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Nýlegt íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið stendur þétt við götu og er hluti af mótaðri og fjölbreyttri byggð við Hellisgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið virðist óbreytt frá fyrstu gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hellisgötu og virðist óbreytt frá fyrstu gerð. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

# Byggingarár: 1922 Hellisgata 19

Fyrsti eigandi: Magnús Bjarnason
Hönnuður: Magnús Bjarnason
Upphaflegur byggingarstíll: / Steinsteypt hús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hellisgata 19, 1922



Hellisgata 19 - 22.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Bárujárn | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Fimm hæðir eða fleiri / Inngönguskúr (bíslag) / Ris | Einlyft / Glerskáli/Sólstofa / Kvistir / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1953 | Stækkun | |
| 1989 | Stækkun | Sigurður Þorvarðarson, byggingafræðingur |

## Saga:

Húsið Hellisgata 19 hefur aldrei verið flutt en staðið við fjórar götur og haft jafnmörg númer. Fyrst eftir að það var byggt tilheyrði það Vesturbrú, en var ótölusett, síðar varð það Brunnstígur 6b, svo Brunnstígur 8b, þá Skerseyrarvegur 6 og síðast Hellisgata 19 sem það heldur enn í dag. Húsið byggði Magnús Bjarnason árið 1922 og var hann jafnframt hönnuðurinn að því. Í elstu brunavirðingu af húsinu sem er steinsteypt, er því lýst þannig: Húsið er einlyft með risi 1,50m. Því er skipt í 1 herbergi og eldhús. Þiljað með panel og málað. 5 gluggar á húsinu, 1 eldavél. b) Skúr við vesturhlið hússins með vatnshallaþaki. Stærð: L. 1,50m. B. 1,50m. H. 2,20m. Allt virt á 3500kr. Þegar Elías Arason eignast húsið um 1947, var það óbreytt og lét hann stækka það árið 1953.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft steinsteypuhús á reistum kjallara. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti er bakhús sem ekki ber mikið á. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Hlutföll hússins hafa breyst frá upprunalegri gerð. Bætt hefur verið við hafnfirskum kvistum og skipt um glugga. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið virðist vera í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hellisgötu. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1925 — Hellisgata 21 — Hellukot

Fyrsti eigandi: Guðjón Jónsson
Hönnuður: Guðmundur Einarsson, smiður
Upphaflegur byggingarstíll: Alþýðuhús

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Íbúð




Hellisgata 21 fyrir breytingu 1942



Hellisgata 21 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Hraunað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur | Tvílyft / Viðbygging |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1942 | Hækkað og stækkað | Böðvar Sigurðsson |
| 2002 | Raunteikning vegna eignaskipta | Sigurður Þorvarðarson, Byggingafræðingur |
| 2015 | Viðbygging við viðbyggingu, breytingar á innra skipulagi. | Sigurður Þorvarðarson, Byggingafræðingur |

### Saga:

Á 62. fundi byggingarnefndar Hafnarfjarðar þ. 20. apríl 1925, var beiðni Guðjóns Jónssonar frá Hellukoti hér í bænum um leyfi til íveruhúsbyggingar á lóð hans Kirkjuveg 27 samþykkt. Eins og tíðkaðist á þessum tíma þá fylgdi kenninafn Guðjón honum og var húsið manna á milli kallað Hellukot. Í brunavirðingu sem gerð var af Kirkjuvegi 27 er húsinu lýst þannig: Húsið er einlyft steinsteypt, með risi 4 m. Því er skipt niðri í 3 stofur og eldhús, allt klætt innan með panel og fóðrað. Uppi er húsinu skipt í 1 herbergi, eldhús, gang og geymsluherbergi, allt klætt innan með panel, herbergið fóðrað. 8 gluggar eru á húsinu. Við norðurgafl hússins er skúr með vatnshallaþaki. Klæddur innan með panel, notaður til inngöngu í húsið. Stærð skúrs, L. 2m. B. 3,15 H. 2,80m. 1 ofn og 2 eldavélar. Allt virt á 9550kr.
Árið 1942 er byggt yfir inngönguskúrinn, ris hækkað, eftir teikningu Böðvars Sigurðssonar. Gerð er raunteikning árið 2002 vegna eignaskipta á húsinu, er þá komin viðbygging við húsið, þvottageymsla og geymsla með sólpalli af efri hæð. Byggt er síðan ofan á viðbygginguna og hún stækkuð árið 2015.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er tvílyft steinsteypuhús í alþýðlegum stíl. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, að grunni til með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Margbreytt hús sem stendur þétt við götu og er hluti af mótaðri og fjölbreyttri byggð við Hellisgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Form og yfirbragð hússins gjörbreyttist árið 1942 þegar húsið var stækkað. Var það m.a. hækkað um eina hæð og glugga- og þakgerð breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið virðist vera í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hellisgötu. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1926 Hellisgata 22

Fyrsti eigandi: Gunnar Jónsson
Hönnuður: I. Þorkelsson
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hellisgata 22, teikning 1926.



Hellisgata 22 - 20.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1943 | Kvistur. | Guðjón Arngrímsson, Húsasmíðameistari. |

### Saga:

Húsið Hellisgata 22 var áður Garðavegur nr. 1, þar áður nr. 28 við Kirkjuveg, en alltaf stóð það á sama grunni. Húsið var byggt fyrir Gunnar Jónsson sjómann árið 1926 og er húsinu lýst eftirfarandi í brunavirðingu frá sama ári. "a) Húsið er einlyft með risi 3m. Því er skipt í 3 stofur og eldhús, allt klætt innan og fóðrað, málað og raflýst, notað til íbúðar. Undir öllu húsinu er 2,30 m hár steinsteyptur kjallari með 4 gluggum, notaður til geymslu."
Árið 1943 er settur kvistur á þakið eftir teikningu Guðjóns Arngrímssonar húsasmíðameistara.
b) Við norðurhlið hússins er skúr með vatnshallaþaki og 1 glugga, klæddur innan með panel og málaður, notaður til inngöngu í húsið. Stærð: L. 3m. B. 1,7m. H. 2,5m.
Á teikningu Gunnlaugs Ó. Johnson arkitekts frá 2002 er stór bílskúr nokkuð þétt upp við húsið.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft timburhús á háum kjallara. Íbúðarris er með hafnfirskum kvisti. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum í Hafnarfirði. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð og stendur í hnappi bárujárnshúsa við Hellisgötu, Garðaveg og Norðurbraut. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Hlutföll hússins hafa lítið breyst frá upprunalegri mynd, bætt hefur verið við hafnfirskum kvisti. Viðhald og efnisval hefur verið á forsendum upprunalegs byggingarstíls. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið virðist vera í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Hellisgötu, Garðaveg og Norðurbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti

## Byggingarár: 1924 Hellisgata 23

Fyrsti eigandi: Helgi Hildibrandsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hellisgata 23 fyrir breytingu 1930


Hellisgata 23 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Bárujárn |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1930 | Hækkun og stækkun | Ásgeir G. Stefánsson |
| 2000 | Anddyri | Nikulás Úlfar Másson, Arkitekt |
| 2013 | Glugga og hurðabreyting | Þorgeir Þorgeirsson, Arkitekt |

### Saga:

Þann 4. ágúst 1924 var samþykkt beiðni Helga Hildibrandssonar um leyfi til íveruhúsbyggingar við framlengingu Kirkjuvegar. Var samþykktin þeim skilyrðum háð að farið yrði eftir byggingarsamþykkt. Lagðir voru fram uppdrættir eða teikningar af húsinu, sem virðistast glataðir. Hvorki er minnst á hönnuð né yfirsmið í byggingarsamþykktinni.
Brunavirðing er tekin af húsinu í lok september 1924. Hefur húsið þá verið i u. þ.b. mánuð í byggingu. Húsinu er lýst þannig: "a) Húsið er einlyft með lágu risi um 1m. Því er skipt í 3 herbergi og eldhús. Allt þiljað með timbri, raflýst. notað til íbúðar, 2 herbergi fóðruð. 4 gluggar á húsinu, 1 eldavél og 1 ofn í húsinu. b) Skúr við austurgafl með vatnshallaþaki, þiljaður með timbri, notaður til inngöngu í húsið. Stærð: L. 6,30m. B. 2,75m. H. 2,60m. 1 gluggi." Allt virt á 5200kr.
Á teikningu eftir Guðmund Þóri Egilsson frá 1930 sést hvernig húsið leit út upphaflega en er þá húsið hækkað og stækkað. Var það samþykkt með skilyrði að " að norðurgaflinn sem er á lóðarmörkum verði færður upp fyrir þak og valminn verði aðeins á hinum endanum."
Árið 2000 er komið fyrir anddyri og 2013 eru gerðar endurbætur á gluggum og hurðum.
Um 1930 er húsið númer 29 við Kirkjuveg en það breyttist árið 1933 og varð nr. 31 en er nú Hellisgata 23.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er tvílyft hús í alþýðuhús. Yfirbragð þess breyttist með ofanábyggingu. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, að grunni til með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hellisgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Yfirbragð hússins hefur gjörbreyst með hækkun,anddyrisbyggingu á framhlið, nýjum gluggum og bárujárnsklæðningu efri hæðar. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið virðist vera í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hellisgötu. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1920 Hellisgata 24

Fyrsti eigandi: Benjamín Eggertsson
Hönnuður: Ásgeir G. Stefánsson, húsasmíðameistari
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hellisgata 24, teikning 1920



Hellisgata 24 - 20.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1947 | Baðherbergi | Gísli Halldórsson, arkitekt |
| 1989 | Ris hækkað, bílskúr | Páll V. Bjarnason, arkitekt |

### Saga:

Þann 28. júní 1920 var samþykkt beiðni Benjamíns Magnússonar um leyfi til íveruhúsbyggingar á lóð hans við Kirkjuveg samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti eftir Ásgeir Stefánsson. Í september mánuði sama ár er gerð brunavirðing af húsinu, hafði því tekið aðeins um 3 mánuði að reisa húsið sem var þannig skráð í brunavirðingunni: "a) Húsið er einlyft með risi 1 m. Því er skipt í 4 stofur og eldhús, allt klætt innan panel og fóðrað nema eldhúsið, allt málað. Undir öllu húsinu er 2,20m hár kjallari með 4 gluggum, notaður til geymslu. b) Inngönguskúr við austurhlið hússins, klæddur innan panel og málaður, stærð: l. 2,35m. B. 1,50m. H. 2,50m. 1 gluggi". Allt virt á 18.600kr.
Endurmetið, engin stækkun: Brunavirðing bók D. bls. 103. Allt virt á kr. 11.200
Árið 1947 er baðherbergi komið fyrir, fyrir innan innönguskúrinn og 1989 er þak hækkað og bílskúr byggður á lóðinni.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft timburhús á háum kjallara. Íbúðarris er með kvistum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, að grunni til með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð og stendur í hnappi bárujárnshúsa við Hellisgötu, Garðaveg og Norðurbraut. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Upprunaleg hlutföll eru talsvert breytt frá fyrstu gerð, m.a. með hækkun hússins um rishæð og kvistum. Breytingar hæfa upprunalegum byggingarstíl vel. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er friðað á grundvelli aldurs og stendur í hnappi bárujárnshúsa við Hellisgötu, Garðaveg og Norðurbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1926 Hellisgata 25

Fyrsti eigandi: Ingunn Gísladóttir
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hellisgata 25, teikning 1964



Hellisgata 25 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1964 | Stækkun | Þorsteinn Ingólfsson, Tæknifræðingur |
| 2004 | Klæðning, gluggar, svalir, innra skipulag. | Reynir Sæmundsson, Arkitekt. |

### Saga:

Beiðni Ingunnar Gísladóttur um íveruhúsbyggingu á lóð hennar við Kirkjuveg var samþykkt á fundi byggingarnefndar þ. 1. mars 1926. Brunavirðing er síðan gerð af húsinu 6. ágúst sama ár og því lýst þannig: " Íbúðarhús með risi 2,30m. Skipt í, 1 stofu, eldhús, þiljað, fóðrað og málað. 7 gluggar á húsinu og 1 eldavél í húsinu. Steinsteyptur 0,70m hár kjallari er undir hálfu húsinu, notaður til geymslu". Allt virt á 4500kr. Samkvæmt þessari lýsingu hefur húsið verið ein hæð með háu risi og skriðkjallara.
Árið 1964 er sótt um stækkun og hækkun samkvæmt teikningu Þorsteins Ingólfssonar. Húsasmíðameistari var Sigurður Þorláksson. 2004 er sótt um að klæða húsið að utan, skipta út gluggum, þakbreytingu á inngönguskúr og innra skipulagi breytt. Þar er húsið sagt að hluta til steypt og að hluta til forskalað timburhús.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er tvílyft hús að hluta til byggt úr timbri og að hluta steypt. Margbreytt alþýðuhús. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, að grunni til með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hellisgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Margbreytt alþýðuhús. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hellisgötu. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1904 Hellisgata 26

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð; bókaverslun / skóvinnustofa
Núverandi notkun: Íbúð



Hellisgata 26 á Strandgötu 31 um 1920



Hellisgata 26 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | timbur | timbur |
| Útveggir: | | Timbur |
| Þakgerð: | | Mænisþak |
| Þakklæðning: | | Stölluð álklæðning |
| Undirstaða: | Hlaðin úr | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Svalir / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1986 | Stækkun, kvistir, bílskúr, svalir | Einar Matthíasson, byggingafræðingur |

### Saga:

Hellisgata 26 er að grunni til byggt árið 1904 þar sem nú er Strandgata 37 en var upphaflega nr. 31. Árið 1925 var það flutt af Strandgötu á baklóð við Strandgötu 29 (verður síðar nr. 35). Hafði húsið þá í fyrstu númerið 29b en síðar 35b. Árið 1982 var húsið auglýst til flutnings með lóð annars staðar í bænum en það var þá eign Hafnarfjarðarbæjar. Húsið var stækkað á núverandi stað. Í elstu brunavirðingu af húsinu eins og það var á Strandgötu 31 nú 37 er síðasti eigandi Lárus Bjarnason og núverandi eigandi Einar Þórðarson. Húsinu er lýst svo: a) Húsið er einlyft með porti og risi 2,20m. Því er skipt niðri í 3 stofur, eldhús og anddyri, 2 stofur fóðraðar, annars klætt panel og málað. Uppi er húsinu skipt í 2 herbergi og gang, klætt panel, málað, í einni stofunni niðri er bókaverslun, annars er húsið notað til íbúðar. 8 gluggar á húsinu. Undir húsinu er 1,30m hár kjallari með 3 gluggum, grjóthlaðinn á 3 vegu og á 1 veg timbur járnvarið, honum er skipt í 2 herbergi og geymslu, í herbergjunum eru skósmíðavinnustofur. Við norðurhlið hússins er skúr með vatnshallaþaki og 1 glugga, notaður til inngöngu í húsið. stærð: L. 2,10m. B. 2,50m. H.2,40m. 1 eldavél og 3 ofnar í húsinu. Allt virt á 6790kr.

Árið 1986 er húsið stækkað og byggðir á það kvistir. Árið 2006 er byggður bílskúr við húsið.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er mikið breytt einlyft timburhús með háu íbúðarrisi og kvistum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, flutningshús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Hellisgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Að stofninum til telst húsið vera frá því um 1904. Útlit hússins er gjörbreytt bæði hvað varðar form og efnisnotkun. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið þó efnisnotkun hæfi ekki aldri hússins. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið telst friðað á grundvelli aldurs. Húsið er hluti af mótaðri byggð við Hellisgötu. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

**Byggingarár: 1945** Hellisgata 27

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Alþýðuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð


Hellisgata 27, teikning 1961.


Hellisgata 27 - nóvember 2018

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Hlaðið, holsteinn | Hlaðið, holsteinn |
| Útveggir: | Múrsléttað | Timbur |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari | Einlyft / Útitröppur / Kjallari |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| | Endurbygging 1. áfangi. | Þorsteinn Ingólfsson, Arkitekt |
| 1961 | Breyting / viðbygging, á húsi Páls Þorkelssonar, Skerseyrarvegi 9a. | Páll Þorkelsson |

## Saga:

Hellisgata 27 tilheyrði áður Skerseyrarvegi nr. 9b. Elstu teikningar af húsinu er ekki að finna í upplýsingaslóðinni aðrar er raflagnateikningu eftir Magnús Eyjólfsson dagsetta í október 1945. Er eigandinn sagður vera Guðmundur Sigurmannsson. Virðist kjallarinn vera steyptur en sjálft húsið hlaðið með valmaþaki.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Lágt | Húsið er einlyft á steyptum kjallara. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Húsið situr mun innar á lóðinni en önnur hús í götunni. Húsið er heldur óreisulegt og lóð illa frágengin. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Upprunaleg hlutföll hússins hafa breyst með stækkunum. Viðbygging á framhlið, þakkantur, gluggabreyting og timburklæðning hafa breytt yfirbragði þess. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Komið er að viðhaldi húss og lóðar. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1922 Hellisgata 28

Fyrsti eigandi: Guðmundur Hróbjartsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hellisgata 28, teikning 1922/1944



Hellisgata 28 - 26.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Garðastál/Trapisuklæðni |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Portbyggt / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1944 | Breyting á innra skipulagi | Óþekktur |

### Saga:

Á 44. fundi bygginganefndar Hafnarfjarðar þ. 17. júlí 1922 var samþykkt að heimila Guðmundi Hróbjartssyni að flytja á lóð Helga Eggertssonar húseign hans á Deild á Álftanesi og endurbyggja það. Brunavirðing dagsett 30. Nóvember 1922. Núverandi eigandi: Guðmundur Hróbjartsson. Húsið er einlyft með porti og risi 2,20m. Því er skipt niðri í 2 stofur, eldhús og anddyri, allt klætt innan með panel, 1 stofa fóðruð, allt málað. Uppi er húsinu skipt í 2 herbergi og eldhús, allt klætt innan með panel og málað, allt notað til íbúðar. 9 gluggar á húsinu, 2 eldavélar og 2 ofnar í húsinu. Undir öllu húsinu er 2,40m hár kjallari, honum er skipt í eldhús og 1 íbúðarherbergi og geymslu. Eldhúsið og íbúðarherbergið klætt innan með panel og málað. 4 gluggar á kjallara. Við norðausturhlið hússins er skúr með vatnhallaþaki, notaður til inngöngu í húsið. Stærð: L. 2,30m . B. 1,80m. H.2,50m. 1 gluggi á inngönguskúr.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft portbyggt timburhús með risi. Húsið stendur á háum kjallara og er sambyggt Hellisgötu 26. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Hellisgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hlutföll hússins hafa lítið breyst frá upprunalegri gerð. Skipt hefur verið um glugga og húsið klætt garðastáli sem breytt hefur yfirbragði hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Hellisgötu. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1955 Hellisgata 29

Fyrsti eigandi: Sæmundur H. Björnsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Síðfúnkís

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Hellisgata 29, teikning 1995



Hellisgata 29 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Hraunað |
| Þakgerð: | Geiraris | Geiraris |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft / Reykháfur / Svalir / Bílgeymsla | Einlyft / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1984 | Eldri skúr fjarlægður, ný bílgeymsla byggð. | Sigurður Þorleifsson, Tæknifræðingur |
| 1995 | Breyting á ytra og innra skipulagi | Friðþjófur Sigurðsson og Anna Friðþjófsdóttir, |
| 2004 | Kvistir stækkaðir, svalir. Verkfæraskúr, setlaug. | Hallgrímur Axelsson, verkfræðingur |

### Saga:

Þetta hús var áður Hraunbrekka nr. 11, byggt 1955 fyrir Sæmund H. Björnsson. Elstu teikningar virðast glataðar fyrir utan raflagnateikningu eftir A. Guðjónsson.
Brunavirðing ekki til.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft steinsteypuhús á háum kjallara. Íbúðarris er með kvistum. Tvær íbúðir eru í húsinu. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hellisgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Bætt hefur verið við kvistum og aðrir stækkaðir. Svalir, setlaug og útigeymsla. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið virðist vera í þokkalegu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hellisgötu. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

# Byggingarár: 1945 Hellisgata 30

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Íbúð



Hellisgata 30, af raflagnateikningu 1945



Hellisgata 30 - 14.11.2018

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | | | | |
| Útveggir: | | Garðastál/trapisuklæðnin | | |
| Þakgerð: | | slétt (einhalla) | | |
| Þakklæðning: | | | | |
| Undirstaða: | | Steinsteypt | | |
| Útlit: | | Einlyft / Útitröppur / Kjallari | | |

## Saga:

Hellisgata 30 er viðbygging út frá Hellisgötu 28. Í fyrstu var húsið Kirkjuvegur 36 hefur það verið gert að tvíbýli hvort á sínu landnúmeri.
Engin teikning er til af Hellisgötu 30 utan raflagnateikningar eftir Gísla Þórðarson dagsett 19. Júní 1945. Smiður hefur líklega verið Gísli Þórðarson.
Engin brunavirðing er til af húsinu.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Lágt | Húsið er einlyft timburhús á steyptum kjallara og er sambyggt Hellisgötu 30. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Húsið er heldur óreisuleg viðbygging við Hellisgötu 28. Það er að mestu falið á bak við mikinn trjágróður. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Hlutföll hússins eru óbreytt frá fyrstu gerð. Gluggum hefur verið skipt út og húsið klætt garðastáli sem breytt hefur yfirbragði þess. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Húsið þarfnast viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1954 Hellisgata 31

Fyrsti eigandi: Jóhannes Jónsson
Hönnuður: Friðþjófur Sigurðsson, byggingaverkfræðingur bæjarverkfræðingur
Upphaflegur byggingarstíll: Módernismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hellisgata 31, teikning 1954



Hellisgata 31 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) | 1977 Gluggabreyting | Friðþjófur Sigurðsson, byggingafulltrúi |
| Þakklæðning: | Bárujárn | | | |
| Undirstaða: | | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft / Reykháfur / Svalir / Útitröppur / Útskot (karnap) | Einlyft / Útitröppur / Kjallari | | |

### Saga:

Hellisgata 31 var áður Hraunbrekka 13 byggt 1954 fyrir Jóhannes Jónsson.
Húsið er nánast óbreytt frá upphafi fyrir utan gluggabreytingu árið 1977.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft steinsteypuhús með módernískum einkennum. Hár kjallari og haæð með einhalla þaki. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundaverk Friðþjófs Sigurðssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hellisgötu. Lóðin er gróin og frágangur snyrtilegur. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er að mestu óbreytt frá fyrstu gerð, skipt hefur verið um glugga. V |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hellisgötu. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Sigurður Pétursson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Annað

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð

Engin gömul teikning aðgengileg



Hellisgata 32 - 20.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | | |
| Útveggir: | Hlaðið úr holsteini | Bárujárn |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Timbur aspest | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Tvílyft / Ris | Tvílyft / Reykháfur / Viðbygging |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 2014 | Anddyrisbygging. | Haraldur Ingvarsson, Arkitekt |

## Saga:

Samkvæmt brunavirðingu frá 1945 er Sigurður Pétursson fyrsti eigandi hússins Hellisgötu 32. Eldri teikningar eru ekki til í skjalasafn Hafnarfjarðar.
Í brunavirðingu sem gerð var í janúar 1945 er götuheiti ekki skráð en húsið hefur gengið undir nafninu „Björk“. Í brunavirðingunni er húsinu lýst þannig: Húsið er tvílyft með risi 1,50m. Niðri skipt í 2 stofur, eldhús, þvottahús, miðstöð og anddyri, v.s. Uppi: 3 stofur, eldhús og gang. Klætt innan með asbest, málað.Efri hæði rafhituð, á neðri hæð er miðstöð. Húsið hlaðið holsteini, þakið úr timbri og asbest, loft, gólf og skilrúm eru steinsteypt. Allt virt á 68.000kr.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er tvílyft holsteinshús, með valmaþaki. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Hellisgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Upprunalega teikningu vantar en m.v. brunavirðingu gæti þakið hafa breyst. Byggt hefur verið vindfang við austurhlið og húsið klætt bárujárni. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið virðist vera í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Hellisgötu. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1952 Hellisgata 33

Fyrsti eigandi: Steingrímur Atlason og Atli Guðmundsson
Hönnuður: Sigurður Ólafsson
Upphaflegur byggingarstíll: Síðfúnkís

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hellisgata 33, 1973



Hellisgata 33 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Hraunað |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft / Kvistir / Reykháfur / Útitröppur / Útskot (karnap) / Kjallari | Tvílyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1953 | Raflögn | Arnbjörn Guðjónsson |
| 1973 | Bílgeymsla | Friðþjófur Sigurðsson, byggingafulltrúi |
| 1977 | Gluggabreyting, svölum við vinnuherbergi lokað af | Sigurður Þorvarðarson, byggingafræðingur |
| 2000 | Útlit og snið | Jóhannes Pétursson, tæknifræðingur |

### Saga:

Þegar Hellisgata 33 er byggt árið 1952-1953 stendur það við Hraunbrekku, götu sem var framhald af Kirkjuvegi. Húsið er byggt fyrir feðgana Steingrím Atlason og Atla Guðmundsson. Elsta teikning af húsinu er raflagnateikning eftir Arinbjörn Guðjónsson. Árið 1973 er reist bílgeymsla með vinnu- og þvottaherbergi á efri hæð eftir teikningu Friðþjófs Sigurðssonar bæjarverkfræðings. 1977 eru gerðar gluggabreytingar og svalir á viðbyggingu yfirbyggðar eftir teikningu Sigurðar Þorvarðarsonar. Árið 2000 er gerð útlits og sniðmynd af Hellisgötu 33 af Jóhannesi Péturssyni, þar kemur fram að upphaflegur hönnuður hafi verið Sigurður Ólafsson.

Skv. Þjóðskrá eru tvær íbúðir í húsinu en í samþykktri teikningu eru sýndar þrjár íbúðir.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er tvílyft steinsteypuhús með funkiseinkennum, bílskúr hæfir húsinu illa. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hellisgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Form hússins hefur að mestu haldið sér en bætt hefur verið við kvistum og skipt um glugga. Viðbygging á vesturhlið er umfangsmikil. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið er í sæmilegu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hellisgötu. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1945 Hellisgata 34 Hellisgata 34

Fyrsti eigandi: Adolf Sigurðsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: / Steinsteypt hús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð


Kirkjuvegur 34 eftir breytingu 1964


Hellisgata 34 - 20.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Stölluð álklæðning |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Portbyggt / Ris / Reykháfur | Einlyft / Kvistir / Portbyggt / Ris / Svalir / Viðbygging |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| | Vinnuskúr Adolfs Sigurðssonar | Óskar Sveinsson |
| 1964 | Stækkun um 28fmtr, stofu og þvottahús. Húsameistari: Bjarni | Sigmar Guðmundsson |
| 1996 | Nýr kvistur, breyttur þakkandur, nýtt skyggni. | Jakob Emil Líndal<br>Kristján Ásgeirsson, arkitekt |

### Saga:

Hellisgata 34 var byggt fyrir Adolf Sigurðsson árið 1945. Í elstu brunavirðingu af húsinu stendur það við Garðaveg 11c. Þegar ný gata er lögð verður húsið við Hraunbrekku 12 en er nú Hellisgata 34. Húsið er byggt úr steinsteypu og í brunavirðingu frá 1945 er því lýst þannig: " Húsið er einlyft með porti og risi 2,20m. Því er skipt í 2 stofur, eldhús, gang, þvottahús, miðstöð og v.s. Allt múrhúðað innan og málað. Miðstöð og hreinlætistæki. Raflýst. " Allt virt á 60.000kr.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft, portbyggt steinsteypuhús. Íbúðarris er með hafnfirskum kvistum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Hellisgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hlutföll hússins hafa breyst með tilkomu viðbygginga. Bætt hefur verið við hafnfirskum kvistum og gluggum skipt út. Bílskúr byggður. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Hellisgötu. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1952** Hellisgata 35

Fyrsti eigandi: Kristinn Torfason
Hönnuður: Sigmar Guðmundsson, húsasmíðameistari
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hellisgata 35, teikning 1951.



Hellisgata 35 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Hraunað |
| Þakgerð: | Gaflsneitt þak | Gaflsneitt þak |
| Þakklæðning: | | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Svalir / Útitröppur / Kjallari | Tvílyft / Ris / Svalir / Útitröppur |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2003 | Aðaluppdráttur | Gunnar Páll Kristinsson, arkitekt |

## Saga:

Þegar Hellisgata 35 var byggt stóð það við Hraunbrekku og ónefnda þvergötu. Húsið er byggt fyrir Kristinn Torfason bifreiðastjóra árið 1951 -1952. Lagnateikningu gerði Þorvaldur Sigurðsson í júlí 1952 en húsið hannaði, Sigmar Guðmundsson húsasmíðameistari. Húsið er steinsteypt, upphaflega teiknað sem ein hæð, ris og hálfniðurgrafinn kjallari.
Brunavirðing er ekki til af húsinu.
Óljóst er hvenær reykháfur var fjarlægður og þakglugga komið fyrir á þaki.
Grafið hefur verið frá kjallara á baklóð sem nú er skráður sem jarðhæð og skýrir það breytinguna á einlyft / tvílyft.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er reisulegt tvílyft steinsteypuhús með gaflsneiddu þaki og fallega mótuðum svölum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, höfundaverk Sigmars Guðmundssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hellisgötu. Bílskúrar sambyggðir Hellisgötu 35B eru yngri en húsið og ekki til prýði í götumyndinni. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er að mestu óbreytt frá fyrstu gerð. Ris hefur verið timburklætt. Timburgirðing á framhlið rýrir ásýnd hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hellisgötu. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1982 Hellisgata 35b

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: / Bílgeymsla
Núverandi notkun: / Tvöfaldur bílskúr.




Hellisgata 35b, teikning 1992



Hellisgata 35b - júlí 2017.

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | | |
| Útveggir: | | Múrsléttað |
| Þakgerð: | | Mænisþak |
| Þakklæðning: | | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | | Einlyft |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1992 | Útlit breytt og sorpgeymslu bætt við. | Jakob E. Líndal, arkitekt |

### Saga:

Hellisgata 35b er samkvæmt teikningu Jakobs E. Líndal arkitekts, tvöfaldur bifreiðaskúr sem fylgir eigninni Hellisgötu 35. Við þennan bílskúr er áföst bygging sem sem einnig er bifreiðaskúr og virðist einnig vera skráður sem Hellisgata 35b. Ekkert byggingarár er skráð á þessar byggingar hjá Þjóðskrá.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Lágt | Einföld bílskúrsbygging sem fellur illa inn í umhverfið. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Geymsla. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Bílskúrsbyggingin stendur stök og tilheyrir ekki íbúðarhúsi. Hún stendur á skjön við bílskúr á næstu lóð og er lítil í mælikvarða annarra húsa í götumyndinni. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Byggingin virðist lítið breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Byggingunni er ágætlega við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Bílskúrsbyggingin hefur ekkert gildi fyrir götumyndina og betur færi á því að nýta lóðina fyrir íbuðarhús. |

Verndarflokkar:

## Byggingarár: 1957 Hellisgata 36

Fyrsti eigandi: Kristján Kristinsson, Ingiberg Kristinsson
Hönnuður: Sigurður Guðmundsson, húsasmíðameistari
Upphaflegur byggingarstíll: Síðfúnkís

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hellisgata 36, teikning 1945.


Hellisgata 36 - 20.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Geiraris | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft / Ris / Reykháfur / Útskot (karnap) | Tvílyft / Reykháfur / Svalir |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1967 | Stækkun | Sigurður Guðmundsson, Húsasmíðameistari |
| 1967 | Stækkun | Sigurður Guðmundsson, Húsasmíðameistari |
| 1980 | Tröppur yfirbygging. | Óli Þórðarson, Arkitekt |
| 1980 | Tröppur yfirbygging. | Óli Þórðarson, Arkitekt |

### Saga:

Þegar Hellisgata 36 var byggt stóð það við ónefnda götu en varð síðar Hraunbrekka nr. 14. Húsið er byggt fyrir feðgana Kristján Kristinsson og Ingiberg Kristinsson á árunum 1946-1947. Lagnateikningu gerði Arnbjörn Guðjónsson í júní 1947, en húsið hannaði, Sigurður Guðmundsson húsasmíðameistari. Húsið er steinsteypt, tvílyft með valmaþaki. Árið 1967 er húsið stækkað og 1984 er bílskúrum komið fyrir á lóðinni með aðkomu frá ónefndri götu sem nú er Hraunbrún.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er tvílyft steinsteypuhús með funkiseinkennum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús, höfundaverk Sigurðar Guðmundssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Hellisgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er talsvert breytt frá fyrstu gerð. Funkiseinkenni hafa dofnað, m.a. með gluggabreytingum og breyttum svölum. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Hellisgötu og er vel við haldið. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1919 Unnarstígur 1

Fyrsti eigandi: Grímur Andrésson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Geymslubygging

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Íbúð



Bakhlið geymslu að Vesturbrú 1, teikning 29.07.1919.



Unnarstígur 1, september 2017.

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft / Ris | Einlyft |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 2001 | Grunnmynd, snið og útlit skv. uppmælingu. | Rafn Guðmundsson |
| 2017 | Húsið heilklætt bárujárni utan á forskalaðan múr sem fyrir var. | |

### Saga:

Unnarstígur 1 var áður geymsluhús út frá Vesturbrú 1, eign Gríms Andréssonar.
Brunavirðing dagsett 20. desember 1919 er húsinu lýst þannig: „ a) Húsið er einlyft með risi 1m. Skipt í þrennt. Notað til geymslu. 3 gluggar á húsinu.“

Óljóst er hvenær húsinu var breytt í íbúðarhús.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Lágt | Húsið var upphaflega byggt sem geymsluskúr og ber þess enn merki. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Upphaflega geymsluskúr. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Húsið var upphaflega byggt sem geymsluskúr og ber þess enn merki. Það stendur á sömu lóð og húsið við Vesturgötu 1. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er margbreytt frá fyrstu gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið er byggt sem geymsluskúr og byggt hefur verið við það síðan með ólíkum byggingarefnum. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Húsið er friðað á grundvelli aldurs en ber þess merki að vera byggt sem geymsluskúr. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Ingibergur Þorsteinsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð


Unnarstígur 2, 1980


Unnarstígur 2, september 2017.

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Kjallari | Einlyft / Ris / Svalir / Útitröppur / Kjallari |

**Helstu breytingar:**

Stækkun. Timbursvalir og timburverönd.

**Hönnuðir breytinga:**

Óli Þórðarson, arkitekt

## Saga:

Unnarstígur 2 var áður Vesturbrú 3b. Samkvæmt brunavirðingu frá 1922 er húsinu líst þannig: a) Húsið er einlyft með risi 2,30m. Því er skipt niðri í 3 stofur og eldhús, allt klætt innan með panel, 2 stofur fóðraðar, notað til íbúðar. Undir öllu húsinu er 2ja metra hár kjallari með 4 gluggum notaður til geymslu og trésmíðavinnustofu. b) Við norðurhlið hússins er skúr með vatnshalla þaki, klæddur innan með panel, notaður til inngöngu í húsið. 6 gluggar á húsinu, 1 eldavél. Allt virt á 8600 kr.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er kjallari, hæð og íbúðarris, mikið breytt frá fyrstu gerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum við Vesturbrú, nú Unnarstíg. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er hluti af gamalli byggð í Vesturbæ Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er mikið breytt frá fyrstu gerð, stækkað, þaki breytt svalir gerðar o.fl. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð í Vesturbæ Hafnarfjarðar. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Ólafur Sigurðsson
Hönnuður: Ólafur Sigurðsson, smiður
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Unnarstígur 3, 1980.



Unnarstígur 3 - frá Vesturgötu. Sept. 2017.

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr | |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Kjallari | Einlyft |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1932 | Stækkun | |
| 1973 | Viðbygging | Sigurður Oddsson, Verkfræðingur |
| 2009 | Fyrirspurn um niðurrif | |

## Saga:

Húsið er að grunni til byggt árið 1906 af Ólafi Sigurðssyni trésmið frá Höfnum. Að öllum líkindum hefur hann einnig verið hönnuður þess en hann byggði mörg hús í Hafnarfirði á þessum árum. Fyrst þegar hús fengu númer við götur varð þetta hús númer 28 við Vesturgötu. Lóðasamningur var fyrst útgefinn 22. maí 1908, í lýsingu lóðarinnar er hús og geymsluhús risið. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: Húsið er ein hæð, ris yfir, 6,40m lengd annars vatnshalla þak, rishæð 0,80m. Því er skipt í 4 stofur, 2 eldhús og anddyri, klætt innan með panel og málað, notað til íbúðar. 7 gluggar á húsinu, 2 eldavélar og 2 ofnar í húsinu. Undir ½ hluta hússins er grjót steinlímt, 1m hár kjallari, notaður til geymslu. 1 gluggi á kjallara. Geymsluhús ein hæð með risi 1m. Stærð: L. 3,90m, B. 2,60m, H. 2m, 1 gluggi á geymsluskúr. Geymsluskúr úr timbri með vatnshallaþaki, áfastur við norðurhlið geymsluhússins. Stærð: L.3,90m, B.1,80m H.2,70m, 7 gluggar á geymsluskúr.
Ekki er vitað hvernig byggingarárið 1945 er komið til, þar sem engar heimildir hafa fundist því til stuðnings.
Árið 1932 er húsið stækkað og aftur er byggt við það árið 1973.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einlyft timburhús með lágu mænisþaki, byggt á steyptum grunni í áföngum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús, að grunni til með elstu húsum við Vesturbraut, nú Unnarstíg. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er vel falið frá Unnarstíg en stendur hátt yfir fallegum hraunkambi séð frá Vesturgötu. Hluti af eldri byggð í vesturbæ Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er mikið breytt frá fyrstu gerð. Líklega hefur það tvöfaldast að stærð og bílskúr er byggður við hlið þess. Gluggagerð er breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið lítur ágætlega út og flestir byggingarhlutar í lagi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af eldri byggð í vesturbæ Hafnarfjarðar en er margbreytt frá fystu gerð. Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Krosseyrarvegur 1. teikning 1987.


Krosseyrarvegur 1 - 27.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Steniklæðning |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1987 | Breyting á útliti, ris stækkað. | Bjarni Snæbjörnsson, Arkitekt |

## Saga:

Lóðasamningur fyrir Markús Sigurðsson er útgefinn þ. 7. júlí 1919.Samkvæmt brunavirðingu frá 1919 er húsinu lýst þannig : "a) Húsið er einlyft með risi 3,50m. Niðri er því skipt í 3 stofur, eldhús og anddyri. Klætt innan með panel, allt fóðrað og málað. Uppi er eitt herbergi og geymsla, herbergið er klætt innan með panel. 9 gluggar á húsinu, 1 eldavél og 2 ofnar í húsinu. Undir 1/5 hluta hússins er 2m hár steinsteyptur kjallari, notaður til geymslu. b) Inngönguskúr, einlyftur með vatnshallaþaki, klæddur innan með panel, skipt í tvennt og málaður. Stærð: L. 3.0m. B. 2,40m. H. 2,30m. 1 gluggi. Húsið notað til íbúðar". Allt virt á kr. 12.900.
1987 er ris hækkað eftir teikningu Bjarna Snæbjörnssonar arkitekts.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er timburhús; kjallari hæð og íbúðarris með kvistum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af mótaðri byggð við Krosseyrarveg. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er nokkuð breytt frá fyrstu gerð, stækkað og kvistir byggðir. Þegar kemur að viðhaldi væri æskilegt að skipta steniklæðningu út fyrir klæðningu sem hæfir gerð hússins betur, s.s. bárujárn. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið, þó æskilegra hefði verið að nota byggingarefni sem hæfa stíl hússis betur. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af mótaðri byggð í Vesturbæ Hafnarfjarðar. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Klaus Holm
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Krosseyrarvegur 2, gamla húsið 1988.



Krosseyrarvegur 2 - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft / Kvistir / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Kjallari | | |

## Saga:

Krosseyrarvegur 2 er byggt á grunni eldra húss er hafði áður staðið á Vatnsleysuströnd, það hét Miðengi. Var það rifið niður spýtu fyrir spýtu og timbrið vandlega bundið í knippi og flutt sjóleiðina inn til Hafnarfjarðar. Gerðist það óhapp að bátur sá er flutti timbrið brotnaði og rak allt timbrið að Hliði á Álftanesi. Var það síðan flutt landleiðina að Krosseyrarvegi og húsið reist á skömmum tíma. Stóð það lengi óbreytt en undir það síðasta stóð það autt og síðar rifið um 1990.
Nú stendur á lóðinni timburhús reist árið 1991 teiknað á Húsnæðisstofnun Ríkisins árið 1989. Húsið er í forminu dæmigert fyrir timburhús sem byggð voru upp úr 1980 en klætt með bárujárni sem á vel við í þessu umhverfi.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er nýlegt timburhús, hæð og ris. Húsið er klætt að utan með bárujárni í anda gamalla bárujárnshúsa í götunni. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús, nýlegt. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð í Vesturbæ Hafnarfjarðar og stendur í röð bárujárnshúsa við Krosseyrarveg. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er lítið breytt frá fyrstu gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð í Vesturbæ Hafnarfjarðar. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Guðjón Bjarnason
Hönnuður: Stefán Sigurbentsson, húsasmíðameistari
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Krosseyrarvegur 3 bakhlið, teikning ódagsett



Krosseyrarvegur 3 - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Ris / Kjallari |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| | Inngönguskúr lengdur. | Stefán Sigurbentsson, Forsmiður |
| 1980 | Íbúð á jarðhæð samþykkt | |
| 1993 | stækkun á anddyri | Þór Gíslason |
| 1995 | Bílgeymsla | Páll Bjarnason, arkitekt |
| 1997 | Eignaskiptasamningur, útigeymsla og verönd. | Kristján Þórarinsson, byggingafræðingur |

## Saga:

Í júlí mánuði 1926 var á fundi bygginganefndar Hafnarfjarðar samþykkt að leyfa Guðjóni Bjarnasyni byggingu íveruhúss við Krosseyrarveg. Er því byggingarárið 1903 rangt. Í brunavirðingur frá 1926 er húsinu lýst þannig: a) Íbúðarhús einlyft með risi 3,15m. Því er skipt í 3 stofur og eldhús, þiljað panel, útveggir með tróði. Allt fóðrað og málað, gólf dúklögð. Stærð: L. 7m, b. 6,85m, H. 2,90m. 7 gluggar á húsi 1 eldavél og 2 ofnar í húsinu. Undir öllu húsinu er 1,70m hár steinsteypur kjallari með 4 gluggum, notaður til geymslu.
b) Anddyri með vatnshallabþaki, innangerð af því sama og í húsinu. Stærð: L.1,60m, B. 3,15m, H. 2.90m. 1 gluggi á inngönguskúr. Allt virt á 11.100kr.
Í teikningu Kristjáns Þórarinssonar vegna eignaskiptasamnings frá árinu 1997 er vísað í teikningu Páls V. Bjarnasonar arkitekts frá árinu 1995.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einfalt bárujárnshús á steyptum kjallara, hæð og íbúðarris. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Með elstu húsum Vesturbæjarins. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af mótaðri byggð í Vesturbæ Hafnarfjarðar og stendur í hnappi bárujárnshúsa við Krosseyrarveg. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er nokkuð breytt frá fyrstu gerð; kvistir á þaki og bíslag. Mikið timburverk við bíslag, geymsla og pallur rýrir gildi hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að viðhaldi stöku byggingarhluta. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af mótaðri byggð í Vesturbæ Hafnarfjarðar og stendur í hnappi bárujárnshúsa við Krosseyraveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Ólafur Sigurðsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Krosseyrarvegur 3b, brot úr stærri mynd.



Krosseyrarvegur 3b - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1991 | Stækkun | Mannfreð Vilhjálmsson, Arkitekt |

## Saga:

Ólafur Sigurðsson smiður byggði fyrst hús um 1900 á lóð sinni, er tilheyrði Vesturgötu 28, en hefur verið breytt í Unnarstíg 3. Lóðasamningur gerður árið 1908 en viðbótarlóð fengin árið 1919, þar sem Krosseyrarvegur 3b stendur á.
Brunavirðing, skírteini (eldra númer) 7414. 8. nóvember 1922. Krosseyrarvegur (ótölusett). Núv. eig: Ólafur Sigurðsson, síðasti eig: ekki selt.
a) Húsið er einlyft með risi 0,50m. Því er skipt í 3 herbergi, allt klætt innan með panel og fóðrað, notað til íbúðar. 4 gluggar á húsinu, 1 eldavél og 1 ofn í húsinu. Undir öllu húsinu er 2ja m hár steinsteypur kjallari með 3 gluggum skipt í tvennt, eldhús og geymslu.
b) Við suðurhlið hússins er inngönguskúr með vatnshallaþaki. Stærð: L. 1,35m, B. 1,10m, H. 2,50m. 1 gluggi á inngönguskúr.

Byggingarár hússins er skráð 1900 hjá Þjóðskrá, ekki er ljóst hvort húsið er friðað eða umsagnarskylt.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Lítið bárujárnshús á steyptum kjallara. Hæð og lágt mænisþak. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er hálf falið bakhús og lítt sýnilegt frá götum bæjarins. Það er hluti af gamalli byggð í Vesturbæ Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið var stækkað lítillega og sólpallur gerður við það. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af mótaðri byggð í Vesturbæ Hafnarfjarðar húsið. Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Stefán Bachmann
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Íbúð




Elstu teikningar glataðar. Teikning frá 2002.



Krosseyrarvegur 4 - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Svalir / Kjallari |

| Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|
| 2001 | Sigurþór Aðalsteinsson, arkitekt |
| 2018 | Sigurþór Aðalsteinsson, arkitekt |

## Saga:

brunavirðingu frá 1921 er húsinu lýst þannig: a, Húsið er einlyft með porti og risi 2,50m. Því er skipt niðri í 3 stofur og eldhús, allt klætt innan með panel og fóðrað. Uppi er húsinu skipt í 4 herbergi og eldhús, allt klætt innan með panel og fóðrað, allt notað til íbúðar. Undir öllu húsinu er 1,75m hár steinsteyptur kjallari, skipt í 1 herbergi, eldhús og geymslu, herbergið og eldhúsið klætt innan með panel. 11 gluggar á húsinu, 3 eldavélar og 5 ofnar í húsinu.
b) Við norðurgafl hússins er skúr með vatnshalla þaki. Klæddur innan með panel og fóðraður, notaður til inngöngu. Stærð: L. 1.65m. B. 1,88m. H. 2,75m. 1 gluggi á inngönguskúr.
c) Við austurhlið hússins er skúr með vatnshallaþaki, klæddur innan með panel, skipt í 2 anddyri. Stærð: L. 1,88m B.2,40m H. 5m. 3 gluggar á anddyri. Undir honum er 1,75m hár steinsteyptur kjallari notaður til inngöngu í kjallara (hússins), 1 gluggi á kjallara.
Eldri teikningar fyrirfinnast ekki í teikningasafni Hafnarfjarðar.

Breytingar á teikningum snúa einkum að eignaskiptum en tvær íbúðir eru skráðar í húsinu.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einlyft, portbyggt, bárujárnsklætt timburhús með íbúðarrisi sem stendur þétt upp við götu. Geymslukjallari undir húsi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af mótaðri byggð í Vesturbæ Hafnarfjarðar og stendur í röð bárujárnshúsa við Krosseyrarveg. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er lítið breytt frá frystu gerð. Stórgerðar tibursvalir yfir bíslagi rýra gildi þess. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið lítur ágætlega út. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af mótaðri byggð í Vesturbæ Hafnarfjarðar og stendur í röð bárujárnshúsa við Krosseyraveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1951** Krosseyrarvegur 5 Krosseyrarvegur 5

Fyrsti eigandi: Pétur Hallberg Pétursson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Síðfúnkís

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Teikning sem sýnir breytingu frá 1982.



Krosseyrarvegur 5 - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Útitröppur | Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1971 | Bílgeymsla | Friðþjófur Sigurðsson, byggingafulltrúi |
| 1982 | Nýtt og stærra ris með kvistum. | Páll V. Bjarnason, Arkitekt |

## Saga:

Á þessum stað byggði Halldór Sigurðsson hús með bæjarlagi árið 1919. Árið 1953 var samþykkt að flytja bæjarhúsið af lóðinni (er nú Brattakinn 29) og reisa nýtt hús úr steinsteypu.
Upprunaleg teikning og brunavirðing finnst ekki í skjalasafni Hafnarfjarðar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Tvílyft, steinsteypt hús með háu íbúðarrisi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð í Vesturbæ Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er lengt og þak er hækkað og breytt í íbúðarris. Þakkantur hæfir ekki gerð hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð í Vesturbæ Hafnarfjarðar. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Jóakim Pétursson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Teikning frá 2004.



Krosseyrarvegur 5b - 27.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | | |
| Útveggir: | | Steniklæðning |
| Þakgerð: | | Mænisþak |
| Þakklæðning: | | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1994 | Þak hækkað. | Örnólfur Hall, Arkitekt |
| 2004 | Breytingar á þakrými | Örnólfur Hall, Arkitekt |

## Saga:

Á 214. fundi byggingarnefndar Hafnarfjarðar þ. 22. nóvember 1947, var Jóakim Péturssyni, Unnarstíg, heimilað að byggja íveruhús "svo sem teikning sýndi". Engin teikning er til í upplýsingaslóðinni, og enga brunavirðingu er að finna fyrir Krosseyrarveg 5b. Er því saga hússins nokkuð hljóð.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Tvílyft steinsteypt hús sem hefur verið breytt mikið frá upphaflegri gerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er hálf falið sem bakhús við Krosseyrarveg og er helst sýnilegt frá Vesturgötu. Húsið er hluti af mótaðri byggð í Vesturbæ Hafnarjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er mikið breytt frá fyrstu gerð; þak er hækkað og kvistir stækkaðir. Húsið er klætt með steniplötum og gluggagerð er breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsinu hefur fengið viðhald en notast hefur verið við byggingarefni sem hæfa ekki byggingarstíl þess. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð í Vesturbæ Hafnarfjarðar. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1922** Krosseyrarvegur 6 

Fyrsti eigandi: Teitur Þorleifsson og Magnús Helgason
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Krosseyrarvegur 6, teikning 1947



Krosseyrarvegur 6 - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Valmaþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Tvílyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1947 | Breyting | |
| 1983 | Bílgeymsla | Sigurður Þorleifsson, Tæknifræðingur |

## Saga:

Í brunavirðingu frá 1922 er húsinu lýst þannig: a) Húsið er tvílyft með risi 1,20m. Því er skipt niðri í 3 stofur og eldhús, allt klætt innan með panel og fóðrað. Uppi er húsinu skipt í 3 stofur og eldhús, allt klætt innan með panel og fóðrað, allt er húsið málað að innan notað til íbúðar. 9 gluggar á húsinu, 3 eldavélarog 4 ofnar í húsinu. Undir hálfu húsinu er 0.80m hár, steinsteyptur kjallari, notaður til geymslu.
b) Við norðurhlið hússins er skúr með vatnshalla þaki, klæddur innan með panel og málaður, notaður til inn- og uppgöngu í húsið. Stærð: L.2,65m. B. 6,30m. H. 5,60m. 2 gluggar á inngönguskúr.
c) Húsið er einlyft með risi 0.50m. Skipt í tvennt, notað til geymslu. Útveggir úr timbri járnvörðu á 3 vegu, steinsteypt á 1 veg. Stærð: L. 4,95m. B. 3,30m. H. 2m. 2 gluggar á geymslu.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er tvílyft bárujárnsklætt timburhús með lágu mænisþaki. Húsið stendur á steyptum geymslukjallara, þétt upp við götu. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af mótaðri byggð í Vesturbæ Hafnarfjarðar og stendur í röð bárujárnshúsa við Krosseyrarveg. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er lítið breytt á framhlið en hefur verið stækkað umtalsvert á bakhlið. Gámur á baklóð sem notaður er sem íbúð eða vinnustofa er ekki til prýði. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af mótaðri byggð í Vesturbæ Hafnarfjarðar og stendur í röð bárujárnshúsa við Krosseyraveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1925** Krosseyrarvegur 7 Sólvangur

Fyrsti eigandi: Hellyers bros
Hönnuður: Geir Zoega, framkvæmdarstjóri
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Krosseyrarvegur 7 um 1930



Krosseyrarvegur 7 september 2017

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Reykháfur / Útskot (karnap) | Einlyft / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1958 | Viðbygging | Hannes Kr. Davíðsson, Arkitekt |
| 1960 | Bifreiðaskýli við Krosseyrarveg nr. 7 | Reynir Emilsson |
| 1978 | Bætt við anddyri og glgga | Lúðvík Leósson |
| 1980 | Bílgeymsla | Friðþjófur Sigurðsson, byggingafulltrúi |
| 1988 | Sólstofa | Kristján Þórarinsson, Byggingafræðingur |

## Saga:

Húsið er teiknað af Geir Zoega, fyrir útgerðarfyrirtækið Hellyers bros.
Samkvæmt brunavirðingu frá 1925 er húsinu lýst þannig: Íbúðarhús með risi 1m. Skipt í 3 stofur eldhús baðherbergi, vatnssalerni, 3 anddyri og búr, þiljað panel, fóðrað og allt málað. Gólf öll Dúklögð, raflýst og miðstöðvarhitun. Stærð: L. 8,70m B. 7,50m H. 3,10m 7 gluggar á húsinu. 1930 var skúr reistur við húsið eftir teikningu Guðmundar Einarssonar húsasmiðs og 1958 er byggt við húsið eftir teikningu Hannesar Kr. Davíðssonar arkitekts. Bifreiðaskýli var reist á lóðinni árið 1960 og 1980 teiknaði Friðþjófur Sigurðsson bílgeymslu. Sólstofan var byggð 1988.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er timburhús á einni hæð, með lágu mænisþaki. Húsið er mikið breytt frá fyrstu gerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundaverk Geirs Zoega. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið sjálft sést varla frá Krosseyrarvegi en í stað þess blasir við steyptur bílskúr og bílaplan. Húsið sést betur frá Vesturgötu og útlisteinkennum svipar til Bookless bungalow. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Umfang viðbygginga er svo mikið að lítið er eftir af upprunalegu húsi. Gluggagerð er breytt. Bílskúr sem snýr samsíða götu er lýti í götumyndinni. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af mótaðri byggð í Vesturbæ Hafnarfjarðar og stendur í röð bárujárnshúsa við Krosseyraveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Steinn Einarsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Krosseyrarvegur 8 - fyrir miðju



Krosseyrarvegur 8 - 27.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Viðbygging |

| | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| | Bílskúr | Garðar Benediktsson |
| 1930 | Skúr með vatnshallaþaki: Þvottahús og geymsla. | |

## Saga:

Þann 19. júlí 1921 var Steini Einarssyni heimilt að byggja íveruhús á lóð sinni við Krosseyrarveg. Hvorki er tekið fram hvort teikning fylgdi, né hver hönnuðurinn var.
Í brunavirðing frá 1921 er húsinu lýst þannig: Húsið er einlyft með porti og risi 2,50m. Því er skipt niðri í 3 stofur og eldhús, allt klætt innan með panel.Uppi er húsinu skipt í 3 herbergi og eldhús, klætt innan með panel, allt notað til íbúðar. 10 gluggar á húsinu, 2 ofnar og 2 eldavélar í húsinu. b, Við norðurhlið hússins er skúr með vatnshalla þaki, klæddur innan með panel, notaður til inn- og uppgöngu í húsið. Stærð: L. 6,30m. B. 6,30m. H. 3,80m. 1 gluggi á inngönguskúr. Allt virt á 12.550kr.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einlyft, portbyggt, bárujárnsklætt timburhús með íbúðarrisi sem stendur þétt upp við götu. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af mótaðri byggð og stendur í hnappi bárujárnshúsa við Krosseyrarveg. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er lítið breytt frá fyrstu gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að viðhaldi á stöku byggingarhlutum. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af mótaðri byggð og stendur í hnappi bárujárnshúsa við Krosseyrarveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Ólafur Elíasson
Hönnuður: Gísli Halldórsson og Sigvaldi Thordarson.
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Krosseyrarvegur 9. teikning 1945.


Krosseyrarvegur 9 - 27.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Hraunað |
| Þakgerð: | Valmaþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Svalir / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari | Einlyft; Reykháfur; Útitröppur; Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1975 | Viðbygging og þakbreyting | Hilmar Ólafsson, Arkitekt |

## Saga:

Á 184. fundi byggingarnefndar Hafnarfjarðar var samþykkt að veita Ólafi Elíassyni leyfi til að byggja íbúðarhús samkvæmt meðfylgjandi teikningu á lóð hans við Krosseyrarveg 9. Var leyfið veitt með því tilskyldu að byggingin kæmi ekki í bága við skipulag bæjarins. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: . " a) Húsið er einlyft með valma risi 1.00m. b) Viðbygging stærð: L. 2.15m. B. 5,10m. H.2,90m. c) Útskot stærð: L. 1,25m. B. 4,25m. H. 2,90m. Skipt í 4 stofur, barnaherbergi eldhús bað og anddyri. Þiljað korki og múrhúðað allt málað og gólf dúklögð. Kjallari undir 4/5 hluta hússins skipt í 1 stofu, 2 geymslur, þvottahús, þurrkherbergi og miðstöð." Allt virt á 13.000kr.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Steinsteypt hús, hæð og kjallari. Mikið breytt frá fyrstu gerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Krosseyrarveg. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Lítið er eftir af upprunalegum útlitseinkennum. Bílageymsla með bílapani og mikil þakbreyting hafa gjörbreytt útliti hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Krosseyrarveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1922** Krosseyrarvegur 11 Garðhús

Fyrsti eigandi: Sigurjón Jónsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð


Krosseyrarvegur 11 um 1925


Krosseyrarvegur 11, ágúst 2017. Númer 14 í baksýn.

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur |
| Útveggir: | | Timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1932 | Húsið lengt, ris hækkað, kvistur. | Ásgeir G. Stefánsson, Forsmiður |
| 2010 | | Eyjólfur Valgarðsson, tæknifræðingur |

## Saga:

Krosseyrarvegur 11 stóð áður á Vatnsleysu. Var það tekið niður spýtu fyrir spýtu og timbrið sett í knippli og flutt sjóleiðina til Hafnarfjarðar og sett niður á núverandi lóð af þáverandi eiganda hússins, Sigurjóni Jónssyni. Húsið er því eldra að grunni til en brunavirðing segir til um.
Þann 24. febrúar 1921 var útgefinn lóðasamningur á Kirkjuvegi, fyrir Sigurjón Jónsson frá Vatnsleysu.
Brunavirðing bók D bls. 79. 8.nóvember 1922. Krosseyrarvegur (ótölusett). Í brunavirðingu frá 1922 er húsið ótölusett við Krosseyrarveg og því er lýst þannig: " a) Húsið er einlyft með risi 0,80m. Því er skipt í 2 herbergi og eldhús. Klætt innan með panel og herbergin með veggfóðri. 4 gluggar á húsinu 1 eldavél og 1 ofn í húsinu. Undir húsinu er 1m hár steinsteyptur kjallari notaður til geymslu. 2 gluggar á kjallara."
b, Skúr við vesturenda hússins þiljaður innan. Stærð: L. 1,60m B. 2m H. 2,40m 1 gluggi á inngönguskúr.
Árið 1932 er húsinu breytt eftir teikningu Ásgeirs G. Stefánssonar. Var það lengt, ris hækkað og kvisti komið fyrir í þaki.
Árið 2010 er samþykkt teikning af bílskúr á lóðinni. Þá er aðkeyrsla að bílskúr gerð frá Vesturgötu á bæjarlandi.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einfalt timburhús á steyptum kjallara, hæð og íbúðarris með stórum kvisti á suðurhlið. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Flutningshús. Með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð og gömlum timburhúsum við Krosseyrarveg. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er mikið breytt frá fyrstu gerð, hækkað og stækkað. Bílskúr að sunnanverðu með aðkeyrslu og bílastæði utan lóðar rýrir gildi hússins |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið telst líklega friðað vegna aldurs. Hluti af mótaðri byggð í Vesturbæ Hafnarfjarðar. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1935 Krosseyrarvegur 14

Fyrsti eigandi: Jón Sigurðsson
Hönnuður: Ásgeir Stefánsson, húsasmíðameistari
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Krosseyrarvegur 14, eftir breytingu 1942.



Krosseyrarvegur 14, ágúst 2017.

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Kjallari | Einlyft / Ris / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1942 | Líklega anddyri stækkað, og w.c. komið fyrir. | Á. Steingrímsson og Sigurður Guðmundsson. |

### Saga:

Þann 22. júlí 1935 var samþykkt beiðni Jóns Sigurðssonar um að byggja íbúðarhús úr timbri á lóð sinni Krosseyrarvegi, samkvæmt teikningu nr. 16/35-B eftir Ásgeir Stefánsson. Teikninguna er ekki að finna í teikningasafn Hafnarfjarðar.
Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: Húsið er einlyft með risi 2,80m. Því er skipt í forstofu, 2 stofur og eldhús, allt innanklætt fóðrað og málað, dúkar á gólfi. Flísar undir og umhverfis eldavél. Undir öllu húsinu er 2,50m hár kjallari, honum er skipt í geymslu og miðstöðvarrými.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Einfalt og reisulegt bárujárnsklætt timburhús; kjallari, hæð og íbúðarris. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundaverk Ásgeirs Stefánssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið stendur dálítið stakt við Krosseyrarveg en nýtur sín betur frá Vesturgötu. Háar timburgirðingar rýra gildið. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Að mestu óbreytt á götuhlið. Síðari tíma timburgirðingar falla illa að upprunalegum byggingarstíl og rýra gildi hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af mótaðri byggð í Vesturbæ Hafnarfjarðar. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Ólafur Nikulásson
Hönnuður: Emil Jónsson, verkfræðingur
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Langeyrarvegur 1, teikning frá 1975


Langeyrarvegur 1 - 27.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Plast |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Kjallari | Einlyft / Ris / Viðbygging / Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1975 | Stækkun inngönguskúrs. | Ómerkt teikning. |

## Saga:

Lóðasamningur var gerður 20. janúar 1906 fyrir Ólaf Nikulásson. Var húsið í fyrstu kennt við eiganda sinn þar til 1911 að það verður Merkurgata nr. 11 en 1918 breyttist það í Vesturbrú 13. Í fyrstu brunavirðingu sem gerð var árið 1917 er Ingibjörg Benónýsdóttir eigandi hússins en var hún ekkja Ólafs, hann drukknaði árið 1912. Í elstu brunavirðingunni er húsinu lýst þannig: Húsið er einlyft með risi 0,60. Því er skipt í 3 herbergi og eldhús, klætt innan með panel og málað. Undir húsinu er kjallari úr grjóti með 2 gluggum, notaður til geymslu. b) Inngönguskúr áfastur við húsið, með vatnshalla og 1 glugga, notaður til inngöngu í húsið.
Samkvæmt fundargerðarbók byggingafulltrúans í Hafnarfirði er húsið flutt af lóðinni, Vesturbrú 13, yfir á lóðina Vesturbrú 13b, sem nú er Langeyrarvegur 1. Var húsið óbreytt en kjallari byggður undir húsið. Engin teikning fylgdi umsókninni. Var húsið sett niður 29. ágúst 1929. Yfirsmiður, Þorbjörn Klemensson.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einlyft hús á steyptum kjallara. Alþýðuhús. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, flutningshús af Vesturbraut 23. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Í núverandi mynd hefur húsið lítið gildi fyrir umhverfi sitt. Of stórum skúr hefur verið komið fyrir á lóðinni. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið hefur verið stækkað með bíslagi. Húsið er augnstungið og utanhússklæðningar hæfa ekki gerð og aldri hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að viðhaldi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Langeyrarveg. Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Nikulás Magnússon
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Langeyrarvegur 2, teikning 1981



Langeyrarvegur 2 - 22.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1981 | Bílageymsla | ómerkt teikning |
| 1984 | Bílgeymsla, vinnustofa, sambyggt bílg. sem tilheyrði Brunnstíg 3. | Sigurður Þorvarðarson, Byggingafræðingur |

## Saga:

Saga hússins er heldur þögul. Á 72. fundi byggingarnefndar Hafnarfjarðar þ. 26 mars 1925, er samþykkt að heimila Nikulási Magnússyni íveruhúsbyggingu við Vesturbrú, samkvæmt teikningu er fylgdi. Hvorki er minnst á hönnuð né meistara. Elsta teikning af húsinu er ekki í teikningasafni Hafnarfjarðar. Brunavirðing var gerð af húsinu 3. júlí 1926. Húsið þá Vesturbrú 15b. Því er lýst sem svo: a) Íbúðarhús, einlyft með risi 2m. Skipt í 3 stofur og eldhús, þiljað panel, fóðrað og málað. Undir öllu húsinu er kjallarai notaður til geymslu. b) Anddyri með risi 0,60m. þiljað, fóðrað og málað. Eldavél og ofn í húsinu.
Bílgeymsla er reist við húsið árið 1984.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einfalt bárujárnshús á kjallara með mænisþaki. Útitröppur virka framandi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum í vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægur hluti af heild gamalla bárujárnshúsa við Langeyrarveg. Fallega gengið frá lóð og girðingu við götu en bílageymsla rýrir gildi hússins. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er líklega lítið breytt frá fyrstu gerð nema útitröppur sen eru steyptar og flísalagðar og virka framandi. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Mikilvægur hluti af heild gamalla bárujárnshúsa við Langeyrarveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti | |

## Byggingarár: 1925 Langeyrarvegur 3

Fyrsti eigandi: Sigurgeir Ólafsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Alþýðuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Teikning, 1957



Langeyrarvegur 3 - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Bárujárn | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur | Einlyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1957 | Stækkað og lengt. | Friðþjófur Sigurðsson, Byggingafulltrúi í Hafnarfirði |

### Saga:

Sigurður Ólafsson fékk samþykkta byggingarbeiðni sína fyrir íveruhúsi á Kvið Krosseyrarveg 4b, þ. 10. ágúst 1925. Hvorki byggingameistari né hönnuður nefndur en teikning eða uppdráttur sem fylgdi beiðni Sigurðar. Samkvæmt brunavirðingu frá 1925 er húsinu lýst þannig: "a) Húsið er einlyft með risi 3,25m. Því er skipt í 2 stofur, eldhús, búr og anddyri, allt klætt innan með panel og fóðrað. Húsið er raflýst, notað til íbúðar. 1 eldavél og 2 ofnar í húsinu."
Breyting samþykkt 28.maí 1957.
Húsið lengt og stækkað. Svalir af rishæð yfir útbyggingu. Húsasmíðameistari: Hilmar Þorbjörnsson. Múrarameistari Símon Sigurðsson
Síðar er gerð gluggabreyting.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Lágt | Húsið er afbakað með síðari tíma viðbótum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Langeyrarveg. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er mikð breytt frá fyrstu gerð; stækkað og hækkað. Ólögulegur hafnfirskur kvistur rýrir útlit hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Langeyrarveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Páll V. Bjarnason, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Geymsluhúsnæði

Upphafleg notkun: / Bifreiðaskúr
Núverandi notkun: / Bílskúr / íbúð



Langeyrarvegur 4, teikning 2017



Langeyrarvegur 4 - 22.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | | |
| Útveggir: | | Steniklæðning / múrhúð |
| Þakgerð: | | Mænisþak |
| Þakklæðning: | | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | | Einlyft |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 2017 | Iðnaðarhúsnæði breytt í íbúð, áfram tvöfaldur bílskúr. | Bjarni Óskar Þorsteinsson |
| 2017 | Breytt úr iðnaðarhúsnæði í íbúðarhús | Gunnar Logi Gunnarsson, Bjarni Óskar Þorsteinsson, |

## Saga:

Þessi lóð tilheyrði áður Brunnstíg 3, svo Langeyrarvegi 2 en er nú Langeyrarvegur 4. Í upphafi var þessi bygging bifreiðaskúr og iðnaðarhúsnæði en hefur verið breytt í íveruhús með bílgeymslu.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Lágt | Byggingin er skráð vörugeymsla / iðnaðarbygging en er nýtt sem tvöfaldur bílskúr og íbúð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Bílskúr. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Betur hefði farið á því að ráðstafa lóðinni undir íbúðarhús en bílageymslur. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Notkun hússins er breytt með því að koma fyrir íbúð en bílar eru þó áfram í öndvegi. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Skúrinn lítur þokkalega út þó að misræmi sé á milli helminga. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Í núverandi mynd rýrir byggingin götumyndina. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Jón Brandsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Langeyrarvegur 5 , teikning 1948



Langeyrarvegur 5 - 27.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | | |
| Útveggir: | Timbur | Múrsléttað og timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak og einhalla |
| Þakklæðning: | Timbur og pappa | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Reykháfur / Kjallari |

| | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1939 | Húsið flutt, kjallari byggður undir húsið. | |
| 1948 | Breyting | |
| 1960 | Þakbreyting. Stækkun? | Gísli Halldórsson, arkitekt |
| 1960 | Mænisþaki gamla bæjarins breytt í skúrþak | Gísli Halldórsson, arkitekt |

## Saga:

Í október 1918 fékk Jón Brandsson leyfi til að reisa sér íbúðarbæ á lóð sem varð Vesturbrú 13b. Var bærinn risinn í desember sama ár. Samkvæmt brunavirðingu frá 1918 er húsinu lýst þannig: Húsið er einlyft með risi 2m. Því er skipt í 2 herbergi og eldhús, allt klætt innan með panel og málað, notað til íbúðar. 3 gluggar á húsinu. Undir húsinu er kjallari úr grjóti, 1m á hæð og með 1 glugga, notaður til geymslu. Við norð vesturgafl hússins er skúr, ris 0.80m, klæddur innan með timbri, notaður til inngöngu í húsið. 1 eldavél og 1 ofn eru í húsinu. Allt virt á 4530 kr.
Árið 1939 fær Sigurborg Eggertsdóttir húsið flutt í línu við götu, kjallari byggður undir húsið og skúrbygging. Hermann Guðmundsson er eigandi hússins árið 1948 og fær hann samþykki fyrir breytingu samkvæmt teikningu. Bæjarlagið helst á húsinu með viðbyggingu. Árið 1960 er þaki bæjarins breytt í einhalla þak eftir teikningu Gísla Halldórssonar arkitekts. Gluggi á götuhlið er nýlegur.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Lágt | Húsið er aflagað og því hefur verið breytt á framandi hátt. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Svona verður bær að húsi. Breyting, hönnunarverk Hermanns Guðmundssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Langeyrarveg. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Ekki er ljóst hversu mikið af upprunalegu húsi lifði flutning. Síðari tíma breytingar hæfa ekki upprunalegri gerð hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Komið er að viðhaldi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Mikið breytt hús við Langeyrarveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Óskar Þorgilsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð

Hvorki ljósmynd né upphafleg teikning til.



Langeyrarvegur 7 - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, járnvarið | Timbur, járnvarið | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Útitröppur / Kjallari | | |

## Saga:

Samkvæmt Brunavirðingu 23.desember 1925 er Krosseyrarvegi 8b (Langeyrarvegur 7) lýst þannig. "A. húsið er einlyft með risi 2,3m. Því er skift í 3 stofur, eldhús og anddyri, allt klætt innan með panel og fóðrað og málað, notað til íbúðar. Undir öllu húsinu er kjallari, klæddur innan með panel, 2 stofur fóðraðar. Skift í 2 stofur eldhús, gang og geymslu, allt málað og raflýst notað til íbúðar
15.06.1931 fær Haraldur Schou samþykkt á fundi byggingarnefndar að byggja geymsluskúr á lóð sinni Krosseyrarvegi 8B, samkvæmt teikningu nr. 13/31-B, eftir Inga Kristjánsson

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft bárujárnsklætt timburhús á steyptum kjallara. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum í vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð og tilheyrir flokki bárujárnshúsa í Vesturbæ Hafnarfjarðar. Geymsluskúr sem þröngvað hefur verið á lóðina rýrir gildi hússins. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið virðist vera lítið breytt frá upprunalegu útliti. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að eðlilegu viðhaldi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af mótaðri byggð við Langeyrarveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Einar H. Nikulásson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Langeyrarvegur 8, teikning 1966



Langeyrarvegur 8, ágúst 2017

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, járnvarið | Timbur, járnvarið |
| Útveggir: | Bárujárn | Plast |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Reykháfur / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1966 | Stækkun | Þorsteinn Ingólfsson, tæknifræðingur |

## Saga:

Langeyrarvegur 8, sem áður var Booklesstígur nr. 8. var byggt af eða fyrir Einar H. Nikulásson sjómann. Í brunavirðingu frá 1927 er húsinu lýst þannig: Húsið er einlyft með risi, því er skipt í 3 stofur og eldhús, allt klætt innan með panel, stofurnar fóðraðar, allt málað, 5 gluggar á húsinu, notað til íbúðar. Undir öllu húsinu er kjallari 1,70m á hæð úr grjóti steinlímt með 2 gluggum, notaður til geymslu. Við norðurhlið hússins er skúr úr járnvörðu timbri með vatnshallaþaki, 2m á lengd, 3,15m á breidd og 2,80 á hæð, 1 gluggi, klæddur innan og málaður, notaður til inngöngu í húsið.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einfalt timburhús með mænisþaki á kjallara og útbyggingu á bakhlið. Síðari tíma breytingar rýra gildi hússins. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með eldri húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Langeyrarveg. Utanhússklæðning og timburgirðing ofan á steyptum vegg við götu hæfa húsinu illa. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er lítið breytt að framanverðu. Þegar kemur að eðlilegri endurnýjun utanhússklæðningar skal leitast við að nota bárujárn. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í ágætu ástandi en velja mætti hefðbundnari efni þegar kemur að viðhaldi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Langeyrarveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Óli H. Þórðarson, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Langeyrarvegur 9, DV, 18.08.2001.



Langeyrarvegur 9 - 27.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, járnvarið | Timbur, járnvarið |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Stölluð álklæðning |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Kvistir / Ris / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|
| 1999 | Óli H. Þórðarson, arkitekt |

## Saga:

Þessi lóð var áður í eigu D.H. Bookless síðar Þorsteins Egilssonar. Árið 1922 fékk Björn Þorsteinsson bryggjuvörður vilyrði fyrir íveruhúsbyggingu sem samkvæmt fyrstu brunavirðingu af húsinu var risið árið 1923 og var þá Krosseyrarvegur 10a. Þegar Langeyrarvegur var lagður um 1930 verður húsið að Langeyrarvegi 9.
Snemma árs 1999 verða eigendur varir við veggjatítlur í húsinu og er það dæmt ónýtt og fjarlægt. Nýtt hús er byggt á lóðinni árið 1990 skv. teikningum Óla H. Þórðarsonar arkitekts. Átti stærð og útlit eldra hússins að vera fyrirmynd að nýju húsi.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er byggt í anda gamalla bárujárnshúsa. Kvistur er fyrirferðarmikill og notast er við stallaða þakklæðningu í stað bárujárns. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Nýtt hús, íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Langeyrarveg. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er nýbygging í anda gamalla bárujárnshúsa. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Langeyrarveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1923** Langeyrarvegur 10

Fyrsti eigandi: Björn Jóhannesson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Alþýðuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Langeyrarvegur 10 fyrir breytingu 1928



Langeyrarvegur 10 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Steniklæðning |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur | Einlyft / Kvistir / Ris / Kjallari |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1928 | Skúrbygging áföst við húsið | , G.D. Vigfússon |
| 2000 | Utanhússklæðning.Gluggar færðir til fyrra horfs. | Tækniþjónusta Sigurðar Þorleifssonar ehf. |

## Saga:

Í október 1923 var samþykkt beiðni Björns Jóhannessonar innheimtumanns um byggingu íveruhúss úr steini, á baklóð hans við Vesturbrú, fylgdi því skilyrði að framhlið hússins snéri að Vesturbrú, nú Vesturbraut. Í fyrstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: Íbúðarhús, einlyft með risi 2,75m. Því er skipt í 2 stofur, eldhús, anddyri og geymsluherbergi. Útveggir húðaðir og tjargaðir. Inn á veggjum er tjörupappi á grind. Þar innan á klætt timbri. Stofurnar fóðraðar, allt málað. Uppi er óinnréttuð geymsla. Húsið er raflýst. (Enginn kjallari skráður).
Eftirtektarvert er að byggingarsamþykktin er dagsett 3. október 1923 og brunavirðing á húsinu fullbyggðu er dagsett 13. október 1923. Aðeins 10 daga hefur tekið að reisa þetta hús.
Ekki er ljóst hvenær kvistur er settur á húsið.
Árið 1928 er byggt við húsið, rými fyrir þvottahús og geymslu. Á viðbyggingunni var strompur.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Lítið og einfalt hús, hæð og íbúðarris með viðbyggingu. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, eitt af elstu steinsteyptu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Langeyrarveg. Snyrtilega gengið frá lóð og girðingu við götu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Upprunalega teikningu vantar en húsið er talsvert breytt frá fyrstu gerð með viðbyggingu og breyttu þaki. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Skv. byggingarnefndarteikningu frá 2000 er húsið plötuklætt að utan vegna þess hve illa steinsteyptir veggir voru farnir. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Langeyrarveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði að verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1955 Langeyrarvegur 11

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Guðmundur Kr. Kristinsson, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Módernismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Langeyrarvegur 11, reyndarteikning samþ. 2005



Langeyrarvegur 11 - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Kjallari | Tvílyft / Útitröppur |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1999 | Reykháfur fjarlægður | |
| 2004 | Reyndarteikning - tvær íbúðir | Hildur Bjarnadóttir, arkitekt |

### Saga:

Húsið við Langeyrarveg 11 var teiknað af Guðmundi Kr. Kristinssyni í júní 1954. Elstu teikningar af Langeyrarvegi 11 hafa glatast. Aðeins er lagnateikning eftir Þorvald Sigurðsson dagsett í júlí 1955, að finna í teikningasafni Hafnarfjarðar.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er steinsteypt, kjallari og hæð með mænisþaki. Húsið stendur vel í miklum landhalla við Langeyrarveg. Höfundarverk Guðmundar Kr. Kristinssonar akritekts. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af mótaðri byggð við Langeyrarveg stendur vel með öðrum steyptum húsum neðarlega við götuna. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið virðist lítið breytt frá fyrstu gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Góður fulltrúi steyptra húsa við Langeyrarveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1965 Langeyrarvegur 11a

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Kjartan Sveinsson, tæknifræðingur
Upphaflegur byggingarstíll: Módernismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Langeyrarvegur 11a, teikning maí 1964



Langeyrarvegur 11a - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft / Reykháfur / Svalir / Kjallari / Bílskúr | Einlyft / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | | |

### Saga:

Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni tæknifræðingi árið 1964. Það hefur lítið sem ekkert breyst frá upphafi.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Húsið er steinsteypt, kjallari og hæð með einhalla þaki. Hús stendur vel í miklum landhalla við Langeyrarveg. Gott dæmi um höfundarverk Kjartans Sveinssonar. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Höfundarverk Kjartans Sveinssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af mótaðri byggð við Langeyrarveg.Stendur vel með öðrum steyptum húsum neðarlega við götuna. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er lítið breytt frá fyrstu gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Góður fulltrúi steyptra húsa við Langeyrarveg og gott dæmi um höfundarverk Kjartans Sveinssonar. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1924 — Langeyrarvegur 12

Fyrsti eigandi: Jón Ólafsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Langeyrarvegur 12 fyrir breytingu 1977



Langeyrarvegur 12 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Sérkennileg lárétt |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Ris / Reykháfur / Svalir / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1977 | Stækkun, kvistir, gluggabreyting. | Ágúst Knútsson |

### Saga:

Ekki er ljóst hvernig byggingarárið 1959 er komið til en húsið er að grunni til byggt árið 1924 samkvæmt fundargerðabók bygginganefndar Hafnarfjarðar. Í fyrstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: a) Húsið er einlyft með porti og risi 2,50m. Niðri er því skipt í 3 herbergi og eldhús, allt klætt innan með panel og fóðrað. Uppi er því skipt í 2 herbergi og eldhús og gang, klætt innan með panel og fóðrað 1 herbergi. Undir öllu húsinu er 2,25m. hár steinsteyptur kjallari. Honum er skipt í 1 herbergi, eldhús og geymslu. Herbergi og eldhús klætt innan með timbri. Húsið er allt málað og raflýst. 12 gluggar á húsinu. Notað til íbúðar. b) Skúr við Norðurhlið hússins með vatnshalla þaki, þiljaður og málaður. Notaður til inngöngu í húsið. Stærð: L. 2,50m B.1,55m H.2,60m 1 gluggi. Undir skúrnum er 2,25m hár steinsteyptur kjallari, notaður fyrir inngang í aðalkjallarann. 1 gluggi á kjallara. Í húsinu eru 4 eldavélar og 2 ofnar.

Árið 1927 bjuggu 10 fullorðnir og 5 börn í húsinu, eða 3 fjölskyldur. Árið 2019 búa þrír í húsinu.

Árið 1977 er byggt við húsið og kvistum komið fyrir á þaki.

Byggingarár í Fasteignaskrá er 1959, ekki er vitað hvernig stendur á því.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einfalt timburhús sem hefur verið breytt á framandi hátt. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Langeyrarveg. Með hefðbundnari klæðningu s.s. bárujárni myndi húsið falla betur að umhverfi sínu. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er mjög mikið breytt frá fyrstu gerð. Viðbygging er fyrirferðarmikil. Klæðning hússins, gluggahlerar og skrautlistar gera að verkum að húsið verður framandi í umhverfi sínu. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið og garður er í góðri rækt. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Mikið breytt húsið er hluti af mótaðri byggð við Langeyrarveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Illugi Guðmundsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Annað

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Langeyrarvegur 13, teikning 1971



Langeyrarvegur 13 - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Reykháfur / Útitröppur / Útskot (karnap) / Kjallari | Einlyft / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1977 | Innanhússbreytingar | Sigurður Guðmundsson, tæknifræðingur |

## Saga:

Á 206. fundi byggingarnefndar Hafnarfjarðar þ. 1. mars 1947 var samþykkt að heimila Illuga Guðmundssyni byggingu íbúðarhúss við Langeyrarveg.
Í október sama ár, sendi Illugi Guðmundsson bæjarráði bréf þess eðlis að ill framkvæmdarlegt sé að vinna við húsið sökum vegleysu, og fer hann þess á leit við bæjarráð að það leitist til um að lagður verði vegur meðfram húsi hans. Einnig spyr hann hvar honum leyfist að taka vatn þar sem ekkert vatn er svo utarlega í Langeyrarvegi.
Enga brunavirðingu er að finna af húsinu.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Steinsteypt hús, hæð og kjallari sem stendur fallega í miklum landhalla við götu. Góður fulltrúi síns tíma. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af mótaðri byggð við Langeyrarveg stendur vel með öðrum steyptum húsum neðarlega við götuna. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið virðist lítið breytt frá fyrstu gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Góður fulltrúi steyptra húsa við Langeyrarveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1928** Langeyrarvegur 14

Fyrsti eigandi: Þorsteinn Sæmundsson
Hönnuður: Guðmundur Einarsson, smiður
Upphaflegur byggingarstíll: Alþýðuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð





Langeyrarvegur 14 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur | Einlyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Svalir / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1945 | Húsið hækkað og stækkað. | |
| 1957 | Hafnfirskir kvistir. | Sigurbjartur Vilhjálmsson, smiður |
| 1976 | Heimilaður kvistur, stigahús og svalir. | Jóhann Gunnar Bergþórsson, verkfræðingur |

## Saga:

Á fundi byggingarnefndar Hafnarfjarðar þ. 7. júlí 1928 var samþykkt beiðni Þorsteins Sæmundssonar um byggingu íbúðarhúss á lóð hans að Krosseyrarvegi 14c, samkvæmt teikningu eftir Guðmund Einarsson. Yfirsmiður var Guðjón Jónsson.
Samkvæmt Brunavirðingu 6.október 1928 var Krosseyrarvegi 14c þannig: a) Íbúðarhús einlyft með vatnshalla þaki. Skipt í 2 stofur eldhús gang og geymslu. Íbúðin þiljuð, fóðruð og máluð. Gólf dúklögð. b) Geymsluskúr áfastur með vatnshalla þaki.
Þorsteinn Sæmundsson fékk samþykkt að byggja íbúðarhús á lóð sinni, Krosseyrarveg 14c þ. 2. ágúst 1928, teikning eftir Guðmundu Einarsson nr. 24/28/B Undirstöðum var skipt á tvo vegu 16" þykkar. Enginn vanur múrari að verkinu en þeir sem unnu við það voru: Símon Kristjánsson lóðs, Steingrímur Jónsson Guðmundur Hafliðason og Þorsteinn Sæmundsson. Mótunum sló upp Sigurður Þorláksson og Ingvar Björnsson, undir umsjón Guðjóns Jónssonar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er steinsteypt; kjallari hæð og íbúðarris. Húsið er mikið margbreytt alþýðuhús. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Höfundaverk Guðmundar Einarssonar. Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Langeyrarveg. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er mikið breytt frá fyrstu gerð, hækkað og stækkað. Gluggagerð er breytt og stór hafnfirskur kvistur beint upp af útvegg rýrir útlitið. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Langeyrarveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti | |

## Byggingarár: 1954 Langeyrarvegur 15

Fyrsti eigandi: Magnús Magnússon
Hönnuður: Vigfús Sigurðsson
Upphaflegur byggingarstíll: Annað

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Langeyrarvegur, raflagnateikning frá 1954



Langeyrarvegur 15 - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | | |
| Útveggir: | Skeljasandur | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | | Einlyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Svalir / Útitröppur / Kjallari |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| | Ný bílgeymsla | Björn Gústafsson, verkfræðingur |
| 1991 | Svalir á suðausturhlið | Björn Gústafsson, verkfræðingur |

### Saga:

Á fundi byggingarnefndar Hafnarfjarðar þ.22. maí 1954 er samþykkt að heimila Magnúsi Magnússyni byggingu íbúðarhúss við Langeyrarveg 15 samkvæmt teikningu Vigfúsar Sigurðssonar. Hefur sú teikning glatast. Enga brunavirðingu er að finna af húsinu.
Svo virðist sem húsið hafi lítið sem ekkert breyst en samkvæmt teikningu frá 1983 er byggð ný bílgeymsla á lóðinni. 1991 eru byggðar svalir á suðausturhlið hússins.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er steinsteypt; kjallari, hæð og íbúðarris. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af fjölbreyttri byggð við Langeyrarveg. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið sjálft er ekki mikið breytt frá fyrstu gerð en timbursvalir og tröppur rýra gildi þess. Bílskúr er seinni tíma viðbót. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri og fjöbreyttri byggð við Langeyrarveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1902** Langeyrarvegur 16

Fyrsti eigandi: Halldór Halldórsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Langeyrarvegur 16 fyrir breytingu 1954



Langeyrarvegur 16 -.22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, járnvarið | Timbur, járnvarið |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1954 | Breyting á húsi Bjarna Rögnvaldssonar. | Sigmar Guðmundsson |
| 1998 | Stigahúsbygging endurbyggð með risþaki og stækkað | Grétar Markússon / Stefán Örn Stefánsson, arkitektar |

## Saga:

Þetta hús stóð áður á Reykjavíkurvegi 13. varð seinna 15. Þegar Reykjavíkurvegur var breikkaður voru nokkur hús fjarlægð, þar á meðal þetta hús. Um 1900 var það efsta húsið við veginn og var þá kallað "efsta kotið".
Í lýsingu á lóðinni samkvæmt lóðamati sem útgefið var 15. október 1905 er minnst á húsið sem er 10 álnir á lengd og 8 álnir á breidd. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: Húsið er einlyft, með porti og risi 2,6m. Húsinu er skipt niðri í 2 stofur, eldhús og búr, allt klætt panel, málað. Uppi er húsinu skipt í 1 herbergi og framloft, allt klætt, málað. Við norðurhlið hússins er inngönguskúr með vatnshalla þaki, klæddur panel, málað. Stærð: L.1,50m B. 1,45m H. 2,20m" undir öllu húsinu var 1 metra hár kjallari úr steinlímdu hraungrjóti, en nú er það á steinsteyptum kjallara.
Árið 1954 eru gerðar breytingar á húsinu og 1998 er stigahús endurbyggtt með risþaki og stækkað.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Húsið er einfalt bárujárnsklætt timburhús; hár kjallari, hæð og ris. Húsið er lítið breytt á framhlið. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, flutningshús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Þó svo að húsið hafi upphaflega verið byggt á öðrum stað, sómir það sér vel í götunni og er hluti af mótaðri byggð við Langeyrarveg. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er lítið breytt að framanverðu og síðari breytingar takmarkaðar við þann hluta sem snýr frá götu. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Einfalt og fallegt bárujárnshús sem sómir sér vel í götunni, friðað á grundvelli alldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1918 — Langeyrarvegur 16A — Aldan

Fyrsti eigandi: Sigfús Bergmann
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Langeyrarvegur 16A



Langeyrarvegur 16a, ágúst 2017.

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, járnvarið | Timbur, járnvarið |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Ris / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1999 | Húsið flutt á núverandi lóð. | Teiknistofan Hálaleiti, Háaleitisbraut 125. |

### Saga:

Langeyrarvegur 16a stóð áður á Vesturgötu 20 og best þekkt sem "Aldan". Elsta brunavirðing af húsinu er gerð árið 1918 og var því lýst þannig: "Húsið er einlyft með porti og risi 1,90m. Niðri er því skipt í 2 stofur og anddyri, klætt innan með panel, stofurnar eru fóðraðar, allt málað. Uppi skipt í herbergi og eldhús, klætt innan með panel og málað. Notað til íbúðar. Undir öllu húsinu er 2,40m hár kjallari með 2 gluggum, sementshúðaður að innan, bæði á veggjum og lofti, innréttaður sem verslunarbúð.1 eldavél og 2 ofnar. Allt virt á 11.200kr.
Húsið var auglýst til flutnings af Vesturgötunni árið 1960.
Húsið var klætt plastpanel sem var fjarlægður eftir flutning og húsið klætt bárustáli og málað í ljósgráum lit. Hurðir og gluggar málað hvítt.

Ekki hafa fundist heimildir sem styðja byggingarárið 1940.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Húsið er einfalt bárujárnsklætt timburhús; kjallari, hæð og lágt ris. Það er að mestu leyti óbreytt að framan. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, flutningshús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Þó svo að húsið hafi upphaflega verið byggt á öðrum stað, sómir það sér vel í götunni og er hluti af mótaðri byggð við Langeyrarveg. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er lítið breytt að framanverðu og síðari breytingar takmarkaðar við þann hluta sem snýr frá götu. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Einfalt og fallegt bárujárnshús sem sómir sér vel við Langeyrarveg. Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

## Byggingarár: 1950 Langeyrarvegur 18

Fyrsti eigandi: Róbert Bjarnason
Hönnuður: Sigurður Guðmundsson
Upphaflegur byggingarstíll: Annað

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Langeyrarvegur 18, teikning 1947



Langeyrarvegur 18 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Steining, kvarts og tinna | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| | Bílskúr | Stefán Sigurbentsson, smiður |
| 1949 | breytingar á húsi samkvæmt meðfylgjandi teikningu. | |
| 1976 | Hafnfirskur kvistur á bakhlið, breyttir gluggapóstar | Friðþjófur Sigurðsson |

### Saga:

Á 212. fundi bygginganefndar Hafnarfjarðar þ. 9. september 1947 var Róberti Bjarnasyni heimilað að byggja íbúðarhús við Langeyrarveg, svo sem teikning gerði ráð fyrir. Engin brunavirðing er til af húsinu. Húsið er nánast óbreytt.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einfalt steinsteypt hús; kjallari hæð og íbúðarris. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Höfundarverk Sigurðar Guðmundssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af mótaðri byggð við Langeyrarveg. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Lítið breytt frá upphaflegri gerð. Hafnfirskur kvistur á bakhlið. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Einfalt hús sem stendur vel með aðliggjandi húsum er hluti af mótaðri byggð við Langeyrarveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1958 Langeyrarvegur 20

Fyrsti eigandi: Sverrir Valdimarsson
Hönnuður: Aðalsteinn Richter
Upphaflegur byggingarstíll: Módernismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Langeyrarvegur 20. teikning 1956



Langeyrarvegur 20 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Hraunað |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Tvílyft / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1988 | Sótt um lóðastækkun og bílskúrsbyggingu. | Teiknistofan Suðurgötu 14, Arkitekt |
| 1988 | Húsinu breytt í 3 íbúðir | Páll V. Bjarnason, Arkitekt |

### Saga:

Engin brunavirðing er til af húsinu. Samkvæmt teikningu frá 1956 er húsið einbýli með 5 herbergi, baðherbergi og stigagangi á 2. hæð. Á 1. hæð, eldhús,stofu, borðstofu, herbergi og w.c. Í kjallara geymsluherbergi, miðstöðvar- og þvottaherbergi.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er steinsteypt, kjallari og tvær hæðir með einhalla þaki. Reisulegt hús og ágætis dæmi um ríkjandi byggingarstíl í kringum 1960. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Höfundarverk Aðalsteins Richter arkitekts. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Stendur vel í hnappi áþekkra húsa við Hraunbrún og Flókagötu |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Svipmiklar svalir sem sýndar eru á upprunalegum teikningum voru aldrei byggðar. Yngri breytingarteikningum var heldur ekki fylgt en íbúðum í húsinu var fjölgað. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að utanhússviðhaldi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Reisulegt hús og ágætis dæmi um ríkjandi byggingarstíl í kringum 1960. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1917 Brunnstígur 1

Fyrsti eigandi: Símon Kristjánsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Fyrir breytingu 1926



Brunnstígur 1 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1926 | Stækkað, þak hækkað | Sigurður Flygenring |

### Saga:

Á byggingarnefndarfundi 4.júní 1917 lagði Símon Kristjánsson fram umsókn um byggingarleyfi á nýútmældri lóð sinni við Vesturbrú. Efniviðinn í húsið hafði hann fengið úr húsi er hann hafði rifið og flutt af Álftanesi. Í fyrstu var húsið nr.17b við Vesturbrú en árið 1932 er það orðið Brunnstígur 1. Brunavirðing nr. 3062, 18.ágúst 1917. Ótölusett við Vesturbrú. Núv. eig: Símon Kristjánsson / ekki selt. Húsið er einlyft með risi 1,35m. Því er skipt í 2 stofur og eldhús, stofurnar fóðraðar, allt málað. Notað til íbúðar. Undir öllu húsinu er kjallari úr grjóti, 1,50m á hæð, 1 gluggi, notaður til geymslu. Inngönguskúr 1,60 x 1,60m, 2,35 á hæð, er áfastur við húsið, fóðraður og málaður. 1 eldavél og 1 ofn í húsinu.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Húsið er kjallari hæð og ris og er fallegur fulltrúi lítilla bárujárnshúsa í Vesturbæ Hafnarfjarðar. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum vesturbæjarins. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Einfalt og fallegt timburhús sem sómir sér vel í hnappi áþekkra húsa við Brunnstíg, Vesturbraut og Norðurbraut. Brunnstígur er verndaður með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er nokkuð breytt frá fyrstu gerð, þak hækkað og bíslag stækkað en breytingar eru gerðar á forsendum upprunalegs byggingarstíls og hæfa húsinu vel. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. Frágangur lóðar og girðinga við götu er góður. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Fallegur fulltrúi lítilla bárujárnshúsa í Vesturbæ Hafnarfjarðar. Húsið er byggt árið 1917 og er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

# Byggingarár: 1929 Brunnstígur 2

Fyrsti eigandi: Júlíus Þorkelsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Brunnstígur 2 fyrir breytingu.



Brunnstígur 2 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr | |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1942 | Kvistir | Gestur M. Gamalíelsson |
| 1992 | Byggt við húsið, kjallari og hæð með einhalla þaki. | Leifur Stefánsson / Jón E. Guðmundsson, |
| 2004 | Lóð og skjólveggir. Bílastæði. | Ásmundur Sigvaldason |

## Saga:

Þ. 22. febrúar 1916 fékk Jóhannes „keyrari" þessa lóð útmælda fyrstur manna. Sama ár samkvæmt brunavirðingu, þ. 4 desember er risið lítið hús á lóðinni 5,10 x 4,15m með fjórum gluggum og inngönguskúr með vatnshalla þaki á suðurgafli. Kjallarinn var úr steinlímdu grjóti, notaður til geymslu. Þetta hús og lóðina eignaðist Júlíus Eyþórsson árið 1926. Lóðin var stór, henni var skipt í tvennt og á hinum helmingnum stendur Brunnstígur 4.
Júlíus fékk leyfi til að stækka og breyta húsi sínu árið 1931 eftir teikningu Árna Sigurjónssonar.
Í brunavirðingu frá 1932, er húsinu lýst þannig: Húsið er einlyft með risi 3,76m, því er skipt í 3 stofur eldhús og anddyri, (ekki er gefin upp gluggafjöldi). Undir öllu húsinu er 2,10m kjallari úr steinsteypu, honum er skipt í 2 geymslur, miðstöð og þvottahús. Ein miðstöð og tvær eldavélar eru í húsinu.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Húsið er einfalt bárujárnsklætt timburhús, kjallari, hæð og íbúðarris, nokkuð breytt frá fyrstu gerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum vesturbæjarins. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er hluti af heild bárujárnshúsa við Brunnstíg, Norðurbraut og Vesturbraut. Brunnstígur er verndaður með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Enginn gróður er eftir á lóðinni. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsinu hefur verið breytt talsvert frá upphaflegri gerð; stækkað og kvistir gerðir á ak. Skyggni við inngang er óhefðbundið. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel viðhaldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af heild bárujárnshúsa við Brunnstíg, Norðurbraut og Vesturbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1922** Brunnstígur 3

Fyrsti eigandi: Þorsteinn Jónsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Alþýðuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Brunnstígur 3, teikning 1968


Brunnstígur 3 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Hlaðið, holsteinn | Hlaðið, holsteinn |
| Útveggir: | Múrsléttað | Steniklæðning |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur | Tvílyft / Reykháfur / Útitröppur |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1968 | Ris hækkað, viðbygging. | Þorsteinn Ingólfsson, Arkitekt |
| 1984 | Hús stækkað, hækkað og steniklætt. Augnstunga og þakbreyting. | Sigurður Þorvarðarson, Byggingafræðingur |

## Saga:

Í Brunavirðingu sem gerð var 15.október 1923 er húsinu lýst á eftirfarandi hátt: a) húsið er einlyft með 2ja m. risi. Því er skipt í 3 herbergi, eldhús og anddyri, sumpart klætt innan með timbri og veggfóðrað, sumpart slétthúðaður steinn. Raflýst, notað til íbúðar. Útveggir úr holsteini. Þakið úr timbri, járnvarið. 6 glugggar á húsinu. 1. eldavél og 1 ofn. Allt virt á 5380 kr.

Byggingarár er skráð 1910 hjá Þjóðskrá en rétt byggingarár telst vera1922.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Lágt | Margbreytt alþýðuhús, tvílyft með lágu mænisþaki. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Síðari tíma breytingar rýra gildi hússins. Brunnstígur er verndaður með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er það mikið breytt frá fyrstu gerð að ekkert sést af upprunalegu húsi hvorki hvað form né byggingarstíl varðar. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsinu er ágætlega við haldið en upprunaleg útlitseinkenni eru horfin. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Margbreytt alþýðuhús. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

## Byggingarár: 1926 Brunnstígur 4

Fyrsti eigandi: Finnbogi Hallsson
Hönnuður: Sigurður Flygenring, verkfræðingur
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Götuhlið, teikning 1926


Brunnstígur 4 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Kjallari | Tvílyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Ris / Svalir / Útitröppur / Kjallari / Tvílyft / Ris / Kjallari / Verönd / Svalir / Útitröppur / Kvistir / |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1997 | Anddyri, kvistur, svalir. Glugga- og innanhússbreytingar. | Óskar Ásgeirsson, Verkfræðingur |

### Saga:

Lóðin sem Brunnstígur 4 stendur á var í upphafi sama lóð og Brunnstígur 2 en henni var skipt í tvennt árið 1926. sama ár og húsið við Brunnstíg 4 var reist af eða fyrir Finnboga Hallsson. Leyfi hans fyrir íveruhúsbyggingu var samþykkt þ. 26. mars 1926. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: Húsið er einlyft með risi 3m. Því er skipt í 2 stofur, eldhús og anddyri, allt klætt að innan með panel og fóðrað, málað og raflýst, notað til íbúðar. 7 gluggar eru á húsinu. Undir öllu húsinu er kjallari, 2ja m. hár úr steinsteypu, notaður til geymslu. 3 gluggar eru á kjallara.
Í þessu húsi sleit Ágúst Guðmundur Sigurðsson, stofnandi Stálskipa, barnskónum.

Árið 1995 eru samþykktar sérkennilegar breytingar á húsinu sem ekki voru framkvæmdar. Húsið var stækkað árið 1997 skv. teikningum Óskars Ásgeirssonar verkfræðings.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Húsið er einfalt bárujárnshús; kjallari hæð og ris. Það hefur fengið faglegt viðhald og endurgerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús á steyptum kjallara. Ágúst G. Sigurðsson stofnandi Stálskipa, ólst upp í húsinu. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af heild bárujárnshúsa við Brunnstíg, Norðurbraut og Vesturbraut. Brunnstígur er verndaður með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsinu hefur verið breytt frá upphaflegri gerð; stækkað og kvistir gerðir á þak. Breytingar samræmast upprunalegum byggingarstíl ágætlega. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af heild bárujárnshúsa við Brunnstíg, Norðurbraut og Vesturbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1922** Brunnstígur 5

Fyrsti eigandi: Þorsteinn Jónsson
Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð

Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Alþýðuhús



Götuhlið, teikning 1966.



Brunnstígur 5 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Hlaðið, holsteinn | Hlaðið, holsteinn |
| Útveggir: | | Bárujárn |
| Þakgerð: | Valmaþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1953 | Stækkun, þakbreyting, úr valmaþaki í mænisþak | Friðþjófur Sigurðsson, Byggingaverkfræðingur |
| 1966 | Stækkun, húsið lengt. | Bjarni Kristmundsson, Verkfræðingur |
| 1984 | Þakformi hússins breytt. Hafnfirskir kvistir. | Páll V. Bjarnason, Arkitekt |

## Saga:

Í brunavirðngu frá 1923, er húsinu lýst þannig: Húsið er einlyft með risi 2,55m. Því er skipt í 3 stofur, eldhús, allt klætt innan með panel, 2 stofurnar fóðraðar, allt málað og notað til íbúðar. Undir öllu húsinu er steinsteyptur 1,50m. hár kjallari með 3 gluggum, notaður til geymslu.9 gluggar á húsinu. b) Við norðurhlið hússins er skúr með vatnshallaþaki og 1glugga, klæddur innan með panel, notaður til inngöngu í húsið. Stærð: L. 2,10m. B. 2,40m. H. 3,60m. 1 eldavél. Allt virt á 7300 kr.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Lágt | Húsið er magbreytt alþýðuhús, geymslukjallari, hæð og ris með hafnfirskum kvisti. Húsið er hlaðið en er nú að mestu klætt bárujárni. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Margbreytt hús. Brunnstígur er verndaður með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er mikið breytt frá fyrstu gerð. Viðbygging fellur illa að upprunalegu húsi. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að viðhaldi. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Margbreytt alþýðuhús. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

## Byggingarár: 1920 Brunnstígur 6

Fyrsti eigandi: Guðmundur Knútsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Brunnstígur 6, teikning 1974



Brunnstígur 6 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Ris / Reykháfur / Svalir / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1974 | Bíslagi breytt | Jóhann Gunnar Bergþórsson, verkfræðingur |
| 1986 | Viðbygging, nýtt ris og kvistir. | Páll V. Bjarnason, arkitekt |
| 2005 | Nýtt skyggni, verönd. | Páll V. Bjarnason, Arkitekt |

### Saga:

Guðmundur Knútsson lét byggja Brunnstíg 6 árið 1920. Í Brunavirðingu frá 25. október 1921 er húsinu lýst þannig: Húsið er einlyft með risi. Því er skipt í 2 stofur og eldhús, allt klætt innan með panel og fóðrað og málað. Allt notað til íbúðar. Undir húsinu er kjallari úr steinsteypu 1,80m á hæð, notaður til geymslu.
Við norðurhlið hússins er skúr 1,80m á hæð, með vatnshalla þaki og 1 glugga, notaður til inngöngu í húsið. Skúrinn er klæddur innan með panel og málað. Stærð: L.2m B.1,90m H.2m 1 gluggi. 1 eldavél og 1 ofn. Allt virt á 11.550kr.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er bárujárnsklætt timburhús, kjallari hæð og íbúðarris. Húsið hefur verið stækkað mikið á undanförum árum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum vesturbæjarins. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af heild bárujárnshúsa við Brunnstíg, Norðurbraut og Vesturbraut. Brunnstígur er verndaður með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er mikið breytt frá fyrstu gerð, hækkað og stækkað. Breytingarnar eru í anda bárujárnshúsa en svalir á bíslagi með timburverki rýra gildið nokkuð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af heild bárujárnshúsa við Brunnstíg, Norðurbraut og Vesturbraut og er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1926** Brunnstígur 7

Fyrsti eigandi: Sigurlaug Jónsdóttir
Hönnuður: Ásgeir G. Stefánsson
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Brunnstígur 7 fyrir breytingu 1948



Brunnstígur 7 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | timbur | timbur |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Portbyggt / Ris / Svalir / Kjallari |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1950 | Stækkun | Stefán Sigurbentsson, húsasmiður |
| 2005 | Húsið stækkað. Þak hækkað og byggðir kvistir. Gólf kjallara lækkað? | Páll V. Bjarnason, arkitekt |

## Saga:

Fyrsti lóðasamningur var gerður 12.febrúar 1926 fyrir Sigurlaugu Jónsdóttur. Í viðtal við Gíslínu Sveinbjörgu Gísladóttur í Fjarðarpóstinun 22.03.1991 segir hún frá fyrri eigendum hússins Sigurlaugu Jónsdóttur og Jóni Björnssyni.
Brunnstígur 9 er fyrst til í manntalsbókum árið 1926. Númerabreyting verður árið 1932 og verður þá nr. 7.
Brunavirðing 16.október 1926, Brunnstígur 9, núverandi eigandi Sigurlaug Jónsdóttir.
Íbúðarhús einyft með risi 1,85m. Skipt í 1 stofu, anddyri og eldhús, þyljað panel fóðrað, málað og raflýst.. 5 gluggar. 1. ofn, 1 eldavél. Undir öllu húsinu er kjallari úr steinsteypu, 1,50m á hæð, með 1 glugga, notaður til geymslu.

Gíslína Sveinbjörg og Jón Björnsson eignast húsið um 1945 og láta stækka það árið1950.

Árið 2005 er húsið aftur stækkað mikið skv. teikningum Páls V. Bjarnasonar arkitekts.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Bárujárnsklætt timburhús; hæð, kjallari og íbúðarris. Það hefur verið stækkað mikið og byggt við það í anda gamalla bárujárnshúsa. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús, með elstu húsum vesturbæjarins. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur hátt í landinu og er vel sýnilegt frá Krosseyrarvegi. Það er hluti af heild bárujárnshúsa við Brunnstíg sem er hverfisverndaður í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er mikið breytt frá fyrstu gerð en breytingar hafa verið á forsendum upprunarlegs byggingarstíls. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af heild bárujárnshúsa við Brunnstíg, Norðurbraut og Vesturbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

## **Byggingarár: 1926** Brunnstígur 8

Fyrsti eigandi: Þorleifur Klaus Guðmundundsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Brunnstígur 8 fyrir breytingu 1968


Brunnstígur 8 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Trapizuklæðning |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Kjallari | Einlyft / Portbyggt / Ris / Útitröppur / Kjallari / Útitröppur / Einlyft / Ris / Kjallari / Timburverönd / Portbyggt |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1968 | Byggt við húsið á norðurhlið. | Þorsteinn Ingólfsson |

### Saga:

Í brunavirðingu frá 1926, er húsinu lýst þannig: Húsið er einlyft með porti og risi 3,15m. Því er skift niðri í 2 stofur, eldhús og anddyri, allt klætt innan með panel og fóðrað. Uppi er húsinu skift í 3 herbergi og eldhús allt klætt innan með panel og fóðrað. Málað og raflýst notað til íbúðar. 10 gluggar á húsinu. Undir 1/2 húsinu er kjallari notaður til geymslu. 2 eldavélar, 3 ofnar í húsinu.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einfalt og formfallegt timburhús. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum vesturbæjarins. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af heild bárujárnshúsa við Brunnstíg, Norðurbraut og Vesturbraut. Brunnstígur er verndaður með hverfisvernd í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er lítið breytt frá fyrstu gerð. Æskilegt væri að klæða það með bárujárni þegar kemur að endurnýjun utanhússklæðningar. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af heild bárujárnshúsa við Brunnstíg, Norðurbraut og Vesturbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Sigurður Þorláksson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Alþýðuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Skerseyrarvegur 1-1A, teikning 2003



Skerseyrarvegur 1 - 22.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Ris / Reykháfur / Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1944 | Kvistur. Byggingameistari: Steingrímur Bjarnason | |

## Saga:

Sigurður Þorláksson byggði Skerseyrarveg 1. Því lýsir hann í bók sinni Gamlar minningar. Efnið í húsið keyrði hann á handvagni sunnan úr Dverg. Ætlaði Sigurður að byggja í félagi við kunningja sinn Erlind, en það gekk ekki eftir. Var Sigurður oftast einn við byggingu hússins sem fjölskyldan flutti í um haustið 1926. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: Íbúðarhús með risi 3,3m. Niðri skipt í 3 stofur, eldhús og andyri. Uppi skipt í 2 herbergi eldhús og geymsluklefa. Allt innan þyljað, fóðrað og málað. Raflýst. 9 gluggar á húsinu, 2 eldavélar og 3 ofnar í húsinu. Allt virt á 10.500kr.
Engar teikningar fyrirfinnast í upplýsingaslóð, teikningasafni Hafnarfjarðar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft bárujárnshús og er sambyggt Skerseyrarvegi 1a. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Skerseyrarveg. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Hlutföll hússins hafa breyst með hafnfirskum kvistum og byggingu anddyris á framhlið. Viðhald og efnisval hefur verið í samræmi við upprunalegt útlit. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið virðist vera í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Skerseyrarveg og jafnframt elsta húsið við götuna. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Sigurður Þorláksson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Alþýðuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Skerseyrarvegur 1-1a, teikning 2003



Skerseyrarvegur 1a - 22.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft; Ris; Reykháfur; Kjallari | Einlyft; Kvistir; Ris |

**Helstu breytingar:**

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga:

Þegar Sigurður byggði eldra húsið, Skerseyrarveg 1. Voru áform um að byggja í félagi við kunningja hans sem gekk ekki eftir. Sigurður fékk samþykkt „byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi áföstu við íbúðarhús hans við Skerseyrarveg“ Í samþykktinni eru eldra húsið númer 13. Óvíst er hvernig það er komið til. Sigurður naut aðstoðar sona sinna við bygginguna.
Brunavirðing bók K. bls. 25. áhættunr. 7907. Skerseyrarvegur. Eigandi Sigurður Þorláksson. " Húsið einlyft með risi 3,30m. Niðri er húsinu skipt í 4 stofur eldhús og gang. Uppi 1 herbergi og geymsla. Undir öllu húsinu er 2,25m hár kjallari skipt í þrennt, notað til geymslu.
Engar breytingar eru skráðar í upplýsingaslóð.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft steinsteypuhús og er sambyggt Skerseyrarvegi 1a. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Hluti gróinnar byggðar og ágætt dæmi um íbúðarhús sem stækkar í takt við það sem fyrir er. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Skerseyrarveg. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Hlutföll hússins hafa lítið breyst frá fyrstu gerð. Bætt hefur verið við hafnfirskum kvistum. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið virðist vera í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Skerseyrarveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Eiríkur Magnússon
Hönnuður: Emil Jónsson, verkfræðingur
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð

Ekkert gamalt myndefni aðgengilegt



Skerseyrarvegur 2 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | | |

## Saga:

Í brunavirðingur dagsettri 26. september 1929 er húsinu lýst þannig: Húsið er einlyft með risi 3m. Því er skipt í forstofur, 2 stofur og eldhús, allt klætt innan með timbri, veggfóðrað og málað. Uppi er húsinu skipt í 2 herbergi, gang og skápa. Allt klætt innan með timbri, veggfóðrað og málað. 8 gluggar á húsinu 2 eldavélar og 1 ofn..
Undir öllu húsinu er steinsteyptur 2,10m hár kjallari, honum er skipt í tvennt, þvottahús og geymslu. 4 gluggar á kjallara.
Allt húsið er raflýst og notað til íbúðar. Virðing: 9.400kr.
Engar teikningar né upplýsingar um breytingar eru að finna.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Einfalt bárujárnsklætt timburhús; kjallari, hæð og ris. |
| Menningarsögulegt gildi: | | Íbúðarhús, með eldri húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Einfalt og reisulegt bárujárnshús í alþýðustíl. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Lítið er vitað um breytingar, þó er ljóst að útitröppur eru breyttar sem og frágngur sökkuls. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af heild bárujárnshúsa við Brunnstíg, Langeyrarveg og Skerseyrarveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1931 Skerseyrarvegur 3 Skerseyrarvegur 3

Fyrsti eigandi: Óskar Guðmundsson
Hönnuður: Kristinn Guðjónssonar, húsasmiður
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Skerseyrarvegur 3, teikning 1997



Skerseyrarvegur 3, ágúst 2017.

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Ris / Reykháfur / Svalir / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1991 | Anddyri og kvistir | Nikulás Úlfar Másson, Arkitekt |
| 2013 | Sólpallur, svalahurð og skjólveggur | Kári Eiríksson, Arkitekt |

### Saga:

Óskar Guðmundsson fær samþykkt að byggja sér íbúðarhús, á fundi byggingarnefndar þ. 15.júní 1931, samkvæmt teikningu eftir Kristinn Guðjónsson. Voru skilyrði að húsið yrði að vera „krossreyst". Yfirsmiður var Þorbjörn Klemensson.
Brunavirðing var gerð 15. október 1931 og húsinu er lýst þannig: „Húsið er einlyft með risi 3,50m. Því er skipt í 3 stofur eldhús og anddyri allt innanklætt með timbri, fóðrað og málað, raflýst, notað til íbúðar. 9 gluggar á húsinu, miðstöðvareldavél og 1 eldavél í húsinu. Undir öllu húsinu er 2,2m hár steinsteyptur kjallari, honum er skipt í 2 geymslur".
1991 er byggt anddyri og kvistur á þak. Árið 2013 er komið fyrir sólpalli, skjólvegg og svalahurð út á pallinn.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Húsið er einlyft bárujárnshús sem hefur verið endurgert á faglegan hátt. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundaverk Kristins Guðjónssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Skerseyrarveg og fellur vel að umhverfi sínu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Hlutföll hússins hafa lítið breyst frá upprunalegu horfi, bætt hefur verið við kvistum og anddyrisbyggingu á austurhlið. Viðhald og efnisval hefur verið á forsendum upprunalegs útlits. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Skerseyrarveg. Húsið er endurgert á faglegan hátt. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Jón Gíslason
Hönnuður: Friðþjófur Sigurðsson, verkfræðingur
Upphaflegur byggingarstíll: Annað

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Skerseyrarvegur 3b, teikning 1993.



Skerseyrarvegur 3b - 22.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Svalir | Einlyft / Glerskáli/Sólstofa / Reykháfur / Útitröppur |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1993 | Sólstofa við suðvesturhlið | Sigurður Þorvarðarson, byggingafræðingur |
| 2002 | Bílskúr samþykktur, einungis grunnur steyptur. | Ingi Gunnar Þórðarson, byggingafræðingur |

## Saga:

Húsið teiknaði Friðþjófur Sigurðsson bæjarverkfræðingur og byggingarfulltrúi árið 1955.
Árið 2002 er samþykkt bílgeymsla eftir teikningu Inga Gunnar Þórðarsonar byggingarfræðings.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einfalt steinsteypt hús. Upprunaleg stíleinkenni hafa dofnað með tilkomu þakkannts og sólstofu. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundaverk Friðþjófs Sigurðssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Alþýðlegt hús og vel gróin lóð. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Síðari tíma breytingar hafa breytt upprunalegri ásýnd hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsinu er ágætlega við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Einfalt steinsteypt íbúðarhús. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

 Skerseyrarvegur 3C

Fyrsti eigandi: Bára Magnúsdóttir
Hönnuður: Ingi Sig. Erlendsson
Upphaflegur byggingarstíll: Módernismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Skerseyrarvegur, teikning 24.06.1957



Skerseyrarvegur 3c - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) |
| Þakklæðning: | Bárujárn | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1973 | Bílgeymsla | Friðþjófur Sigurðsson, Byggingatæknifræðingur |
| 1986 | Viðbygging, garðstofa | Helgi K. Pálsson, Innanhúsarkitekt |

## Saga:

Þann 18. júlí 1957 var samþykkt á byggingarnefndarfundi að heimila Báru Magnúsdóttur byggingu „íbúðarhús á lóð hennar við Skerseyrarveg samkvæmt teikningu Inga Sig. Erlendssonar dags 24.06.1957" Á elstu teikningu af húsinu er það íbúðarhús Jóns Gíslasonar. 1973 er samþykkt að reisa bílgeymslu á lóðinni samkv. teikningu Friðþjófs Sigurðssonar . 1985 er samþykkt að byggja sólstofu á suðurhlið, eftir teikningu Helga K. Pálssonar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einfalt og fallega formað og hefur fengið viðhald sem hæfir því vel. Góður fulltrúi síns tíma. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundaverk Inga Sig. Erlendssonar |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Látlaust og formfallegt hús sem sómir sér vel í umhverfi sínu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er lítið breytt að garðstofu frátalinni. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Árið 2018 er standa yfir utanhússviðgerðir. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Góður fulltrúi síns tíma. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Jóhann Nikulásson
Hönnuður: Skúli O. Thordarson
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Skerseyrarvegur 4, teikning 1942.



Skerseyrarvegur 4 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Steining, skeljasandur |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1984 | Breyting á útitröppum. | |

## Saga:

Samkvæmt fyrstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: „Húsið er tvílyft með risi 1,10m. Niðri skipt í: 2 herbergi, miðstöð 3 geymsluherbergi og 2 ganga. Uppi 3 stofur, eldhús, v.s. anddyri og gangur. Efri hæð og eitt herbergi niðri fullgengið frá, málað og dúklagt." Miðstöð og hreinlætistæki kr. 4500. Allt virt á kr.70.000.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft steinsteypuhús með funkiseinkennum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús Höfundaverk Skúla H. Þórðarsonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Skerseyrarveg. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er lítið breytt frá upprunalegu horfi. Búið er að skipta um glugga og tröppum hefur verið breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Kominn er tími á viðhald. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Skerseyrarveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1943** Skerseyrarvegur 5

Fyrsti eigandi: Haraldur Axel Guðjónsson
Hönnuður: Ágúst Steingrímsson, tæknifræðingur
Upphaflegur byggingarstíll: Síðfunkís

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Skerseyrarv 5, 1963 m. Kristján Guðmannss.



Skerseyrarvegur 5 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Steniklæðning |
| Þakgerð: | Valmaþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur | Tvílyft / Kvistir / Ris / Svalir / Viðbygging |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2007 | Breyting á útliti: Hækkun á risi með gluggabreytingum. | Tækniþjónustan s/f. |

## Saga:

Skerseyrarvegur 5 er byggt 1943 fyrir Harald Axel Guðjónsson eftir teikningu Þorvaldar Sigurðssonar. Raflögn teiknaði Þorvaldur Sigurðsson í október 1943.
Í elstu brunavirðingu af húsinu frá 1944 er því lýst þannig: „Húsið er tvílyft með risi 2,15m. Því er skipt niðri í 3 stofur, eldhús, gang og V.S. Uppi 3 stofur, eldhús gang og búr. Allt búrhúðað að innan og málað.“ Húsið er rafhitað og raflýst. Allt virt á 75.000kr.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Lágt | Húsið er steinsteypt, tvílyft með íbúðarrisi. Einföldu og formfallegu húsi hefur verið spillt með óviðeigandi stækkun og viðbyggingu. |
| Menningarsögulegt gildi: | | Íbúaðarhús. Höfundaverk Ágústs Steingrímssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð. Æskilegt væri að færa húsið nær upprunalegu útliti þegar kemur að viðhaldi. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsinu hefur verið spillt með óviðeigandi þakbreytingu og kvistum sem og viðbyggingu með svölum og svalayfirbyggingu. Steniklæðning fer húsinu ekki vel. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að viðhaldi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð í Vesturbæ Hafnarfjarðar. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Gísli Þórðarson
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Skerseyrarvegur 7, teikning 1942.



Skerseyrarvegur 7 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur | Tvílyft / Ris / Útitröppur |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1949 | Viðbygging. | Gísli Þórðarson |
| 1953 | Þak hækkað og kvistur gerður. | Sigurður J. Ólafsson |
| 1999 | Breytingar á innra skipulagi og útliti. | Ásmundur Jóhannsson, byggingafræðingur |

## Saga:

Skerseyrarvegur 7 er tveggja hæða steinsteypt hús með geirasniðnu þaki, Byggt árið 1944 eftir teikningu Gísla Þórðarsonar. Árið 1950 er samþykkt að heimila þáverandi eiganda, Guðmanni Högnasyni, að reisa viðbótarbyggingu við húsið svo sem teikning sýndi dagsett 26.12.1949. (Undirskrift óljós) Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: Húsið er einlyft með risi 1,40m, skipt í 3 herbergi, eldhús, gang, miðstöð og v.s. allt múrhúðað innan og málað.
Þak hússins er hækkað og kvistir byggðir árið 1953.

Í kjallara hússins starfrækti Kristján Guðmannsson ljósmyndastofu sína um nokkurt skeið.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er tvílyft steinsteypuhús með funkiseinkennum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundaverk Gísla Þórðarsonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Skerseyrarveg. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hlutföll breyttust með viðbyggingu á austurhlið, hækkun þaks og kvistum. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið virðist vera í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Skerseyrarveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1973** Garðavegur 1H

Fyrsti eigandi: Hafnarfjarðarbær
Hönnuður: Friðþjófur Sigurðsson, byggingafulltrúi
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: / Spennistöð
Núverandi notkun: / Spennistöð




Teikning frá 1952



Spennistöð við Garðaveg, ágúst 2017.

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Flatt þak | | |
| Þakklæðning: | Steypt plata | Steypt plata | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | | Einlyft | | |

## Saga:

Viðskipta og þjónustulóð, spennistöð.

Byggingafulltrúi Hafnarfjarðar Firðþjófur Sigurðsson teiknar spennistöðina árið 1952 og merkt er breytingardagsetning árið 1954, því er mögulegt að byggingarár í Þjóðskrá sé rangt skráð.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Hrein og bein steinsteypt bygging. Fallegur frágangur þar sem veggur og þak mætast. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Spennistöð. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Í eðli sínu hafa spennistöðvar litið umhverfisgildi, enda væri óskandi að geta verið án þeirra. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Óbreytt nema að hurðarspjald virðist nýtt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Spennistöðinni er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Lagt er til að svæðið sem spennistöðin stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1931 Garðavegur 2

Fyrsti eigandi: Dagmar Þorkelsdóttir
Hönnuður: Ásgeir Stefánsson, smiður
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Íbúð




Garðavegur 2, teikning 1931



Garðavegur 2 - 10.08.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1943 | Breyting (líklega kvistur) samkvæmt teikningu (teikning ekki til) | |
| 1955 | Stækkun, bílskúr | Stefán Sigurbentsson, Húsasmiður |

### Saga:

Samþykkt var á byggingarnefndarfundi þ. 13.07.1931 að heimila Dagmar Þorkelsdóttur íbúðarhúsbyggingu á lóð hennar Kirkjuveg 28c, eftir teikningu Ásgeirs G. Stefánssonar. Yfirsmiður var Tryggvi Stefánsson. Í brunavirðingu frá 1931 er húsinu lýst þannig: „Íbúðarhús einlyft með risi 2,15m. Skipt í 3 stofur eldhús og anddyri, þiljað fóðrað og málað. Dúkar á gólfum, flísar undir og umhverfis eldavél. Stærð: L. 7,60m. B. 6,30m. H. 2,90m. 7 gluggar á húsi. Miðstöð, eldavél og þvottapottur í húsinu. Undir öllu húsinu er 2,30m hár steinsteyptur kjallari, skipt í þvottahús, miðstöð og geymslu.“
Árið 1943 er talið að kvistir séu byggðir en 1955 er bílskúr reistur við austurhlið hússins.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft timburhús á steyptum kjallara með stórum hafnfirskum kvistum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundaverk Ásgeirs Stefánssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af fjölbreytilegri og mótaðri byggð við Garðaveg og stendur í hnappi bárujárnshúsa Garðaveg og Norðurbraut. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er lítið breytt frá upprunalegu horfi, bætt hefur verið við hafnfirskum kvistum á báðum hliðum og bílskúr er staðsettur mjög framarlega á lóð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af fjölbreytilegri og mótaðri byggð við Garðaveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1925 Garðavegur 3

Fyrsti eigandi: Halldór Brynjólfsson
Hönnuður: Guðmundur Einarsson, húsasmiður
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð


Garðavegur 3, teikning 1926


Garðavegur 3 - 20.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak, gaflsneitt á |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Portbyggt / Ris / Svalir / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1983 | Kvistur | Páll V. Bjarnasn, Arkitekt |
| 1995 | Viðbygging | Jón Bergsson |

### Saga:

Garðavegur 3 er byggt árið 1925 fyrir Halldór Brynjólfsson og tilheyrði í fyrstu Kirkjuvegi 30b. Á elstu teikningu af húsinu er illæsilegt hver hönnuðurinn er en 1955 er samþykkt stækkun eftir teikningu Sigmars Guðmundssonar húsasmíðameistara. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: Húsið er einlyft með porti og risi 3m. Því er skipt niðri í 3 stofur, og eldhús og anddyri, allt klætt innan með panel og fóðrað. Upp er húsinu skipt í 4 herbergi eldhús og gang, allt klætt innan með panel fóðrað að nokkru allt málað og raflýst, notað til íbúðar. 9 gluggar á húsinu, 2 eldavélar og 2 ofnar í húsinu. Við Norðurhlið Hússins er skúr með vatnshallaþaki, klæddur innan með panel og málaður, notaður til inngöngu í húsið. Stærð L. 1,80m. B. 1,90m. H. 2,70m. Við norðurhlið hússins er skúr með vatnshallaþaki. Stærð: L.3,70m. B. 2,50m. H.2,20m. 2 gluggar á skúr.

Árið 1982 er byggður kvistur eftir teikningu Páls V. Bjarnasonar og árið 1995 er húsið stækkað mikið skv. teikningum eftir Jón Bergsson.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið var upprunalega einfalt og formfallegt timburhús hæð og ris, en síðari tíma breytingar rýra listrænt gildi þess. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundarverk Guðmundar Einarssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Garðaveg. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er gjörbreytt frá fyrstu gerð. Upprunaleg hlutföll hússins hafa skekkst með stækkun og viðbyggingu. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið og umhverfi snyrtilegt. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Garðaveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti

## Byggingarár: 1928 Garðavegur 4

Fyrsti eigandi: Eyjólfur Eyjólfsson
Eyjólfur eyjólfsson
Hönnuður: Emil Jónsson, verkfræðingur
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Garðavegur 4, teikning 1928


Garðavegur 4 - 20.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1950 | Breyting/ kvistur Kvistur | Vigfús Sigurðsson |

### Saga:

Brunavirðing 28. ágúst 1928. Kirkjuvegur 30c. Núverandi Eigandi: Eyjólfur Eyjólfsson. Húsið er einlyft með risi 3,15m. Niðri er því skipt í 3 stofur, eldhús og gang, allt klætt innan með timbri og fóðrað. Stærð: L. 6,90m. B.6,90m. H. 2,90m. Undir öllu húsinu er 2,60m hár steinsteyptur kjallari, honum er skipt í anddyri, stofu og eldhús, þvottahús og geymslu, íbúðarherbergin klædd innan og fóðruð, allt málað og raflýst, notað til íbúðar. 4 gluggar á kjallara.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft timburhús á háum kjallara. íbúðarris er með hafnfirskum kvisti á götuhlið. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundaverk Emils Jónssonar |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af fjölbreytilegri og mótaðri byggð við Garðaveg og stendur í hnappi bárujárnshúsa Garðaveg og Norðurbraut. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er að mestu óbreytt frá fyrstu gerð, bætt hefur verið við hafnfirskum kvist á götuhlið. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af fjölbreytilegri og mótaðri byggð við Garðaveg og er að mestu í upprunalegu horfi. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1930 Garðavegur 5

Fyrsti eigandi: Ingvar Ingimundarsson
Hönnuður: Ásgeir G. Stefánsson, húsasmíðameistari
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Garðavegur 5, teikning 1930



Garðavegur 5 - 20.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1967 | Kvistur á suðvesturhlið | Þorsteinn Ingólfsson, Arkitekt |
| 1980 | Húsið stækkað og bílskúr byggður. | Páll V. Bjarnason, Arkitekt |

### Saga:

Þegar Ingvar Ingimundarson sækir um leyfi til að byggja íbúðarhús á lóð sinni við Kirkjuveg er hún ónúmeruð. Var beiðni hans samþykkt á fundi byggingarnefndar þ. 14.07.1930. Teikningu gerði Ásgeir G. Stefánsson var hann jafnframt yfirsmiður.
Var húsið sett niður í júlí 1930, samkvæmt dagbók Emils Jónssonar þá verandi byggingarstjóra.
Í brunavirðingu frá september 1930 er húsinu lýst þannig: „ Húsið er einlyft með risi 3m. Skipt í 3 stofur, eldhús og anddyri. Þiljað fóðrað og málað. Stærð: L.7m B. 6,30m. H. 2,90m. 8 gluggar á húsinu, miðstöð og eldavél í húsinu. Undir öllu húsinu er 2,50m hár steinsteyptur kjallari, skipt í miðstöð, þvottahús og geymslu. 4 gluggar á kjallara.“
Árið 1967 er hafnfirskur kvistur settur á suðvesturhlið hússins. Árið 1980 er byggt við húsið þar sem útitröppur voru áður og bílskúr byggður á eystri lóðarmörkum skv. teikningum Páls V. Bjarnasonar arkitekts.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft timburhús á kjallara. Íbúðarris er með hafnfirskum kvisti á garðhlið. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundarverk Ásgeirs Stefánssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af mótaðri byggð við Garðaveg og sómir sér vel í umhverfi sínu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Viðbygging og steyptur bílskúr breyta ásýnd nokkuð. Viðhald og efnisval hefur verið á forsendum upprunalegs byggingarstíls. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Garðaveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1926** Garðavegur 6

Fyrsti eigandi: Geir Geirsson
Hönnuður: Geir Geirsson, trésmiður
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Garðavegur 6, teikning 1926



Garðavegur 6 - 10.08.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur | Einlyft / Svalir / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1961 | Bílgeymsla | Friðþjófur Sigurðsson, Byggingatæknifræðingur |
| 1969 | Kvistur á suðvesturhlið | Friðþjófur Sigurðsson, Byggingatæknifræðingur |
| 1974 | Risi breytt í þakhæð. | Jóhann Gunnar Bergþórsson, Verkfræðingur |

## Saga:

byggingarnefndarfundi þ. 2.9.1925 er samþykkt teikning Geirs Geirssonar að Kirkjuvegi 32c. Líklega hefur láðst að færa samþykktina í fundargerðarbækur þar sem hún ekki finnst. Samþykktin er aftan á teikningunni sem Geir sjálfur er höfundur að. Húsið hefur byggingarárið 1933 hjá fasteignamati ríkisins, samkvæmt brunavirðingu er húsið frá 1926, því er lýst þannig: „ Húsið er einlyft með risi 3,4m. Því er skipt í 4 stofur 2 eldhús og anddyri, allt klætt innan með panel og fóðrað, upp 1 herbergi, húsið er allt raflýst og málað, notað til íbúðar. 9 gluggar á húsi, 2 eldavélar og tveir ofnar í húsinu. Við norður hlið hússins er skúr með vatnshallaþaki, notaður til inngöngu í húsið. Stærð: L. 2,30m. B. 1,50m H.2,20m. 1 gluggi á kjallara.“
Árið 1961 er byggð bílgeymsla á lóðinni og 1969 er byggður kvistur á suðvesturhlið hússins eftir teikningum Friðþjófs Sigurðssonar bæjarverkfræðings. Árið 1974 er risþaki breytt í þakhæð eftir teikningu Jóhanns Gunnars Bergþórssonar verkfræðings.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Lágt | Húsið var upphaflega einlyft steinsteypuhús með risþaki en er nú tvílyft og efri hæðin léttbyggð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús, að grunni til með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Garðaveg. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er mikið breytt frá upprunalegu horfi.Léttri hæð var bætt ofan á húsið í stað risþaks. Húsið er augnstungið og vindfang á götuhlið er ekki til prýði. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Helstu byggingarhlutar virðist vera í ágætu ástandi. Efnisval hefur ekki verið á forsendum upprunalegs byggingarstíls. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Garðaveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

# Byggingarár: 1926 Garðavegur 6b

Fyrsti eigandi: Steingrímur Steingrímsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Alþýðuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Garðavegur 6b fyrir breytingu 1972


Garðavegur 6b - 10.08.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur | Einlyft / Ris |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1972 | Kvistir á norður og suður hliðar. | Þorsteinn Ingólfsson |
| 1987 | Bílgeymsla | Sigurður Þorvaldsson, Byggingatæknifræðingur |

## Saga:

Garðavegur 6b, var áður Garðavegur 4b og þar áður Norðurbrú 6b, byggt árið 1926 fyrir Steingrím Steingrímsson. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: „ a) Íbúðarhús einlyft með risi 2,80m. Skipt í 2 stofur, eldhús og geymsluherbergi. Þiljað innan, íbúðin fóðruð og máluð, gólf dúklögð. Raflýst. 6 gluggar. b) Anddyri með vatnshallaþaki, húðað að innan.
Útveggir eru steinsteyptir en gaflar sem risið myndar úr timbri, járnvarið.
Árið 1972 eru byggðir kvistir á norður og suðurhliðar og 1987 er byggð bílgeymsla á lóðinni eftir teikningu Sigurðar Þorvaldssonar.
Þak: úr timbri, járnvarið.
Eldavél og ofn: allt virt á 6100kr.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft holsteinshús með íbúðarrisi, allt klætt með timbri. Á báðum þakhliðum eru mjög stórir hafnfirskir kvistir. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er bakhús frá Garðavegi. Umhverfið er snyrtilegt. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hlutföll hússins hafa breyst með stækkun og byggingu hafnfirskra kvista. Yfirbragð þess hefur breyst með timburklæðningu. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið og allir byggingarhlutar í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Garðaveg. |

Verndarflokkar:

**Byggingarár: 1935** Garðavegur 6c

Fyrsti eigandi: Jón Kristjánsson
Hönnuður: Finnbogi Hallsson, trésmiður
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Garðavegur 6c, Vesturhlið, teikning 1933.



Garðavegur 6c - 10.08.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Steniklæðning |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Timbur, járn og pappi | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Ris | Einlyft / Kvistir / Ris |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1988 | Stækkun, svalir færðar, bílskúr. | Baldvin Einarsson, Byggingafræðingur |

## Saga:

Jón Kristjánsson á Norðurbraut, sótti um leyfi árið 1932 fyrir reykhúsi samkvæmt teikningum eftir Finnboga Hallsson. Var leyfið veitt.
Brunavirðing bls. 94. Áhættunr. 7793. Skírteinisnr. 17537. 20. september 1935. Norðurbraut 9c (með blýanti er skrifað: Garðavegur 9c).
Núverandi eigandi: Jón Kristjánsson.

a) Húsið er einlyft með risi 1,40m., skipt í stofur, eldhús og anddyri. Útveggir múraðir að innan dregið upp á veggi grind með tjörupappa og þiljað. Veggfóðrað og málað. Dúkar á gólfum. Stærð: L. 5,80m. B. 4,40m. H.2,40. Eldavél, 1 ofn. Gólf úr timbri. Útveggir úr steinsteypu, húðað. Þak, úr timbri.
b) Við norðurenda hússins er reyk hús með eldvarnarvegg á milli skipt í tvennt, ris: 1,40m. Stærð: L. 5,50m. B. 4,40m. H. 3,20m. Gólf steinsteypt. Útveggir úr steinsteypu, þak úr járni og pappa.
c) Við vesturenda reykhúss er geymsluskúr gerður úr timbri, pappavarinn. Stærð: L. 2,60m. B. 4,40m. H. 2,60m.
Ofnhiti og rafmagn. Allt virt á 4,600kr.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er steinsteypt og steniklætt. Það er einlyft með risþaki og kvistum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús og reykhús. Að grunni til með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Garðaveg. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er gjörbreytt frá fyrstu gerð. Bætt hefur verið við rishæð með kvistum og húsið klætt steniklæðningu. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Garðaveg. |

Verndarflokkar:

## Byggingarár: 1923 Garðavegur 7

Fyrsti eigandi: Þorsteinn Brandsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Alþýðuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Garðavegur 7, teikning 1923.



Garðavegur 7, júlí 2018

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Hlaðið, holsteinn, | Hlaðið, holsteinn, |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Útitröppur | Einlyft / Ris / Útitröppur / Viðbygging |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1934 | Húsið hækkað og stækkað | Bjarni Erlendsson, Húsasmiður |
| 1941 | Þvottahús | |
| 1942 | Yfirbygging og breyting. | Davíð Kristjánsson, Smiður |
| 1948 | Breyting á húsi Sigurborgar Guðmundsdóttur við Garðaveg 7 | Guðbjörn Guðbergsson, Húsasmiður |

### Saga:

Á 54. fundi bygginganefndar þann 3. september 1923, var samþykkt að leyfa Þorsteini Brandssyni að byggja íveruhús á lóð hans við framhald Kirkjuvegar.
Í elstu brunavirðingu af húsinu er það skráð sem Kirkjuvegur 32. Húsinu er lýst þannig: a) Húsið er einlyft með risi 2,8m. Því er skipt í 3 herbergi og eldhús og gang, klætt innan með timbri að nokkru. b) Við norðausturhlið hússins er skúr með vatnshallaþaki, notaður til inngöngu í húsið, annars er húsið notað til íbúðar"
Árið 1941 er húsið brunavirt aftur og komin skúrbygging með vatnshalla þaki við norðausturhlið hússins, skipt í gang, geymslu og þvottahús. Stærð: L. 6,40m. B.1,90m. H.2,50m.1934 var Þorsteini veitt leyfi til að hækka og stækka hús sitt, eftir teikningu Bjarna Erlendssonar, með skilyrði að húsið yrði byggt úr steinsteypu. Þvottahús var reist á lóðinni árið 1941.
Enn er samþykkt breyting á húsinu nú árið 1948 eftir teikningu Guðbjörns Guðbergssonar húsasmiðs.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Lágt | Lítið og lágreist alþýðuhús sem hefur verið breytt á óviðeigandi hátt. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Húsið er hluti af götumynd Garðavegar en dæmist af óviðeigandi viðbyggingum. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Yfirgnæfandi og óviðeigandi viðbyggingar hafa rýrt útlit og hlutföll hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið lítur heillega út. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Óviðeigandi viðbyggingar hafa rýrt gildi hússins. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti | |

## Byggingarár: 1924 Garðavegur 8

Fyrsti eigandi: Jón Helgason frá Miðhúsum.
Hönnuður: Guðmundur Einarsson, húsasmiður
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Garðavegur 8, teikning 1923.



Garðavegur 8 - 10.08.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | Engin breyting skráð í upplýsingaslóðinni. | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur | Einlyft / Ris / Viðbygging | | |

### Saga:

Elsta teikning af Garðavegi 8 sem áður var Kirkjuvegur 34, er samþykkt 30/9 1923. Á teikninguna er ritað nafn eigandans Jóns Helgasonar frá Miðhúsum. Óljóst er hver hannaði húsið en líklega var það Guðmundur Einarsson. Samþykkt þessi finnst ekki í skjölum Hafnarfjarðar. Elsta brunavirðing af húsinu er dagsett 30. ágúst 1924, eigandinn er Elísabet Þorleifsdóttir barnsmóðir Jóns Helgasonar. Í brunavirðingunni er húsinu lýst þannig: a) Húsið er einlyft með risi 2,80m. Því er skipt í 2 herbergi og eldhús, allt klætt innan með panel og málað, notað til íbúðar, húsið er raflýst. Stærð: L. 5,70m. B. 5,70m. H. 2,85. 6 gluggar.
b) Við norðurhlið hússins er skúr með vatnshallaþaki, klæddur innan með panel, notaður til inngöngu í húsið. 1 gluggi á inngönguskúr. Stærð: L. 1,90m. B. 1,60m. H. 2,45m. 1 eldavél í húsinu. Allt virt á kr. 5670
Engar breytingar eru skráðar í teikningasafni Hafnarfjarðar.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft timburhús af einfaldri gerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Garðaveg og fellur vel að umhverfi sínu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er nær óbreytt frá fyrstu gerð. Reykháfur hefur verið fjarlægður. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu hefur verið haldið við og járn er nýtt. Helstu byggingarhlutar virðast í góðu ásigkomulagi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Garðaveg og er nær óbreytt frá fyrstu gerð. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1929 Garðavegur 9

Fyrsti eigandi: Kristinn Brandsson
Hönnuður: Þóroddur Hreinsson, smiður
Upphaflegur byggingarstíll: Kastalastíll

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Götuhlið, fyrir breytingu 1942.



Garðavegur 9, júní 2018

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Steniklæðning |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Valmaþak |
| Þakklæðning: | | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft | Tvílyft / Útitröppur |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1942 | Húsið hækkað, útitröppur og valmaþak. | Tryggvi Stefánsson, Byggingameistari |
| 1942 | Viðbygging á norðurgafli, með yfirbyggðan inngang á neðri hæð | Sigmar Gumundsson, Húsasmiður |
| 1980 | Viðbygging, garðstofa á Suðurgafl | |
| 1981 | Bílgeymsla | Sigurður Þorleifsson, Tæknifræðingur |
| 1989 | Viðbygging. Vindfang við inngang á suðurgafli. | Sigurður Þorleifsson, Tæknifræðingur |

### Saga:

Kristinn Brandsson fékk samþykkt að byggja sér íbúðarhús úr steinsteypu á lóð sinni við Kirkjuveg sem varð nr. 37 og síðar Garðavegur 9.
Í elstu brunavirðngu af húsinu er því lýst þannig: "Húsið er einlyft með vatnshallaþaki, því er skipt í anddyri, 3 stofur og eldhús. Allt klætt innaná útveggi með timbri, veggfóðrað, málað og raflýst. Notað til íbúðar". 5 gluggar á húsinu, 1 eldavél og 2 ofnar. Allt virt á 6500 kr.
Þvottahús og geymsla er byggt á lóðinni árið 1940. Er því lýst þannig í brunavirðingu frá sama ári „ Húsið er einlyft með risi 1,80m. Niðri skipt í geymslu og þvottahús. Undir hálfu húsinu er kjallari". Stærð: L. 5m. B. 3,80m. H. 2,20m. Allt virt á 1,600kr.

Árið 1942 er húsið hækkað um eina hæð, útitröppum komið fyrir og valmaþak sett í stað einhalla þaks. Inngangur yfirbyggður og viðbygging árið 1956. Garðstofa byggð árið 1980.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Lágt | Margbreytt alþýðuhús sem hefur glatað öllum upprunalegum einkennum sínum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús, að grunni til höfundarverk Þórodds Hreinssonar húsasmiðs. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Húsið er hluti af götumynd Garðavegar. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er margbreytt og síðustu viðbætur s.s. útitöppur, timburgirðingar og steniklæðning hæfa húsinu illa. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið lítur heillega út. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1983 — Garðavegur 10,12

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Björn S. Hallsson, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypt / póstmódernismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Garðavegur 10-12, teikning 1981



Garðavegur 10-12, júní 2018.

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Svalir / Bílskúr | Einlyft / Kvistir / Ris / Kjallari |

**Helstu breytingar:**

Timburpallur og -veggir við nr.12.
Litabreyting á þaki og gluggum.

**Hönnuðir breytinga:**

óljóst

### Saga:

Húsið tilheyrir skipulagi þéttingarreits fyrir 8 einbýlishúsalóðir og 3 parhúsalóðir við Hraunbrún og Garðaveg, skv. deiliskipulagsbreytingu sem skipulagsdeild Hafnarfjarðar gerði á deiliskipulagi Norðurbæjar árið 1981. Í skilmálum er kveðið á um fjölda hæða, þakform sem skildi vera bratt risþak, bílastæði o. fl. Höfundar húsa kynntu byggingaryfirvöldum hugmyndir sínar í tveimur áföngum.

Garðavegur 10 og 12 er parhús hannað af Birni S. Hallssyni arkitekt, árið 1981.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er steinsteypt parhús. Það er einlyft með háu risi og svipmiklum kvistum og innbyggðum þaksvölum. Kjallari er undir hluta hússins. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús, parhús. Höfundarverk Björns S. Hallssonar arkitekts. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er hluti af vel heppnaðri þéttingu byggðar við Garðaveg og Hraunbrún frá því um 1980. Húsin falla vel að eldri byggð en bera byggingartíma sínum jafnframt gott vitni. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið sjálft virðast lítið breytt, en skipt hefur verið um liti og annar húshlutinn byrgður inni með mikilli tilburgirðingu sem rýrir gildi húsanna. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsunum er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af vel heppnaðri þéttingu við Garðaveg og Hraunbrún frá því um 1980. Lagt er til að húsið verði hluti af varðveisluverðri heild við Garðaveg og Hraunbrún. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

## Byggingarár: 1907 — Garðavegur 11

Fyrsti eigandi: Sveinn Sigurðsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Garðavegur 11, 16.06.1997



Garðavegur 11 - 20.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | | Timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Hlaðinn kjallari |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Kjallari | Einlyft / Útitröppur / Útskot (karnap) / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1998 | Viðbygging og breytingar | Páll V. Bjarnason, Arkitekt |

### Saga:

Húsið stóð áður á Kirkjuvegi nr.16b, það var flutt árið 1943 á hlaðinn kjallara við Garðaveg nr.11. (heimild: Fólkið í Firðinum III bls.185) Kirkjuvegur 16b var áður nr. 14 og nr.12. Húsið byggði Sveinn Sigurðsson árið 1906. Síðar eignast Elías Halldórsson húsið og þá, Sigurjón Jónsson og Guðlaug Gunnarsdóttir.
Brunavirðing bók B bls. 72 - Skírteini nr (3277). 17.október 1917. Kirkjuvegur 12. Núv. eigandi: Sigurjón Jónsson (d. 1918) síðasti eig: Elías Halldórsson. a) Húsið er einlyft með risi 0,75m. Því er skipt í 2 herbergi og eldhús, allt klætt innan með panel og málað, notað til íbúðar. Stærð L. 5,80m. B. 4,50m. H. 2,60m. 5 gluggar, 1 eldavél og 1 ofn. Undir öllu húsinu er 1,20m hár kjallari úr grjóti önnur hlið úr timbri járnvörðu, notaður til geymslu. 2 gluggar.
b) Við Norðurgafl hússins er skúr með vatnshallaþaki, klæddur innan með panel. Notaður til inngöngu í húsið. Stærð L. 1,90m. L. 1,60m. H. 2m. 1 gluggi á inngönguskúr. Útveggir og þak úr timbri járnvörðu.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft endurgert timburhús á kjallara. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Flutningshús. Með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Garðaveg. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Upprunaleg hlutföll hússins hafa breyst töluvert með viðbyggingu til vesturs. Síðari tíma endurbætur eru að mestu á forsendum upprunalegs byggingarstíls. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði að verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

## Byggingarár: 1943 Garðavegur 13

Fyrsti eigandi: Hjálmur Eyjólfsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Garðavegur 13, teikning 1970.



Garðavegur 13 - 20.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | | ósamhverft mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Tvílyft |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1970 | Breyting! | Friðþjófur Sigurðsson, byggingarfulltrúi |
| 1985 | Bílgeymsla | Friðþjófur Sigurðsson, byggingarfulltrúi |
| 1986 | Gluggabreyting | Friðþjófur Sigurðsson, byggingarfulltrúi |
| 2016 | Húsið hækkað um eina hæð. | Olga Sigfúsdóttir, Þórarinn Malmquist, arkitektar |

### Saga:

Samkvæmt brunavirðingu sem gerð var árið 1934 er húsinu lýst þannig: Húsið er einlyft með risi 1m. 3 stofur, eldhús og gangur. Klætt innan með timbri fóðrað og málað. Kjallari: 3 geymsluherbergi og þvottahús.

Árið 2016 er húsið hækkað um eina hæð, gluggum breytt og það klætt að utan skv. teikningu arktektanna Olgu Guðrúnar Sigfúsdóttur og Þórarins Malmquist. Efri hæð er úr timbri og húsið allt klætt að utan með bárujárni eftir stækkun.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið hefur gengið í gegnum miklar breytingar, samþykktar 2017. Gluggasetning, þakgerð og aluzink klæðning gefa því nýstárlegt yfirbragð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af mótaðri byggð við Garðaveg og sómir sér vel í umhverfi sínu. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Upprunaleg hlutföll eru talsvert breytt frá fyrstu gerð, m.a. með hækkun hússins um eina hæð. Gluggsetning og -frágangur, og málmklæðning breyta yfirbragði hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er nýlega endurgert og er í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Garðaveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði að verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1944** Garðavegur 14

Fyrsti eigandi: Jón Nordgulen
Hönnuður: Ágúst Steingrímsson, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Annað

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun:



Garðavegur 14, teikning frá 2015



Garðavegur 14, júní 2018.

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Kjallari | Einlyft / Svalir / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1962 | Anddyri | |
| 2004 | Viðbygging, verönd | Erlendur Árni Hjálmarsson, byggingafræðingur |

## Saga:

Samþykkt var á 177. fundi bygginganefndar þ. 30. maí 1944 að veita Jóni M. Nordgulen byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi við Garðaveg nr. 12. samkvæmt teikningu Ágústs Steingrímssonar. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: "Húsið er einlyft með risi 2,30m. Því er skipt í gang 3 stofur, eldhús og v.s., allt múrhúðað og málað, undir öllu húsinu er 2,85mtr. hár kjallari skipt í gang, 2 stofur, þvottahús, miðstöð og 2 geymslur og v.s. Stofur og gangur málað. Miðstöð og heimilistæki. Allt virt á 84.000kr.
Ekki er ljóst hvenær húsnúmerabreytingin varð.
Árið 1962 er komið fyrir nýju anddyri og 2004 er byggt við og byggð verönd eftir teikningu Erlends Árna Hjálmarssonar byggingafræðings.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Steinsteypt hús á háum kjallara. Einlyft með valmaþaki. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundarverk Ágúst Steingrímssonar arkitekts. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð Garðavegar. Lóð er stór með fallegum trjágróðri, birki og reyni. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Útitröppur og verönd á götuhlið hússins breyta ásýnd þess nokkuð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð Garðavegar. |

Verndarflokkar:

## Byggingarár: 1945 Garðavegur 15

Fyrsti eigandi: Finnbogi Sigmarsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Garðavegur 15, rafmagnsteikning 1945.



Garðavegur 15, júní 2018.

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Hlaðið, holsteinn | Hlaðið, holsteinn |
| Útveggir: | Múrsléttað | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Einhalla með |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | | Tvílyft / Svalir / Viðbygging |

**Helstu breytingar:**

1960 Hús stækkð og þakformi breytt.

**Hönnuðir breytinga:**

### Saga:

Þann 12.07 1945 er húsið skráð hjá Hafnarfjarðarbæ sem "steinsteypt tvíbýlishús"
Á rafmagnsteikningu í upplýsingaslóð er eigandinn Finnbogi Sigmarsson. teikning samþ. í okt 1945.
191.fundur. 15. sept. 1945 segir svo: "Finnboga Sigmarssyni heimilað að breyta húsi sínu við Garðaveg frá því sem teikning er samþykkt hafði verið 12. júlí þannig að honum er heimilað að setja dyr á norðurvegg vegna inngöngu í þvottahús, sbr. fundargerð 12. júlí. Byggingameistari Þorbjörn Klemenzson."
Ofannefnd samþykkt frá 12. júlí 1945 finnst ekki. Elstu teikningar fyrirfinnast ekki í teikningasafni Hafnarfjarðar.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Tvílyft holsteinshús með fallega formuðu þaki. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð Garðavegar og núverandi útlit þess og þakform er í anda þeirra húsa sem byggð voru í hverfinu um 1960. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er gjörbreytt frá fyrstu gerð með viðbyggingu og breyttu þakformi. Timburgirðing umhverfis allt húsið hæfir því ekki vel. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsinu er ágætlega við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð Garðavegar. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1983 Garðavegur 16,18

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Samúel S. Hreggviðsson, byggingatæknifræðingur
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús

Upphafleg notkun: Íbúð / Bílskúr
Núverandi notkun: Íbúð




Norð-vestur, teikning 1986



Garðavegur 16-18, júní 2018.

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur |
| Útveggir: | Timbur | Timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Mótaðar málmplötur | Mótaðar málmplötur |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft / Kvistir / Ris / Svalir / Kjallari | Einlyft / Ris / Svalir / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1986 | Innra skipulagi og útliti breytt. | Sveinn Ívarsson, Guðmundur Gunnarsson., |

### Saga:

Húsið tilheyrir skipulagi þéttingarreits fyrir 8 einbýlishúsalóðir og 3 parhúsalóðir við Hraunbrún og Garðaveg, skv. deiliskipulagsbreytingu sem skipulagsdeild Hafnarfjarðar gerði á deiliskipulagi Norðurbæjar árið 1981. Í skilmálum er kveðið á um fjölda hæða, þakform sem skildi vera bratt risþak, bílastæði o. fl. Höfundar húsa kynntu byggingaryfirvöldum hugmyndir sínar í tveimur áföngum.

Húsið er parhús teiknað sem timbureiningahús frá Samtaki hf á Selfossi hannað af Samúel Hreggviðssyni byggingatæknifræðings, árið 1981. Hús nr. 16 er byggt 1983 eftir fyrstu teikningu en teikningu af húsi nr. 18 er breytt fyrir byggingu árið 1986. Húsið er byggt í landhalla og aðgengilegt frá báðum hliðum.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er timbureiningahús á háum steyptum kjallara. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús, parhús. Höfundarverk Samúels S. Hreggviðssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af vel heppnaðri þéttingu frá því um 1980. Húsin falla vel að eldri byggð og bera byggingartíma sínum gott vitni. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið virðist lítið breytt frá byggingu. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er ágætlega við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af vel heppnaðri þéttingu við Garðaveg og Hraunbrún frá því um 1980. Lagt er til að húsið verði hluti af varðveisluverðri heild við Garðaveg og Hraunbrún. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1908** Reykjavíkurvegur 1

Fyrsti eigandi: Þórarinn Egilsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Reykjavíkurvegur 1 um 1940



Reykjavíkurvegur 1 - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Hraunað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | |
| Útlit: | Einlyft / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Svalir / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Portbyggt / Ris / Svalir / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1960 | Ekki vitað hvenær húsið er múrhúðað | |
| 1968 | Gluggabreyting, augnstungið | Þorsteinn Ingólfsson, Arkitekt |
| 1992 | Bílskúr | |

## Saga:

Húsið lét byggja, Þórarinn Egilsson framkvæmdastjóri, útgerðarmaður og annar stofnandi Akurgerðis árið 1923 (1881-1956). Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: "a) Húsið er einlyft með port og risi 3,45m. Því er skipt niðri í 4 stofur og eldhús, allt klætt panel og fóðrað. Uppi er húsinu skipt í 5 herbergi og anddyri. Allt klætt panel og málað, allt raflýst, notað til íbúðar. Undir öllu húsinu er 2m hár steinsteyptur kjallari, honum er skipt í þvottaherbergi og 4 geymsluherbergi. b) Við norðurgafl hússins er anddyri með vatnshallaþaki og veggsvolum, klætt innan og fóðrað. Stærð L. 1,9m. B. 3,20m. H. 3,20m. c) Við norðvesturhlið hússins er skúr með vatnshallaþaki, klæddur innan með panel, notaður til inngöngu í húsið undir loft og á. Stærð: L. 2,5m. B. 2,60m. H. 3,20m 17 gluggar á húsinu, 2 eldavélar og 5 ofnar í húsinu.
Árið 1942 opnaði í kjallara hússins "Verzlun G.R.Ó." sem seldi, búsháhöld, ýmsar glervörur, lampaskerma og leikföng. Síðan þá hafa ýmsar verslanir verið í húsinu, s.s. hannyrðabúð og tískuverslun. Einnig var í húsinu um tíma bílaleiga, Stangveiðifélag Hafnarfjarðar og Reiðhjólaiðjan Fákur. Lengst af var í kjallara hússins video leigan "Videobandið".
Árið 1960 er húsið á sölu, er því lýst sem vel byggðu múrhúðuðu timburhúsi.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er forskalað timburhús, kjallari hæð og ris. Húsið er reisulegt en líður bæði fyrir skort á viðhaldi og ranga efnismeðferð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús Sveinbjörns Egilssonar, skipstjóra og rithöfundar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið stendur á gatnamótum Reykjavíkurvegar og Kirkjuvegar og er í eðli sínu reisulegt. Það líður fyrir skort á viðhaldi og nálægðina við umferðarþunga Reykjavíkurvegar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er augnstungið, forskalað og útbygging á bakhlið er ekki til prýði. Leita þarf hefðbundnari lausna í utanhússendurgerð. Bílskúr á baklóð rýrir útlit hússins úr vestri. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Hús og lóð þarfnast viðhalds. Á baklóð er lítill bílakirkjugarður og umgengni dapurleg. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af heild timburhúsa við Kirkjuveg og Hellisgötu. Húsið er friðað á grundvelli aldurs og það þarfnast faglegrar endurgerðar. Húsið líður fyrir nálægðina við umferðarþunga Reykjavíkurvegar. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Auðunn Níelsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuhús

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun
Núverandi notkun: Íbúð




Reykjavíkurvegur 3 um 1940, ljósm. óþekktur



Reykjavíkurvegur 3 - 04.07.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Hornsneitt / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Útitröppur |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1973 | Þakbreyting, kvistir. | Þorsetinn Ingólfsson, tæknifræðingur |

## Saga:

Í brunavirðingu þ. 18. október 1917 er húsinu lýst þannig: a) Húsið er einlyft með porti og risi 2,75 m. Því er skipt niðri í 3 stofur, eldhús og anddyri, allt klætt innan með panel: stofur og anddyri fóðrað, uppi er húsinu skipt í 2 herbergi og anddyri, allt klætt panel og málað, eingöngu notað til íbúðar. undir öllu húsinu er 2,80m hár kjallari með 5 gluggum, honum er skipt í sölubúð og þvottaherbergi, búðin klædd innan með panel og máluð. b)Við norðurhlið hússins er skúr með vatnshallaþaki og 1 glugga, notaður til inngöngu í húsið. Særð: L.2,70m. B.1,20m. H.2,50m. c) Húsið er einlyft með 5 gluggum og risi 1,60m. Gaflar og önnur hlið úr timbri járnvörðu, önnur hlið, steinn að nokkru og timbur að nokkru. Því er skipt í tvennt, klætt innan að nokkru, í öðrum enda hússins er brauðgerðarofn, húsið er notað til brauðgerðar. Stærð: L. 8,50m. B. 1,20m. H. 2,50m. (þetta hús var að öllum líkindum það sem síðar varð fisksölubúð, nú horfið).
Steinsteypta húsið eignast síðar Steingrímur Torfason hann hafði starfað sem bryggjuvörður um árabil en stofnaði verslun sína í kjallaranum árið 1919 sem hann starfrækti til æviloka 1946. Sonur hans Guðjón Steingrímsson var með „Málflutningsskrifstofu" sína á Reykjavíkurvegi 3.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Steinsteypt hús að stærstum hluta, hæð og ris á háum kjallara. Húsið er klætt steni og bárujárni og svipar þannig frekar til timburhúsa. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús á efri hæð, verslun á neðri hæð. Með elstu steinsteyptu húsum í Hafnarfirði. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er mjög aðþrengt frá umferðarþungri götu og enginn gróður er á lóð. Húsið hefur tapað upprunalegum útlitseinkennum. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er mikið breytt frá fyrstu gerð, eingangrað og klætt að utan, augnstungið og með stórum hafnfirskum kvistum. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að viðhaldi byggingarhluta. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lítið er eftir af upprunalegum útlitseinkennum. Húsið líður fyrir nálægðina við umferðarþunga Reykjavíkurvegar. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

## Byggingarár: 1904 Reykjavíkurvegur 5

Fyrsti eigandi: Ólafur Böðvarsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun
Núverandi notkun:




Reykjavíkurvegur 5, teikning frá 1950.



Reykjavíkurvegur 5, júlí 2018.

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Ris / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1950 | Hús Péturs Guðmundssonar, viðbygging í norðvestur. | Sigmar Guðmundsson, Húsasmiður |
| 1962 | Breyting á kvistum og glugga | Sigmar Guðmundsson, Húsasmiður |
| 2015 | Úrbætur og endurbætur brunavarna. | Sveinn Valdimarsson, Arkitekt |
| 2018 | Samþykktar breytingar | Sveinn Valdimarsson, Arkitekt |

### Saga:

Ólafur Böðvarsson fyrrv. sparisjóðsstjóri var fyrsti eigandi hússins við Reykjavíkurveg 5. Í fasteignamati Hafnarfjarðar um 1918 er Helgi Guðmundsson kaupmaður eigandi að bæði íbúðar - og verslunarhúsinu. Í millitíðinni höfðu Grímur Kr. Andrésson og Símon Jónsson átt bæði húsin. Í elstu brunavirðingunni dagsett 18. september 1917 er húsunum lýst eftirfarandi: a) Húsið er einlyft með porti og risi 2,30m. Niðri er því skipt í 3 stofur og eldhús, klætt innan með panel, 2 stofurnar eru fóðraðar. Uppi er því skipt í 2 herbergi og anddyri, klætt með panel og málað. Húsið notað til íbúðar. 0.85m hár kjallari úr grjóti, með 2 gluggum er undir öllu húsinu (a) notaður til geymslu. b) Inngönguskúr 2,30m á lengd, 1,90m á breitt og 2,70m hár er áfastur við húsið, hann er með vatnshalla þaki og 1 glugga. c) sölubúðar viðbygging úr timbri járnvarin, áföst við húsið a, ein hæð með vatnshalla þaki, henni er skipt í : sölubúð, skrifstofur og geymslu. Allt klætt innan með panel nema geymslan og málað. stærð: L. 10,50m. B. 5,80m. H. 3,10m. 6 gluggar á sölubúðinni.
Árið 1950 er reist viðbygging í norðvestur átt. Breytingar á kvisti og gluggum eru gerðar 1962 og 1970.
Sölubúðarbyggingin sem lýst er í brunavirðingu er nú Reykajvíkurvegur 5B.

Árið 2019 er unnið að utanhússendurbótum.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Lágt | Húsið er hefur upphaflega verið einfalt timburhús, hæð og íbúðarris. Viðbygging, breytingar á gluggum og murhúð hæfa húsinu illa. Hafnfirskur kvistur á götuhlið er fyrirferðarmikill. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Húsið er hluti af heild timburhúsa við Reykjavíkurveg, Hellisgötu og Kirkjuveg. Húsið líður fyrir skort á viðhaldi og nálægðina við umferðarþunga Reykjavíkurvegar. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er mikið breytt frá fyrstu gerð, forskalað og viðbygging úr holsteini. Gluggasetning er breytt og gluggagerð hæfir ekki húsinu. Lóð er að mestu notuð undir bílastæði. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Ytra byrði er í slæmu ástandi, útlit bágborið. Þakjárn er ónýtt, múrhúð laus og gluggar lélegir. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Það er hluti af mikilvægri heild timburhúsa við Reykjavíkurveg. Lítið er eftir af upprunalegum einkennum og ástand hússins er bágborið. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

**Byggingarár: 1917** Reykjavíkurvegur 5b

Fyrsti eigandi: Ólafur Böðvarsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Geymsluhúsnæði

Upphafleg notkun: / geymsla, skrifstofa
Núverandi notkun:




Reykjavíkurvegur 5b, teikning 1943



Reykjavíkurvegur 5b - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur |
| Útveggir: | Bárujárn | Trapisuklæðning / |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) |
| Þakklæðning: | | |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1943 | Stækkun - skráð ósamþykkt en svarar þó til stærðar hússins. | Eiríkur Einarsson |
| 1982 | Útlitsbreyting, klæðning að utan með garðastáli. | Sigurður Þorleifsson, tæknifræðingur |

## Saga:

Þetta hús er áfast Reykjavíkurvegi 5 og var upphaflega með sama númer og tilheyrði því húsi.
Húsið er eldra en byggingarár þess segir til um ef marka má Brunavirðingu frá 1917. Þar er húsinu lýst sem viðbótarbygging við Reykjavíkurveg 5.
Alveg frá 1916 hefur verið rekin ýmiskonar verslunarstarfsemi í húsinu. Verslað hefur verið með nýlenduvörur, sjávarfang, fatnað en lengst af var á Reykjavíkurvegi 5b, vefnaðarvöruverslunin Skemman.
Brunavirðing bók B. bls. 53. Skírteini nr. 3089 / 7230. 18. sept. 1917. Reykjavíkurvegur 5. Núv. eig: Gr. Kr. Andrésson og Símon Jónsson, síðasti eigandi: Ólafur Böðvarsson
c) Sölubúðarviðbygging áföst við húsið a, ein hæð með vatnshallaþaki, henni er skipt í sölubúð, skrifstofur og geymslu. Allt klætt innan með panel nema geymslan og málað. Stærð: L. 10,50m. B. 5,80m. H. 3,10m. 6 gluggar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Lágt | Húsið var upprunalega einfaldur verslunarskúr. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Verslun. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Líklega var húsið upprunalega viðbygging við Reykjavíkurveg 5. Húsið ber engin sérstök stíleinkenni. Það líður fyrir nálægðina við umferðaþungan Reykjavíkurveginn. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Lítið er vitað um upprunalega gerð hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið lítur sæmilega út að utan. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Einföld skúrbygging sem hefur lítið gildi fyrir umhverfið. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Níels Þorsteinsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Reykjavíkurvegur 7b eftir stækkun 1966.



Reykjavíkurvegur 7b - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft; Inngönguskúr (bíslag); Ris; Reykháfur | Einlyft / Reykháfur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1966 | Stækkun | Þórður Ingólfsson |

## Saga:

Húsið er að grunni til eldra eða byggt upp á grunni bæjar sem þar stóð áður.
Í brunavirðingu frá 1917 er húsinu lýst þannig: a) Húsið er einlyft með risi 0,85m. Því er skipt í 3 herbergi og eldhús, allt klætt innan með panel og málað, notað til íbúðar. 5 gluggar á húsinu, 3 eldavélar í húsinu. Undir öllu húsinu er 2,20m hár kjallari með 5 gluggum, honum er skipt í íbúðarherbergi, eldhús og geymslu. b) Við suðurgafl hússins er skúr með vatnshalla þaki, þiljaður, notaður til inngöngu í húsið. Stærð 2,90m. B.1,90m. H.3,40m. 1 gluggi. c) Húsið er einlyft með risi 0,60m notað til geymslu. Stærð L. 3,70m. B. 3,40m. h. 2,10m.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einfalt og snyrtilegt einlyft bárujárnsklætt timburhús á steyptum kjallara. Húsið hefur tapað öllum eldri stíleinkennum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, að grunni til með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Í núverandi mynd hefur húsið ekki mikið gildi fyrir umhverfi sitt. Húsið er bakhús og er lítt sýnilegt frá Reykjavíkurvegi. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Lítið er eftir að upprunalegu útliti, húsinu var gjörbreytt árið 1966. Þá virðist hafa verið bætt hæð ofan á húsið, það stækkað, þakformi breytt og líklegast hefur það verið augnstungið. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er friðað á grundvelli aldurs þar sem elsti hluti þess var byggður árið 1909. Lítið ber á húsinu frá Reykjavíkurvegi. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

## Byggingarár: 1902 Reykjavíkurvegur 9

Fyrsti eigandi: Steingrímur Jónsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Reykjavíkurvegur 9, teikning 1928



Reykjavíkurvegur 9 - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1929 | Stækkun inngönguskúrs og gluggi á gafli. | Gr. Jónsson |
| 1988 | Viðbygging | Páll V. Bjarnason, arkitekt |

### Saga:

etta hús eða efnið í þessu húsi var áður hús Árna Hildibrandssonar sem stóð neðst á Kirkjuvegi eins og hann lá upphaflega. Var það Steingrímur Jónsson sem byggði húsið upp á þessum stað. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: a) Húsið er einlyft með porti og ris 2,15m. Því er skipt niðri í 2 stofur og eldhús, stofurnar fóðraðar, annars klætt panel, málað. Uppi er því skipt í 1 herbergi og eldhús, þiljað og málað. Allt notað til íbúðar. 7 gluggar á húsinu, 2 eldavélar og 2 ofnar í húsinu. Undir öllu húsinu er 1m hár kjallari úr grjóti steinlímdur með 1 glugga, notaður til geymslu.Stærð: L. 1,25m. B. 1,85m. H. 2,15m. b) Við norðurhlið hússins er skúr með vatnshalla þaki notaður til inngöngu í húsið. c) Geymsluhús með vatnshallaþaki. Stærð L. 2,50m. B. 3m. H. 2,20m. 1 gluggi.
Árið 1988 var húsið stækkað skv. teikningum Páls V. Bjarnasonar arkitekts og er það ár skráð byggingarár hússins samkvæmt Þjóðskrá / fasteignamati.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er bárujárnsklætt timburhús á steyptum kjallara, hæð og íbúðarris. Það er gjöbreytt frá fyrstu gerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Að grunni til með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið stendur á mikilvægu götuhorni Reykjavíkurvegar og Hellisgötu. Þó lítið eimi eftir af upprunalegu húsi er það byggt í anda gamalla bárujárnshúsa og nýtur sín þannig í umhverfi sínu. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er gjörbreytt frá fyrstu gerð, stækkað, þak hækkað, kvistir byggðir og gluggar eru stækkaðir. Bílageymsla byggð. Timburvirki á lóðarmörkum. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er friðað á grundvelli aldurs en líður fyrir nálægðina við umferðarþunga Reykjavíkurvegar. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Þorgrímur Jónsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Verslun



Reykjavíkurvegur 15b, um 1980



Reykjavíkurvegur 15b - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Útitröppur / Kjallari | | |

## Saga:

Reykjavíkurveg 15b þekkja flestir sem átt hafa leið um Hellisgerði. Oddrúnarbær heyrist hann nefndur enda hét síðasti íbúinn Oddrún, en hún bjó í húsinu frá 1950 – 1980. Líklega eru þó einhverjir sem muna bæinn sem Þorgrímsbæ eftir fyrsta eiganda hússins. Þorgrímur byggði húsið árið 1921, með bæjarlagi á steyptum kjallara. Var lóðasamningur samþykktur og útgefinn í febrúarmánuði, byggingarleyfið samþykkt í marsmánuði og húsið risið í júlímánuði árið 1921. Í elstu brunavirðingunni er húsinu lýst þannig:
a )Húsið er einlyft með risi 2m. Því er skipt í 1 herbergi, eldhús og búr, allt klætt innan með panel, herbergið fóðrað, notað til íbúðar. 2 gluggar á húsinu og 1 eldavél í húsinu. Undir öllu húsinu er 0,80m hár kjallari úr steinlímdu hraungrjóti og 1 glugga, notaður til geymslu.
b) Við vesturhlið hússins er skúr úr járnvörðu timbri með vatnshalla þaki, klæddur innan með panel, notaður til inngöngu í húsið. Stærð: L. 1,65m. B. 1,60m. H. 2,60m. 1 gluggi á inngönguskúr.
Í þessu litla húsi bjuggu hjónin Þorgrímur og Guðrún ásamt Helga fóstursyni þeirra, eins og fram kemur í brunavirðingunni var kjallarinn notaður til geymslu en ekki til íbúðar. Þorgrímur flutti til úr húsinu árið 1939, var þá Guðrún látin og sonur þeirra fluttur í burtu. Kom þá í húsið Jón Sölvi Jónsson og Ingileif Brynjólfsdóttir með dætur sínar tvær Báru og Sigrúnu. 8 börn bættust svo í barnahópinn á þeim 10 árum sem Jón og Ingileif bjuggu á Reykjavíkurvegi 15b en er þau fóru úr húsinu árið 1950, flutti þá Oddrún samdægurs inn.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einfalt bárujárnsklætt timburhús á steyptum kjallara. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarbær. Tengist sögu Hellisgerðis. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er eingöngu sýnilegt úr Hellisgerði. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Engar teikningar eru til af húsinu. Það er líklega óbreytt að utan nema fyllt hefur verið upp í kjallaraglugga. Innra skipulagi var breytt til að koma fyrir snyrtingu. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið lítur ágætlega út en komið er að viðhaldi einstakra byggingarhluta. Huga mætti betur að litavali. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er mikilvægt á sögulegum forsendum. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1926 Reykjavíkurvegur 21

Fyrsti eigandi: Ólafur Hafliðason
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Reykjavíkurvegur 21 fyrir breytingu 1980



Reykjavíkurvegur 21 - 09.07.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Trapisuklæðning. |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | |
| Útlit: | Tvílyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur | Einlyft / Ris / Svalir / Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1980 | Breytingar á þaki | Þorsteinn Ingólfsson |

### Saga:

Upphaflega var þetta hús númer 19 við Reykjavíkurveg. Í elstu brunavirðingu af hús er því lýst þannig: "a) Húsið er 2 lyft með risi 2 m. Því er skipt neðri hæð í 2 stofur, eldhús anddyri og geymslu, klætt innan með timbri og fóðrað, nema geymsluherbergið. Efri hæð hússins er skipt í 3 stofur og eldhús, allt klætt innan og fóðrað. Raflýst og málað, notað til íbúðar. b) Við norðurgafl hússins er skúr með vatnhalla þaki, tvílyft efri hæð klædd innan með panel og fóðrað, neðri hæð notað til geymslu annars er skúrinn notaður til inngöngu í húsið. Neðri hæð úr steinsteypu, efri hæð úr timbri járnvarin.12 gluggar á húsinu, 1 eldavél og 1 ofn í húsinu". Allt virt á 15.500kr.

Árið 2018 er unnið að utanhússviðgerðum með nýrri bárujárnsklæðningu.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Timburhús á háum steypum kjallara. Hæð og íbúðarris með mjög stórum óhefðbundnum hafnfirskum kvistum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús með eldri húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hornhús við Reykjavíkurveg og Skúlaskeið og er kennileiti með rúnnuðu horni. Húsið líður fyrir nálægðina við umferðarþunga Reykjavíkurvegar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Árið 1980 var þak hækkað og stórkallalegum hafnfirskum kvistum bætt við á báðum húshliðum. Árið 2018 er unnið að endurbótum á húsinu m.a. bárujárnsklæðningu. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Viðhaldsaðgerðir standa yfir árið 2018 þar sem m.a. trapisuklæðningu er skipt út. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er kennileiti við Reykjavíkurveg og hluti götumyndar við Skúlaskeið en en líður fyrir nálægðina við umferðarþunga Reykjavíkurvegar. |

Verndarflokkar:

**Byggingarár: 1930** Reykjavíkurvegur 23 Hús Árna Sigurjónssonar

Fyrsti eigandi: Árni Sigurjónsson
Hönnuður: Árni Sigurjónsson, trésmíðameistari
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð


Reykjavíkurvegur 23, teikning 1930


Reykjavíkurvegur 23 - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Mótaðar málmplötur |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1953 | Bílskúr | Vigfús Sigurðsson |

## Saga:

Húsið byggði Árni Sigurjónsson trésmíðameistari. Árni nam trésmíði hjá Ásgeiri Stefánssyni og vann við þá iðn til æviloka.
Brunavirðing bók F. bls. 33. Skírteini nr. 7646. 8. október 1930. Eigandi: Árni Sigurgeirsson." Húsið er einlyft með risi 3,50m. skipt í 3 stofur og eldhús anddyri, allt klætt innan með panel, fóðrað málað og raflýst. 10 gluggar á húsinu, miðstöð og eldavél í húsinu. Undir öllu húsinu er 2,50m hár steinsteyptur kjallari með 5 gluggum, honum er skipt í þvottahús geymslu og miðstöðvarklefa. Loft yfir kjallara járnbent steinsteypt. Húsið notað til íbúðar, í rishæð er 1 herbergi." Allt virt á 11.300kr.

Gluggagerð núverandi húss er breytt frá teikningu og fyllt upp í hurðargat, líklega hefur hæðarlega Reykjavíkurvegar breyst talsvert með breikkun götunnar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einfalt bárujárnsklætt timburhús; kjallari, hæð og íbúðarris. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundarverk Árna Sigurjónssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hornhús við Reykjavíkurveg og Nönnugötu. Það líður fyrir nálægðina við umferðarþunga Reykjavíkurvegar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið sjálft er að mestu upprunalegt en þak er klætt með stölluðu stáli og skorsteinn er horfinn. Gluggagerð er breytt frá teikningu og fyllt upp í hurðargat. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af röð timburhúsa við Reykjavíkurveg og hornhús við Nönnugötu. Húsið líður fyrir nálægðina við umferðarþunga Reykjavíkurvegar. |

Verndarflokkar:

**Byggingarár:** Reykjavíkurvegur 25 Iðnaðarlóð

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Atvinnuhúsnæði

Upphafleg notkun: Iðnaður
Núverandi notkun:



Reykjavíkurvegur 25, teikning frá 1985



Reykjavíkurvegur 25 - bílastæðalóð, október 2017.

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | | |
| Útveggir: | | |
| Þakgerð: | ósamhverft mænisþak | |
| Þakklæðning: | | |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft | |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1985 | Gluggabreyting | Friðþjófur Sigurðsson, byggingafulltrúi |
| 1999 | | EBH |

## Saga:

Áður stóð á þessari lóð netagerð Kristins Kristjánssonar og síðar Frostverk, fyrirtæki er annaðist viðgerðir og framleiddi "alls kyns frysti- og kælitæki".

í teikningasafni Hafnarfjarðar er að finna tvær teikningar af húsi á lóðinni. Á breytingarteikningu frá 1941, merktri D. Kr. er sýnd viðbygging við netagerð í grunnmynd og sneiðingu. Hin teikningin er merk Friðþjófi Sigurðssyni byggingafulltrúa og sýnir gluggabreytingu í útliti og grunnmynd.

Teikning af bílastæði er frá árinu 1999 og er á vegum umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðarbæjar.

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi: Lágt — Lóðin er nýtt sem bílastæðalóð og rýrir þannig útlit aðal leiðarinnar til Hafnarfjarðar.

Upprunalegt gildi: Lágt — Netagerðin er farin og með henni partur af atvinnusögu Hafnarfjarðar.

Tæknilegt ástand:

**Varðveislugildi:** Lágt — Bílastæðið hefur ekkert varðveislugildi.

Verndarflokkar:

## Byggingarár: 1925 Reykjavíkurvegur 27

Fyrsti eigandi: Guðlaugur Einarsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð / Hlaðið úr holsteini /

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Reykjavíkurvegur 27



Reykjavíkurvegur 27 - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Hlaðið, holsteinn | Hlaðið, holsteinn |
| Útveggir: | | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðinn úr holsteini | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Svalir / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1964 | Stækkun bíslags - baðherbergi-gluggabreyting, augnstungið. | Þorsteinn Ingólfsson, tæknifræðingur |
| 1995 | Breyting á risi - kvistir, inngangi breytt. | Gústaf B. Ólafsson, byggingafræðingur |

### Saga:

Fyrsti eigandi hússins er sagður vera Guðlaugur Einarsson, Í brunavirðingu þ. 5. nóvember 1925 er húsinu lýst þannig: a) Húsið er einlyft með risi 3m. Því er skipt niðri í 3 stofur og eldhús, allt klætt innan með panel, stofurnar fóðraðar. Uppi er húsinu skipt í 1 herbergi og eldhús, klætti innan með panel, herbergið fóðrað, allt húsið raflýst, notað til íbúðar. Undir öllu húsinu er 1 metra hár kjallari með 1 glugga, notaður til geymslu. Við norðurgafl hússins er skúr með vatnshallaþaki, klæddur innan með panel, notaður til inngöngu í húsið. Húsið og inngönguskúr, hlaðið úr holsteini. 7 gluggar á húsinu og 2 eldavélar í húsinu. Allt virt á 8600 kr.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er báujárnsklætt timburhús; hæð, íbúðarris og geymslukjallari. Húsið er talsvert breytt frá fyrstu gerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Með eldri húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Reykjavíkurveg og stendur mjög þétt upp við götu. Húsið líður fyrir nálægðina við umferðarþunga Reykjavíkurvegar. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Hlutföll hússins hafa raskast við lengingu og byggingu hafnfirskra kvista beggja vegna. Gluggagerð er breytt, bíslag stækkað og verönd gerð á bakhlið. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti röð bárujárnshúsa við Reykjavíkurveg en líður fyrir nálægðina við umferðarþunga Reykjavíkurvegar. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1926** Reykjavíkurvegur 29

Fyrsti eigandi: Kjartan Ólafsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Reykjavíkurvegur 29, 1998



Reykjavíkurvegur 29, ágúst 2018

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1998 | Sólpallur | Einar Matthíasson, byggingarfræðingur |

## Saga:

Á 69. fundi byggingarnefndar var samþykkt beiðni Kjartans Ólafssonar um byggingu íveruhúss við Reykjavíkurveg, samkvæmt meðfylgjandi teikningu. Upplýsingar um hönnuð og byggingameistara vantar. Í upplýsingaslóð er vitnað í þessa teikningu.
Fyrsta brunavirðing af húsinu er gerð 1926 og er húsinu lýst þannig: Húsið er einlyft með risi 2,9m. Því er skipt í 3 stofur, eldhús og anddyri, allt klætt innan með panel og fóðrað, málað og raflýst, 6 gluggar á húsinu. Undir öllu húsinu er 1,5m hár steinsteyptur kjallari með 4 gluggum, honum er skipt í þvottahús og geymslu, húsið er notað til íbúðar. 2 ofnar og 2 eldavélar í húsinu. Allt virt á 7000kr.

Ekki er ljóst hvenær kvistur var settur á suð-austurhið hússins. Kjartan Ólafsson kom til Hafnarfjarðar árið 1920. Hann var í bæjarstjórn fyrir alþýðuflokkinn 1926-1934 og 1938-1950 er hann flutti úr bænum.
Sonur hjónanna var Magnús Kjartansson alþingismaður Reykvíkinga (1967 - 1978)

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Hefðbundið bárujárnshús á steyptum kjallara. Hæð og ris með hafnfirskum kvisti. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með eldri húsum i Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hefðbundið bárujárnshús í röð áþekkra húsa við Reykjavíkurveg. Húsið líður fyrir nálægðina við umferðarþunga Reykjavíkurvegar. Stórt og mikið er reynitré við framhlið húss. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er talsvert breytt með hafnfirskum kvisti á framhlið. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti röð bárujárnshúsa við Reykjavíkurveg en líður fyrir nálægðina við umferðarþunga Reykjavíkurvegar. |

Verndarflokkar:

**Byggingarár: 1929** Reykjavíkurvegur 39 Tunga

Fyrsti eigandi: Þórður Flygenring
Hönnuður: Sigurður Flygenring, verkfræðingur
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Reykjavíkurvegur 39, Tunga. Teikning 1928



Reykjavíkurvegur 39 - 12.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Valmaþak | Gaflsneitt þak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Útskot (karnap) / Kjallari | Einlyft / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1933 | Bílskúr | G. A. |
| 1944 | Hús Baldvins Einarssonar, breyting - stækkun. | Hörður Bjarnason, arkitekt |
| 1945 | Ósamþykkt teikning sýnir hækkað ris og inngöngubreytingu. | Hörður Bjarnason, arkitekt |

## Saga:

Árið 1928 sótti Þórður Flygenring um að byggja íveruhús úr steinsteypu í "tungunni" á milli Reykjavíkurvegar og Norðurbrautar.
Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þanng: "Íbúðarhús einlyft með risi 1,20m. skipt í 4 stofur, eldhús, bað, V.S. og 2 gangar. Útveggir með korki, gólf, loft og veggir húðaðir. Í eldhúsinu eru flísar á gólfi og 1,50m. á hæð á veggjum í baði og öðrum gangi eru flísar á gólfi, önnur gólf eru dúklögð, allt málað og raflýst. Undir öllu húsinu er steinsteyptur kjallari 2 m. hár með 9 gluggum, skipt í miðstöð, þvottahús, kol, 2 geymslur og gagn. Gólf húðuð og veggir ataðir út." 11 gluggar á húsinu, eldavél, þvottapottur, miðstöð, baðáhöld og V.S. Allt virt á 26.500kr.
Þ. 26. júní 1944 er samþykkt viðbótarbygging við Tungu eftir teikningu Harðar Bjarnasonar. Byggingarmeistari var Bjarni Sveinsson.

Skoðun skýrsluhöfunda árið 2018: Húsið er með aðkomu frá Norðurbraut og tilheyrir henni frekar en Reykjavíkurvegi. Bílastæði hafa verið gerð á bæjarlandi utan lóðar. Lóðin er stór og þakin trjágróðri, steyptir garðveggir af nokkrum gerðum á lóðarmörkum. Settir hafa verið upp hljóðveggir úr timbri við Reykjavíkurveg til að hlífa húsinu við umferðarhávaða.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Steinsteypt einbýlishús, kjallari og hæð með gaflsneiddu þaki. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Aðkoma húss er frá Norðurbraut. Lóðin er þakin trjágróðri, mismunandi steyptir garðveggir á lóðarmörkum, bílstæði utan lóðar. Timburveggir við Reykjavíkurveg hlífa húsinu við umferð. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Teikningum og núverandi útliti ber ekki saman. Ljóst er að húsið var stækkað mikið og breytt talsvert árið 1945 en ekki liggur fyrir hvenær því var síðast breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að viðhaldi ýmissa byggingarhluta. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Norðurbraut. |

Verndarflokkar:

## Byggingarár: 1925 Reykjavíkurvegur 31

Fyrsti eigandi: Hendrik A. Hansen
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Reykjavíkurvegur 31 teikning 1951



Reykjavíkurvegur 31 - 10.08.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, járnvarið | Timbur, járnvarið |
| Útveggir: | | Bárujárn |
| Þakgerð: | | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Timbur, járnvarið | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1931 | Stækkað samkvæmt teikningu. | |
| 1951 | Kvistum bætt við á þak | Sigurbjartur Vilhjálmsson |
| 1967 | Viðbygging. | Friðþjófur Sigurðsson, byggingafulltrúi |
| 1969 | Gluggabreyting | Friðþjófur Sigurðsson, byggingafulltrúi |

### Saga:

Reykjavíkurvegur 31 var byggt fyrir eða af Hindrik A. Hansen. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig : " Íbúðarhús, einlyft með risi 2,80m. Niðri skipt í: 3 stofur andyri og eldhús. Þyljað, fóðrað og málað. Uppi skipt í: 1 herbergi eldhús og gang, þyljað fóðrað og málað. Kjallari er undir öllu húsinu, notaður til geymslu og þvottahús. Allt raflýst, 2 eldavélar, 3 ofnar."
Eldri teikningar af húsinu eru ekki að finna í teikningasafni Hafnarfjarðar. Upplýsingar um hönnuð eða byggingameistara liggja ekki fyrir.

Árið 1931 er húsið stækkað skv. teikningu sem finnst ekki í upplýsingaslóð. "Hendrik Hansen Reykjavíkurvegi 31. Sækir um leyfi til að stækka íbúðarhús sitt, Reykjavíkurveg 31 samkv. teikningu nr. 8/35=B. eftir Ásgeir Andrésson. Frestað á fundi byggingarnefndar þar sem H.H. hafði tilkynnt að hann hugsaði ekki til byggingar í bili"

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Reisulegt timburhús á steyptum kjallara, hæð og íbúðarris. Utanhússklæðning og gluggagerð ekki í samræmi við aldur og gerð hússins. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Með eldri húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Reykjavíkurveg og stendur mjög þétt upp við götu. Húsið líður fyrir nálægðina við umferðarþunga Reykjavíkurvegar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er talsvert breytt frá fyrstu gerð; byggt var við það og hafnfirskum kvistum komið fyrir beggja vegna. Gluggagerð er breytt og húsið er klætt með garðastáli. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Reykjavíkurveg en líður fyrir nálægðina við umferðarþunga Reykjavíkurvegar. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti | |

## Byggingarár: 1910 Reykjavíkurvegur 33

Fyrsti eigandi: Þorleifur Klaus Guðmundsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð

TEIKNINGU / MYND VANTAR



Reykjavíkurvegur 33 - 10.08.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur / Viðbygging | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Reykháfur / Útitröppur |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1953 | Geymsla | Friðþjófur Sigurðsson, byggingafulltrúi |

### Saga:

Reykjavíkurvegur 33 stóð áður á Kirkjuvegi, fyrst númer 12 svo númer 14. Lóðaleigusamningur er útgefin þ. 28. ágúst 1919 fyrir Jón Einarsson og Gísla Sigurgeirsson. Húsið er endurmetið árið 1923 fyrir Þorleif Klaus. Guðmundur Þ. Magnússon er síðasti eigandi hússins á Kirkjuveginum. Í kjallaranum hafði hann verslun sína "Framtíðin" í nokkur ár. Húsið var auglýst til sölu í Morgunblaðinu 25.maí 1945 og þá flutt á núverandi stað.
Brunavirðing bók D. bls. 33. Skírteini nr. (7380). 10. desember 1920. Kirkjuvegur 10B. Núv. eigandi Þorleifur Kl. Guðmundsson. a) Íbúðarhús einlyft með risi 2,30m. Því er skipt í 4 stofur og eldhús, klætt innan panel, 2 stofurnar eru fóðraðar, allt málað. 7 gluggar á húsinu, 1 eldavél. Undir öllu húsinu er 2,35m. hár kjallari, skipt í 3 herbergi, anddyri og geymslu, herbergin og anddyrið er klætt innan panel og málað. 4 gluggar á kjallara. b) Inngönguskúr með risi 1,10m. klæddur innan með panel. Stærð: L. 1,65m. B. 2,40m. H. 2,40m. 1 gluggi á inngönguskúr. Allt virt á 22,150kr.
Brunavirðing. Skírteini nr. ( 7380). 28. september 1923. Kirkjuvegur 19B. Núv. eigandi: Þorleifur Kl. Guðmundsson síðasti eig: ekki selt. a) húsið er einlyft með risi 2,30m. Því er skipt í 4 stofur og eldhús, klætt innan með panel, 2 stofur fóðraðar, allt málað. Undir öllu húsinu er kjallari, honum er skipt í sölubúð, anddyri, íbúðarherbergi, eldhús og geymslu, allt klætt innan með borðum. Íbúðarherbergið fóðrað. b) Inngönguskúr einlyftur með risi, þiljaður panel. Allt virt á 13.400kr.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Bárujárnsklætt timburhús á steyptum kjallara með lágu risi. Steyptur bílskúr. |
| Menningarsögulegt gildi: | | Íbúðarhús. Flutningshús. Með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Reykjavíkurveg og stendur mjög þétt upp við götu. Húsið líður fyrir nálægðina við umferðarþunga Reykjavíkurvegar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Upprunalegar teikningar vantar og ekki er ljóst hvenær húsið var byggt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að viðhaldi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Húsið er hluti af mótaðri byggð við Reykjavíkurveg en líður fyrir nálægðina við umferðarþunga Reykjavíkurvegar. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Hans Steinason og Sigurjón Ólafsson.
Hönnuður: Tryggvi Stefánsson
Upphaflegur byggingarstíll: Alþýðuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Reykjavíkurvegur 35 og 35a, teikning 1945.



Reykjavíkurvegur 35 og 35a - 15.08.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur forskalað | Timbur forskalað | 2001 | Kristín Jónsdóttir, arkitekt |
| Útveggir: | Steining, skeljasandur | steinaðir / steniklæðning | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Útitröppur / Kjallari | | |

## Saga:

Húsið er forskalað timburhús með steyptum kjallara. Veggur milli parhúsanna er steyptur, byggt fyrir Sigurjón Ólafsson og Hans Steinason.
Á 190. fundi bygginganefndar Hafnarfjarðar þ. 28. ágúst 1945 var heimilað "að reisa íbúðarhús við Reykjavíkurveg 35 samkvæmt teikningu er fylgdi, enda verði byggingameistari tilnefndur áður en smíði hefst." Byggingameistari tilnefndur: Hans Steinason.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er lágreist parhús. Það er forskalað tilburhús, kjallari og hæð. Nyrðri hluti er klæddur steniplötum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Parhús, íbúðarhús. Höfundarverk Tryggva Stefánssonar byggingameistara. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Reykjavíkurveg og stendur mjög þétt upp við götu. Húsið líður fyrir nálægðina við umferðarþunga Reykjavíkurvegar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Óljóst er hver upphafleg utanhússklæðning var, bárujárn, timbur eða múrhúð. Steniklæðning er ekki upprunalegt efni. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Húsið þarfnast viðhalds. Syðri hluti er í verra ásigkomulagi en sá sem klæddur hefur verið með steniplötum. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Reykjavíkurveg en líður fyrir nálægðina við umferðarþunga Reykjavíkurvegar. |

Verndarflokkar:

**Byggingarár: 1945** Reykjavíkurvegur 45

Fyrsti eigandi: Bílaverkstæði Hafnarfjarðar
Hönnuður: Ágúst Steingrímsson, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Annað

Upphafleg notkun: / Bílaverkstæði
Núverandi notkun: / Sértrúarsöfnuður



Reykjavíkurvegur 45, götuhlið, teikning 1945.



Reykjavíkurvegur 45 - 10.08.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris | Einlyft |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1996 | Endurnýjun og breyting | Helgi K. Pálsson, innanhússarkitekt |
| 2002 | Breyting á notkun | Sigurþór Aðalsteinsson, Arkitekt |

## Saga:

Í þessu húsi var Bílaverkstæði Hafnarfjarðar til húsa.
Í brunavirðingu þ. 11. mars 1945 er húsinu lýst þannig: "Húsið er einlyft með risi 2 m. Skipt í: vinnusal, sölubúð, skrifstofu, kaffistofu, fatageymslu og miðstöðvarklefa". Allt virt á 170.000kr.
Skv. gömlum auglýsingum var einnig selt eldsneyti og varahlutir á verkstæðinu.

Árið 2002 var samþykkt að breyta húsinu í félagsheimili en það hafði áður verið notað sem skyndibitaeldhús.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er upphaflega bifreiðaverkstæði og er formfalleg steinsteypt bygging með fallegum gluggum. Hæð og mænisþak. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Bifreiðaverkstæði. Höfundarverk Ágústs Steingrímssonar arkitekts. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Reykjavíkurveg. Lóð er að mestu ófrágengin. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er ekki mikið breytt að utanverðu. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið lítur ágætlega út. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Reykjavíkurveg og tengist atvinnusögu Hafnarfjarðar. |

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Grímur Andrésson og
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun
Núverandi notkun: Íbúð



Framhlið að Vesturbrú, ódagsett teikning.



Vesturbraut 1 - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Kvistir / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Portbyggt / Ris / Svalir / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1926 | Bílskúr | |
| 1969 | Stækkun, salerni komið fyrir í inngöngu skúr á vesturhlið | Þorsteinn Ingólfsson, tæknifræðingur |
| 1999 | Viðbygging, svalir. | |
| 2002 | Svalir, tröppur, viðbygging og gluggar. | Sigrún Ólafsdóttir, Arkitekt |

## Saga:

Á 6. fundi byggingarnefndar Hafnarfjarðarbæjar var samþykkt að veita Grími Andréssyni byggingarleyfi við Vesturbrú samkvæmt uppdrætti. Var leyfið veitt með því skilyrði að Grímur "byggði ekki ótraustar en byggingarsamþykktin ákveður". Samkvæmt elstu brunavirðingu frá 1917 er húsinu lýst sem svo: "a) Húsið er einlyft með porti og risi 2,50m og kvisti. Því er skipt niðri í 3 stofur, eldhús og búr, allt klætt innan með panel, fóðrað og málað. Uppi er húsinu skipt í 4 herbergi, eldhús og anddyri, allt klætt innan með panel, fóðrað og málað, allt húsið notað til íbúðar. Undir öllu húsinu er 2,50m hár kjallari með 5 gluggum, honum er skipt í 2 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri og geymslu, íbúðin klædd innan með panel að nokkru, annars húðað. b) við norðurgafl hússins er anddyri með vatnshalla þaki, klætt innan með panel, allt fóðrað. Stærð: L. 1,50m B. 2,70m H. 3,40m 1 gluggi. c) Við norðvesturhlið hússins er skúr með vatnshallaþaki, klæddur innan með panel, notaður til inngöngu í húsi, undir loft og á.Stærð: L. 1,90m B. 2,70m H. 4,50m " Allt virt á 18.710kr.
Geymslubyggingin sem síðar fylgdi húsinu hefur nú verið gerð að íbúðarhúsi og er Unnarstígur 1.

Bifreiðaskúr við Vesturbraut 1, var byggður á vormánuðum 1926. Teikning er merkt: "Bifreiðaskúr Gríms Kr. Andrjessonar og fjelaga."

Geymslubygging sem síðar fylgdi húsinu hefur nú verið gert að íbúðarhúsið og er Unnarstígur 1.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Reisulegt bárujárnshús; kjallari, hæð og íbúðarris. Frágangur á útitröppum og umfangsmiklir bílskúrar þétt upp við húsið rýra gildi þess. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, skóvinnustofa og verslun í kjallara. Hér bjó Morthens fjölskyldan. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur þétt upp við götu og er hluti af mótaðri byggð við Vesturbraut. Bílskúr er ekki til prýði. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er talsvert breytt frá fyrstu gerð, á bakhlið eru stórir kvistir, svalir hafa verið gerðar og inngöngum og gluggasetningu breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið sjálft virðist í góðu ástandi þó komið sé að viðhaldi á stöku stað. Bílskúrar líta illa út. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af mótaðri byggð við Vesturbraut. Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Varðveislugildi bílskúrs er lágt. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

# Byggingarár: 1915 Vesturbraut 2

Fyrsti eigandi: Gísli Kristjánsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: / Steinsteypt hús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Vesturbraut 2, teikning 1926



Vesturbraut 2 -27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1926 | Þak hækkað. | |

## Saga:

Samkvæmt brunavirðingu frá 1916 er húsinu lýst þannig: a) Íbúðarhús, húsið er einlyft með risi 2 m. Húsinu er skipt í 3 stofu og eldhús, slétthúðað og fóðrað, uppi geymsla, óklætt á þakviði (sperrur). 8 gluggar á húsi, 1 eldavél og 1 ofn í húsinu. Við austurgafl hússins er steinsteyptur og steinhúðaður inngönguskúr með risi 0,85m. Stærð: L. 2,75m B.2,80m H. 2,50m. 1 gluggi á inngönguskúr. Undir öllu húsinu er kjallari, notaður til geymslu, annars er húsið eingöngu notað til íbúðar. b) Heyhlaða, ris 0.60m. stærð 3,75x3,72m2, hæð 2,20m. c) Hesthús, með vatnshalla þaki, stærð 3.75 x 3.75m2 hæð: 2.20m.
Árið 1926 eru samþykktar breytingar, er þá þakið hækkað og gert íbúðarhæft, einnig er inngönguskúr stækkaður. Í brunavirðingu frá 1925 er hvorki minnst á hesthús, né heyhlöðu.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er steinsteypt; kjallari, hæð og íbúðarris. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum við Vesturbraut. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið stendur þétt upp við götu og tilheyrir randbyggð neðst á Vesturbraut. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið var hækkað, stigahús byggt á garðhlið og innra skipulagi breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Ljúka þarf viðhaldsaðgerðum sem virðast hafa staðið yfir í mörg ár. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Það tilheyrir randbyggð neðst á Vesturbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði að verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Ingólfur Helgason
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Vesturbraut 3 teikning 1982



Vesturbraut 3 - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari | Einlyft / Ris / Kjallari |

**Helstu breytingar:**

Bílskúr byggður.

**Hönnuðir breytinga:**

Óli Þórðarson, Arkitekt

## Saga:

Í brunavirðingu frá 1923 er húsinu lýst þannig: "a) Húsið er einlyft með risi 2,85m. Því er skipt í 3 stofur, anddyri og eldhús, klætt innan panel og veggfóðrað, allt málað. Húsið er raflýst og notað til íbúðar. Uppi er ósundurskipt geymsla. 6 gluggar á húsinu, 1 eldavél og 1 ofn. Undir öllu húsinu er 2,5m. hár steinsteyptur kjallari með 4 gluggum, notaður til geymslu. b) Inngönguskúr með vatnshallaþaki, þiljaður panel og málaður. Stærð: L. 2,5m B. 1,4m H. 2,5m 1 gluggi. Allt virt á 10.300kr.

Árið 1990 voru umfangsmiklar breytingar samþykktar skv. teikningum Óla Þórðarsonar arkitekts samþykktar, svo sem kvistir, timburpallar, svalir og fleira en ekki unnið eftir uppdráttum nema að takmörkuðu leyti.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einfalt bárujárnsklætt timburhús á steyptum kjallara með íbúðarrisi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur þétt upp við götu og er hluti af mótaðri byggð við Vesturbraut. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er ekki mikið breytt frá fyrstu gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af mótaðri byggð við Vesturbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1925** Vesturbraut 4 Vesturbrú 4

Fyrsti eigandi: Símon Kristjánsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Vesturbraut 4, fyrir breytingu 1955.


Vesturbraut 4 - 27.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** | **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Timbur | | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | 1928 | Húsið lengt og hækkað. | Sigurlinni Pétursson |
| Þakklæðning: | Bárujárn | | | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | | |
| Útlit: | Tvílyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Ris / Kjallari | | | |

## Saga:

Saga þessa húss er samtvinnuð efra húsinu, Vesturbrú 4a, sem byggt er að grunni til 1913. Þetta hús er byggt í tíð Ólafs Bjarnasonar sem áður bjó í Gestshúsum (Vesturgötu 16) og Sigurlinna Péturssonar sem hafði trévinnustofu á neðri hæð hússins. Sigurlinni nam trésmíði í Danmörku og útskurð hjá Ríkharði Jónssyni myndhöggvara. Elsta brunavirðing sem til er af þessum hluta hússins er frá 1928, en stærð hússins hefur ekki verið skráð. 1929 er gerð ný brunavirðing er húsinu lýst þannig: 1928 er húsinu lýst þannig: "Við Suðurgafl hússins er viðbygging, 2 hæðir með risi 3,3m. Neðri hæð skipt í tvennt, trévinnustofu og geymslu, efri hæð skipt í 1 stofu, eldhús og gang. Rishæð skipt í 1 herbergi og gang, allt klætt innan með panel, öll efrihæð og herbergið í rishæð fóðrað, allt málað og raflýst, notað til íbúðar. Útveggir og þak úr timbri, járnvörðu."

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er tvílyft timburhús á geymslukjallara, mikið breytt frá fyrstu gerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Með eldri íbúðarhúsum í Vesturbænum. Tengist timburiðnaði í Hafnarfirði. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið stendur þétt upp við götu og tilheyrir randbyggð neðst á Vesturbraut. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er mikið breytt frá fyrstu gerð; hæð bætt ofan á það og gluggasetningu og -gerð breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Tími er kominn á viðhald ýmissa byggingarhluta. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið tilheyrir randbyggð neðst á Vesturbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1913** Vesturbraut 4A Vesturbrú 4A

Fyrsti eigandi: Símon Kristjánsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð / Trésmíðavinnustofa
Núverandi notkun: Íbúð



Vesturbraut 4a fyrir breytingu, 1943.



Vesturbraut 4a - 27.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárnsklæðning / |
| Þakgerð: | Mænisþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Útitröppur / Kjallari | Tvílyft |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1927 | Stækkun. | |
| 1929 | Breyting, eldvarnarveggur. | |
| 1943 | Húsið hækkað. | Fr. Steingrímsson |

## Saga:

Vesturbraut 4a að grunni til byggt 1913. Það styður lóðasamningur útgefinn sama ár, en minnst er á húsið í lóðarlýsingunni. Fyrstur átti það Símon Kristjánsson bryggjuvörður. Árið 1917 er Böðvar Böðvarsson eigandi hússins og leigir hann eignina út. Húsinu má sjá bregða fyrir í kvikmynd sem tekin var um 1920. Má þar sjá einlyft timburhús með mænisþaki og niðurgrafinn kjallara. Samkvæmt elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst svo: a) Húsið er einlyft með risi 1m. Því er skipt í 3 stofur og eldhús, allt klætt innan með panel, stofurnar fóðrarðar, allt málað, notað til íbúðar. undir öllu húsinu er 1,70m hár steinsteyptur kjallari með 3 gluggum, notaður til geymslu.

Árið 1927 er komin viðbygging, neðan við húsið, tveggja hæða hús með vatnshallaþaki.
Árið 1929 er húsið lengt og húsin aðskilin með eldvararvegg.
Árið 1944 er húsið hækkað í eigu Guðmundar Hannessonar og er númer 4a.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er tvílyft timburhús á geymslukjallara, mikið breytt frá fyrstu gerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús, í grunninn með elstu húsunum við Vesturbraut. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið stendur þétt upp við götu og tilheyrir randbyggð neðst á Vesturbraut. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er mikið breytt frá fyrstu gerð; hæð bætt ofan á það og gluggagerð breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið tilheyrir randbyggð neðst á Vesturbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti | |

## **Byggingarár: 1915** Vesturbraut 6 Vesturbrú 6

Fyrsti eigandi: Benedikt Sigmundsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun
Núverandi notkun: Íbúð



Suðvestur hlið, teikning 1983



Vesturbraut 6, júní 2018

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Tvílyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1981 | Innanhússkipulag | Páll V. Bjarnason, arkitekt |
| 1983 | Viðbygging | Páll V. Bjarnason, arkitekt |
| 1991 | Stækkun | Páll V. Bjarnason, arkitekt |

### Saga:

Elsta brunavirðing af Vesturbraut 6 er frá 1916 og er því lýst þannig: " Húsið er tvílyft og með risi 2,80m. Niðri er því skipt í sölubúð, geymsluherbergi, stofur og anddyri, klætt innan með panel og málað. Uppi er því skipt í 2 stofur, eldhús og anddyri, Klætt innan með panel, stofurnar fóðraðar, allt málað. Efsta loft þakhæðin, klædd að hálfu með panel, því er skipt í 1 herbergi og geymslu. Húsið notað til verslunar, veitinga og íbúðar. Inngönguskúr er við suðurhlið hússins með vatnshallaþaki. Stærð: L. 2m, B. 2,40m, H. 3,45m, 1 gluggi. Kjallari er undir öllu húsinu, gerður úr steinsteypu, 1 gluggi, notaður til geymslu.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er reisulegt, tvílyft bárujárnshús á steyptum kjallara með íbúðarrisi og kvistum. Talsvert breytt frá fyrstu gerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús, með elstu húsum við Vesturbraut. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið tilheyrir mótaðri byggð á Vesturbraut og Vörðustíg. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er talsvert breytt frá fyrstu gerð; hækkað og stækkað. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið tilheyrir mótaðri byggð á Vesturbraut og Vörðustíg. Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Magnús Jóhannesson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Alþýðuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Vesturbraut 7 "Blue print" fyrir breytingu 1925


Vesturbraut 7 - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Kjallari |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1921 | Hús og inngönguskúr hækkað. | Sigurður Flygenring |
| 1950 | Óskýrt hverjar breytingarnar eru | Sigmar Guðmundsson |

## Saga:

Árið 1915 var húsið ótölusett við Vesturbrú enda gatan rétt að myndast. í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: "Húsið er einlyft með risi 1,65m Því er skipt niðri í 3 stofur og eldhús, allt klætt innan með panel, 2 stofur fóðraðar, allt málað, notað til íbúðar, uppi (risið) notað til geymslu. 8 gluggar á húsinu, 1 eldavél og 2 ofnar í húsinu. Undir öllu húsinu er 1,85m. hár kjallari með 2 gluggum, notaður til geymslu. B) Við austurgafl hússins er skúr með vatnshallaþaki, notaður til inngöngu í húsið. Stærð: L. 1,90m B. 1,90m H, 2,50m 1 gluggi. " Samkvæmt teikningu frá 1921 hefur verið sótt um hækkun á húsinu, sem ekki hefur verið framkvæmd fyrr en 1925 að þakið var hækkað og efri hæðin gerð íbúðarhæf. 1950 er samþykkt teikning eins og húsið er útlítandi í dag.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Steinsteypt hús, kjallari, hæð og búðarris. Hafnfirskir kvistir beggja vegna á þaki. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum við Vesturbraut og með elstu steinsteyptu húsum í Hafnarfirði. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur þétt upp við götu og er hluti af mótaðri byggð við Vesturbraut. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er talsvert breytt frá fyrstu gerð, lengt, þak hækkað og hafnfirskir kvistir byggðir.Timburpallur að sunnanverðu með miklu timburvirki að götu rýrir gildi hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af mótaðri byggð við Vesturbraut. Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

## Byggingarár: 1928 Vesturbraut 8 Deild

Fyrsti eigandi: Jón Jónsson frá Deild
Hönnuður: Ásgeir G. Stefánsson
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Vesturbraut 8, teikning 1928.



Vesturbraut 8 - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari |

### Helstu breytingar:

Engar breytingar skráðar á upplýsingaslóð (teikningasafn

### Hönnuðir breytinga:

### Saga:

Á lóðinni stóð eldra hús, frá 1910 eign Jóns Jónssonar frá Deild á Álftanesi. Húsið stóð skakt í lóðinni þegar Vesturbrú og Vörðustígur voru lagðir, það tilheyrði í fyrstu Vesturhverfi. Árið 1928 er samþykkt beiðni Jóns um byggingu íveruhúss á lóð sinni, samkvæmt teikningu Ásgeirs G. Stefánssonar, en yfirsmiður var Guðjón Arngrímsson. Stórar líkur eru á að gamla húsið hafi verið flutt til ef ekki þá að timbrið hafi verið nýtt í þetta hús.
Í fyrstu brunavirðingu af húsinu er því lýst svo: "Íbúðarhús, einlyft með risi 3,30m. Niðri skipt í 3 stofur eldhús og anddyri, þyljað, fóðrað, málað og raflýst. Undir og umhverfis eldavél og vask eru flísar. Uppi ósundurskipt geymsla, 10 gluggar á húsinu, miðstöð og eldavél í húsinu. Undir öllu húsinu er 2m hár steinsteyptur kjallari með 4 gluggum, skipt í þvottahús, miðstöð og geymslu. " Allt virt á kr. 9.700.

Engin breytingateikning er til í teikningasafni, en ljóst er að stigahús er stíðari tíma viðbót. Einnig hefur verið gerður sólpallur með skjólvegjum í garði.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Einfalt og fallegt bárujárnsklætt timburhús á steyptum kjallara, hæð og íbúðarris. Húsið hefur haldið formi sínu að mestu leyti. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum við Vesturbraut. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur þétt upp við götu og er hluti af mótaðri byggð við Vesturbraut. Frágangur steyptra veggja og lóðar til fyrirmyndar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er lítið breytt frá fyrstu gerð að undanskildu bíslagi. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið tilheyrir mótaðri byggð á Vesturbraut og Vörðustíg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Björn Jóhannesson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Kastalastíll

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun
Núverandi notkun: Íbúð




Vesturgata 9 úr teikningu frá 1961.



Vesturbraut 9 - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Bárujárn |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Reykháfur / Kjallari | Tvílyft / Svalir / Útitröppur |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1961 | Stækkun á verslunarplássi | Sigmar Guðmundsson |
| 1962 | "Breyting á gluggum" | |
| 2014 | Útlitsbreyting. Húsið er heilklætt með láréttri báruklæðningu og timbri. Þar | Gunnlaugur Jónsson og Pálmar Halldórsson, |

## Saga:

Á fundi byggingarnefndar Hafnarfjarðar í júlí 1925 var samþykkt að heimila Birni Jóhannessyni bryggjuverði að byggja íveruhús á vegamótum Vesturbrúar og Krosseyrarvegar samkvæmt uppdrætti. Í elstu brunavirðingu af húsinu sem gerð var í ágúst sama ár, er húsinu lýst sem svo: "Húsið er einlyft með vatnshallaþaki. Því er skipt í 3 stofur, 2 anddyri og eldhús. Innan á steinveggjum er grind, þar á tjörupappi og klæðninga, allt veggfóðrað. Undir öllu húsinu er 2,50m hár kjallari með 4 gluggum, skipt í miðstöðvarklefa og geymslurúm. Í öllu húsinu er rafljós." 8 gluggar á húsinu, 1 eldavél og miðstöð í húsinu.
Í verslunarrýminu var um árabil seldar almennar mjólkurvörur, brauðmeti frá Alþýðubrauðgerðinni og kjötvörur.
Árið 1957 er opnuð ný verslun í húsinu sem nefnd var "Vesturbúð" en meðal manna hét hún "Dúllabúð". Eigandinn var Kristen Adolf Reynholdt Sigurðsson kallaður Dúlli.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt / rýrt | Húsið er tvílyft, steinsteypt og eitt af fáum húsum af kastalagerð. Listrænt gildi hússins í upprunalegri mynd er mikið en ekkert í núverandi mynd. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Verslun á neðri hæð, íbúð á efri hæð. |
| Umhverfisgildi: | Hátt / rýrt | Umhverfisgildi hússins í upprunalegri mynd er mikið, þer er hornhús í hnappi steyptra húsa við Vesturbraut. Umhverfisgildi í núverandi mynd er skert. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsinu hefur verið misþyrmt með óviðeigandi utanhússklæðningum og gluggagerð er breytt. Æskilegt er að húsið verði fært aftur til fyrra horfs. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er nýfrágengið að utan, en efnisval og útlit hæfir ekki byggingarstíl hússins. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er eitt af fáum kastalahúsum í Hafnarfirði og æskilegt er að það verði fært til fyrra horfs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Ólafur Gíslason
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Alþýðuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Vesturbraut 10, 1980.



Vesturbraut 10 - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1932 | Endurmat, engin stækkun. | |
| 1975 | Bílgeymsla | Jóhann Gunnar Bergþórsson, verkfræðingur |
| 2002 | Kvistur | Kristján Ásgeirsson, arkitekt |

## Saga:

Lóðasamningur fyrir Vesturbrú 7 var útgefinn þ. 7. mars 1914 fyrir Ólaf Gíslason. Samkvæmt manntali sem tekið var í desember sama ár er Ólafur ásamt fjölskyldu í ónúmeruðu húsi við ónefnda götu, en um það leiti var Vesturbraut að myndast upp frá Vesturgötu. Í elstu brunavirðingu af húsinu frá 1917, er húsinu lýst sem svo: a) Íbúðarhús, húsið er einlyft með risi 2m. Því er skipt í 2 stofur og eldhús, stofurnar fóðraðar, eldhúsið klætt með panel allt málað. Undir öllu húsinu er 2,10m hár kjallari, honum er skipt í 2 stofur, eldhús og geymslu, klætt innan með panel, málað. 4 gluggar á kjallara. b) Við Suðurhlið hússins er skúr notaður til inngöngu í húsið (báðar íbúðirnar) hann er með vatnhallaþaki. Stærð: L. 1,90m, B. 1,60m, H. 2,40m, 1 gluggi á inngönguskúr. Allt virt á 5850kr.
Árið 1932 er önnur brunavirðing gerð, þá er virðing hússins 8.600kr.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Steinsteypt parhús, kjallari hæð og íbúðarris. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús, með elstu steinsteyptu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur þétt upp við götu og er hluti af mótaðri byggð við Vesturbraut. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Stór kvistur hefur verið gerður á götuhlið og yfirbyggð verönd á bakhlið, bílskúr á baklóð. Árið 2018 hefur húsi verið málað svart en liturinn virkar framandi á steinhúsi. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er friðað á grundvelli aldurs og tilheyrir mótaðri byggð á Vesturbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti

**Byggingarár: 1935** Vesturbraut 10A Vesturbrú 10A

Fyrsti eigandi: Gísli Ólafsson.
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Alþýðuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð





Vesturbraut 10a - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris | Einlyft / Hornsneitt / Kjallari |

| Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|
| Raflögn í hús Gísla Ólafssonar | Þorvaldur Sigurðsson |

## Saga:

Fundargerðabók byggingarnefndar Hafarfjarðar. 185. fundur. 27. apríl 1945. " Gísli Ólafsson, Vesturbraut 10 sækir um leyfi til að byggja við húsið Vesturbraut 10. Teikning fylgdi, ásamt heimild frá Sigurjóni Eyjólfssyni um að Gísli megi byggja á sínum lóðarmörkum. Samþykkt var að leyfa viðbygginguna samkv. teikningunni, er fylgdi. Byggingameistari: Steingrímur Bjarnason"

Brunavirðing, áhættunr. 7980. 30.11.1945. Núverandi eigandi Gísli Ólafsson. "Húsið er einlyft með ris. Skipt í: 3 stofur, eldhús, V.S, gang og anddyri. Múrhúðað, málað og gólf dúklögð. Undir 2/3 hluta hússins er kjallari skipt í geymslu, þvottahús og miðstöð. Virt á kr. 50.600kr. Miðstöð og hreinlætistæki virt á kr. 6,500kr. " Byggt áfast við Vesturbraut 10.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Steinsteypt parhús, kjallari og hæð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið stendur þétt upp við götu og er hluti af mótaðri byggð við Vesturbraut. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er lítið breytt frá fyrstu gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið tilheyrir mótaðri byggð á Vesturbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1926 — Vesturbraut 12 — Borg

Fyrsti eigandi: Jakob A. Sigurðsson
Hönnuður: Guðmundur Einarsson, húsasmiður
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun
Núverandi notkun: Íbúð



Vesturbrú 12, 1925.



Vesturbraut 12 - 27.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Valmaþak | Einhalla (skúrþak) |
| Þakklæðning: | Bárujárn | |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft / Ris / Reykháfur | Einlyft / Kvistir / Ris / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1959 | Viðbygging | Stefán Sigurbentsson |
| 1959 | Viðbygging | Stefán Sigurbentsson |
| 1986 | | Árni þ. Árnason |
| 1990 | skjólveggur á viðbyggingu og útlit. | Sigurjón Pálsson og Andrés Ásmundsson |

### Saga:

Fyrsti eigandi hússins, Jakob A. Sigurðsson opnaði fyrst verslun í Hafnarfirði á Reykjavíkurvegi 5, Jakobsbúð, en síðan í þessu húsi og nefndi hann verslun sína, Borg.
Í fyrstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: "Húsið er tvílyft með risi 2 m. Því er skipt: neðri hæð í sölubúð, þvottahús og geymslu. Efri hæð er skipt í 3 stofur, eldhús og forstofu, öll efri hæð klædd innan með timbri og fóðruð. 11 gluggar á húsinu, 1 eldavél og miðstöð í húsinu." Allt virt á 17.100kr.
Ekki er ljóst hvenær þakhæðin er hækkuð né hvenær gluggum á framhlið var breytt og hurð fjarlægð en líklega var það með teikningu Stefáns Sigurbentssonar árið 1959.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Upprunalega formfallegt steypt hús en síðari tíma breytingar hafa rýrt gildi þess. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúð á efri hæð, verslun á jarðhæð. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Stendur í hnappi nokkurra ólíkra steinsteyptra húsa við Vesturbraut. Stendur áberandi á horni og er kennileiti. Húsið líður fyrir óviðeigandi þakbreytingu. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Upprunalegum hlutföllum hússins hefur verið raskað með óviðeigandi ofanábyggingu. Sterkt svipmót byggingarinnar breyttist þegar fyllt var upp í hurðargat á framhlið. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið en æskilegt væri að færa þak til fyrra horfs. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Varðveislugildið telst hátt vegna aldurs, verslunarsögu við Vesturbraut og möguleikans á því að færa húsið aftur til fyrra horfs. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## **Byggingarár: 1929** Vesturbraut 13 Vesturbrú 13

Fyrsti eigandi: Magnús Magnússon
Hönnuður: Ásgeir Stefánsson, smiður
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun
Núverandi notkun: Íbúð



Vesturbraut 13, teikning 1928



Vesturbraut 13 - 27. júní 2018

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft / Ris / Reykháfur | Tvílyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1980 | Breyting á gluggahlið að austan, hurð fjarlægð. | Njáll Guðmundsson, byggingafræðingur |
| 1984 | Bílgeymsla á lóð | Friðþjófur Sigurðsson, byggingafulltrúi |

### Saga:

Á þessum stað stóð eldra timburhús á lóðinni, sem var flutt að Langeyrarvegi 1, þegar þetta hús var byggt. Fékk Magnús Magnússon frá Skuld, heimild til að byggja nýtt hús, en hann átti eldra húsið. Húsið er teiknað af Ásgeiri Stefánssyni, sem einnig var yfirsmiður. Járnbent loft yfir kjallara og fyrstu hæð samkv. teikningu eftir Emil Jónsson. ." Í fyrstu brunavirðingu af húsinu frá 1929 er því lýst þannig: "Húsið er tvílyft með risi 2,60m. Því er skipt: neðri hæð í anddyri, forstofu, 2 sölubúðir og 2 geymsluherbergi. Innan á öllum útveggjum eru korkþynnur, þar á sementshúð. Allir inniveggir á hæðinni steinsteyptir, svo og loft og gólf. Efri hæð hússins er skipt í gang, 4 stofur, eldhús og barnaherbergi. Allt klætt innan með timbri og veggfóðrað. 16 gluggar eru á húsinu Undir hér um bil hálfu húsinu er 2ja metra hár kjallari með 2 gluggum úr sama og húsið, honum er skipt í miðstöð, þvottahús og geymslu. Húsið er notað fyrir íbúð og verslun. 1 eldavél og miðstöð í húsinu. Allt virt á 33.800kr.
Fljótlega eftir að nýja húsið var risið, opnaði Ragnheiður Þorkelsdóttir verslunina Skuld sem seldi fatnað, álnavörur, garn og ýmislegt fleira. Garðarsbúð, áður Hamarsbúð, opnaði í húsinu árið 1950, hún seldi, mat- og bökunarvörur, leikföng og jólavörur.

Árið 1984 er bílgeymslu eftir teikningu Friðþjófs Sigurðssonar komið fyrir á lóðinni.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er steinsteypt, tvílyft með kjallara og valmaþaki. Reisulegt hús með klassískum útlitseinkennum en síðari tíma breytingar rýra gildi þess. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúð á efri hæð, verslun á jarðhæð. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur þétt upp við götu og er áberandi í götumynd Vesturbrautar og Langeyrarvegar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Svipmót hússins breyttist mikið þegar inngangur frá Vesturbraut var fjarlægður og gluggum breytt. Bílskúrum hefur verið breytt í (óleyfis?)íbúðir. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Viðhaldsaðgerðir standa yfir á húsinu árið 2018. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af mótaðri byggð og verslunarsögu við Vesturbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1919 — Vesturbraut 15 — Vesturbrú 15

Fyrsti eigandi: Magnús Jóhannesson
Hönnuður: Guðmundur Einarsson, smiður
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Vesturbraut 13, teikning 1919




Vesturbraut 15 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Kjallari | Tvílyft / Ris / Reykháfur / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1931 | Húsið hækkað. | Ágúst G. Stefánsson, smiður |
| 1962 | Viðbygging. | Sigurður Guðmundsson |

### Saga:

Brunavirðing 1. desember 1919. Við Vesturbrú (ótölusett) Núv. eigandi: Magnús Jóhannesson. "a) Húsið er einlyft með porti og risi 3,20m. Niðri skipt í 3 stofur og eldhús, klætt innan með panel, allt fóðrað og málað. Uppi skipt í: 3 herbergi og eldhús, klætt innan með panel og herbergin eru fóðruð, allt málað. Notað til íbúðar. 14 gluggar á húsinu, 2 ofnar og 2 eldavélar í húsinu. Undir öllu húsinu er 0,80m hár steinsteyptur kjallari, notaður til geymslu. b) Inngönguskúr, einlyftur með vatnshalla þaki, klæddur innan með panel og málaður. Stærð: L. 3,35m, B. 2,80m, H. 3.00m, 1 gluggi. c) Geymsluskúr einlyftur með vatnshallaþaki. Stærð: L. 4m, B. 2,70m, H. 2,15m, 1 gluggi. Allt virt á 18.965kr.
Nýr inngönguskúr er byggður við húsið árið 1926.
Árið 1931 er samþykkt að heimila Magnúsi að setja hæð ofan á hús sitt eftir teikningu Ásgeirs Stefánssonar en yfirsmiður var Davíð Kristjánsson.
1962 er byggt við húsið samkvæmt teikningu Sigurðar Guðmundssonar.

Gistiheimili er rekið í húsinu.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er tvílyft með háu valmaþaki. Umfangsmiklar síðari tíma viðbyggingar rýra gildi þess. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Höfundaverk Guðmundar Einarssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri bygð við Vesturbraut og Langeyrarveg. Í húsinu er rekið gistiheimili. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er gjörbreytt frá fyrstu gerð: hækkað, þakformi breytt og byggðar við það stórar viðbyggingar. Timburverk við bíslag er óviðeigandi. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið lítur þokkalega út. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er friðað á grundvelli aldurs en lítið eimir eftir af upprunalegri gerð. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Aðalsteinn Sturla Sveinsson
Hönnuður: Sveinn Karlsson, tæknifræðingur
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Vesturbraut 16, gamla húsið, 1980.



Vesturbraut 16, júlí 2018.

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Svalir / Viðbygging / Kjallari | Einlyft / Svalir / Viðbygging / Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 2007 | Rif, stækkun og breyting | Sveinn Karlsson, tæknifræðingur |

## Saga:

Á þessum stað stóð áður lágreist hús nefnt Gjáhús, húsið byggði Guðlaugur Guðlaugsson árið 1906 . Í fyrstu tilheyrði það Merkurgötu nr. 18 en varð síðar Vesturbraut 16. Húsið var rifið af þáverandi eiganda án tilskilinna leyfa frá húsfriðunarnefnd. Hafði eigandinn fengið vilyrði fyrir lágreistri viðbyggingu í samræmi við gamla húsið en bar fyrir sig að húsið væri "ónýtt og geysilega fúið og mun auðveldara að byggja nýtt hús".

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Lágt | Nýtt hús byggt í gömlum stíl, en með formi sem ekki er hefð fyrir á svæðinu. Einlyft á kjallara með mænisþökum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Nýtt hús, eldra hús rifið 2004. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Nýtt hús er byggt í hálfgerðu burstabæjarformi sem ekki er hefð fyrir á svæðinu. Mælikvarði húss fellur að eldri byggð. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Upprunalegt hús var rifið án samþykkis minjayfirvalda. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. Árið 2018 standa framkvæmdir á lóð yfir. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Nýtt hús byggt í gömlum stíl. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Sigríður Jóhannesdóttir
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Vesturbraut 18, teikning 1924



Vesturbraut 18 - 04.07.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Gaflsneitt þak | Gaflsneitt þak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr | Hlaðin úr |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1976 | Þaki lyft og og rishæð fullnýtt | Baldvin Einarsson, Byggingafræðingur |

## Saga:

Árið 1908 er þetta hús 16.hús vestan Kirkjuvegar, 1915 verður það Merkurgata 20, en árið 1917 er það orðið Vesturbrú 18. Um 1930 er götuheitinu breitt í Vesturbraut.
Samkvæmt Brunavirðingu dagsettri 24. október 1917 er húsinu lýst eftirfarandi: Vesturbrú 18. Núverandi eigandi: Sigríður Jóhannesdóttir. a) Húsið er einlyft með risi 1,50m. Því er skipt í 2 herbergi og eldhús, allt klætt innan með panel, allt málað, húsið er notað til íbúðar. Stærð: L. 5,80m, B. 4,50m, H. 2,80m, 5 gluggar á húsinu, 1 eldavél og 1 ofn í húsinu. Undir öllu húsinu er kjallari úr grjóti steinlímdur, notaður til geymslu. Stærð: H. 1,20m, 1 gluggi á kjallara. Við Norðurhlið hússins er timburskúr járnklæddur með vatnshalla þaki, klæddur innan með panel, notaður til inngöngu í húsið. Stærð: L. 2,90m, B. 2,90m. H. 2,10m, 1 gluggi á inngönguskúr.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Fallegt bárujárnsklætt timburhús með of stórum kvisti sem hæfir húsinu illa. Kjallari, hæð og íbúðarris. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum við Vesturbraut. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið tilheyrir mótaðri byggð á Vesturbraut og er friðað á grundvelli aldurs. Æskilegt væri að breyta kvisti þegar kemur að viðhaldi og færa hann nær upprunalegum byggingarstíl. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Óviðeigandi hafnfirskur kvistur rýrir gildi hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að viðhaldi á þakjárni en nýtt járn er á húsi og gluggar nýgerðir. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið tilheyrir mótaðri byggð á Vesturbraut og er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Jóhann Helgason
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Vesturbraut 19 , stækkun 1921



Vesturbraut 19 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1921 | Stækkun, viðbygging. | |
| 1993 | Bílastæði á lóð. Útitöppur með skyggni klæddar timbri. | Einar Ingimarsson, Arkitekt |

## Saga:

Samkvæmt Brunavirðingu (bók A, bls 38) dagsettri 2. desember 1916 er húsinu lýst þannig: Vesturbrú (ótölusett). núv. Eigandi: Jóhann Helgason. a). Íbúðarhús, húsið er einlyft með risi 2,35m. Því er skipt í 3 stofur og eldhús, allt klætt með panel og fóðrað. Stærð: L. 5,80m, B. 5,80m. H. 2,90m. 6 gluggar á húsi og 2. b) Við norðurgafl hússins er inngönguskúr. Vatnshalla þak, klæddur innan með panel og málað. Stærð: L. 2,80m. B. 2m. H. 2,95m. Undir öllu húsinu er 2ja metra hár steinsteyptur kjallari, klæddur innan með panel, honum er skipt í 2 stofur fóðraðar, eldhús og geymslu, húsið er eingöngu notað til íbúðar. Allt virt á 4700 krónur.

Tvívegis hefur verið byggt við húsið, árið 1921 er það stækkað og árið 11993 er timburvirki reist framan við það og bílastæði komið fyrir.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er timburhús með lágu risi á steyptum kjallara. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, að grunni til með elstu húsum við Vesturbraut. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hornhús við Vesturbraut og Brunnstíg og stendur þétt upp við báðar götur. Hluti af mótaðri byggð. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er nokkuð breytt frá fyrstu gerð, lengt og nýr inngangur gerður að sunnanverðu. Timburverk við inngang rýrir gildi hússins og götuhornsins. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að viðhaldi einstaka byggingarhluta. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af mótaðri byggð við Vesturbraut og Brunnstíg. Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Ágúst Hjörleifsson
Hönnuður: Guðjón Arngrímsson
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Vesturbraut 20, teikning 19.06. 1928



Vesturbraut 20 - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Svalir / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Svalir / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1928 | Geymsluskúr | Guðjón Arngrímsson |
| 1990 | Sólstofa | Sigurður Þorleifsson, Tæknifræðingur |
| 1994 | Sólstofa | Erlendur Árni Hjálmarsson, byggingafræðingur |

## Saga:

Brunavirðing 15.október. Vesturbrú 20. Núv. Eigandi: Ágúst Hjörleifsson. a) Íbúðarhús einlyft með risi 3m. Skipt niðri í 3 stofur og eldhús. Uppi 3 stofur og eldhús. Uppi 2 herbergi, gang og geymslu, þiljað fóðrað og málað, gólf dúklögð. Undir öllu húsinu er kjallari, skipt í eldhús, stofu, gang, þvottahús og miðstöð. Stærð: L. 7,60m, B. 7,60m, H. 3,60m, 9 gluggar á húsinu, miðstöð 2 eldavélar, þvottapottur og 1 ofn í húsinu. b) Anddyri með veggsvölum skipt í tvennt, þiljað og málað.

Ekki er ljóst af teikningum hvenær byggt var við húsið.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Svipmikið og áhugavert hús í þéttri götumynd. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hönnunarverk Guðjóns Arngrímssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið setur sterkan svip á götuna með áberandi stíleinkennum. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er mikið breytt frá fyrstu gerð. Stór kvistur á framhlið og umfangsmikil stækkun á anddyrisbyggingu sem breyst hefur í viðbyggingu á tveimur hæðum. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið setur sterkan svip á götuna með áberandi stíleinkennum. Húsið er stækkað á frumlegan og sérkennilegan hátt. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1914 Vesturbraut 21

Fyrsti eigandi: Lárus Bjarnason
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Vesturbraut 21 teikning frá 1978



Vesturbraut 21 af ja.is 2017

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Viðbygging | Einlyft / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1978 | Breyting á anddyri og baði / viðbygging | ekki skráð |
| 1980 | Viðbygging / Þak fjarlægt og nýtt sett á | ekki skráð |
| 1986 | Bílskúr | ekki skráð |
| 1998 | Þak á bílskúr | Már Sveinbjörnsson |

### Saga:

Árið 1914 er húsið ótölusett við Merkurgötu. Hæsta númer við Merkurgötu var þá nr. 21 sem síðar varð við Brunnstíg. Samkvæmt Brunavirðingu frá 20. mars 1917 er húsinu lýst þannig: a) Húsið er einlyft með risi 1,20. Því er skipt í 2 herbergi og eldhús, stofurnar fóðraðar, annars klætt með panel og málað, notað til íbúðar.3 gluggar á húsinu 1 eldavél og 1 ofn. b) Við norðurgafl hússins er skúr með vatnshalla þaki, klæddur panel, notaður til inngöngu í húsið. Stærð: L.1,70m B. 4,40m H. 2,80m 1 gluggi. c) Við vesturgafl hússins er viðbygging, skipt í stofu, anddyri og skáp, allt fóðrað notað til íbúðar. Stærð: L.2,25m B. 4.40m H. 2,60m 1 gluggi.
Árið 1980 var húsið stækkað verulega en höfundar er ekki getið á teikningu.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Lágt | Einfalt alþýðuhús, hæð með mænisþaki og kjallari undir hluta hússins. Hlutföllum hefur verið raskað. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Að grunni til, með elstu íbúðarhúsum við Vesturbraut. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið stendur þétt upp við götu og er hluti af mótaðri byggð við Vesturbraut. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er mikið breytt frá fyrstu gerð og hlutföllum hússins hefur verið raskað. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Byggingarhlutar virðast heilir. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Vesturbraut en hefur verið raskað í öllum hlutföllum. Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1928 Vesturbraut 22 Vesturbrú 22

Fyrsti eigandi: Jóhanna Jóhannsdóttir
Hönnuður: Emil Jónsson, verkfræðingur
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð


Vesturbraut 22, 1980.


Vesturbraut 22 - 04.07.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1998 | Gluggabreytingar. | Friðþjófur Sigurðsson, byggingarfulltrúi |

### Saga:

Árið 1928 fær Jóhanna Jóhannsdóttir samþykkta beiðni sína um íbúðarbyggingu á lóð sinni Vesturbrú 22 eftir teikningu Emils Jónssonar. Árið eftir er skráð brunavirðing af húsinu og er því lýst þannig: . " a) Húsið er einlyft með risi 3,25m. Því er skipt í 3 stofur, eldhús og forstofu. Innan á alla útveggi er klætt með timbri og veggfóðrað. Undir öllu húsinu er kjallari, honum er skipt í forstofu, stofu, eldhús, þvottahús og geymslu. 4 gluggar á kjallara. Forstofan, stofan og eldhúsið klætt innan (útveggir) með timbri og fóðrað, allt málað og raflýst, notað til íbúðar Loft yfir kjallara steinsteypt. 12 gluggar á húsinu, miðstöð og 2 eldavélar í húsinu. Allt virt á 14.100kr.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft steinsteypt hús á háum kjallara. íbúðarris er með hafnfirskum kvistum á báðum hliðum þaks. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Höfundaverk Emils Jónssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaði byggð við Vesturbraut. Húsið er sambyggt húsi nr. 24. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Árið 1970 var þaki breytt og fínlegum kvisti yfir útskoti skipt út fyrir hafnfirskan kvist á þakið. Samskonar kvisti var komið fyrir á bakhlið. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel viðhaldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Reislulegt hús. Hluti af mótaðri byggð við Vesturbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1921** Vesturbraut 23 Vesturbrú 23

Fyrsti eigandi: Ólafur Jóelsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun:



Vesturbraut 23 teikning samþ. 13. júní 1921.



Vesturbraut 23 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Portbyggt / Ris / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1977 | Inngönguskúr stækkaður umtalsvert, þak hækkað, tröppur. | Páll V. Bjarnason, Arkitekt |
| 1987 | Bílskúr | Páll V. Bjarnason, Arkitekt |

## Saga:

Í júní 1921 samþykkti byggingarnefnd Hafnarfjarðar að heimila Ólafi Jóelssyni íveruhússbyggingu við Kirkjuveg, en með fyrirvara á að vegstæðið gæti breyst og að húsið myndi standa við Vesturbrú. Ásgeir Stefánsson teiknaði húsið en Sigurður Stefánsson var yfirsmiður. Samkvæmt elstu brunavirðingu frá 1921 er húsið nr. 23 við Kirkjuveg og er því lýst þannig: a) Húsið er einlyft með risi 1m. Því er skipt í 4 stofur, klætt innan með panel og fóðrað, allt málað, notað til íbúðar. Undir öllu húsinu er kjallari, skipt í eldhús og 2 geymsluherbergi, eldhúsið klætt innan panel og málað. b) Anddyri með risi 0,40m, klætt innan panel og málað. 5 gluggar á húsi, 1 eldavél og 1 ofn í húsinu. Allt virt á 12.300kr.
Árið 1977 var innönguskúr stækkaður, þak hækkað og tröppum breytt. Bílskúr var komið fyrir á lóðinni árið 1987.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Bárujárnsklætt timburhús á steyptum kjallara, hæð og íbúðarris. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundarverk Ásgeirs Stefánssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af mótarði byggð við Vesturbraut og Hellisgötu. Bárujárnshús sem stendur á áberandi gatnamótum. Frágangur á steyptum vegg með timburverki (stakketi) við Vesturbraut er til prýði. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er mikið breytt frá fyrstu gerð, þak er hækkað og byggt við húsið þar sem inngönguskúr var áður. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að viðhaldi stöku byggingarhluta. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af mótaðri byggð við Vesturbraut og Hellisgötu. Húsið er friðað á grundvelli aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Guðmundur Hannesson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Vesturbraut 24, 1980



Vesturbraut 24, 4. júlí 2018

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Útskot (karnap) / Viðbygging / Kjallari | Tvílyft / Kvistir / Ris / Útskot (karnap) / Viðbygging |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1954 | Kvistur á suðausturhlið. Gestur Gamalíelsson, trésmiður. | Friðþjófur Sigurðsson, byggingarfulltrúi |
| 1990 | Breyting á rishæð | Sigurður Þorvarðarson, byggingafræðingur |

## Saga:

Á 62. fundi byggingarnefndar Hafnarfjarðar, árið 1925 var samþykkt að heimila Guðmundur Hannessyni verkstjóra, íveruhúsbyggingu við Vesturbrú samkvæmt uppdrætti. Ekki er skráð hver hönnuðurinn er af húsinu né er smiðurinn nefndur. Í fyrstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: a) Húsið er einlyft með risi 3,4m. Því er skipt í 3 stofur, eldhús og gang, allt klætt innan með panel og fóðrað, allt málað og raflýst notað til íbúðar. 10 gluggar á húsinu, 1 eldavél og miðstöð í húsinu. Undir öllu húsinu er 2,5m hár kjallari, honum er skipt í 2 herbergi og þvottahús. Herbergin klædd innan með panel, notuð fyrir trésmíðavinnustofu. 8 gluggar á kjallara. B) Við norðurgafl hússins er járnvarin timbur viðbygging með vatnshallaþaki, klætt innan og fóðruð, notuð til inngöngu í húsið stærð: L.1,96m, B.4,26m, H.3m. Undir byggingu þessari er 2,5m hár steinsteyptur kjallari, notaður fyrir forstofu. Allt virt á 13.500kr.
Árið 1954 er kvist komið fyrir á þaki suðausturhliðar hússins.
Árið 1993 er bíslag hækkað upp í sömu hæð og þak og hafnfirskur kvistur gerður á götuhlið.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft bárujárnsklætt timburhús á háum steyptum kjallara. Reislulegt hús og svipsterk útskot að Vesturbraut eru til prýði. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum við Vesturbraut. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Fallegt bárujárnshús sem stendur á áberandi gatnamótum og er sambyggt næsta húsi. Ganga mætti betur frá lóð / bæjarlandi að Hellisgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er er stækkað sem svarar bíslagi og hafnfirskum kvistum er komið fyrir beggja vegna. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Í heild lítur húsið vel út en komið er að viðhaldi stöku byggingarhluta. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Reislulegt hornhús við Vesturbraut og Hellisgötu. Útskot að Vesturbraut eru til prýði. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Eyjólfur Þorbjörnsson
Hönnuður: Ásgeir G. Stefánsson
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hús Eyjólfs Þorbjarnarsonar Norðurbrú 1



Norðurbraut 1- 14.11.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Portbyggt / Ris / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Ris / Reykháfur / Svalir / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2017 | Kvistir, viðbygging, gluggabreyting, tröppur. | Ólöf Flygenring, Arkitekt |

## Saga:

Norðurbraut 1 var áður Norðurbrú 1, það var byggt fyrir Eyjólf Þorbjarnason árið 1929 eftir bráðabirgðateikningu Ásgeirs G. Stefánssonar sem jafnframt var yfirsmiður. Í fyrstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: „Íbúðarhús, einlyft með porti og risi 3,50m. Niðri skipt í 3 stofur, forstofu, eldhús og gang. Uppi skipt í 1 stofu 3 herbergi, eldhús og gang. Allt þiljað innan, fóðrað og málað. Flísar umhverfis eldavélar. Gólf öll dúklögð. 12 gluggar, 3 eldavélar, miðstöð. Kjallari 2,10m hár er undir öllu húsinu, skipt í þvottahús, miðstöð og geymslur. 6 gluggar á kjallara. "

Sumarið 2018 var komið fyrir hafnfirskum kvisti á götuhlið þaks.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Húsið er einlyft bárujárnshús á háum kjallara. Íbúðarrris er með hafnfirskum kvistum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundaverk Ásgeirs Stefánssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er áberandi í götumynd Norðurbrautar og stendur í hnappi áþekkra húsa við Norðurbraut og Garðaveg. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hlutföll hússins hafa breyst með viðbyggingu og hafnfirskum kvistum beggja vegna. Endurbætur og efnisval hafa verið á forsendum upprunalegs byggingarstíls. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er áberandi í götumynd Norðurbrautar. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1932** Norðurbraut 3 Norðurbrú 3

Fyrsti eigandi: Kristján Steingrímsson
Hönnuður: Ásgeir Stefánsson, smiður
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurbrú 3, teikning eftir breytingu 1948



Norðurbraut 3 - 20.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Portbyggt / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Svalir / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1948 | Líklega kvistir. | ólæsilegt fangamark |
| 1995 | Útitröppur og kjallari | Páll V. Bjarnason, Arkitekt |

## Saga:

Samþykkt var á byggingarnefndarfundi þ. 13.7.1931 að heimila Kristjáni Steingrímssyni íbúðarhúsbyggingu á lóð hans Norðurbrú 3, samkvæmt teikningu eftir Ásgeir G. Stefánsson. Yfirsmiður var Tryggvi Stefánsson. Í brunavirðingu af húsinu frá 1933 er húsinu lýst þannig: Húsið er ein hæð með porti og risi 3,50m. Niðri skipt í 3 stofur, eldhús, anddyri og forstofu. Uppi skipt í 4 herbergi, eldhús og gang. Það er þiljað, fóðrað og málað. Dúkar á gólfum. Flísar undir og umhverfis eldavélar. Undir öllu húsinu er steinsteyptur kjallari, skipt í 4 geymslur, miðstöð og þvottahús. 2 eldavélar, þvottapottur, miðstöð.
Árið 1948 er settur kvistur á húsið, óljóst hver hannaði.
Húsið hefur byggingarárið 1955 hjá fasteignamati ríkisins, óljóst er hvernig það er komið til.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Húsið er einlyft bárujárnshús á háum kjallara. Íbúðarris er með hafnfirskum kvistum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, höfundarverk Ásgeirs Stefánssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Norðurbraut. Sómir sér vel í umhverfi sínu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er lítið breytt að hafnfirskum kvistum frátöldum. Viðhald og endurgerð eru á forsendum upprunalegs byggingarstíls. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Reisulegt hús sem er áberandi í götumynd Norðurbrautar og stendur vel með áþekkum húsum. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Eyjólfur Bjarnason
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurbraut 7 teikning 1951



Norðurbraut 7 - 20.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Viðbygging / Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1951 | Bíslag stytt og tröppur beggja vegna. | |
| 1987 | Breyting á gluggum | Sveinbjörn Sigurðsson |

## Saga:

Norðurbraut 7, hét áður Norðurbrú 7 það var byggt fyrir Eyjólf Bjarnason árið 1925. Elsta teikningin af húsinu er glötuð og því óljóst hver hannaði húsið. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: "a) Íbúðarhús, einlyft með porti og risi 2,60m. Niðri skipt í 3 stofur og eldhús, þiljað panel og fóðrað. Allt málað. Uppi er óinnréttað. 8 gluggar á húsinu, 2 ofnar og 1 eldavél í húsinu. Undir öllu húsinu er 2.00m hár steinsteyptur kjallari, notaður til geymslu. b) Anddyri, með vatnshallaþaki og eldvarnargafl. Stærð L. 1,90m B. 3,45m H. 3,10m. 1 gluggi."

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Húsið er reisulegt bárujárnsklætt timburhús á háum kjallara með portbyggðu risi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Reisulegt hús sem er áberandi í götumynd Norðurbrautar og stendur vel með áþekkum húsum. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er að mestu óbreytt frá fyrstu gerð. Skipt var um glugga og fög sett í 1987. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Reisulegt hús sem er áberandi í götumynd Norðurbrautar og stendur vel með áþekkum húsum. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1923** Norðurbraut 7b Norðurbrú 7b

Fyrsti eigandi: Eggert Benjamínsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: / Steinsteyptur íbúðarbær

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Norðurbrú 7b, teikning 1941.



Norðurbraut 7b - 20.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Hraunað |
| Þakgerð: | | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Hlaðin úr |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1941 | Viðbygging og breyting. (óljóst hver raunveruleg breyting er) | Davíð Kristjánsson |
| 1954 | Hafnfirskur kvistur á suðvesturhlið | Friðþjófur Sigurðsson, byggingarfulltrúi |

## Saga:

Þetta hús er að grunni til byggt árið 1923 sem íbúðarbær úr steinsteypu, fyrir Eggert Benjamínsson. Í fyrstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: „a) Íbúðarbær með risi 1,35m honum er skipt í 1 herbergi og eldhús, klæddur innan timbri. Undir bænum er , 1,50m. hár kjallari úr hraungjróti, notaður til geymslu. b) Steinsteypt anddyri með vatnshalla þaki. Stærð: L. 1,25m. B. 1.35m. 2m. 1 gluggi á anddyri.“
Elsta teikning af bænum fyrirfinnst ekki í teikningasafni Hafnarfjarðar.
Árið 1941 er bærinn stækkaður eftir teikningu Davíðs Kristjánssonar en þá er Kristján Guðmundsson eigandi. Árið 1954 er kvisti komið fyrir á suðvesturhlið, samkvæmt teikningu Friðþjófs Sigurðssonar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft steinsteypuhús á kjallara með íbúðarrisi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarbær úr steinsteypu. Að grunni til með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er bakhús númerað við Norðurbraut en aðgengilegt frá Garðavegi. Snyrtileg lóð með trjágróðri. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er lítið breytt frá upprunalegri mynd nema hvað hafnfirskum kvistum var komið fyrir. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Norðurbraut og Garðaveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði að verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Björn Eggertsson
Hönnuður: Geir Gestsson
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurbraut 9 teikning eftir breytingu 1930


Norðurbraut 9 - 20.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Tvílyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1930 | Húsið hækkað. | Geir Gestsson |
| 2002 | þaki breytt, kvistur, skúr í garði | Svanlaugur Sveinsson |

## Saga:

Norðurbrú 9 er byggt fyrir Björn Eggertsson árið 1927. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: „a) Húsið er einlyft með vatnshallaþaki. Því er skipt í 3 stofur, eldhús og anddyri allt klætt innan með timbri og fóðrað og málað, notað til íbúðar. 4 gluggar á húsinu, 1 eldavél og miðstöð í húsinu. Undir hálfu húsinu er 1,7m hár kjallari með 2 gluggum, notaður til geymslu. Loft yfir kjallara er steinsteypt." Árið 1930 er húsið hækkað eftir teikningu Geirs Gestssonar dagsett 1927. Árið 2002 er mæni þaksins breytt og kvisti komið fyrir á norðurhlið þaks. Upprunaleg teikning er ekki til en fyrstu breytingarteikningar frá 1930 bera einkenni jugendstíls, bæði með bogadregnum gafli, gluggagerð og skrauti sem fyrirhugað var á framhlið hússins.
Skv. teikningum frá árinu 2002 telst húsið vera tvílyft með íbúðarrisi. Undir hluta hússins er kjallari. Tvær skráðar íbúðir eru í húsinu.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er reisulegt tvílyft steinsteypuhús með kjallara undir hluta hússins. Íbúðarris er með hafnfirskum kvistum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, hönnunarverk Lárusar Lárussonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Reisulegt hús sem er áberandi í götumynd Norðurbrautar og stendur vel með áþekkum húsum. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er margbreytt frá fyrstu gerð. Það var fljótlega hækkað og þakformi breytt. Hafnfirskir kvistir eru beggja vegna. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í góðu ástandi og vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Reisulegt hús sem er áberandi í götumynd Norðurbrautar og stendur vel með áþekkum húsum. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Halldór Magnússon og Kristján Guðmundsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Verkstæðisbygging

Upphafleg notkun: Bífreiðageymsla
Núverandi notkun: Íbúð




Norðurbraut 11 fyrir þakbreytingu 1944.



Norðurbraut 11 - 14.11.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | | |
| Útveggir: | steinsteypa / timbur- | Garðastál / |
| Þakgerð: | | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Viðbygging | Einlyft |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1944 | Þakbreyting | Á. Steingrímsson |
| 1985 | Breytt í íbúðarhús | Örn Ingvarsson, Verkfræðingur |

## Saga:

Norðurbraut 11 er byggt sem bifreiðageymsla. Árið 1944 er þaki breytt úr vatnshallaþaki í mænisþak. Í brunavirðingu frá 1945 er byggingunni lýst þannig: a) Húsið er einlyft með risi 1,50m. Skipt í skrifstofu og vélasal.
b) Viðbygging með vatnshallaþaki, notað til geymslu. Stærð: L. 3,30m. B.8,00m, H. 2,50m, 2.00m að eldvarnargafli næsta húss.
Smurstöð Hafnarfjarðar hafði starfsemi sína í húsinu frá 16. desember 1944
Árið 1985 er húsinu breytt í íbúðarhús eftir teikningu Arnars Ingvarssonar verkfræðings.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft með mænisþaki, iðnaðarhúsnæði sem breytt var í íbúð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Bifreiðaverkstæði |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Norðurbraut. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Upprunaleg hutföll hússins hafa breyst með þakbreytingu. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Norðurbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Halldór Sigurgeirsson
Hönnuður: Guðjón Arngrímsson, húsasmiður
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurbraut 13 fyrir breytingu 1999



Norðurbraut 13 - 11.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Tré, járnvarið | Tré, járnvarið |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Tré, járnvarið | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Portbyggt / Ris / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1999 | Anddyri byggt út á tröppur. Kjallari stækkaður og byggðar svalir. | Friðrik Friðriksson, arkitekt |
| 2008 | Bílskúr breytt, þakvisti breytt. | Anna Margrét Tómasdóttir, arkitekt |
| 2008 | Bifreiðageymsla byggð. Engar teikningar til í teikningasafni. | |

## Saga:

Á fundi byggingaráðs þ. 25. júlí 1932 var Halldóri Sigurgeirssyni heimilt að byggja hús út timbri á lóð sinni við Norðurbrú samkvæmt teikningu Guðjóns Arngrímssonar. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: " Húsið er einlyft með porti og risi 3,60m. og tveim kvistum. Niðri er húsinu skipt í anddyri forstofu 3 stofur og eldhús. Uppi skipt í gang 2 stofur eldhús og baðherbergi. Undir öllu húsinu er 2,40m hár steinsteyptur kjallari skipt í 2 geymslur miðstöðvarherbergi og þvottahús."
Árið 1999 er anddyri byggt út á tröppur, svalir byggðar og kjallarinn stækkaður. Árið 2008 er bílskúr byggður og honum breytt, tvær bílskúrshurðir gerðar að einni. Glugga á suðurhlið bílskúrs breytt þannig að hann nær að hluta til niður í gólf, gert ráð fyrir handriði framan við. Þak á kvist hækkað um 20cm þannig að efsti punktur kvists nær upp í mæni.
Byggt yfir pall og breytt í sólskála.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Húsið er einlyft bárujárnshús á kjallara með háu risi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundarverk Guðjóns Arngrímssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð og stendur í hnappi bárujárnshúsa við Norðurbraut. Húsið er falið á bak við mikinn trjágróður. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Útlit hússins er að mestu leiti óbreytt frá Norðurbraut. Viðbyggingar og breytingar á bakhlið eru umfangsmeiri. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Reisulegt hús sem stendur vel með áþekkum húsum við Norðurbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Guðjón Illugason
Hönnuður: Skúli Ó Theodórsson
Upphaflegur byggingarstíll: Síðfúnkís

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurbraut 15, teikning 1945



Norðurbraut 15 - 11.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft / Ris | Einlyft / Útitröppur / Kjallari |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1956 | Samþykkt hækkun, ekki framkvæmd. | Guðjón Illugason |
| 1973 | útlitsbreyting, útbygging á efri hæð. | ógreinilegt |
| 2015 | Innra skipulag, útlitsbreyting | Eyjólfur Valgarðsson, byggingatæknifræðingur |

## Saga:

Norðurbraut 15 er einlyft með kjallara og valmaþaki, byggt árið 1945 fyrir Guðjón Illugason. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: Húsið er tvílyft með litlu risi. Því er skipt niðri í 4 stofur eldhús, forstofu, gang, bað. v.s.Þvottahús og 2 geymslur. Uppi: 5 stofur, forstofu gang. Eldhús, bað, v.s. Allt múrhúðað að innan og málað. Raflýst

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft steinsteypuhús með lítið niðurgröfnum kjallara. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundarverk Skúla Ó Theodórssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Norðurbraut. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið hefur lítið breyst frá fyrstu gerð. Upprunaleg stíleinkenni hafa dofnað með tilkomu þakkants. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Norðurbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Kjartan Jónsson
Hönnuður: Lárus Lárusson
Upphaflegur byggingarstíll: Kastalastíll

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Norðurbraut 17 teikning 1933



Norðurbraut 17 - 11.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1945 | Ris hækkað og þaki breytt í mænisþak með kvistum. | B. Hreinsson. |

## Saga:

Norðurbraut 17 er byggt úr steinsteypu árið 1933 fyrir Kjartan Jónsson. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig að innan: „a) húsið er einlyft með vatnshallaþaki, því er skipt í 3 stofur, eldhús og anddyri, klætt innan með timbri, veggfóðrað. Undir ca. 3/4 hluta hússins er kjallari notaður til geymslu. 1 eldavél með miðstöð. "  Allt virt á 7.300 kr".

Upphaflega var húsið með kastalalagi en 1945 er rishæð bætt ofan á húsið eftir teikningu B. Hreinssonar.

Brunavirðing „19. október 1946. Norðurbraut 17. Núverandi eig: Karl Kristjánsson. Húsið er einlyft með porti og risi 3m og kvistum. Niðri er húsinu skipt í anddyri, eldhús og 3 stofur. Uppi, 3 herbergi, bað v.s. Húsið er allt klætt innan með timbri, veggfóðrað og málað. Undir öllu húsinu er 2ja m hár kjallari, miðstöð, þvottahús og geymsla. Húsið raflýst."

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft steinsteypuhús á kjallara.  Íbúðarris er með hafnfirskum kvistum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, upphaflega með "kastalalagi". Höfundarverk Lárusar Lárussonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið stendur innarlega á lóð og er að mestu hulið trjágróðri. Steyptir veggir á lóðarmörkum eru til prýði. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið var upphaflega í kastalastíl en síðar var bætt við rishæð með hafnfirskum kvistum. Húsið virðist lítið breytt frá því horfi. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið virðist vera í góðu ásigkomulagi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Einfalt hús sem stendur vel með álíka húsum við Norður- og Vesturbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## **Byggingarár: 1930** Norðurbraut 19 Norðurbrú 19

Fyrsti eigandi: Helgi Þórarinsson
Hönnuður: Þóroddur Hreinsson
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð


Norðurbrún 19, teikning 1930


Norðurbraut 19 - 11.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1948 | Kvistir settir á þakið | Vigfús Sigurðsson |
| 1969 | Bílskúr byggður aftan við húsið | Þorsteinn Ingólfsson, Arkitekt |

### Saga:

Norðurbraut 19 er einlyft timburhús á háum kjallara. Það er byggt fyrir Helga Þórarinsson árið 1930 eftir teikningu Þórodds Hreinssonar sem jafnframt var yfirsmiður. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: "a) húsið er einlyft með risi 3,50m. Því er skipt í 3 stofur eldhús og anddyri. Allt klætt innan fóðrað og málað. 9 gluggar á húsinu, miðstöð. Undir öllu húsinu er kjallari honum er skipt í þrennt, miðstöð þvottahús og geymslu. Loft yfir kjallara er járnbent sementsteypa. " Allt virt á 10.500kr
Árið 1948 eru kvistir settir á húsið og 1969 er byggður bílskúr við húsið.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Húsið er bárujárnsklætt timburhús af einfaldri gerð á háum kjallara. Íbúðarris er með hafnfirskum kvistum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundarverk Þórodds Hreinssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Stendur í hnappi bárujárnshúsa við Norðurbraut. Götumynd Norðurbrautar nr. 19-27 er vernduð í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Hlutföll hússins hafa lítið breyst frá upprunalegu horfi. Bætt hefur verið við hafnfirskum kvistum. Viðhald og efnisval hefur verið á forsendum upprunalegs byggingastíls. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið stendur í hnappi bárujárnshúsa við Norðurbraut og er ágætt dæmi um þessa húsagerð. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1926** Norðurbraut 21 Norðurbrú 21

Fyrsti eigandi: Guðmundur Þórðarson
Hönnuður: Guðmundur Einarsson, húsasmiður
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurbraut 21 fyrir breytingu 1955.



Norðurbraut 21 - 11.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Svalir / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1955 | Stækkun á húsi Hermundar Þórðarsonar | Friðþjófur Sigurðsson, Byggingatæknifræðingur |

## Saga:

Norðurbraut 21 var áður númer 16 við Norðurbrú en stendur enn á sama grunni. Húsð var byggt fyrir Guðmund Þórðarson árið 1926. Byggingameistari var Guðmundur Einarsson. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: a)Húsið er einlyft með risi 2m. Því er skipt í 2 herbergi og eldhús, klætt innan með panel, annað herbergið fóðrað. Stærð: L. 5,63m. B. 5m. H. 2,90m. 6 gluggar.
b) Við vesturgafl hússins er skúr með vatnshallaþaki, notaður til inngöngu í húsið, húsið notað til íbúðar. Stærð: L. 1,30m. B. 1,70m. H. 2,50. 1 gluggi.
Árið 1955 er húsið stækkað eftir teikningu Friðþjófs Sigurðssonar bæjarverkfræðings.
Árið 1992 er það stækkað aftur eftir teikningum Óla Þórðarsonar arkitekts.
Árið 2000 er byggður bílskúr eftir teikningu Óla Þórðarsonar arkitekts.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft timburhús á kjallara. Ris er portbyggt með kvistum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundarverk Guðmundar Einarssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Norðurbraut. Götumynd Norðurbrautar nr. 19-27 er vernduð í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er gjörbreytt frá fyrstu gerð, stækkað og hækkað og kvistum bætt við. Gluggagerð er einnig breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í góðu ásigkomulagi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Norðurbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

## Byggingarár: 1950     Norðurbraut 22

Fyrsti eigandi: Jón Þórarinsson
Hönnuður: Sig. Guðmundsson
Upphaflegur byggingarstíll: Síðfúnkís

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurbraut 22 teikning 1947



Norðurbraut 22 - 14.11.2018

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | | Garðastál | | |
| Þakgerð: | Geiraris | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft / Reykháfur / Útitröppur | Tvílyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Viðbygging | | |

### Saga:

Norðurbraut 22 er hannað árið 1947 af Sigurði Guðmundssyni fyrir Jón Þórarinsson. Húsið er steinsteypt á tveimur hæðum með geirasniðið þak. Hvorki er til brunavirðing né finnast skráðar breytingar.

Byggðir hafa verið kvistir á þak og húsið er klætt að utan með garðastáli.  Sumarið 2018 var timburgirðing reist á lóð.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er tvílyft steinsteypuhús með funkiseinkennum. Síðari tíma breytingar eru umtalsverðar. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundarverk Sig. Guðmundssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Norðurbraut og Nönnustíg. Timburgirðing hæfir illa. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hlutföll hússins hafa haldið sér en kvistir eru framandi. Húsið er klætt garðastáli sem breytir yfirbragði þess. Byggt er yfir tröppur. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið er í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Norðurbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði að verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Elsa Þórðardóttir
Hönnuður: Ásgeir Stefánsson, húsasmíðameistari
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurbraut 23 eftir breytingu 1946



Norðurbraut 23 - 11.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1946 | Stækkun á húsi Húberts Ágústssonar. | Sigurður Guðmundsson |

## Saga:

Elsa Þórðardóttir fær samþykkta byggingarbeiðni sína í marsmánuði 1931. Teikningu gerði Ásgeir G. Stefánsson sem var yfirsmiður. Í elstu brunavirðingu af húsinu sem er Norðurbrú 21, er því lýst þannig: " Íbúðarhúsið er einlyft með risi 3,15m. Niðri skipt í 3 stofur, eldhús og anddyri, þiljað, fóðrað og málað. Flísar undir og umhverfis eldavél, dúkar á gólfum. Uppi skipt í 2 herbergi og skápa. Þiljað panel. Undir öllu húsinu er kjallari skipt í þvottahús, miðstöð og geymslu." Allt virt á 9,800kr.
Árið 1946 er húsið stækkað.

Á skilti utan á húsinu stendur nafnið Dalsmynni.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft timburhús á háum kjallara. Íbúðarris er með tveimur ólíkum fyrirferðarmiklum kvistum á götuhlið. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundarverk Ásgeirs Stefánssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð og stendur í hnappi bárujárnshúsa við Norðurbraut. Götumynd Norðurbrautar nr. 19-27 er vernduð í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Viðbygging við húsið hefur breytt upprunalegum hlutföllum talsvert. Kvistir á götuhlið rýra útlit hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð og stendur í hnappi bárujárnshúsa við Norðurbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti

## Byggingarár: 1962 Norðurbraut 23b

Fyrsti eigandi: Bjarni Hermundarson
Hönnuður: Friðþjófur Sigurðsson, bæjarverkfræðingur
Upphaflegur byggingarstíll: Módernismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurbraut 23b, teikning 1963



Norðurbraut 23b, júní 2018.

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft / Reykháfur / Svalir / Kjallari | Tvílyft / Skyggni / |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1963 | Breyting á þaki, (úr valmaþaki í einhalla þak) | Friðþjófur Sigurðsson, byggingafulltrúi |

### Saga:

Norðurbraut 23b byggði Bjarni Hermunsson ásamt föður sínum Hermundi en hann átti áður húsið Norðurbraut 21.
Húsið eru tvær hæðir ásamt kjallara. Upphaflega átti að vera valmaþak á húsinu en því breytt í einhalla þak áður en húsið var fullbyggt.
Engin brunavirðing er til af húsinu.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Tvílyft steinsteypt hús með einhalla þaki. Tvær íbúðir eru í húsinu. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundarverk Friðþjófs Sigurðssonar byggingarverkfræðings. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Bakhús frá Norðurbraut og sver sig frekar í ætt húsa sem standa við Hraunbrún. Tilheyrir röð þriggja bakhúsa. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið virðist lítið breytt frá fyrstu gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Tilheyrir röð þriggja bakhúsa við Norðurbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Jóhann Vilhjálmsson
Hönnuður: Sigurbjartur Vilhjálmsson
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurbrú 24, teikning 1936.



Norðurbraut 24

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Ris / Reykháfur / Svalir / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1946 | Hafnfirskir kvistir beggja vegna. | Sigurbjartur Viljhjálmsson |
| 1990 | Veluxgluggi á þaki. | Páll V. Bjarnason, arkitekt |
| 1997 | Skjólveggir og sólpallur | Páll V. Bjarnason, arkitekt |

## Saga:

Árið 1936 er Jóhanni Vilhjálmssyni veitt heimild til að byggja íveruhús við Nönnugötu sem síðar fékk númerið 26 við Norðurbraut en, er nú Norðurbraut 24.
Brunavirðing bók í, bls. 17. Áhættunúmer 7826. Norðurbraut 26. Eigandi: Jóhann Vilhjálmsson.
" Íbúðarhúsi einlyft með risi 2,70m. skipt í 3 stofur , eldhús og anddyri, þiljað fóðrað og málað. Uppi ósundurskipt. Undir öllu húsinu er 1,90m hár steinsteypur kjallari, skipt í þvottahús miðstöð og geymslu. Húsið raflýst og notað til íbúðar. Allt virt á 9,500kr.

Ekki er ljóst af teikningum hvenær bíslag með svölum var byggt, en það er að finna á teikningum Páls Bjarnasonar arkitekts frá 1987, þar sem einnig eru skjólveggir og sólpallar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft bárujárnsklætt timburhús á steyptum kjallara. Íbúðarris er með hafnfirskum kvistum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundarverk Sigurbjarts Vilhjálmssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af mótaðri byggð bárujárnshúsa sem standa við Nönnustíg og Norðurbraut. Fallegt gullregn í garði. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Bætt hefur verið við hafnfirskum kvistum. Miklar timburgirðingar eru á lóð, pallar og létt timburbygging. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð bárujárnshúsa sem standa við Nönnustíg og Norðurbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1932** Norðurbraut 25 Norðurbrú 25

Fyrsti eigandi: Engiljón Sigurjónsson
Hönnuður: Guðmundur Einarsson, smiður
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Norðurbraut 25, teikning 1933



Norðurbraut 25 - 11.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Valmaþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Kvistir / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2003 | Bílgeymsla og útlitsbreyting | Nýja Teiknistofan |

## Saga:

Brunavirðing bók H bls. 32. 14. mars 1934. Áhættunr. 7752. Norðurbraut 25. Núverandi eigandi Eyjólfur Sigurjónsson. Húsið er einlyft með risi 4m. Tæpur helmingur hússins er 60cm breiðari á þeim hluta hússins er kvistur. Niðri er húsinu skipt í anddyri gang og 3 stofur, eldhús. Uppi er því skipt í 2 herbergi, eldhús og gang. Undir öllu húsinu er steinsteyptur kjallari, honum er skipt í þvottahús, 3 geymsluherbergi og gang. 1 eldavél 1 miðstöð.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Húsið er einlyft bárujárnshús á háum kjallara. Íbúðarris er hátt með kvistum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundarverk Guðmundar Einarssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð og stendur í hnappi bárujárnshúsa við Norðurbraut. Götumynd Norðurbrautar nr. 19-27 er vernduð í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Hlutföll hússins eru að mestu óbreytt frá fyrstu gerð. Bætt hefur verið við hafnfirskum kvistum. Viðhald og efnisval hefur verið á forsendum upprunalegs byggingastíls. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í góðu ásigkomulagi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð og stendur í hnappi bárujárnshúsa við Norðurbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Enok Helgason
Hönnuður: Enok Helgason, rafvirkjameistari
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Iðnaður
Núverandi notkun: Íbúð




Verkstæði Enoks Helgasonar Norðurbraut 25b, 1945.



Norðurbraut 25b - 11.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | | |
| Útveggir: | | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Ris |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1953 | Stækkun- breyting. | Stefán Sigurbentsson, smiður |
| 2004 | Stækkun og gluggabreyting. | Páll V. Bjarnason, arkitekt |

## Saga:

188. fundur Bygginganefndar Hafnarfjarðar 12. júlí 1945. nr. 4. " Enok Helgasyni heimilað að reisa verkstæði Norðurbraut 25b skv. teikningu er fylgdi."
Árið 1953 þ. 11. október fær Ásgeir Einarsson veitt leyfi fyrir breytingum á húsi hans Norðurbraut 25b, lagðar voru fram teikningar eftir Stefán Sigurbentsson.

2004 er byggt við húsið til austurs eftir teikningum Páls Bjarnasonar arkitekts og gluggar endurnýjaðir til samræmis við upprunalega gerð.

2007 er aftur byggt við húsið til norðurs eftir teikningum Páls Bjarnasonar arkitekts.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft timburhús á steyptri undirstöðu. Íbúðarris er með stórum kvistum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Geymsla Enoks Helgasonar, síðar íbúðarhús. Höfundaverk Enoks Helgasonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af mótaðri byggð við Norðurbraut. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Upprunaleg hlutföll hússins hafa breyst töluvert með viðbyggingu. Viðhald og efnisval hefur verið á forsendum upprunalegs byggingastíls. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Norðurbraut og friðað vegna aldurs. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

**Byggingarár: 1980** Norðurbraut 26

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Jóhannes Pétursson, tæknifræðingur
Upphaflegur byggingarstíll: Annað

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Norðurbraut 26. teikning 1978



Norðurbraut 26, 09.07.2019

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Hraunað | Hraunað |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft / Svalir | Tvílyft / Svalir |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2017 | Frágangur lóðar, timburpallur og mikil timburgirðing. | |

## Saga:

Norðurbraut 26 er tvíbýlishús á tveimur hæðum byggt árið 1978 eftir teikningu Jóhannesar Péturssonar tæknifræðings. Árið 2019 var reist mikil timburgirðing á lóðarmörkum.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Tvílyft steinsteypt hús með valmaþaki. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús á tveimur hæðum. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Húsið er yngra en næstu hús við Norðurbraut og byggingarlag þess og staðsetning á lóð tekur ekkert tillit til byggðarinnar sem fyrir var. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið sjálft er lítið breytt en 2017 og -18 var komið upp miklu pallavirki með timburgirðingu sem er ekki til prýði. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Tilheyrir mótaðri byggð við Norðurbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Sveinn Jónsson
Hönnuður: Ásgeir Stefánsson, trésmiður
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurbraut 27, teikning 1930



Norðurbraut 27 - 11.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Ris / Reykháfur / Svalir / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1994 | Bílskúr og svalir. | Ingi Gunnar Þórðarson, byggingatæknifræðingur |

## Saga:

Norðurbraut 27 var áður Norðurbrú 25 byggt árið 1930, fyrir Svein Jónsson eftir teikningu Ásgeirs G. Stefánssonar trésmiðs síðar forstjóra Bæjarútgerðarinnar. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig að innan: íbúðarhús einlyft með risi 3,30m. Niðri skipt í 3 stofur eldhús, forstofu og anddyri, þiljað fóðrað og málað. Uppi, skipt í 1 herbergi eldhús og gang. Þiljað fóðrað og málað. Flísar undir og umhverfis eldavél, dúkar á gólfum. 7 gluggar á húsinu, miðstöð 2 eldavélar og þvottapottur í húsinu. Kjallari undir öllu húsinu, 2,30m á hæð, steinsteyptur með 4 gluggum, honum er skipt í þvottahús miðstöð V.S. og geymslu. Allt virt á 11.700kr.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Húsið er einlyft bárujárnsklætt timburhús á kjallara með íbúðarrisi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundarverk Ásgeirs Stefánssonar trésmiðs. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur í hnappi bárujárnshúsa við Norðurbraut. Götumynd Norðurbrautar nr. 19-27 er vernduð í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Hlutföll hússins virðast að mestu óbreytt frá fyrstu gerð. Viðhald og efnisval hefur verið á forsendum upprunalegs byggingastíls. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð bárujárnshúsa við Norðurbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði að verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1927** Norðurbraut 27b Norðurbrú 27b

Fyrsti eigandi: Snæbjörn Jakobsson
Hönnuður: Sigurður Valdimarsson, smiður
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hús Snæbjörns Jakobssonar 22.11.1928.



Norðurbraut 27b - 11.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingsverk | Timbur, bindingsverk |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Ris / Svalir / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1957 | Stækkun | Stefán Sigurbentsson, smiður |
| 1964 | Breyting á þaki. sama teikning og 1957. | Stefán Sigurbentsson, smiður |
| 2010 | Stækkun / nýtt anddyri / svalir | Sigurbergur Árnason, arkitekt |

## Saga:

Norðurbrú 27b er járnklætt timburhús á kjallara, byggt árið 1927 fyrir Snæbjörn Jakobsson. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: " Íbúðarhús, einlyft með risi 2,60m. Skipt í 2 stofur, eldhús og anddyri, þiljað panel, fóðrað og málað. 7 gluggar á húsinu, 1 eldavél og 1 ofn í húsinu. Undir öllu húsinu er 1,50m hár steinsteyptur kjallari með 3 gluggum". Allt virt á 5,200kr.
Árið 1957 er húsið stækkað eftir teikningu Stefáns Sigurbentssonar. Þaki hússins er breytt árið 1964 og nýtt anddyri og svalir settar árið 2010.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er timburhús á háum kjallara. Það er einlyft með íbúðarrisi með kvistum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Að grunni til með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af mótaðri byggð við Norðurbraut. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Upprunaleg hlutföll hússins hafa breyst með viðbyggingu. Viðhald og efnisval hefur verið á forsendum upprunalegs byggingastíls. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð bárujárnshúsa við Norðurbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði að verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1947** Norðurbraut 29

Fyrsti eigandi: Þórarinn Símonarson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Síðfúnkís

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurbraut 29, teikning 1946



Norðurbraut 29 - 11.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft / Útitröppur | Tvílyft / Reykháfur / Útitröppur |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1947 | Bifreiðageymsla | Friðþjófur Sigurðsson, byggingafulltrúi |
| 1976 | Gluggabreyting- augnstunga | Friðþjófur Sigurðsson, byggingafulltrúi |

## Saga:

Þ. 14.09.1946 er Þórarni Símonarsyni heimilað að byggja hús við Norðurbraut samkvæmt teikningu dagsettri 27.07.1946. Nafn höfundar ólæsilegt. Árið eftir eða þann 23. maí 1947 er Þórarni heimilt að breyta húsi sínu á þann veg sem teikning sýndi. Aðrar upplýsingar fylgja ekki byggingarheimildinni og teikningin virðist glötuð. Raflagnateikningu gerði Jón Guðmundsson í júní 1947 er húsið þá sagt vera nr. 31 við Norðurbraut. Ætla má, samkvæmt fyrirliggjandi heimildum, að húsið Norðurbraut 29 sé byggt árið 1947 en ekki 1940 eins og það er skráð hjá Þjóðskrá.
Friðþjófur Sigurðsson byggingafulltrúi Hafnarfjarðar teiknaði bílgeymslu við húsið, teikningin er dagsett í júní 1947.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er tvílyft steinsteypuhús með funkiseinkennum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Norðurbraut. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hlutföll hússins virðast óbreytt frá fyrstu gerð. Yfirbragð hússins hefur breyst með nýjum gluggum og þakkanti. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Norðurbraut. |

Verndarflokkar:

## Byggingarár: 1945 — Norðurbraut 31

Fyrsti eigandi: Kristjón Hannesson
Hönnuður: Sigurður Guðmundsson
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurbraut 31, teikinig 1945



Norðurbraut 31 - 11.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Garðastál |
| Þakgerð: | Geiraris | Einhalla (skúrþak) |
| Þakklæðning: | Bárujárn | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | klædd með garðastáli / |
| Útlit: | Einlyft / Kjallari | Einlyft / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1956 | Þakbreyting, stækkun, húsið klætt að utan. | Stefán Sigurbentsson, Húsasmíðameistari |
| 1975 | Bílgeymsla á lóðinni | Jón Bergsson |
| 1988 | Svalir | Óskar Ásgeirsson, Byggingaverkfræðingur |

### Saga:

Norðurbraut 31 er teiknað 1945 af Sig. Guðmundssyni fyrir Kristjón Hannesson. Á raflagnateikningu frá 1947 er eigandinn sagður vera Þórarinn Símonarson. Húsið hefur tekið töluverðum breytingum frá elstu teikningu, þaki hefur verið breytt úr valmaþaki í einhalla þak og byggt hefur verið við húsið.
Árið 1975 er samþykkt teikning af bílgeymslu eftir Jón Bergsson og teikning af nýjum svölum eftir Óskar Ásgeirsson byggingartæknifræðings var samþykkt árið 1988.
Engin brunavirðing er til af húsinu.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft með einhalla þaki og stendur á háum kjallara. Það er margbreytt frá fyrstu gerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Norðurbraut. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Margbreytt hús, bæði hvað varðar form og útlit. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að viðhaldi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Norðurbraut. |

Verndarflokkar:

## Byggingarár: 1955 Norðurbraut 33

Fyrsti eigandi: Jón Þorsteinsson og Ingmundur Jónsson.
Hönnuður: Sig. J. Ólafsson
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Norðurbraut 33, teikning 1954



Norðurbraut 33 - 12.10.17

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Steniklæðning |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur | Tvílyft / Reykháfur / Útitröppur |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| | Steniklæðining - ekki vitað hvaða ár. | |
| 1956 | Bílskúr | Þorsteinn Jónsson |

### Saga:

Norðurbraut 33 hannaði Sigurður J. Ólafsson fyrir Jón Þorsteinsson og Ingimund Jónsson árið 1954. Húsið er steinsteypt með valmaþaki.
Bifreiðageymsla byggð á lóðinni árið 1956.
Húsið er nú klætt með steniplötum.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er tvílyft steinsteypuhús með valmaþaki og geymslurisi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundarverk Sigurðar J. Ólafssonar |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Norðurbraut. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hlutföll hússins virðast að mestu óbreytt frá fyrstu gerð. Yfirbragð þess hefur breyst með tilkomu steniklæðningar og þakkants. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Norðurbraut. |

Verndarflokkar:

## Byggingarár: 1955 Norðurbraut 35

Fyrsti eigandi: Anna Erlendsdóttir
Hönnuður: Friðþjófur Sigurðsson, byggingafulltrúi
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurbraut 35, teikning 1954



Norðurbraut 35 - 12.10.17

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | | Steniklæðning | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft / Ris / Útitröppur | Einlyft / Reykháfur / Útitröppur | | |

### Saga:

Norðurbraut 35 hannaði Friðþjófur Sigurðsson bæjarverkfræðingur/ byggingafulltrúi fyrir Önnu Erlendsdóttur árið 1954. Er húsið steinsteypt, tvær hæðir með valmaþaki. Trésmíðameistari var Ólafur Ingimundarson og Einar Sigurðsson múrarameistari. Húsið er nú klætt með steniplötum og það hefur verið augnstungið.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er tvílyft steinsteypuhús með valmaþaki og geymslurisi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundarverk Friðþjófs Sigurðssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Norðurbraut. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hlutföll hússins virðast óbreytt frá fyrstu gerð. Yfirbragð þess hefur breyst með tilkomu steniklæðningar, nýrra glugga og þakkants. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Norðurbraut. |

Verndarflokkar:

## Byggingarár: 1983 Norðurbraut 35a

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Jóhann G. Bergþórsson, verkfræðingur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Norðurbraut 35a, teikning 1982



Norðurbraut 35a - 11.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Hraunað | Hraunað | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Stallað ál | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Útitröppur / Kjallari | | |

### Saga:

Húsið á rætur sínar að rekja til skipulags íbúðarhverfis í Norðurbæ eftir Hrafnkel Thorlacius arkitekt frá árinu 1976 og breytingar skipulagsdeildar Hafnarfjarðar frá 1981.

Norðurbraut 35a er byggt 1982 eftir teikningu Jóhanns G. Bergþórssonar verkfræðings.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er steinsteypt, einlyft á kjallara í landhalla. Valmaþak. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundarverk Jóhanns G. Bergþórssonar |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af mótaðri byggð við Norðurbraut. Lóðin er gróin og frágangur við götu er góður. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið virðist lítið breytt frá upprunalegri gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Norðurbraut. |

Verndarflokkar:

## Byggingarár: 1983 Norðurbraut 37

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Sverrir Norðfjörð, Alena Anderlova, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Módernismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurbraut 37, teikning 1982



Norðurbraut 37 - 09.07.19

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Hvítmáluð steypa | | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla þakfletir | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft / Tvílyft / Svalir / Útitröppur | Einlyft / Tvílyft | | |

### Saga:

Húsið á rætur sínar að rekja til skipulags íbúðarhverfis í Norðurbæ eftir Hrafnkel Thorlacius arkitekt frá árinu 1976 og breytingar skipulagsdeildar Hafnarfjarðar frá 1981.

Norðurbraut 37 er höfundarverk Sverris Norðfjörð og Alenu Anderlova arkitekta, byggt árið 1982. Engar breytingateikningar er að finna.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Einbýlishús á tveimur hæðum, steinsteypt að hluta en annars úr timbri, byggt inn í landhalla. Einhalla þakfletir. Vel hannað hús. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundarverk Sverris Norðfjörð og Alenu Anderlova, arkitekta. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur á stórri lóð og er að mestu hulið gróðri. Húsið situr fallega í landinu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið virðist óbreytt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Fallegt og hógvært hús sem situr vel í landinu. Hluti af mótaðri byggð við Norðurbraut. |

Verndarflokkar:

## Byggingarár: 1943 — Norðurbraut 39

Fyrsti eigandi: Sigfús Jónsson
Hönnuður: Gísli Halldórsson og Sigv. Thordarson, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Annað

Upphafleg notkun: Íbúð / Blikksmiðja
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurbraut 39, teikning 1943



Norðurbraut 39 - 12.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Hraunað |
| Þakgerð: | Mænir / einhalla | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Ris / Reykháfur / Svalir / Viðbygging / Ein og tvær hæðir / | Einlyft / Tvílyft / Reykháfur / Útitröppur |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1944 | Breyting á áður samþykktri teikningu. | Sigfús Jónsson |
| 1985 | 1. hæð breytt í verslunarhúsnæði | Sigurður Ásmundsson |
| 1992 | Árið 1992 er 1. hæð breytt í 3 íbúðir. | Sigurður Þorvarðarson, byggingafræðingur |
| 2014 | Atvinnuhúsnæði breytt í studioíbúð. | Friðrik Friðriksson, arkitekt |

### Saga:

Gísli Halldórsson og Sigvaldi Thordarson arkitektar teiknuðu Norðurbraut 39 árið 1943 fyrir Sigfús Jónsson. Samkvæmt teikningu er húsið íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Í húsinu er íbúð, verkstæði, geymsla og skrifstofa.

Blikksmiðjan Fjölnir og Blikksmiðja Hafnarfjarðar störfuðu um árabil í þessu húsi, einnig verslun Björns Sæmundssonar.
Árið 1992 var húsinu skipt upp í 3 íbúðir skv. teikningum Sigurðar Þorvarðarsonar. Fjórðu íbúðinni var síðar bætt við.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Hús sem upphaflega var byggt sem íbúðarhús með verkstæði. Húsið er steinsteypt á 1-2 hæðum með mænisþaki. Lóð er stór. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúð og atvinnurekstur. Höfundarverk Gísla Halldórssonar og Sigvalda Thordarsen arkitekta. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er í grunninn gott en það er illa hirt og því hefur verið skipt upp í 4 íbúðir. Lóð er ófrágengin. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Breyting á bílskúrsþaki er ólöguleg. Innra skipulagi hefur verið breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Húsið líður fyrir skort á viðhaldi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Gott hús sem þarfnast viðhalds. |

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: H.F. Dvergasteinn
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: / Bifreiðaverkstæði
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurbraut 41 um 1980



Norðurbraut 41, 2018

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Steniklæðning |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft | Tvílyft |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1948 | Stækkun samkvæmt teikningu. | |
| 1994 | Breytt í tvær íbúðir. Hús klætt að utan og gluggar endurnýjaðir. | Sigurður Jóhann Jóhannsson, arkitekt |

## Saga:

Þ. 17. júlí 1944 sótti Jón Sigurðsson f.h. H.f. Dvergasteins um byggingarleyfi fyrir verksmiðjuhúsi hlöðnu úr vikursteini. Var það samþykkt með þeim fyrirvara að húsið yrði steypt og að það fullnægði að öðru leiti skilyrðum byggingasamþykktar um styrkleika og frágang.
Þ. 25. sept. 1948 er Dvergasteini h/f heimilað að stækka hús sitt svo sem teikning gerði ráð fyrir. Byggingameistari var Ingi Kristjánsson. Byggingarfélagið Þór sá um að reisa húsið.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Steinsteypt iðnaðarhúsnæði sem síðar var breytt í íbúðir. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Verksmiðjuhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið stendur efst við Norðurbaut þar sem götunni er lokað af við Reykjavíkurveg. Frá Reykjavíkurvegi er húsið skermað af með hljóðgirðingu úr timbri og asparskógi. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Steniklæðning breytir ásýnd hússins talsvert. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið er klætt að utan líklega vegna ástands steypu. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Tilheyrir eldra iðnaðarhúsnæði við Norðurbraut og Reykjavíkurveg. |

Verndarflokkar:

**Byggingarár: 1929** Skúlaskeið 2

Fyrsti eigandi: Sigurður Þorsteinsson
Hönnuður: Guðjón Arngrímsson, húsasmíðameistari
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Skúlaskeið 2 um 1930



Skúlaskeið 2 - 01.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Svalir / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1989 | Byggt við beggja vegna; stigahús, pallur, verönd yfir bílskúr. | Sigríður Sigþórsdóttir, Arkitekt |

## Saga:

Húsið byggði Sigurður Þorsteinsson árið 1929. Fyrsta brunavirðingin var gerð árið 1930 og er húsinu lýst þannig:
Brunavirðing 15.júlí 1930. Skúlaskeið (hefur ekki fengið númer) Núverandi eigandi: Sigurður Þorsteinsson.
Húsið er einlyft með risi 3,3m, því er skipt í anddyri 3 stofur og eldhús, allt klætt innan með timbri veggfóðrað og málað, notað til íbúðar. Stærð: L. 7m. B. 6,3m. H. 2,9m. 6 gluggar á húsi, 1 eldavél og miðstöð í húsinu. Undir öllu húsinu er 2,5m hár kjallari, honum er skipt í miðstöðvarklefa, þvottahús og geymslu fyrir bifreið. Loftið yfir kjallara er úr járnbentri steypu. Veggur milli bifreiðargeymslu og þvottahúss og miðstöðvarklefa er eldvarnarveggur. 3 gluggar á kjallara

Byggt er við húsið árið 1989 skv. teikningum Sigríðar Sigþórsdóttur arkitekts.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er timburhús á háum kjallara. Íbúðarris með hafnfirskum kvistum. Byggt er við húsið beggja vegna. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundarverk Guðjóns Arngrímssonar |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð og fellur vel að umhverfinu. Götumynd Skúlaskeiðs er vernduð í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Mikið ber á húsinu frá Reykjavíkurvegi. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er talsvert breytt frá fystu gerð. Bætt hefur verið við hafnfirskum kvistum og viðbyggingu á austurgafli. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í góðu ásigkomulagi og ágætlega við haldið. Helstu byggingarhlutar eru í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Mikilvægur hluti af mótaðri byggð timburhúsa við Skúlaskeið. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi: Ásmundur Árnason
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Skúlaskeið 3, teikning 1984



Skúlaskeið 3 - 01.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Kvistir / Portbyggt / Ris / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1984 | Breyting á útliti og innra skipulagi. | Sigurður Harðarson og Magnús Skúlason, arkitekt |
| 2000 | Breyting á útliti og innra skipulagi (teikningum breytt) | Friðrik Friðriksson, arkitekt |

## Saga:

Húsið byggði Ásmundur Árnason en það stóð áður í Landi Stóru Voga. Tók Ásmundur það niður og reisti það á núverandi stað árið 1921. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: a) Húsið er einlyft með porti og risi og 2 kvistum. Niðri skipt í 5 stofur og eldhús, klætt innan panel og stofurnar eru fóðraðar. Uppi skipt í 5 herbergi og eldhús, klætt innan panel og herbergin eru fóðruð, allt málað. Húsið er notað til íbúðar. Undir öllu húsinu er 2ja metra hár steinsteyptur kjallari með 5 gluggum, notaður til geymslu. b) Anddyri með risi, klætt innan panel og fóðrað.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er reisulegt bárujárnshús, kjallari, hæð og íbúarris. Talsvert breytt frá fyrstu gerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Flutningshús, ekki ljóst hvert upprunalegt byggingarár er. Með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er mikilvægur hluti af mótaðri byggð og fellur vel að umhverfinu. Húsið stendur á mikilvægum stað við Hellisgerði og sést vel frá Reykjavíkurvegi. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsinu hefur verið vel við haldið og í samræmi við upprunalegt útlit. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið og byggingarhlutar eru í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Mikilvægur hluti af mótaðri byggð timburhúsa við Skúlaskeið. Húsið telst mögulega friðað v. aldurs. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði að verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1928** Skúlaskeið 4

Fyrsti eigandi: Lárus Vigfússon
Hönnuður: Guðjón Arngrímsson, húsasmíðameistari.
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Skúlaskeið 4, teikning 1926



Skúlaskeið 4 - 01.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Svalir / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2001 | Breytingar á útliti | JGB, verkfræðingur |

## Saga:

Í dagbók byggingarfulltrúans í Hafnarfirði segir að Lárus Vigfússon sækir um að byggja íbúðarhús á lóð sinni við Skúlaskeið, teikning og umsókn nr. 26/27-B eftir Guðjón Arngrímsson. Hafði hann áður fengið teikninguna samþykkta 8. júní 1926. Áfram í lýsingu byggingastjórans kemur fram að sprungur sáust í steypunni á suðvesturhorni kjallarans. Var lagt fyrir yfirsmið að "fylla sprungurnar með sementsvatni eða sterkri steypu svo vatn nái ekki að ganga inn í sprungurnar og svo frjósa þar". Í brunavirðingu frá 1928 er húsinu lýst þannig: . a) Húsið er einlyft með risi 3m. Því er skipt niðri í 3 stofur og eldhús, allt fóðrað, málað og raflýst. 6 gluggar á húsinu, 2 eldavélar og miðstöð í húsinu. Undir öllu húsinu er steinsteyptur kjallari, honum er skipt í þvottahús og tvö geymsluherbergi. 4 gluggar á kjallara. b) Við suðaustangafl hússins er skúr með vatnshallaþaki, klæddur innan og fóðraður, notaður til inngöngu í húsið. Stærð: L. 1,5m. B. 3m. H. 2,6m. 2 gluggar á inngönguskúr. Húsið allt notað til íbúðar.
Árið 2001 var húsið stækkað umtalsvert til austurs og kvistur byggður á framhlið.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Húsið er reisulegt timburhús á háum kjallara. íbúðarris með kvisti. Viðbygging tekur heldur mikið til sín. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundarverk Guðjóns Arngrímssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af mótaðri byggð og fellur vel að umhverfi sínu. Frágangur lóðar við götu er til fyrirmyndar. Götumynd Skúlaskeiðs er vernduð í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Yfirbragð hússins breyttist nokkuð við viðbyggingu með þaksvölum og kvisum á þaki. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið og allir helstu byggingahlutar í góðu ásigkomulagi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Mikilvægur hluti af mótaðri byggð timburhúsa við Skúlaskeið. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

## Byggingarár: 1925 Skúlaskeið 5

Fyrsti eigandi: Júlíus Sigurðsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Skúlaskeið 5, teikning 1999



Skúlaskeið 5 - 01.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Ris / Kjallari |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1999 | Kvistir á þak og þakviðir endurnýjaðir. Hús klætt bárujárni. | Þorsteinn Friðþjófsson, byggingatæknifræðingur |
| 2010 | Viðbygging | Haukur Ásgeirsson, verkfræðingur |

### Saga:

Þegar húsið er byggt árið 1925 af Júlíusi Sigurðssyni þurrabúðarmanni, var það nr. 1 við Skúlaskeið. Nokkrum árum seinna er því breytt í nr. 4 og Júlíus þá sjómaður. Árið 1932 fær það endanlegt númer 5 og Júlíus orðinn skipstjóri. Elstu teikninginu af húsinu er ekki að finna í teikningasafni Hafnarfjarðar, hönnuðar er ekki minnst í byggingarsamþykkt svo saga þess er heldur hljóð. Samkvæmt Brunavirðingu var húsið upphaflega þannig: Brunavirðing: Skírteini nr. 7481. 16. nóvember 1925. Skúlaskeið 4. Núv. eigandi: Júlíus Sigurðsson, síðasti eig: ekki selt. Íbúðarhús, einlyft með risi 2,82m. Skipt í 2 stofur, anddyri og eldhús, þiljað panel, fóðrað og allt málað. Uppi ósundurskipt geymsla. 7 gluggar á húsinu 1 eldavél og 1 ofn. Undir öllu húsinu er 2,40 metra hár, steinsteyptur kjallari, með 2 gluggum, notaður til geymslu. Stærð: L. 6,30m. B. 5,65m. H: 2,90m. Útveggir og þak úr timbri járnvarið. Allt virt á 7300 kr.

Árið 1999 var kvistum bætt á húsið og árið 2010 var byggt við það.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er dæmigert timburhús af einfaldri gerð. Kjallari, hæð og íbúðarris með kvistum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð og fellur vel að umhverfi sínu. Það stendur á mikilvægum stað á jaðri Hellisgerðis. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Upprunaleg gerð húss hefur varðveist vel. Bætt hefur verið við kvistum og viðbyggingu á austurgafli. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið og helstu byggingarhlutar í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Mikilvægur hluti af mótaðri byggð timburhúsa við Skúlaskeið. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Steinn Hermannsson
Hönnuður: Ásgeir Stefánsson, húsasmíðameistari
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Skúlaskeið 6, teikning 1929



Skúlaskeið 6 - 01.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1957 | Bílskúr byggður | Friðþjófur Sigurðsson, byggingafulltrúi |
| 1974 | Hafnfirskir kvistir beggja vegna. | Óli H. Þórðarson, arkitekt |

## Saga:

Samkvæmt dagbók byggingarfulltrúans í Hafnarfirði kemur fram að sett er niður fyrir húsi Steins Hermannssonar þ. 22.04.1929. Teikning og umsókn eftir Ásgeir G. Stefánsson og yfirsmiður var sami.
Í brunavirðingu frá 1929 er húsinu lýst þannig: Íbúðarhús einlyft með risi 3,30m. Niðri skipt í 3 stofur, eldhús forstofu og anddyri. Þiljað, fóðrað og málað. Allt raflýst. Gólf dúklögð, flísar undir og umhverfis eldavél. Uppi er lagt gólf en ósundurskipt. 6 gluggar á húsinu, miðstöð og 2 eldavélar í húsinu. Undir öllu húsinu er 2,10m hár, steinsteypur kjallari með 4 gluggum, skipt í þvottahús, miðstöð og geymslu. Útveggir og þak úr timbri járnvarið. Allt virt á 9800 kr.

Bílskúr er byggður árið 1957 eftir teikn. F. Sigurðssonar. Árið 1974 eru gerðir hafnfirskir kvistir skv. teikningum Óla Þórðarsonar arkitekts.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er bárujárnsklætt timburhús; einlyft á steyptum kjallara. Íbúðarris er með hafnfirskum kvistum með framandi gluggasetningu og -gerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundarverk Ásgeirs Stefánssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Sómir sér vel í götunni. Frágangur steyptra veggja við götu fallegur. Fallegt gullregn stendur fyrir framan húsið. Götumynd Skúlaskeiðs er vernduð í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er lítið breytt frá fyrstu gerð. Gott væri að færa kvist til hefðbundnara útlits þegar kemur að viðhaldi. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að viðhaldi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Mikilvægur hluti af mótaðri byggð timburhúsa við Skúlaskeið. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti

# Byggingarár: 1929 Skúlaskeið 8

Fyrsti eigandi: Sigurður Magnússon
Hönnuður: Ásgeir G. Stefánsson, húsasmiður
Upphaflegur byggingarstíll: Kastalastíll

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Skúlaskeið 8, teikning 1929.



Skúlaskeið 8 - 2019

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Flatt þak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Útitröppur / Kjallari | Tvílyft / Viðbygging |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1979 | Byggt yfir útitröppur, stækkað. | Páll V. Bjarnason, arkitekt |
| 1984 | Viðbygging, geymsla. | Sigurður Þorvarðarson, byggingafræðingur |
| 2015 | Breytt úr einbýli í tvíbýli | Einar V. Tryggvason, arkitekt |

## Saga:

Fram kemur í dagbók byggingarfulltrúans í Hafnarfirði að „Sigurður Magnússon sækir um leyfi til að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á lóð sinni nr. 8 við Skúlaskeið". Húsið sett niður 22.01.1929. Einnig kemur fram að húsið er sömu stærð og gerðar og Guðmundar Sigurðssonar í Holti. Í brunavirðingu frá 1929 er húsinu lýst þannig: "Húsið er einlyft með vatnshallaþaki. Skipt í 3 stofur, eldhús anddyri og gang. Þiljað, fóðrað og málað. Flísar undir og umhverfis og undir eldavél, gólfflísar á anddyri. Önnur gólf dúklögð. 4 gluggar á húsinu miðstöð, eldavél og þvottapottur í húsinu. Steinsteyptur 2,50m. hár kjallari með 5 gluggum er undir öllu húsinu. Honum er skipt í miðstöðvarklefa, þvottahús og geymslu. Útveggir úr steinsteypu, húðað. Þakið úr timbri járnvarið". Allt virt á 11.200 kr.

Húsið hefur verið stækkað en upprunalegur bygingarstíll fékk að halda sér. Nú eru tvær íbúðir í húsinu.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Húsið er byggt í svonefndum kastalastíl. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundarverk Ásgeirs Stefánssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð húsa við Skúlaskeið. Eitt af fáum kastalahúsum sem enn eru eftir í Hafnarfirði. Götumynd Skúlaskeiðs er vernduð í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Hlutföll hússins eru töluvert breytt frá fyrstu gerð, en breytingar hafa verið gerðar á forsendum upprunalegs byggingarstíls. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Unnið er að viðhaldi á húsinu að utan sumar 2018. Þá virðast helstu byggingarhlutar vera í góðu ásigkomulagi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Mikilvægur hluti af mótaðri byggð við Skúlaskeið og eitt af fáum kastalahúsum í Hafnarfirði sem fengið hafa að njóta sín. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1935** Skúlaskeið 10

Fyrsti eigandi: Sigurbjartur Vilhjálmsson
Hönnuður: Sigurbjartur Vilhjálmsson, húsasmíðameistari
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Skúlaskeið 10, teikning 1935.



Skúlaskeið 10 - 01.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1942 | 2 kvistir. | Sigurbjartur Vilhjálmsson |
| 1965 | Viðbygging | Stefán Sigurbertsson. |

## Saga:

Árið 1936 sótti Sigurbjartur Vilhjálmsson um til byggingarnefndar að verða löggiltur yfirsmiður í Hafnarfjarðarkaupstað. Var beiðnin samþykkt á byggingarnefndarfundi þ. 26.6.1936.
Árið áður eða 1935 sótti Sigurbjartur Vilhjálmsson um byggingarleyfi fyrir timburhúsi á lóð sinni nr. 10 við Skúlaskeið, samkvæmt teikningum eftir hann sjálfan. Í brunavirðingu sama ár, er Skúlaskeiði 10 lýst þannig: Húsið er einlyft með risi 3,50m. Skipt í 3 stofur, eldhús og anddyri. Þiljað, fóðrað og málað. Flísar undir og umhverfis eldavél. Gólf dúklögð. Uppi óinnréttað enn gólflagt. Undir öllu húsinu er 2,30m hár kjallari. Skipt í 2 geymslur og miðstöðvarherbergi.

Ekki er hægt að lesa út úr breytingasögu hvenær húsið var augnstungið, en kvistir voru gerðir á þak árið 1942 og byggt við húsið árið 1965.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einfalt timburhús á steyptum kjallara. Gluggasetning hefur einkenni funkisstíls, m.a. með hornglugga. Íbúðarris með hafnfirskum kvistum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundarverk Sigurbjarts Vilhjálmssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Skúlaskeið. Götumynd Skúlaskeiðs er vernduð í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið var stækkað með viðbyggingu á tveimur hæðum árið 1965. Gluggum var skipt út og póstum fækkað. Hafnfirskur kvistir eru beggja vegna. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið og helstu byggingarhlutar í góðu ástandi. Æskilegt væri að færa glugga til upphaflegs útlits. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Skúlaskeið og Nönnustíg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Steingrímur Bjarnason
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: / Steinsteypt hús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Skúlaskeið 12, raflagnateikning 1945.



Skúlaskeið 12 - 01.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Svalir / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Ris / Svalir / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1990 | Bílgeymsla. | Sveinbjörn Sigurðsson, tæknifræðingur |

## Saga:

Steingrími Bjarnasyni byggingarfulltrúa er heimilt að byggja íbúðarhús við Skúlaskeið á 190. fundi byggingarnefndar Hafnarfjarðar 28. ágúst 1945. Steingrímur annaðist sjálfur smíðina.
Engin brunavirðing er til af húsinu og af elstu teikningum er aðeins raflagnateikningu að finna í teikningasafni Hafnarfjarðarbæjar. Er sú teikning eftir Þorvald Sigurðsson, hún var samþykkt 14. september 1945.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er steinsteypt á háum kjallara. Einlyft með háu íbúðarrisi með kvistum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús Steingríms Bjarnasonar byggingarfulltrúa. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Skúlaskeið og Nönnustíg og sómir sér vel í samhengi nærliggjandi húsa. Götumynd Skúlaskeiðs er vernduð í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið virðist lítið breytt frá upprunalegri mynd. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið hefur nýlega verið gert upp að utanverðu og er í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Skúlaskeið. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Byggingafélag Alþýðu
Hönnuður: Bárður Ísleifsson, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Skúlaskeið 14 - 16, teikning 1941.



Skúlaskeið 14-16 - 01.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Hraunað | Hraunað | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | Gluggabreyting, óljóst hvenær. | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Tvílyft / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | | |

## Saga:

Verkamannabústaðirnir við Skúlaskeið voru byggðir á árunum 1941 – 1948. Öll húsin eru eftir sömu teikningu og þau eru mjög áþekk verkamannabústöðum við Selvogsgötu sem voru byggðir árið 1934 eftir teikningu Húsameistara ríkisins, undirritaðri af Guðjóni Samúelssyni arkitekt og Guðmundi H. Þorlákssyni húsameistara.

Innra skipulagi húsanna í Skúlaskeiði er breytt (frá Selvogsgötu) og í útliti koma fram sterkari fúnkíseinkenni, þ.e. hornugluggar og nútímalegri gluggapóstar.
Bárður Ísleifsson arkitekt skrifar undir teikningarnar að verkamannabústöðunum við Skúlaskeið, Hringbraut og Suðurgötu, fyrir hönd húsameistara ríkisins, en Guðjón Samúelsson arkitekt var húsameistari ríkisins á þessum árum.

Brunavirðing ekki til.

Ekki er vitað hver upprunalegur frágangur útveggja var; skeljasandur, hraunhúð eða annað en mikilvægt er að leita svara við því þegar kemur að endurnýjun.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Einföld og fallega mótuð hús sem raðast vel við bogadregna götu. Sterk funkiseinkenni. Framgarðar og steyptir garðveggir setja sterkan svip. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, verkamannabústaðir. Höfundarverk Húsameistara ríkisins, Guðjóns Samúlessonar, Bárðar Ísleifssonar og e.t.v. fleiri. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af mikilvægri heild verkamannabústaða sem standa við Skúlaskeið. Götumynd Skúlaskeiðs er vernduð í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsinu hefur verið vel við haldið en gluggum hefur verið breytt frá upprunalegri gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið og allir byggingarhlutar virðast vera í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er mikilvægur hluti af heild verkamannabústaða sem standa við Skúlaskeið. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1948** Skúlaskeið 18 - 20

Fyrsti eigandi: Byggingafélag Alþýðu
Hönnuður: Bárður Ísleifsson
Nikulás Friðriksson, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Skúlaskeið 18-20, teikning 1945.



Skúlaskeið 18-20 - 01.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Hraunað | Hraunað | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Tvílyft / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | | |

## Saga:

Verkamannabústaðirnir við Skúlaskeið voru byggðir á árunum 1941 – 1948. Öll húsin eru eftir sömu teikningu og þau eru mjög áþekk verkamannabústöðum við Selvogsgötu sem voru byggðir árið 1934 eftir teikningu Húsameistara ríkisins, undirritaðri af Guðjóni Samúelssyni arkitekt og Guðmundi H. Þorlákssyni húsameistara.

Innra skipulagi húsanna í Skúlaskeiði er breytt (frá Selvogsgötu) og í útliti koma fram sterkari fúnkíseinkenni, þ.e. horngluggar og nútímalegri gluggapóstar.
Bárður Ísleifsson arkitekt skrifar undir teikningarnar að verkamannabústöðunum við Skúlaskeið, Hringbraut og Suðurgötu, fyrir hönd húsameistara ríkisins, en Guðjón Samúelsson arkitekt var húsameistari ríkisins á þessum árum.

Ekki er vitað hver upprunalegur frágangur útveggja var; skeljasandur, hraunhúð eða annað en mikilvægt er að leita svara við því þegar kemur að endurnýjun.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Einföld og fallega mótuð hús sem raðast vel við bogadregna götu. Sterk funkiseinkenni. Framgarðar og steyptir garðveggir setja sterkan svip. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, verkamannabústaðir. Höfundarverk Húsameistara ríkisins, Guðjóns Samúlessonar, Bárðar Ísleifssonar og e.t.v. fleiri. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af mikilvægri heild verkamannabústaða sem standa við Skúlaskeið. Götumynd Skúlaskeiðs er vernduð í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsinu hefur verið ágætlega við haldið en gluggum hefur verið breytt frá upprunalegri gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið virðist vera í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af mikilvægri heild verkamannabústaða sem standa við Skúlaskeið. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Byggingafélag Alþýðu
Hönnuður: Bárður Ísleifsson, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Skúlaskeið 22-24



Skúlaskeið 22-24 - 01.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Hraunað | Steniklæðning |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Tvílyft / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1987 | Gluggabreyting | Óli H. Þórðarson, Arkitekt |

## Saga:

Verkamannabústaðirnir við Skúlaskeið voru byggðir á árunum 1941 – 1948. Öll húsin eru eftir sömu teikningu og þau eru mjög áþekk verkamannabústöðum við Selvogsgötu sem voru byggðir árið 1934 eftir teikningu Húsameistara ríkisins, undirritaðri af Guðjóni Samúelssyni arkitekt og Guðmundi H. Þorlákssyni húsameistara.

Innra skipulagi húsanna í Skúlaskeiði er breytt (frá Selvogsgötu) og í útliti koma fram sterkari fúnkíseinkenni, þ.e. hornguggar og nútímalegri gluggapóstar.
Bárður Ísleifsson arkitekt skrifar undir teikningarnar að verkamannabústöðunum við Skúlaskeið, Hringbraut og Suðurgötu, fyrir hönd húsameistara ríkisins, en Guðjón Samúelsson arkitekt var húsameistari ríkisins á þessum árum.

Í brunavirðingu frá 1943 er byggingunni lýst þannig: Húsið er tvílyft með valmaþaki 1,60m. 1. hæð hússins er skipt í 6 stofur, 2 eldhús, 2 anddyri, 2 v.s. og bað. 2 hæð sama skipting. Múrhúðað og málað. Undir öllu húsinu er kjallari, 9 geymslur, þvottahús, 2 þurrkherbergi, miðstöð. Allt virt á 230.000.00.

Ekki er vitað hver upprunalegur frágangur útveggja var; skeljasandur, hraunhúð eða annað en mikilvægt er að leita svara við því þegar kemur að endurnýjun.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Einföld og fallega mótuð hús sem raðast vel við bogadregna götu. Sterk funkiseinkenni. Framgarðar og steyptir garðveggir setja sterkan svip. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, verkamannabústaðir. Höfundarverk Húsameistara ríkisins, Guðjóns Samúlessonar, Bárðar Ísleifssonar og e.t.v. fleiri. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af mikilvægri heild verkamannabústaða sem standa við Skúlaskeið. Götumynd Skúlaskeiðs er vernduð í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið hefur verið klætt með steniklæðningu sem breytir ásýnd þess. Gluggum hefur verið breytt frá upprunalegri gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af mikilvægri heild verkamannabústaða sem standa við Skúlaskeið. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1943** Skúlaskeið 26 - 28

Fyrsti eigandi: Byggingafélag Alþýðu
Hönnuður: Bárður Ísleifsson
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Skúlaskeið 26-28



Skúlaskeið 26-28 - 01.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Hraunað | Steniklæðning |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Tvílyft / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1996 | Sameining íbúða. Hús einangrað að utan og klætt steniplötum. | Sveinn Ívarsson, Steingrímur Hauksson, Arkitekt |

## Saga:

Verkamannabústaðirnir við Skúlaskeið voru byggðir á árunum 1941 – 1948. Öll húsin eru eftir sömu teikningu og þau eru mjög áþekk verkamannabústöðum við Selvogsgötu sem voru byggðir árið 1934 eftir teikningu Húsameistara ríkisins, undirritaðri af Guðjóni Samúelssyni arkitekt og Guðmundi H. Þorlákssyni húsameistara.

Innra skipulagi húsanna í Skúlaskeiði er breytt (frá Selvogsgötu) og í útliti koma fram sterkari fúnkíseinkenni, þ.e. hornggluggar og nútímalegri gluggapóstar.
Bárður Ísleifsson arkitekt skrifar undir teikningarnar að verkamannabústöðunum við Skúlaskeið, Hringbraut og Suðurgötu, fyrir hönd húsameistara ríkisins, en Guðjón Samúelsson arkitekt var húsameistari ríkisins á þessum árum.

Í brunavirðingu frá 1943 er byggingunni lýst þannig: „Húsið er tvílyft með valmaþaki 1,60m. 1. hæð hússins er skipt í 6 stofur, 2 eldhús, 2 anddyri 2 v.s. og bað. 2 hæð sama skipting. Múrhúðað og málað. Undir öllu húsinu er kjallari, 9 geymslur, þvottahús, 2 þurrkherbergi, miðstöð. Allt virt á 230.000.00.

Ekki er vitað hver upprunalegur frágangur útveggja var; skeljasandur, hraunhúð eða annað en mikilvægt er að leita svara við því þegar kemur að endurnýjun.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Einföld og fallega mótuð hús sem raðast vel við bogadregna götu. Sterk funkiseinkenni. Framgarðar og steyptir garðveggir setja sterkan svip. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, verkamannabústaðir. Höfundarverk Húsameistara ríkisins, Guðjóns Samúlessonar, Bárðar Ísleifssonar og e.t.v. fleiri. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af mikilvægri heild verkamannabústaða sem standa við Skúlaskeið. Götumynd Skúlaskeiðs er vernduð í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið hefur verið klætt með steniklæðningu sem breytir ásýnd þess. Gluggum hefur verið breytt frá upprunalegri gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af mikilvægri heild verkamannabústaða sem standa við Skúlaskeið. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1941** Skúlaskeið 30 - 32

Fyrsti eigandi: Byggingafélag Alþýðu
Hönnuður: Bárður Ísleifsson, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Skúlaskeið um 1950 ljósm: óþekktur



Skúlaskeið 30-32 - 01.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Hraunað | Steniklæðning | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | | | |
| Útlit: | Tvílyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Tvílyft / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | | |

## Saga:

Verkamannabústaðirnir við Skúlaskeið voru byggðir á árunum 1941 – 1948. Öll húsin eru eftir sömu teikningu og þau eru mjög áþekk verkamannabústöðum við Selvogsgötu sem voru byggðir árið 1934 eftir teikningu Húsameistara ríkisins, undirritaðri af Guðjóni Samúelssyni arkitekt og Guðmundi H. Þorlákssyni húsameistara.

Innra skipulagi húsanna í Skúlaskeiði er breytt (frá Selvogsgötu) og í útliti koma fram sterkari fúnkíseinkenni, þ.e. horngluggar og nútímalegri gluggapóstar.
Bárður Ísleifsson arkitekt skrifar undir teikningarnar að verkamannabústöðunum við Skúlaskeið, Hringbraut og Suðurgötu, fyrir hönd húsameistara ríkisins, en Guðjón Samúelsson arkitekt var húsameistari ríkisins á þessum árum.

Í brunavirðingu frá 1942 er húsinu lýst þannig: Húsið er einlyft með risi 1,40m. Báðum hæðum er skipt eins á hvorri hæð. 6 stofur, 2 eldhús, 2 baðherbergi 2 gangar. Allt múrað og málað. Undir öllu húsinu er 2,10m hár kjallari, skipt í miðstöðvarherbergi, 2 þvottahús og geymslur. Allt virt á 166.000.00.

Ekki er vitað hver upprunalegur frágangur útveggja var; skeljasandur, hraunhúð eða annað en mikilvægt er að leita svara við því þegar kemur að endurnýjun.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Einföld og fallega mótuð hús sem raðast vel við bogadregna götu. Sterk funkiseinkenni. Framgarðar og steyptir garðveggir setja sterkan svip. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, verkamannabústaðir. Höfundarverk Húsameistara ríkisins, Guðjóns Samúlessonar, Bárðar Ísleifssonar og e.t.v. fleiri. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af mikilvægri heild verkamannabústaða sem standa við Skúlaskeið. Götumynd Skúlaskeiðs er vernduð í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið hefur verið klætt með steniklæðningu sem breytir ásýnd þess og gluggum hefur verið breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af mikilvægri heild verkamannabústaða sem standa við Skúlaskeið. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Byggingafélag Alþýðu
Hönnuður: Bárður Ísleifsson, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Skúlaskeið um 1950. LJósm: Gunnar Ólafsson



Skúlaskeið 34-36 - 01.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Hraunað | Steniklæðning |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | |
| Útlit: | Tvílyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Tvílyft / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1954 | Steyptur skúr í garði húss nr. 36. | F. Sigurðsson |

## Saga:

Verkamannabústaðirnir við Skúlaskeið voru byggðir á árunum 1941 – 1948. Öll húsin eru eftir sömu teikningu og þau eru mjög áþekk verkamannabústöðum við Selvogsgötu sem voru byggðir árið 1934 eftir teikningu Húsameistara ríkisins, undirritaðri af Guðjóni Samúelssyni arkitekt og Guðmundi H. Þorlákssyni húsameistara.

Innra skipulagi húsanna í Skúlaskeiði er breytt (frá Selvogsgötu) og í útliti koma fram sterkari fúnkíseinkenni, þ.e. hornglaggar og nútímalegri gluggapóstar.
Bárður Ísleifsson arkitekt skrifar undir teikningarnar að verkamannabústöðunum við Skúlaskeið, Hringbraut og Suðurgötu, fyrir hönd húsameistara ríkisins, en Guðjón Samúelsson arkitekt var húsameistari ríkisins á þessum árum.

Í brunavirðingu frá 1942 er húsinu lýst þannig: Húsið er tvílyft með risi 1,45m. Báðum hæðum skipt eins á hvorri hæð: 4 stofur, 2 eldhús, 2 baðherbergi og gangur. Allt húðað og málað. Undir öllu húsinu er kjallari, skipt í miðstöðvarherbergi, 2 þvottahús og geymslur. Allt virt á 132.000kr.

Ekki er vitað hver upprunalegur frágangur útveggja var; skeljasandur, hraunhúð eða annað en mikilvægt er að leita svara við því þegar kemur að endurnýjun.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Einföld og fallega mótuð hús sem raðast vel við bogadregna götu. Sterk funkiseinkenni. Framgarðar og steyptir garðveggir setja sterkan svip. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, verkamannabústaðir. Höfundarverk Húsameistara ríkisins, Guðjóns Samúlessonar, Bárðar Ísleifssonar og e.t.v. fleiri. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af mikilvægri heild verkamannabústaða sem standa við Skúlaskeið. Götumynd Skúlaskeiðs er vernduð í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið hefur verið klætt með steniklæðningu sem breytir ásýnd þess. Gluggum hefur verið breytt frá upprunalegri gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af mikilvægri heild verkamannabústaða sem standa við Skúlaskeið. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Byggingafélag Alþýðu
Hönnuður: Bárður Ísleifsson, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Skúlaskeið um 1950, ljósm: Gunnar Ólafsson



Skúlaskeið 38-40 - 01.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Hraunað | Steniklæðning |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Tvílyft / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1991 | Reyndarteikning | Sigurður Þorvarðarson , Byggingafræðingur |

## Saga:

Verkamannabústaðirnir við Skúlaskeið voru byggðir á árunum 1941 – 1948. Öll húsin eru eftir sömu teikningu og þau eru mjög áþekk verkamannabústöðum við Selvogsgötu sem voru byggðir árið 1934 eftir teikningu Húsameistara ríkisins, undirritaðri af Guðjóni Samúelssyni arkitekt og Guðmundi H. Þorlákssyni húsameistara.

Innra skipulagi húsanna í Skúlaskeiði er breytt (frá Selvogsgötu) og í útliti koma fram sterkari fúnkíseinkenni, þ.e. hornglugar og nútímalegri gluggapóstar.
Bárður Ísleifsson arkitekt skrifar undir teikningarnar að verkamannabústöðunum við Skúlaskeið, Hringbraut og Suðurgötu, fyrir hönd húsameistara ríkisins, en Guðjón Samúelsson arkitekt var húsameistari ríkisins á þessum árum.
Í brunavirðingu frá 1942 er húsinu lýst þannig: Húsið er einlyft með risi 1,40m. Báðum hæðum er skipt eins á hvorri hæð. 6 stofur, 2 eldhús, 2 baðherbergi 2 gangar. Allt múrað og málað. Undir öllu húsinu er 2,10m hár kjallari, skipt í miðstöðvarherbergi, 2 þvottahús og geymslur. Allt virt á 166.000.00.

Ekki er vitað hver upprunalegur frágangur útveggja var; skeljasandur, hraunhúð eða annað en mikilvægt er að leita svara við því þegar kemur að endurnýjun.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Einföld og fallega mótuð hús sem raðast vel við bogadregna götu. Sterk funkiseinkenni. Framgarðar og steyptir garðveggir setja sterkan svip. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, verkamannabústaðir. Höfundarverk Húsameistara ríkisins, Guðjóns Samúlessonar, Bárðar Ísleifssonar og e.t.v. fleiri. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af mikilvægri heild verkamannabústaða sem standa við Skúlaskeið. Götumynd Skúlaskeiðs er vernduð í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið hefur verið klætt með steniklæðningu sem breytir ásýnd þess. Gluggum hefur verið breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af mikilvægri heild verkamannabústaða sem standa við Skúlaskeið. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1927** Skúlaskeið 42 Fagurhóll

Fyrsti eigandi: Enok Helgason
Hönnuður: Geir Gestsson, húsasmíðameistari
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Skúlaskeið 42, teikning 1926.


Skúlaskeið 42 - 01.06,18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Svalir / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1942 | Kvistir á þak íbúðarhúss | Davíð Kristjánsson |
| 2001 | Nýtt bíslag, breyting á kvistum og innra skipulagi. | Jon Nordstein og Ólöf Flygenring, arkitektar |
| 2008 | Vinnu- og geymsluhús | Jon Nordstein og Ólöf Flygenring, arkitektar |

## Saga:

Þann 30. ágúst 1926 heimilaði byggingarnefnd, Enok Helgasyni að reisa sér íbúðarhús, á baklóð hans við Kirkjuveg, eftir teikningu Geirs Gestssonar. Geir var fæddur og uppalinn í Eyjahreppnum en nam trésmíði hjá Ásgeiri G. Stefánssyni. Árið 1927 var sótt um að færa kjallaradyr á vesturgafl og færa gluggana saman á austurgafli og ennfremur stækka húsið í 6,00x 6,90m. Var þessi beiðni munnleg en samþykkt af byggingarfulltrúa. Var húsið sett niður þ. 9.3.1927 og byrjað að slá upp mótum. Nánari lýsingu á sperrum og bitum er að finna í dagbók byggingafulltrúans bók 1, bls. 14. Enok Helgason sá sjálfur um rafmagnslögnina og nefndi húsið „Fagurhól“. Í elstu brunavirðingu frá 1927 er húsinu lýst þannig: Íbúðarhús 7 gluggum, einlyft með risi 2,90m. Skipt í 3 stofur, eldhús og anddyri, þiljað allt og 2 stofur og eldhús fóðrað. Rishæðin óinnréttuð. Steinsteyptur 2,20m hár kjallari með 3 gluggum, undir öllu húsinu notaður til geymslu. Eldavél og ofn. Allt virt á 7.800kr.

29. júní 1942 sækir Enok Helgason um leyfi til að byggja kvisti á íbúðarhús sitt Kirkjuveg 16b, skv. teikningu eftir Davíð Kristjánsson Samþykkt.

Árið 2001 var byggt við húsið skv. teikningum arktiektanna Jons Nordstein og Ólafar Flygenring en þau hönnuðu einnig vinnustofu við húsið sem byggð var árið 2008.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Húsið er fallegt einlyft bárujárnsklætt timburhús á kjallara. Risþak með hafnfirskum kvistum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús Enoks Helgasonar rafvirkjameistara. Höfundaverk Geirs Gestssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er nokkuð stakstætt en situr hátt og fallega í landi. Lóðin er fallega gróin og frágangur við götu er góður. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið hefur hlotið faglega endurgerð á forsendum upprunalegs byggingarstíls. Kvistir eru með einhalla þaki. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu hefur verið vel við haldið og allir byggingarhlutar virðast í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er að mestu í upprunalegum hlutföllum og er vel á sig komið. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

# Byggingarár: 1927 Nönnustígur 1

Fyrsti eigandi: Sigurður Ásmundsson
Hönnuður: Þóroddur Hreinsson, húsasmíðameistari
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Nönnustígur 1 - 1927



Nönnustígur 1 - 01.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1931 | Húsið hækkað. | Haukur Jónsson |
| 1982 | Viðbygging, bílageymsla, grillverönd anddyri | Björn S. Hallsson, arkitekt |

## Saga:

Á 78. fundi byggingarnefndar Hafnarfjarðar var samþykkt að heimila Sigurði Ásmundssyni að byggja íbúðarhús á lóð hans Reykjavíkurvegi 23b. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: "a) Húsið er einlyft meðrisi 3,20m. Því er skipt í 3 stofur, eldhús, búr og anddyri. Allt klætt innan með timbri og fóðrað, málað og raflýst, notað til íbúðar. Undir öllu húsinu er steinsteyptur kjallari með 4 gluggum, notaður til geymslu." 7 gluggar á húsinu 2 ofnar og 1 eldavél í húsinu. Allt virt á 8,500kr.
Sigurður Ásmundsson sækir um að hækka hús sitt Nönnustíg 1. Það var samþykkt á fundi byggingarnefndar þ. 30.3.1931.
Árið 1982 er byggt við húsið, eftir teikningu Björns S. Hallssonar arkitekts. Einnig var komið fyrir á lóðinni bílageymslu, grilli, verönd og anddyri.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Reisulegt bárujárnshús á háum kjallara. Íbúðarris með kvistum. Húsið er talsvert breytt frá fyrstu gerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundarverk Þórodds Hreinssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur í hnappi bárujárnshúsa við Nönnustíg, Reykjavíkurveg og Skúlaskeið. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Tvær viðbyggingar eru við húsið og steyptur bílskúr með verönd. Gluggafrágangur og timburverk er breytt. Kvistir á þaki. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið er í ágætu ásigkomulagi en kominn er tími á viðhald. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er reisulegt og stendur í hnappi bárujárnshúsa við Nönnustíg, Reykjavíkurveg og Skúlaskeið. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1926 Nönnustígur 2

Fyrsti eigandi: Þórunn Jónsdóttir
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Nönnustígur 2 - fyrir breytingu 1953



Nönnustígur 2 - 01.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Kjallari |

**Helstu breytingar:**

1983 Ris og þak hækkað.

**Hönnuðir breytinga:**

### Saga:

Á 71. fundi byggingarnefndar Hafnarfjarðar kemur fram að beiðni ekkjunnar Þórunnar Jónsdóttur, um byggingu íveruhúss við Reykjavíkurvegur 25b, var samþykkt. Hvorki kemur fram hver upphaflegur hönnuður var né yfirsmiður. Elsta teikningin af húsinu er glötuð. Í fyrstu brunavirðingu hússins er því lýst þannig: a) Húsið er einlyft með risi 3m. Því er skipt í 3 herbergi og eldhús, allt klætt innan með panel og fóðrað, uppi er því skipt í 1 herbergi og eldhús, klætt innan með panel, herbergið fóðrað. Húsið er allt raflýst og notað til íbúðar. 7 gluggar á húsinu, 2 eldavélar og 2 ofnar í húsinu. Undir húsinu er kjallari 0,50m á hæð, notaður til geymslu. b) Við norðurgafl hússins er skúr með vatnshallaþaki, klæddur innan með panel, notaður til inngöngu í húsið. Stærð L.1,25m. B. 3,15m. H. 2,75m. 1 gluggi. " Allt virt á 6550kr.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft á lágum kjallara. Hlutföll hafa breyst með stækkun. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Að grunni til með elstu húsum í Vesturbænum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur í hnappi bárujárnshúsa við Nönnustíg, Reykjavíkurveg og Skúlaskeið. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Upprunaleg hlutföll hafa breyst með lengingu hússins til norðurs og hafnfirskum kvistum eftir endilöngu þakinu beggja vegna. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu virðist vel við haldið og helstu byggingarhlutar í góðu ásigkomulagi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið stendur í hnappi bárujárnshúsa við Nönnustíg, Reykjavíkurveg og Skúlaskeið. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

# Byggingarár: 1930 Nönnustígur 3

Fyrsti eigandi: Þorleifur Guðmundsson
Hönnuður: Ásgeir G. Stefánsson, húsasmiður
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Nönnustígur 3 - 1962


Nönnustígur 3 - 06.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1962 | Bætt við kvist í risi. Skipt um glugga | |
| 1975 | Gluggum fækkað á vesturhlið - miðhæð. Hurð bætt við á kjallara | |
| 1981 | Breytingar á húsi teiknaðar og bílskúr - ekki framkvæmt. | Óli Þórðarson, arkitekt |

## Saga:

Þorleifur Guðmundsson lagði inn beiðni um byggingu íbúðarhúss, með útiforstofu að götu, á lóð sinni Nönnustíg 3. Var beiðninni synjað að því er snerti útiforstofuna annars samþykkt á byggingarnefndarfundi þ. 18. ágúst 1930. Húsið var íbúðarhæft í desember sama ár, samkvæmt brunavirðingu sem gerð var þ. 17 þ. m. og er húsinu lýst þannig: „Húsið er einlyft með risi 3,20m. Niðri skipt í 3 stofur, eldhús, anddyri, þiljað, fóðrað og málað. Flísar undir og umhverfis eldavél. Gólf dúklögð. Uppi er rishæðinni skipt í 1 herbergi og eldhús. Herbergið er þiljað fóðrað og málað. Gólf dúklögð. Undir öllu húsinu er 2,10m hár steinsteyptur kjallari, húðaður að innan. Skipt í þvottahús og miðstöð, geymslu og V.S. Húsið notað til íbúðar og er allt raflýst.“ Miðstöð, 3 eldavélar, 9 gluggar. Allt virt á 10. 500kr.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Húsið er dæmigert timburhús af einfaldri gerð á reistum kjallara. Íbúðarris með hafnfirskum kvistum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundarverk Ásgeirs Stefánssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur í hnappi bárujárnshúsa við Nönnustíg, Reykjavíkurveg og Skúlaskeið. Frágangur á stakketi og smíðajárn á handriði er til prýði. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Upprunaleg gerð húss hefur varðveist vel. Bætt hefur verið við hafnfirskum kvistum. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsinu er ágætilega við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið stendur í hnappi bárujárnshúsa við Nönnustíg, Reykjavíkurveg og Skúlaskeið. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1928 Nönnustígur 4

Fyrsti eigandi: Bjarni Guðmundsson
Hönnuður: Ásgeir G. Stefánsson, húsasmiður
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Nönnustígur 4 - 2002



Nönnustígur 4 - 01.06.18

### Gerð húss:

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Svalir / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2002 | Bætt við kvistum í risi | Sigurþór Aðalsteinsson, Arkitekt |
| 2006 | Viðbygging og breytingar. | Ellert Már Jónsson |

### Saga:

Nönnustígur 4 er byggt fyrir Bjarna Guðmundsson árið 1928 eftir teikningu Ásgeirs G. Stefánssonar. Í elstu brunavirðingu er því lýst þannig: "a) Húsið er einlyft með risi 3 m. Því er skipt í 3 stofur og eldhús, allt klætt innan með panel allt fóðrað. 6 gluggar á húsinu, 2 eldavélar og 2 ofnar í húsinu. Undir öllu húsinu er 2m hár steinsteyptur kjallari, honum er skipt í þvottahús og 2 geymsluherbergi. Við norðurgafl hússins er skúr með vatnshallaþaki, klæddur innan með panel, fóðraður, notaður til inngöngu í húsið. Allt raflýst og málað, notað til íbúðar." Stærð L. 3.10m. B. 1,40m. H. 2,90m. 1 gluggi. Allt virt á 8900kr.

Árið 2002 eru gerðir kvistir á húsið eftir teikningum Sigurþórs Aðalsteinssonar arkitekts. Líklega er bílskúr einnig byggður þá.

Árið 2006 er byggt við húsið eftir teikningum Ellerts Más Jónssonar. Viðbyggingin við norðurhlið húss er timburhús á steyptum kjallara eins og eldra hús. Viðbyggingin samanstendur af steyptum kjallara, hæð og svölum ofan á þaki nýbyggingar. Einnig voru byggðar svalir á 1.hæð, viðbygging til norðurs og inngangströppur endurbættar.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er reislulegt einlyft timburhús á kjallara. Íbúðarris er með kvistum og byggður hefur verið bílskúr á lóð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundarverk Ásgeirs Stefánssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur í hnappi bárujárnshúsa við Nönnustíg, Reykjavíkurveg og Skúlaskeið og framhlið hússins er lítið breytt. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Byggt hefur verið við húsið, og kvistir gerðir. Viðgerðir og efnisval húss er á forsendum upprunalegs byggingastíls en timburgirðing á lóðarmörkum hæfir ekki jafn vel. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið og er í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið stendur í hnappi bárujárnshúsa við Nönnustíg, Reykjavíkurveg og Skúlaskeið. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Rannveig Þorsteinsdóttir
Hönnuður: Ásgeir G. Stefánsson, húsasmíðameistari
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Nönnustígur 5, teikning 1926



Nönnustígur 5 - 01.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Viðbygging |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1944 | Breyting samkvæmt teikningu. Byggingameistari: Þorbjörn | Ágúst Steingrímsson |
| 1980 | Stækkun húss. | Reynir Elíeserson, byggingatæknifræðingur |
| 1999 | svalir og breytingar | Marteinn Huntingdon-Williams, arkitekt |
| 2015 | Hafnfirskur kvistur, kjallari dýpkaður. Breytt innra skipulag. | Kristinn Ragnarsson, arkitekt |

## Saga:

Nönnustígur 5 er byggt eftir teikningu Ásgeirs G. Stefánssonar, fyrir ekkjuna Rannveigu Þorsteinsdóttur. Í fyrstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: Íbúðarhús, einlyft með risi 2,50. Skipt í 2 stofur, anddyri og eldhús, þyljað panel og fóðrað. Raflýst og málað. Uppi er óinnréttuð geymsla með gólfi. Undir öllu húsinu er steinsteyptur 1,20m hár kjallari notaður til geymslu. 6 gluggar á húsinu, eldavél og 2 ofnar í húsinu. Húsið er margbreytt frá upphafi og hefur stækkað á alla kanta.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft bárujárnsklætt timburhús. Hæð og ris með skriðkjallara. Mikið breytt frá upprunalegri gerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundarverk Ásgeirs Stefánssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur í hnappi bárujárnshúsa við Nönnustíg, Reykjavíkurveg og Skúlaskeið. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er mikið breytt frá fyrstu gerð og hafa hlutföll þess og form breyst verulega með stækkun, viðbyggingum og kvistum. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í ágætu ástandi og virðist vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið stendur í hnappi bárujárnshúsa við Nönnustíg, Reykjavíkurveg og Skúlaskeið en er gjörbreytt frá fyrstu gerð. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1930** Nönnustígur 6

Fyrsti eigandi: Guðríður Einarsdóttir
Hönnuður: Guðmundur Einarsson, húsasmíðameistari
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Nönnustígur 6 - 1982



Nönnustígur 6 - 01.06.18

| **Gerð húss:** | **Upphafleg** | **Núverandi** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1930 | Kvistur | Guðmundur Einarsson |
| 1982 | Stækkun, kvistir, svalir. | Óli H. Þórðarson, arkitekt |

## Saga:

Dagbók byggingastjóra Hafnarfjarðar bls. 99, nr. 93. " Guðfinna Mangúsdóttir Nönnustíg 6, sækir um leyfi til að byggja íbúðarhús á lóð sinni Nönnustíg 6 samkv. teikningum nr. 26/30 eftir Guðmund Einarsson. Samþykkt á fundi byggingarnefndar 14/7-30. Sett húsið niður 7/8-30. Yfirsmiður Guðjón Arngrímsson. Stærð 7,5x6,9x8,0 = 414m3 ".
Sama ár, samkvæmt dagbók byggingastjórans sækir Guðfinna Magnúsdóttir um að setja kvist á "hús sitt en hún hefir fengið leyfi til að byggja við Nönnugötu samkvæmt teikningu 46/30 -B eftir Guðmund Einarsson". Var beiðni þessi samþykkt 1. september 1930.
Einhverra hluta vegna var brunavirðingin ekki útfyllt með lýsingu og virðingu á húsinu.

Árið 1982 er húsinu breytt skv. teikningum Óla Þórðarsonar arkitekts og Lovísu Christiansen innanhússarkitekts. Rishæð er stækkuð og byggt við og húsið stækkað um 57,1m2. Bílskúr er samþykktur en ekki byggður. Kvistir og svalir eru líklega hluti af þessari breytingu.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er reisulegt bárujárnshús á háum kjallara. Íbúðarris er með miklum kvistum og svalaverk er framandi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundarverk Guðmundar Einarssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur í hnappi bárujárnshúsa við Nönnustíg, Reykjavíkurveg og Skúlaskeið. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Upplýsingar vantar um upprunalegt útlit. Húsið er hækkað og stækkað. Kvistir og gluggar þeirra sem og svalir virka framandi. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið og er í góðu ásigkomulagi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið stendur í hnappi bárujárnshúsa við Nönnustíg, Reykjavíkurveg og Skúlaskeið. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1944** Nönnustígur 7

Fyrsti eigandi: Guðmundur Guðmundsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Alþýðuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Nönnustígur 7, raflögn, teikning 27.mars 1945.



Nönnustígur 7 - 01.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Hlaðið, holsteinn | Hlaðið, holsteinn | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Geiraris | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Reykháfur / Kjallari | | |

## Saga:

Húsið Nönnustígur 7 er byggt fyrir Guðmund Guðmundsson árið 1944 - 1945. Enga teikningu af húsinu er að finna í upplýsingaslóðinni, aðra en rafmagnsteikningu, en Enok Helgason sá um raflögnina.
Brunavirðing var gerð af húsinu árið 1945 og er húsinu lýst þannig: " Húsið er einlyft með risi 1,20m. Skipt í 3 stofur, eldhús gang og V.S. Húðað og málað. Undir 2/3 hluta hússins er 2,28m hár steinsteyptur kjallari, skipt í þvottahús, miðstöð og geymslur." Útveggir hússins hlaðnir úr holsteini. Allt virt 52.000kr.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einfalt holsteinshús í funkisstíl. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af mótaðri byggð. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Hlutföll og form hússins eru óbreytt frá fyrstu gerð. Viðgerðir hafa verið á forsendum upprunalegs útlits. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið virðist í ágætu ástandi. Hluti hússins hefur nýlega verið endurnýjaður. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af fjölbreytilegri og mótaðri byggð við Nönnustíg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

# Byggingarár: 1930 — Nönnustígur 8

Fyrsti eigandi: Ólafur Þorleifsson
Hönnuður: Guðjón Jónsson
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Nönnustígur 8 - fyrir breytingu 1942



Nönnustígur 8 - 01.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Bárujárn | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Tvílyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Svalir / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1942 | Kvisti bætt við ris. | Þorbergur B. Ólafsson, Iðskólanum í Hafnarfirði |
| 1946 | Húsið meira en tvöfaldað í stærð með viðbyggingu. | Björn Ólafsson, Smiður |
| 2008 | Inngangi bætt við að aftan. | Ásmundur Jóhannsson |

## Saga:

Nönnustígur er byggt fyrir Ólaf Þorleifsson árið 1930 eftir teikninu Guðjóns Jónssonar. Í brunavirðingu frá 1930 er húsinu lýst þannig:
"Húsið er einlyft með risi 3,20m. Því er skipt í 3 stofur eldhús. Klætt innan með timbri veggfóðrað og málað notað til íbúðar.6 gluggar á húsinu. Undir öllu húsinu er steinsteyptur kjallari með 2 gluggum, notaður til geymslu." Allt virt á 9000kr.
Raflögn í húsið teiknaði Jón Guðmundsson.

Trésmiðja Björns Ólafssonar byrjaði starfsemi sína húsinu.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er steinsteypt, 1-2 hæðir, kjallri og ris.Það er gjörbreytt frá fyrstu gerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundarverk Guðjóns Jónssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er hluti af fjölbreytilegri og mótaðri byggð við Nönnustíg |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Byggt var við húsið 1946 og jókst byggingamagn þá um rúmlega helming. Hafnfirskir kvistir. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Helstu byggingarhlutar virðast í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Gjörbreytt hús, hluti af fjölbreytilegri og mótaðri byggð við Nönnustíg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1943 Nönnustígur 10

Fyrsti eigandi: Eyjólfur Þórarinsson
Hönnuður: Sigurbjartur Vilhjálmsson, smiður
Upphaflegur byggingarstíll: Alþýðuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Nönnustígur 10 - 1942



Nönnustígur 10 - 01.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | | |
| Útveggir: | | Múrsléttað |
| Þakgerð: | | Mænisþak |
| Þakklæðning: | | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Ris / Reykháfur / Svalir / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1972 | Bílgeymslu bætt við norðvestan við húsið | |

### Saga:

Saga Nönnustígs 10 er heldur hljóð. Á 155. fundi bygginganefndar þ. 21.mars 1942 var Eyjólfi Þórarinssyni veitt leyfi fyrir íbúðarhúsi við Nönnustíg 10, " enda verði rishæð hússins a.m.k. 3 m."
Engin brunavirðing er til af húsinu. Á teikningu stendur: "íbúðarhús úr timbri við Nönnustíg 10. Eign Eyjólfs Þórarinssonar" Það og útlit hússins gæti bent til þess að það væri forskalað timburhús.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft á háum kjallara. Þak er mænisþak ekki er ljóst úr hverju burðarvirki er byggt. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundarverk Sigurbjarts Vilhjálmssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af mótaðri byggð og fellur vel að umhverfi sínu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Form og hlutföll hússins virðast óbreytt frá fyrstu gerð. Gluggum hefur verið skipt út. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið virðist vera í ágætu ásigkomulagi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af fjölbreytilegri og mótaðri byggð við Nönnustíg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði að verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1944 Nönnustígur 12

Fyrsti eigandi: Gunnar Jónsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Nönnustígur 12 - 1972



Nönnustígur 12 - 01.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1972 | Breyting á þaki, kvistir | Sigurður Ámundason |

### Saga:

Nönnustígur 12 er byggt fyrir Gunnar Jónsson árið 1944. Hvorki er getið hver hannaði húsið né hver byggingameistarinn var í byggingarsamþykkt. Elsta teikning ekki til í teikningasafni Hafnarfjarðar. Í fyrstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: " Húsið er einlyft með risi 3,85m og kvistum. Húsinu er skipt niðri í 3 stofur, eldhús, 1 anddyri, gang og V.S. Uppi: 3 herbergi, eldhús og gang. Allt múrhúðað innan og málað. Undir öllu húsinu er 2,20m hár kjallari, skipt í 2 geymslur, þvottahús og miðstöðvar klefa. Miðstöð og hreinlætistæki kr. 6000. " Allt virt á 88.000.

Ekki er ljóst hvenær bílskúr er byggður.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er steinsteypt, einlyft á háum kjallara með bárujárnsþaki og forsköluðum hafnfirskum kvistum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af mótaðri byggð og fellur vel að umhverfi sínu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hlutföll og form hússins virðast að mestu óbreytt frá fyrstu gerð. Kvistir hafa þó verið stækkaðir mikið og gluggagerð er breytt frá teikningu. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið er í sæmilegu ástandi, komið er að viðhaldi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af fjölbreyttri byggð við Nönnustíg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1944 Nönnustígur 13

Fyrsti eigandi: Guðmundur Jóhannsson
Hönnuður: Hilmar Þorbjörnsson
Upphaflegur byggingarstíll: Alþýðuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Nönnustígur 13 - teikning frá 1998 - stækkun



Nönnustígur 13 - 06.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Hlaðið, | Hlaðið, |
| Útveggir: | Múrsléttað | Bárujárn |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Timbur, asbest | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Kvistir / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari / Kjallari og loft steinsteypt, annars hlaðið úr holsteini. / | Einlyft / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1998 | Stækkun, útlitsbreyting | Samúel Örn Erlingsson, Arkitekt |

### Saga:

Feðgarnir Guðmundur Jóhannsson og Jóhann Guðmundsson sóttu um byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi við Nönnugötu samkvæmt teikningu eftir Hilmar Þorbjörnsson. Var beiðninni synjað þar sem tveggja hæða hús yrðu ekki leyfð við þessa götu. Lögðu þeir feðgar enn og aftur inn beiðni fyrir byggingarleyfi, teikningu eftir sama og áður. Fengu þeir leyfið samþykkt með skilyrði „að lofthæð á kvisti að framanverður verði lækkað í 2 metra og gluggar úr 1,10 í 1 metra, enda verði gólfhæð sú sama og á húsum hinu megin götunnar“. Byggingarmeistari var Þorbjörn Klemensson. Magnús Eyjólfsson teiknaði raflagnateikninguna. Kjallari og gólfplata fyrstu hæðar hússins eru steinsteypt annars er það hlaðið úr holsteini. Þakið úr timbri og asbesti. Í elstu brunavirðingu er Guðmundur Jóhannsson skráður eigandi og er húsinu lýst þannig: " Húsið er einlyft með vatnshallaþaki ris 0,2m. Því er skipt í 3 stofur eldhús bað, v.c og anddyri. Allt múrhúðað innan og málað. Undir öllu húsinu er kjallari sem skipt er í anddyri, stofu, eldhús, miðstöð, þvottahús og geymslu." Miðstöð, hreinlætistæki og þvottapottur. Allt virt á 78.000kr

Árið 1998 var húsið stækkað skv. teikningum Samúels Arnar Erlingssonar arkitekts. Inngangur á vesturgafli fjarlægður, hús lengt til austurs og nýr inngangur gerður. Sólstofa byggð til suðurs og stakstæður bílskúr byggður. Viðbygging var gerð úr einangrunarmótum (kubbum). Gamla húsið var einangrað utan á holsteininn og allt klætt með bárujárni. Kjallarinn var pússaður.
.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft á háum kjallara. Alþýðuhús sem hefur tekið miklum breytingum í gegnum tíðina. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundarverk Hilmars Þorbjörnssonar. Hér sleit Þórhallur Sigurðsson, Laddi, barnsskónum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Nönnustíg. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er gjörbreytt frá fyrstu gerð, stækkað, þakformi breytt og það klætt að utan. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið og virðist vera í góðu ásigkomulagi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af fjölbreyttri byggð við Nönnustíg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1942 Nönnustígur 14

Fyrsti eigandi: Guðlaugur Jónsson
Hönnuður: Davíð Kristjánsson, smiður
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Nönnustígur 14 - 1942



Nönnustígur 14 - 01.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur | Einlyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2002 | Hús klætt bárujárni og hafnfirskir kvistir gerðir. Breytt innra skipulag. | Kári Eiríksson, arkitekt |

### Saga:

Nönnustígur 14 er byggt fyrir Guðlaug Jónsson vélstjóra eftir teikninu Davíðs Kristjánssonar smiðs. Í brunavirðingu frá 1944 er húsinu lýst þannig: "a) Húsið er einlyft með risi 3,40m. Því er skipt í 3 stofur eldhús, gang, bað og v.s. Innan á útveggjum eru asbest plötur. Undir öllu húsinu er 2m hár kjallari skipt í miðstöð, þvottahús og geymslu." Allt virt á 45.000kr.

Árið 2002 var húsið einangrað að utan og klætt bárujárni skv. teikningum Kára Eiríkssonar arkitekts. Hafnfirskir kvistir voru settir beggja vegna á þak og innra skipulagi var breytt.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft steinsteypuhús á háum kjallara. Útliti hússins svipar nú frekar til bárujárnshúss. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundarverk Davíðs Kristjánssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri byggð og stendur í hnappi bárujárnshúsa við Nönnustíg og Norðurbraut. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Hlutföll og form virðast að mestu hafa haldist óbreytt en húsið var fært í bárujárnsbúning og hafnfirskum kvistum bætt á þak. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu virðist vel við haldið þó efnisval sé ekki á forsendum upprunalegs byggingarstíls. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Nönnustíg og Norðurbraut. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1926 Hraunkambur 1

Fyrsti eigandi: Sveinn Jónsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Teikning 1954.



Hraunkambur 1 - 06.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1954 | Breyting - kvistar og viðbygging. | Sig. F. Ólafsson |
| 1979 | Bifreiðageymsla. | Óli Þórðarson, Arkitekt |
| 2003 | Útitröppum snúið, skorsteinn fjarlægður | Reynir Sæmundsson, Arkitekt |

### Saga:

Á 71. Fundi byggingarnefndar Hafnarfjarðar þ. 1. mars 1926 er Sveini Jónssyni frá Holti, veitt leyfi til íveruhúsbyggingar við Reykjavíkurveg 25b. Hvorki er minnst á teikningu, né er yfirsmiður nefndur. Númerabreytingar voru á þessu svæði, nr. 25b verður 27b. Í elstu brunavirðingu af húsinu er Sveinn Jónsson eigandi og húsinu er því lýst þannig: "a) Húsið er einlyft með risi 3,3m. Því er skipt í 3 stofur og eldhús, allt klætt innan með panel og fóðrað. Allt málað og raflýst, notað til íbúðar. 7 gluggar á húsinu, 2 eldavélar í húsinu. Undir öllu húsinu er 2,2m. hár steinsteyptur kjallari með 5 gluggum, skipt í þvottahús og geymslu. b) Við norðausturgafl hússins er skúr með vatnshalla þaki, klæddur innan með panel, notaður til inngöngu í húsið. Stærð: L. 1,6m. B. 3m. H. 2,7m. Undir skúrnum er 2,2m hár steinsteyptur kjallari með 1 glugga, notaður til inngöngu í hann.“ Allt virt á 8250kr.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Reisulegt bárujárnsklætt timburhús. Kjallari hæð og ris með hafnfirskum kvistum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Stendur í hnappi bárujárnshúsa við Reykjavíkurveg og Nönnustíg. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið sjálft er lítið breytt. Útitröppur og svalir úr timbri eru síðari tíma breyting. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. Huga mætti að hefðbundnara litavali næst þegar kemur að málun. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Reisulegt bárujárnshús sem er hluti af heild bárujárnshúsa við Reykjavíkurveg og Nönnustíg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1983** Hraunkambur 2

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Gunnar Ól., bæjarverkfræðingur
Upphaflegur byggingarstíll: / Timburskúr

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: / Bílskúr



Hraunkambur 2, teikning 1982


Hraunkambur 2 - 06.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | | |
| Útveggir: | | Timbur | | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) | | |
| Þakklæðning: | | | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft | | |

## Saga:

Bílskúr úr timbri með einhalla þaki, hannaður af Gunnari Ól. Árið 1982

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Lágt | Einföld skúrbygging úr timbri frá 1982. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Bílskúr. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Einföld skúrbyggingin sem hefur lítið gildi fyrir umhverfið. Stendur á vernduðu hraunasvæði. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Byggingin er að mestu leyti óbreytt frá fyrstu gerð en hefur ekki verið haldið við. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Ytra byrði er í slæmu ástandi, útlit bágborið. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Niðurnídd skúrbygging sem ber að fjarlægja. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1954 Hraunkambur 3

Fyrsti eigandi: Sigmar Guðmundsson
Hönnuður: Sigmar Guðmundsson, húsasmiður
Upphaflegur byggingarstíll: Módernismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hraunkambur 3, teikning 1954



Hraunkambur 3 - 06.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Óhefðbundið | Óhefðbundið |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Útskot (karnap) / Kjallari | Einlyft / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2010 | Sólpallur/samþykki og teikningu vantar. | |

### Saga:

Hraunkambur er byggt fyrir Sigmar Guðmundsson húsasmið og teiknað af honum sjálfum. Meistarar voru Guðmundur Gíslason og Sigmar Guðmundsson. Jón Guðmundsson teiknaði raflögn. Húsið er úr jarnbentri steinsteypu með vatnshalla og valmaþaki.
Engar breytingar skráðar í upplýsingaslóðinni, en umfangsmikið timburvirki framan við húsið er nýlegt.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið hefur módernísk stíleinkenni með svipmiklum þakformum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundaverk Sigmars Guðmundssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hraunkamb. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið virðist að mestu óbreytt frá fyrstu gerð. Stór timburpallur með girðingu framan við húsið hæfir illa. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í góðu ásigkomulagi og hefur verið vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hraunkamb. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

# Byggingarár: 1953 Hraunkambur 4

Fyrsti eigandi: Úlfar Haraldsson
Hönnuður: Friðþjófur Sigurðsson, byggingatæknifræðingur
Upphaflegur byggingarstíll: Síðfúnkís

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Hraunkambur 4, teikning 1947



Hraunkambur 4 - 06.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Valmaþak | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Tvílyft / Kvistir / Ris / Kjallari | Einlyft / Tvílyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1971 | Breyting á risi, tröppum og gluggapóstum | Sveinbjörn Sigurðsson, Tæknifræðingur |
| 1974 | Bílgeymsla | Sveinbjörn Sigurðsson, Tæknifræðingur |

## Saga:

Á 211. fundi byggingarnefndar Hafnarfjarðar þ. 26. júlí 1947, var Úlfari Haraldssyni „heimilað að byggja íbúðarhús við ónefnda götu svo sem teikning gerði ráð fyrir enda verði gólf í kjallara jafnhátt götu". Byggingarmeistarar ónefndir. Húsið hannaði Friðþjófur Sigurðsson byggingafulltrúi og bæjarverkfræðingur.
1971 er risi breytt, tröppum og gluggapóstum. Árið 1974 er bílgeymsla byggð eftir teikningu Sveinbjörns Sigurðssonar tæknifræðings.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er steinsteypt og var upprunalega tvílyft með funkiseinkennum. Síðari tíma breytingar hafa rýrt gildi þess. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundarverk Friðþjófs Sigurðssonar byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið stendur í röð einsleitra húsa sem flest eru tvílyft og er hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hraunkamb. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Form hússins er afbakað með þakbreytingu. Gluggagerð hefur verið breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í ágætu ásigkomulagi, þó síðari tíma breytingar séu ekki í samræmi við upprunalega gerð. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hraunkamb. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1930 | Hraunkambur 5

Fyrsti eigandi: Ingveldur Einarsdóttir
Hönnuður: Árni Sigurjónsson, trésmiður

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús / fúnkís



Hraunkambur 5, teikning 1929.



Hraunkambur 5, september 2017.

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárnsklæddir og |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak á timburhúsi. |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari | Einlyft / Tvílyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1948 | Viðbygging úr steinsteypu kjallari hæð og ris. Nönnustígur 8b. | Vigfús Sigurðsson, Húsasmíðameistari |
| 1954 | Kvistur | Vigfús Sigurðsson, Húsasmíðameistari |
| 1962 | Breyting á inngönguskýli, Hraunkambi 5. | Vigfús Sgiurðsson, Byggingameistari |

### Saga:

Ingveldur Einarsdóttir sótti um að byggja „íbúðarhús úr timbri á lóð sinni bak við Ólaf Þorleifsson, Nönnustíg 8, við væntanlegan veg af Reykjavíkurvegi. Teikning var eftir Árna Sigurjónsson. Á fundi byggingarnefndar þ. 20.10.1929 var samþykkt tillaga, með því skilyrði að byggður yrði „kjallari undir húsið“. Húsið var fokhelt þ. 17. mars 1930. Í fyrstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: " Húsið er einlyft með risi 3 metrar. Því er skipt í 3 stofur og eldhús, allt klætt innan með timbri, veggfóðrað málað og raflýst. 6 gluggar á húsinu, 1 eldavél í húsinu. Undir öllu húsinu er 2,30m hár steinsteyptur kjallari notaður til geymslu. Húsið notað til íbúðar. Við norðurgafl hússins er viðbygging með risi 1m., klætt innan með timbri, veggfóðrað og málað. Notað til inngöngu í húsið. Stærð L. 3,2m. B. 1,6m. H. 2,4m. Allt virt á 8.700kr.

Árið 1948 er viðbygging úr steinsteypu reist, framkvæmt af Byggingafélaginu Þór. Er þá Vigfús Sigurðsson eigandi hússins. Kvistur er settur í þak eldra hússins árið 1954 og inngönguskúr breytt 1962 en Vigfús Sigurðsson teiknaði sjálfur breytinguna.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Húsið er samsteypa tveggja ólíkra byggingarstíla. Hið upprunalega hús er einlyft timburhús á háum kjallara. Viðbyggingin er steypt og steinuð árið 1948 og er tvílyft með funkiseinkennum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundaverk Árna Sigurjónssonar og Byggingafélagsins Þórs. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið situr hátt og fallega á lóð. Það er afar óvenjulegt og báðir húshlutar fallegir. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hlutföll timburhússins gjörbreyttust með viðbyggingunni. Báðir húshlutar virðast nær óbreyttir frá fyrstu gerð. Hafnfirskur kvistur með óhefðbundinni gluggasetningu er á timburhlutanum. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að viðhaldi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er samsteypa tveggja ólíkra byggingarhluta. Úr verður afar óvenjulegt hús sem ber að vernda. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1947** Hraunkambur 6

Fyrsti eigandi: Lárus Sigurðsson
Hönnuður: Sigurður Guðmundsson
Upphaflegur byggingarstíll: Síðfúnkís

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð


Hraunkambur 6 teikning, 1947


Hraunkambur 6 - 06.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Kjallari | Tvílyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1961 | Bílskúr | Sigmar Guðmundsson, Húsasmíðameistari |
| 1963 | Þakbreyting á bílskúr | Sigmar Guðmundsson, Húsasmíðameistari |
| 1973 | Raflögn | Árni R. |
| 2005 | Reyndarteikning | Erlendur Hjálmars., Hjálmar Guðmars., |

## Saga:

Á 212." fundi byggingarnefndar Hafnarfjarðar þ. 9. september 1947 er Lárusi Sigurðssyni heimilað að byggja íbúðarhús við ónefndan veg, milli Nönnug. og Hraunhvamms." Teikning eftir Sigurð Guðmundsson. Byggingameistari var Árni Sigurjónsson. Raflögn teiknaði Einar J. Bachmann. Árið 1961 er byggður bílskúr með vatnshallaþaki eftir teikningu Sigmars Guðmundssonar. Þakbreyting á bílskúr eftir teikningu Sigmars gerð árið 1963. Árið 2005 eru gerðar reyndarteikningar af húsinu.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er tvílyft steinsteypuhús með funkiseinkennum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið stendur í röð einsleitra húsa sem flest eru tvílyft. Hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hraunkamb. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er lítið breytt frá upprunalegri gerð. Gluggum hefur verið skipt út á hluta hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hraunkamb. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1932 Hraunkambur 7

Fyrsti eigandi: Sigríður Arnþórsdóttir
Hönnuður: Ásgeir G. Stefánsson, trésmiður
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hraunkambur 7 teikning 1932



Hraunkambur 7 - 06.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1963 | Viðbyging: útitröppur, snyrting og gluggi í forstofu. | Sigurður Jónsson |
| 1980 | Viðbyggingu breytt. Kvistir. Svalir. Gluggum breytt í eldra horf. | Einar Þorsteinsson, Byggingatæknifræðingur |

### Saga:

Í dagbók byggingastjóra Hafnarfjarðar kemur fram að Sigríður Arnþórsdóttir sótti um leyfi til að byggja íbúðarhús á lóð sinni Nönnugötu 10b, samkvæmt teikningu eftir Ásgeir G. Stefánsson. Var húsið sett niður og greftri að mestu lokið þ. 18.07.1932. Yfirsmiður var Ásgeir Stefánsson, húsasmíðameistari. Í brunavirðingu af húsinu sem gerð var 1932 er því lýst þannig: a) Húsið er einlyft með risi 3,30m. Skipt í 3 stofur eldhús, þiljað fóðrað málað. Stærð: ekki skráð. Undir öllu húsinu er 2,20m hár kjallari, þvottahús og geymslur. b) Inngönguskúr með kjallara, þiljað fóðrað, málað.
1963 eru útitröppur settar á austurhlið og snyrting á norðvestur horni. Gluggi í forstofu.
1980 er gerð breyting á viðbyggingu, kvistir á suðausturhlið. Baðherbergi í kjallara, svalir yfir útbyggingu, gluggum breytt og hurð sett í vegg. Gluggi settur á n-austurhlið útbyggingar. Gluggum breytt í eldra horf. Hurð á kjallara færð. Op sett í vegg á kjallara.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Húsið er einlyft timburhús á kjallara. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundaverk Ásgeirs Stefánssonar trésmiðs. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hraunkamb. Sómir sér vel í samhengi nærliggjandi húsa og situr fallega á lóð. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Hlutföll og form hússins eru að mestu óbreytt. Bætt hefur verið við kvistum og viðbyggingu á norðvestur hlið. Endurbætur og viðgerðir eru á forsendum upprunalegs byggingarstíls. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu virðist vel við haldið og er í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hraunkamb og lítið breytt frá fyrstu gerð. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Sigurður Sigurðsson
Hönnuður: Sigurður Guðmundsson
Upphaflegur byggingarstíll: Síðfúnkís

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Hraunkambur 8 um 1980. Ljósm. óþekktur.



Hraunkambur 8 - 11.06.2018

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Steining, skeljasandur |
| Þakgerð: | | Valmaþak |
| Þakklæðning: | | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Reykháfur / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2009 | Viðbygging norðan húss. | Hildigunnur Haraldsd., Sverrir Ásgeirss., arkitekt / |

## Saga:

Sigurði Sigurðssyni var heimilað að byggja hús við Hraunkamb á 216. fundi byggingarnefndar Hafnarfjarðar þ. 3. apríl 1948. Ekki er minnst á nafn hönnuðar en byggingameistarar voru, Bjarni Sveinsson og Einar Sigurðsson. Húsið reisti Byggingarféagið Þór.
Elsta teikning sem finna má í upplýsingaslóðinni er raflagnateikning dagsett í ágúst 1949 eftir Jón Guðmundsson. Byggingafélagið Þór byggði Hraunkamb 8 fyrir Sigurð 1948-1949. Engin brunavirðing er til af Hraunkambi 8.
Árið 2008 er sótt um að reisa viðbyggingu úr steinsteypu, norðan húss og framkvæmt ári síðar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er tvílyft (einlyft með háum kjallara). Húsið er steinsteypt með valmaþaki. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundarverk Sigurðar Guðmundssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið stendur í röð einsleitra húsa sem flest eru tvílyft. Hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hraunkamb. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið hefur lítið breyst frá upprunalegu horfi, skipt hefur verið um glugga og byggt við á bakhlið. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið virðist vera í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hraunkamb. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

# Byggingarár: 1948 Hraunkambur 9

Fyrsti eigandi: Bjarni Sveinsson
Hönnuður: Sigmar Guðmundsson, húsasmíðameistari
Upphaflegur byggingarstíll: Síðfúnkís

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hraunkambur 9, teikning 1947



Hraunkambur 9 - 06.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steypa / holsteinn | Steypa / holsteinn |
| Útveggir: | | Skeljasandur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Kjallari |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1976 | Íbúð í kjallara | Magni Baldursson, Arkitekt |
| 1982 | Kvistir, stigi færður í rishæð. | Magni Baldursson, Arkitekt |
| 2011 | Kvistur stækkaður | Árni Jón Sigfússon, Arkitekt |

## Saga:

Hraunkambur 9 er byggt 1947 – 1948 fyrir Bjarna Sveinsson múrarameistara eftir teikningu Sigmars Guðmundssonar húsasmíðameistara. Eru byggingarefni hússins þrískipt, kjallarinn er úr steinsteypu, húsið hlaðið holsteini og steinað. Þak úr timbri járnvarið.

1976, íbúð í kjallara.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er tvílyft steinsteypuhús með funkiseinkennum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundarverk Sigmars Guðmundssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hraunkamb. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Hlutföll og form hússins eru að mestu óbreytt frá fyrstu gerð. Bætt hefur verið við kvistum og þeir stækkaðir. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu hefur verið vel við haldið og er í góðu ásigkomulagi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hraunkamb. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Jón V. Jónsson
Hönnuður: Sigurður J. Ólafsson, verkfræðingur
Upphaflegur byggingarstíll: Síðfúnkís

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hraunkambur 10, teikning 1952


Hraunkambur 10 - 06.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft; Kvistir; Ris; Reykháfur; Útitröppur | Tvílyft; Ris |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1987 | Mælt upp og teiknað vegna breytinga innandyra | Friðþjófur Sigurðsson |

## Saga:

Hraunkambur 10, hús Jóns V. Jónssonar er byggt 1952 eftir teikningu Sigurðar J. Ólafssonar bæjarverkfræðings. Jón Guðmundsson sá um raflögn en múrarameistari var Bjarni Sveinsson. Byggingameistari var Einar Magnússon.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er steinsteypuhús með funkiseinkennum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundarverk Sigurðar J. Ólafssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið stendur í röð einsleitra húsa sem flest eru tvílyft. Hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hraunkamb. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Form og hlutföll hússins eru óbreytt frá fyrstu gerð. Bætt hefur verið við kvistum og gluggum hefur verið skipt út. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið virðist vera í ágætu ásigkomulagi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri og fjölbreytilegri byggð við Hraunkamb. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1948 Hraunhvammur 1

Fyrsti eigandi: Kristinn Hákonarson
Hönnuður: Sig. Guðmundsson
Upphaflegur byggingarstíll: Síðfúnkís

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hraunhvammur, teikning 1948



Hraunhvammur 1 - 09.07.19

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt / timbur | Steinsteypt / timbur |
| Útveggir: | Múrsléttað | Trapisuklæðning |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft; Reykháfur; Útitröppur; Kjallari | Tvílyft / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|
| Bætt við gluggum á suðurhlið jarðhæðar | Einar Ingimarsson, Arkitekt |
| Húsið heilklætt að utan með trapisujárni. | Helga Benediktsdóttir, Arkitekt |

### Saga:

Á fundi byggingarnefndar Hafnarfjarðar þ. 3. apríl 1948 var Kristni Hákonarsyni, lögregluþjóni, heimilað að "byggja íbúðarhús við Hraunhvamm og Reykjavíkurveg, svo sem teikning sýndi, er fyrir nefndinni lá, eftir Sig. Guðm.".
Engin brunavirðing er til að Hraumhvammi 1.

Ekki er alveg ljóst hvernig húsið er byggt, en líklega er neðri hæð og kjallari steypt og efri hæð og þak úr timbri. Húsið hefur lílega verið forskalað til að byrja með en árið 1992 er það klætt að utan með trapisuklæðningu.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er margbreytt alþýðuhús. Það er tvílyft með valmaþaki. Kjallari undir hluta. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið stendur í hnappi einsleitra húsa við Hraunhvamm sem flest eru tvílyft. Frá Reykjavíkurvegi stendur húsið lágt í landi og er mjög þétt við götu. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Hlutföll og form hússins eru óbreytt. Gluggabreyting, utanhússklæðning og svalir rýra gildi þess og skrautrönd við glugga er horfin. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið þó efnisval taki ekki mið af upprunalegum byggingarstíl. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Hluti af mótaðri byggð við Hraunkamb og Reykjavíkurveg. Húsið er mjög aðþrengt frá Reykjavíkurvegi. |

Verndarflokkar:

## Byggingarár: 1946 Hraunhvammur 2

Fyrsti eigandi: Jóhannes G. Einarsson
Hönnuður: Sig. Guðmundsson
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hraunhvammur 2, teikning 1946



Hraunhvammur 2 - 06.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Steniklæðning |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft; Útitröppur; Kjallari | Tvílyft / Útitröppur / Kjallari |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1953 | Geymsla, eig: Jóhannes Einarsson og Jón Jóhannesson. | Friðþjófur Sigurðsson, Byggingatæknifræðingur |
| 1986 | Glugga og þakbreyting | Friðþjófur Sigurðsson, Byggingatæknifræðingur |
| 2001 | Innri breytingar í kjallara | Jóhannes Pétursson |

### Saga:

Hús Jóhanns G. Einarssonar við ónefnda götu í Hafnarfirði. Teikningin er dagssett í júní 1946, Kristján G. Jónasson, setur undirskrift sína á teikninguna, ekki er vitað hvernig hann tengist byggingunni.
Upphaflega hannað af Sigurði Guðmundssyni í júlí 1946.
Raflögn í hús Jóhannesar Einarssonar, samþykkt 8.2.1947, teiknað af Magnúsi Eyjólfssyni.
Árið 1956 er byggður vinnuskúr, engin teikning en Jón Elíasson sá um raflögnina.
Breyting á skipulagi í kjallara 30. maí 2001. Teikning eftir Jóhannes Pétursson tæknifræðing.
Engin brunavirðing er til af Hraunhvammi 2.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er tvílyft steinsteypuhús með funkiseinkennum. Það er með valmaþaki og steniklætt. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundarverk Sigur. Ólafssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið stendur í röð einsleitra húsa við Hraunhvamm sem flest eru tvílyft. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Form og hlutföll hússins eru óbreytt frá fyrstu gerð. Skipt hefur verið út gluggum og húsið klætt steniklæðningu sem breytir yfirbragði hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Hraunhvamm. |

Verndarflokkar:

## Byggingarár: 1928 Hraunhvammur 3

Fyrsti eigandi: Guðmundur Björnsson
Hönnuður: Emil Jónsson, verkfræðingur
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Hraunhvammur 3, teikning 1928



Hraunhvammur 3 - 06.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft; Ris; Reykháfur; Útitröppur; Kjallari | | |

### Saga:

Hraunhvammur 3 var áður Reykjavíkurvegur 35b, ekki er ljóst hvenær götu og númera breytingin er gerð. Húsið átti Guðmundur Björnsson. Teikninguna gerði Emil Jónsson, 17.09. 1928. Bjarni Erlendsson ætlaði að sjá um verkið en var ekki tekinn sem löggildur yfirsmiður. Yfirsmiður að húsinu var því Guðjón og yfirsmiður við innréttingar og smíði var Guðmundur Þ. Eyjólfsson og Haukur Jónsson. Mjög nákvæma lýsingu á byggingarferlinu ritaði byggingarstjóri Hafnarfjarðar í dagbók sína. Húsið virðist engum breytingum hafa tekið frá því það var byggt. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig: a) Húsið er einlyft með risi 2,40m. Því er skipt í 3 stofur, eldhús og anddyri. Allt klætt innan með panel og veggfóðrað. Uppi 2 herbergi og geymsla, herbergin klædd innan með panel undir öllu húsinu er 2,50m hár steinsteyptur kjallari, honum er skipt í þvottahús, miðstöðvarklefa og geymslu. 5 gluggar á kjallara. Húsið allt raflýst og málað, notað til íbúðar.

Árið 2019 eru teikningar af viðbyggingu við húsið samþykktar og heimilað að byggja vinnustofu á lóð skv. teikningu Batterísins arkitekta. Hvort tveggja er óframkvæmt þegar þetta er ritað.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Hátt | Húsið er óbreytt bárujárnsklætt timburhús á reistum kjallara. Ris er kvistalaust. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundarverk Emils Jónssonar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er elsta húsið við Hraunhvamm og eina upprunalega bárujárnshúsið. Það stendur á stórri lóð umkringdri hraunsvæði. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið virðist í upprunalegu horfi. Form og hlutföll eru óbreytt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið er í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er óbreytt frá fyrstu gerð og er hluti af mótaðri byggð við Hraunhvamm. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1953 Hraunhvammur 4

Fyrsti eigandi: Bára Björnsdóttir
Hönnuður: Guðmundur Einarsson, húsasmíðameistari
Upphaflegur byggingarstíll: Síðfúnkís

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð


Hraunhvammur 4, teikning 1953


Hraunhvammur 4 - 06.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Svalir / Útitröppur / Útskot (karnap) / Kjallari | Einlyft / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1976 | Gluggabreyting | Friðþjófur Sigurðsson, Byggingatæknifræðingur |
| 1981 | Viðbygging, blómaskáli | Óli Þórðarson<br>Lovísa Christianssen |

### Saga:

Hraunhvammur 4 er byggt fyrir Birnu Björnsdóttur árið 1953-4. Höfundarverk Guðmundur Einarsson. Byggingameistarar voru Einar Magnússon og Sigurjón Jónsson. Á raflagnateikningu, samþykktri 20.10. 1953 er húsið sagt vera eign Magnúsar Þórðarsonar. Teikninguna að raflögn sá Arnbjörg Guðjónsson um. Árið 1976 er gerð gluggabreyting eftir teikningu Friðþjófs Sigurðssonar, annars er húsið nánast óbreytt frá upphafi fyrir utan blómaskálabyggingu á lóðinni með vatnshallaþaki sem reistur var árið 1981 eftir teikningu Óla Þórðarsonar arkitekt.
Engin brunavirðing er til að Hraunhvammi 4.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er steinsteypuhús með funkiseinkennum. Það er einlyft með lítið niðurgröfnum kjallara og valmaþaki. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Höfundarverk Guðmundar Einarssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið stendur í röð einsleitra húsa við Hraunhvamm sem flest eru tvílyft. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið virðist að mestu óbreytt frá fyrstu gerð. Gluggum hefur verið skipt út. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið og er í góðu ásigkomulagi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Hraunhvamm. |

Verndarflokkar:

## Byggingarár: 1946 Hraunhvammur 6

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Síðfúnkís

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð


Hraunhvammur 6, teikning 2003


Hraunhvammur 6 - 14.11.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Hraunað |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2003 | Bílskúrsgeymsla, endurumsókn 2007 | Davíð Pitt, Kristján Garðarson, Arkitekt |
| 2008 | Nýr bilskúr | Verkfræðistofa Erlends Birgissonar |
| 2009 | Stækkun og endurbætur | Hallgrímur Axelss., Helgi Hallgr., verkfræðingur / |

### Saga:

Elsta teikning af Hraunhvammi 6 er frá 2003 með fyrirhuguðum bílskúr vestan megin við húsið. Er því byggingasaga hússins því heldur fátækleg.
Nýr bílskúr er samþykktur árið 2008 eftir teikningu Verkfræðistofu Erlends Birgissonar. Árið 2009 eru samþykktar endurbætur á húsinu og stækkun skv. aðaluppdrætti Hallgríms Axelssonar verkfræðings.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er margbreytt, tvílyft steinsteypuhús. Upprunaleg einkenni hafa dofnað með þakkanti og timburgirðingu. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið stendur í röð einsleitra húsa við Hraunhvamm sem flest eru tvílyft. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Síðari tíma breytingar hafa breytt ásýnd og hlutföllum hússins. Há timburgirðing á lóðarmörkum rýrir útlit hússins og umhverfisleg gæði. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er við haldið og er í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Hraunhvamm. |

Verndarflokkar:

## Byggingarár: 1948 Hraunhvammur 8

Fyrsti eigandi: Pétur Auðunsson
Hönnuður: Sigmar Guðmundsson, húsasmiður
Upphaflegur byggingarstíll: Síðfúnkís

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hraunhvammur 8, teikning 1949



Hraunhvammur 8 - 06.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Hraunað |
| Þakgerð: | Geiraris | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Svalir / Útitröppur / Kjallari | Tvílyft / Ris / Svalir / Útitröppur |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1949 | Raflögn | Jakob Ágússon |

### Saga:

Hraunhvammur 8.
Á fundi byggingarnefndar Hafnarfjarðar þ. 16. September 1949 er samþykkt að heimila Pétri Auðunssyni húsbyggingu á lóð hans við Hraunbrún. Teikningu gerði Sigmar Guðmundsson. Húsið er tvílyft steinsteypuhús með geirsneyddu þaki. Byggingameistarar voru Steingrímur Bjarnason og Einar Sigurðsson. Raflögn teiknaði Jakob Ágústsson.
Ekki ljóst hvenær gluggabreyting var gerð.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er steinsteypt, tvær hæðir og íbúðarris með kvistum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundarverk Sigmars Guðmundssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið stendur í röð einsleitra húsa við Hraunhvamm sem flest eru tvílyft. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hlutföll hússins virðast óbreytt frá fyrstu gerð, en húsið er augnstungið sem rýrir gildi þess. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að viðhaldi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Hraunhvamm. |

Verndarflokkar:

## Byggingarár: 1947 Tunguvegur 1

Fyrsti eigandi: Elentínus Jónsson
Hönnuður: Sigurður Guðmundsson
Upphaflegur byggingarstíll: Alþýðuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Tunguvegur 1, teikning 1947



Tunguvegur 1 - 06.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Plast |
| Þakgerð: | Geiraris | Geiraris |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Reykháfur / Viðbygging / Kjallari | Einlyft / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1994 | Ekki ljóst hverju var breytt. | Sigurður- Tækniþjónustan SF |

### Saga:

Á 210. fundi byggingarnefndar 2. Júlí 1947, er Elentínusi Jónssyni heimilað að byggja hús við Tunguveg svo sem teikning sýndi. Engin brunavirðing er til af húsinu.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einfalt alþýðuhús. Kjallari og hæð með geirarisþaki með geymslurisi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundarverk Sigurðar Guðmundssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið stendur í röð áþekkra húsa við Tunguveg sem öll eru einlyft á háum kjallara og með sama þakforminu. Frá Reykjavíkurvegi er húsið hulið trjágróðri og hljóðveggjum úr timbri. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hlutföll hússins virðast óbreytt frá fyrstu gerð. Upprunaleg stíleinkenni hafa dofnað með tilkomu klæðningar og glugga. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið er í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Tunguveg. |

Verndarflokkar:

**Byggingarár: 1944** Tunguvegur 2

Fyrsti eigandi: Bjarni Sveinsson
Hönnuður: A. Steingrímsson
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Tunguvegur 2, teikning 1942



Tunguvegur 2 - 06.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Hlaðið, holsteinn | Hlaðið, holsteinn |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Reykháfur / Útitröppur / Útskot (karnap) | Einlyft / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1955 | Geymsla | Friðþjófur Sigurðsson, Byggingatæknifræðingur |
| 1990 | Geymslu breytt í bílskúr aðgengi frá bílstæði við Reykjavíkurveg. | Erlendur Hjálmarsson, Byggingatæknifræðingur |

## Saga:

Á fundi byggingarnefndar Hafnarfjarðar 1942 var Bjarna Sveinssyni heimilað að reisa hús við fyrirhugaða götu, þverveg milli Norðurbrautar og Reykjavíkurvegar. Í brunavirðingu frá 1944 er húsinu lýst þannig: Húsið er einlyft með risi því er skipt í 3 stofur eldhús, anddyri, gang, v.s. bað. Miðstöð, þvottahús og geymslu. Húsið er hlaðið úr holsteini, múrhúðað utan og innan, allt málað að innan.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einfalt alþýðuhús.  Það hlaðið úr holsteini, einlyft með valmaþaki. Geymsluris. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundarverk A. Steingrímssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið  er að mestu hulið trjágróðri og við Reykjavíkurveg hafa verið reistir hljóðveggir úr timbri. Bílskúr er aðgengilegur frá bílastæði frá Reykjavíkurvegi. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið virðist lítið breytt frá upprunalegu horfi. Gluggum hefur verið skipt út. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að viðhaldi byggingarhluta. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Tunguveg. |

Verndarflokkar:

**Byggingarár: 1946** Tunguvegur 3

Fyrsti eigandi: Haukur Magnússon
Hönnuður: Gísli Þórðarson
Upphaflegur byggingarstíll: Alþýðuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Tunguvegur 3, teikning 1944



Tunguvegur 3 - 11.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Trapisuklæðning |
| Þakgerð: | Geiraris | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Útitröppur / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1954 | Geymsla | Sigurður J. Ólafsson |
| 1967 | Viðbygging | Friðþjófur Sigurðsson, Byggingatæknifræðingur |
| 1977 | Gluggabreyting | Friðþjófur Sigurðsson, Byggingatæknifræðingur |

## Saga:

Á 181. fundi byggingarnefndar þ. 4 október 1944 var samþykkt að heimila Hauki Magnússyni byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi við Tunguveg nr. 3. Byggingameistari var Gísli Þórðarson. Í brunavirðingu frá 1946 er húsinu lýst þannig: "Húsið er einlyft með risi 1,50m. Því er skipt í anddyri, gang 3 stofur, eldhús, v.s. og bað. Klætt innan með trétexi og málað. Undir öllu húsinu er 2.20m hár kjallari. Honum er skipt í gang, 1 stofa, þvottahús miðstöð og 2 geymslur". Árið 1963 er byggð geymsla með vatnshallaþaki á lóðinni eftir teikningu Sigurðar J. Ólafssonar. Byggt er svo við húsið árið 1969 eftir teikningu Friðþjófs Sigurðssonar.
Haukur Magnússon rak trésmíðaverkstæðið "Trésmiðjan" á Tunguvegi 3. Sá hann um ýmsar smíðar varðandi húsagerð.
Árið 1957 kom upp eldur í trésmíðaverkstæðinu, urðu nokkrar skemmdir á verkstæðinu en húsið slapp.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einfalt alþýðuhús. Kjallari og hæð með geirarisþaki. Geymsluris. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Trésmíðaverkstæði. Höfundarverk Gísla Þórðarsonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið stendur í röð áþekkra húsa við Tunguveg sem öll eru einlyft á háum kjallara og með sama þakforminu. Miklar bakbyggingar eru á lóð sem nú eru nýttar til íbúðar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Upprunaleg hlutföll hússins breyttust með stækkun til norðurs. Gluggum hefur verið skipt út og húsið klætt trapisuklæðningu sem breytir yfirbragði þess. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið virðist vera í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Tunguveg. |

Verndarflokkar:

# Byggingarár: 1949 Tunguvegur 4

Fyrsti eigandi: Alexander Guðjónsson
Hönnuður: Ágúst Steingrímsson, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Síðfúnkís

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Tunguvegur 4, teikning 1947



Tunguvegur 4 - 06.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft / Reykháfur / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari | Einlyft / Útitröppur / Kjallari | | |

## Saga:

Tunguvegur 4 er byggt fyrir Alexander Guðjónsson við ónefnda götu í Hafnarfirði árið 1945. Trésmiður, Þorbjörn Björn Ólafsson og um múrverkið sá Bjarni Sveinsson. Teikning í ágúst 1947 eftir Ágúst Steingrímsson.
Eitthvað ósamræmi er í eigendasögunni, á rafmagnsteikningu eftir Jón Guðmundsson, sem dagsett er í júlí 1948 er Sigurður Jónsson eigandi hússins Tunguvegi 4. Byggingameistari var Albert Kristinsson.
Engin brunavirðing er til af Tunguvegi 4.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft steinsteypuhús með funkiseinkennum. Það stendur á háum kjallara og er með valmaþaki og geymslurisi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundarverk Ágústs Steingrímssonar arkitekts. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Tunguveg. Fellur vel að umhverfinu og landhalli nýttur vel til mótunar húss. Mikill trjágróður er á lóð. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið virðist að mestu óbreytt frá fyrstu gerð. Gluggum hefur verið skipt út. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið virðist vera í góðu ástandi og vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Látlaust en fallegt hús sem er hluti af mótaðri byggð við Tunguveg. |

Verndarflokkar:

## Byggingarár: 1945 Tunguvegur 5

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Alþýðuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Tunguvegur 5, raflagnateikning 1944


Tunguvegur 5 - 06.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Geiraris | Geiraris | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | | |

### Saga:

Engin teikning af Tunguvegi 5 er í upplýsingaslóðinni önnur en rafmangsteikning eftir Jón Guðmundsson Iðnskóla Hafnarfjarðar, dagsett 13.12.1944.
Engin brunavirðing er til af Tunguvegi 5.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einfalt alþýðuhús. Húsið er einlyft á háum sökkli og er með geirarisþaki með geymslurisi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið stendur í röð áþekkra húsa við Tunguveg sem öll eru einlyft á háum kjallara / sökkli og með sama þakforminu. Þetta er minnsta húsið í röðinni og það er byggt inn í hraunbakka. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið virðist að mestu óbreytt frá fyrstu gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið er að viðhaldi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Tunguveg. |

Verndarflokkar:

## Byggingarár: 1946 Tunguvegur 6

Fyrsti eigandi: Þorsteinn Auðunsson
Hönnuður: Sig. Guðmundsson., verkfræðingur
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Tunguvegur 6, raflagnateikning 1946



Tunguvegur 6 - 06.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft / Reykháfur | Tvílyft / Reykháfur | | |

### Saga:

Þorsteini Auðunssyni var heimilt að byggja hús við Tunguveg eftir teikningu Sig. Guðm. Byggingastjóri var Gestur Gamalíelsson.
Engin teikning, önnur en rafmagnsteikning er að finna í upplýsingaslóðinni, teikningin er dagsett 10. júní 1946.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er steinsteypuhús með funkiseinkennum. Það er tvílyft (einlyft með háum kjallara) og með valmaþaki. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundarverk Sig. Guðmundssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Tunguveg og fellur vel að umhverfi sínu. Það er áberandi hornhús við Norðurbraut. Steyptur garðvegggur setur svip á lóðina. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið virðist óbreytt frá fyrstu gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu virðist vel við haldið og í góðu ásigkomulagi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Tunguveg og fellur vel að umhverfi sínu. |

Verndarflokkar:

## Byggingarár: 1946 Tunguvegur 7

Fyrsti eigandi: Stefán Jónsson
Hönnuður: Arnbjörn Þorkelsson, trésmíðameistari
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Tunguvegur 7, teikning 1944



Tunguvegur 7 - 06.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | | Steining, skeljasandur | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Stallað ál | | |
| Undirstaða: | | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | | |

### Saga:

1944 þegar húsið er teiknað stendur það við Norðurbraut.
Í Brunavirðingu 17. ágúst 1946 er húsinu lýst þannig: Húsið er einlyft með risi 1,85m. Því er skipt í anddyri forstofu, 3 stofur, eldhús og v.s. Allt múrhúðað innan og málað. 2ja metra hár kjallari er undir nokkrum hluta hússins (5x8m) honum er skipt í eldhús, bað, þvottahús miðstöð og geymslu. Miðstöð og hreinlætistæki kr. 10.000. Allt virt á 75.000kr.
Engar breytingar að finna í upplýsingaslóð Hafnarfjarðar.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einfalt alþýðuhús. Kjallari og hæð með geirarisþaki. Geymsluris. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundarverk Arinbjörns Þorkelssonar trésmíðameistara. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið stendur í röð áþekkra húsa við Tunguveg sem öll eru einlyft á háum kjallara og með sama þakforminu. Húsið er byggt inn í hraunbakka. Hornhús við Norðurbraut. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið virðist að mestu óbreytt frá fyrstu gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. Húsið var steinað að utan, líklega árið 2013. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af mótaðri byggð við Tunguveg. |
| Verndarflokkar: | Friðlýst hús - blár litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Einar Pétursson
Hönnuður: Friðþjófur Sigurðsson, bæjarverkfræðingur
Upphaflegur byggingarstíll: Módernismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Hraunbrún 1 teikning 1956



Hraunbrún 1 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Ósamhverft mænisþak | Ósamhverft mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Reykháfur / Svalir | Tvílyft / Reykháfur / Svalir |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1967 | Bílageymsla | Friðþjófur Sigurðsson. |
| 1982 | Viðbygging og klæðning efri hæðar | Sigurður Þorleifsson, tæknifræðingur |

## Saga:

Hraunbrún 5 er byggt fyrir Einar Pétursson árið 1959 eftir teikningu Friðþjófs Sigurðssonar bæjarverkfræðings. Húsið er tveggja hæða íbúðarhús úr steinsteypu með ósamhverfu mænisþaki.

1982 er samþykkt viðbygging við húsið og klæðning efri hæðar eftir teikningu Sigurðar Þorleifssonar tæknifræðins en hvorugt var framkvæmt. Ekki er ljóst hvort þak var einhverntíman byggt með bogabroti eins og teikning sýnir eða í núverandi mynd.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Tvílyft steinsteypt einbýlishús með ósamhverfu mænisþaki. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús. Höfundarverk Friðþjófs Sigurðssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af röð áþekkra húsa við neðsta hluta Hraunbrúnar og Flókagötu sem mynda svipsterka heild og bera byggingartíma sínum ágætis vitni. Húsið er vart sýnilegt fyrir trjágróðri. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Byggt var við húsið og þakformi breytt árið 1982. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af röð áþekkra húsa við neðsta hluta Hraunbrúnar og Flókagötu sem mynda saman svipsterka heild og bera byggingartíma sínum ágætis vitni. |
| Verndarflokkar: | | |

## Byggingarár: 1988 Hraunbrún 2

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Sigurður Guðmundss/
Sigurður P Kristjánsson
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hraunbrún 2, útlitsteikning frá 1987.



Hraunbrún 2 september 2017

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Hraunað | Hraunað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Trapisuklæðning | Trapisuklæðning |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft |

| Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|
| 1989 | Sigurður Þorvarðarson, byggingafræðingur |

### Saga:

Húsið á rætur sínar að rekja til skipulags íbúðarhverfis í Norðurbæ eftir Hrafnkel Thorlacius arkitekt frá árinu 1976 og breytingar skipulagsdeildar Hafnarfjarðar frá 1981.

1989 er gerð séríbúð í kjallara eftir teikningum Sigurðar Þorvarðarsonar byggingafræðings.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft steinsteypuhús á háum kjallara. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundarverk Sigurðar Guðmundsson og Sigurðar P Kristjánsson |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Hraunbrún. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið virðist lítið breytt frá upprunalegu horfi en aukaíbúð var gerð í kjallara. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af mótaðri byggð við Hraunbrún. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

# Byggingarár: 1945 Hraunbrún 2b

Fyrsti eigandi: Hjálmar Eyjólfsson
Hönnuður: Hilmar Þorbjörnsson
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hruanbrún 2b, fyrir breytingu 1944.



Hraunbrún 2b, bakhlið september 2017.

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari | Einlyft / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1944 | Viðbygging við Garðaveg nr.13c. | Hilmar Þorbjörnsson, Húsasmiður og |
| 1961 | Viðbygging | F. Sigurðsson, Bæjarverkfræðingur |

## Saga:

Árið 1944 sækir eigandi hússins, Hjálmar Eyjólfsson um leyfi fyrir viðbótarbyggingu við hús sitt Garðaveg 13c eftir teikningu Hilmars Þorbjörnssonar sem einnig var byggingarmeistari.
Í brunavirðingu frá 1945 er húsið sagt vera nr. 13, sami eigandi. Húsinu er lýst þannig: Húsið er einlyft með risi 1m. 3 stofur, eldhús og gangur, klætt innan með timbri, fóðrað og málað. Kjallari: 3 geymsluherbergi og þvottahús. Eldavél og ofn. Stærð : L. 10.70m. B. 5m. H. 2,90m. Allt virt á 48.000.00

Árið 1961 er aftur byggt við húsið, eftir teikningu Friðþjófs Sigurðssonar bæjarverkfræðings.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Húsið er einlyft bárujárnsklætt timburhús á steyptum kjallara. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundarverk Hilmars Þorbjörnssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af mótaðri og fjölbreyttri byggð við Hellisgötu, Hraunbrún og Garðaveg. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Upprunaleg hlutföll hússins hafa breyst með tveimur viðbyggingum. Gluggagerð hefur einnig breyst. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið er í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af mótaðri og fjölbreyttri byggð við Hellisgötu, Hraunbrún og Garðaveg. Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á verði verndarsvæði í byggð. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

## Byggingarár: 1959 Hraunbrún 3

Fyrsti eigandi: Gunnbjörn Jónsson og Garðar Eymundsson
Hönnuður: Friðþjófur Sigurðsson, bæjarverkfræðingur
Upphaflegur byggingarstíll: Módernismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hraunbrún 3 teikning 1959



Hraunbrún 3 - 22.06.18

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Reykháfur / Svalir / Útitröppur / Kjallari | Tvílyft / Svalir / Útitröppur / Kjallari | | |

### Saga:

Hraunbrún 3 er byggt 1959 eftir teikningu Friðþjófs Sigurðssonar bæjarverkfræðings.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Tvílyft steinsteypt tvíbýlishús á steyptum kjallara með einhalla þaki. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Höfundarverk Friðþjófs Sigurðssonar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af röð áþekkra húsa við neðsta hluta Hraunbrúnar og Flókagötu sem mynda saman svipsterka heild og bera byggingartíma sínum ágætis vitni. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er lítið breytt frá fyrstu gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel við haldið. |
